# Svæðisskráðar fornleifar í Rangárþingi eystra:

## Kortlagning á völdum minjum í tengslum við nýtt aðalskipulag

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oddgeir Hansson,

Oscar Aldred og Sædís Gunnarsdóttir

**Fornleifastofnun Íslands**

**FS231-04011**

**Reykjavík**

**2004**

*© Fornleifastofnun Íslands*
*Bárugötu 3*
*101 Reykjavík*

*Sími: 551 1033*
*Fax: 551 1047*
*netfang: fsi@instarch.is*

## Efnisyfirlit

Viðauki 1: Kortalisti....3
Viðauki 2: Listi yfir alla kortlagða staði....4
Viðauki 3: Upplýsingar um minjastaði á korti úr Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands....4
Viðauki 4: Lýsigögn/Metadata....4
1. Inngangur....5
2.Aðferðafræði ....7
3. Tegundir minjastaða á korti....9
Bæir (samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847)....9
Kirkjur og bænhús....9
Kuml....10
Friðlýstar minjar  (fram til 1990)....10
Fornleifarannsóknir (1880 – 2003)....10
Minjastaðir sem gætu hentað til kynningar....10
Minjastaðir á miðhálendinu....11
Aðalskráðir minjastaðir....11
Menningarlandslag, þéttastar minjar....11
4. Minjastaðir og ferðamál....13
5. Samantekt....24
Í Rangárþingi eystra eru svæðisskráðir yfir 5000 minjastaðir. Enn hefur innan við 2% þessara minjastaða verið aðalskráð. Við lok þessa verkefnis hafa um 450 svæðisskráðir minjastaðir í sveitarfélaginu verið merktir inná kort en það er innan við 10% allra minjastaða á svæðinu. ....24
Þær minjar sem hér hefur verið fjallað um eru aðeins sýnishorn úr stóru safni fjölbreytilegra menningarminja í Rangárþingi eystra og er ljóst að miklir möguleikar eru á að nýta fornleifar á svæðinu til auka og efla ferðaþjónustu. ....24
Rétt er þó að hafa í huga að enn er lítið sem ekkert vitað um ástand minjastaða eða þá hættu sem kann að stuðla að þeim en slíkt er einungis hægt að meta með aðalskráningu fornleifa.  Samhliða aukinni nýtingu á minjastöðum í kynningu á svæðinu og ferðaþjónustu væri nauðsynlegt að stuðla að og skipuleggja hvernig standa mætti að aðalskráningu í sveitarfélaginu á næstu árum/áratugum. ....24
Heimildaskrá....25
Viðauki 4: Lýsigögn/Metadata....187
Bæir 1847....187
Kirkjur og bænhús....188
Friðlýstar minjar 1990....190
Fornleifarannsóknir 1880 - 2003....190
Menningarlandslag_500m....191

## *Viðauki 1: Kortalisti*

1. Bæir (1847) og kirkjur - yfirlitskort

2. Bæir og kirkjur 1
3. Bæir og kirkjur 2
4. Bæir og kirkjur 3
5. Bæir og kirkjur 4
6. Kuml, aðalskráðir staðir (úr Ísleifu) og minjastaðir á hálendinu
7. Friðlýstar minjar og rannsóknarstaðir
8. 20 minjastaðir sem gætu hentað til kynningar
9. Menningarlandslag: þéttust minjadreifing (500 m)

*Viðauki 2:* Listi yfir alla kortlagða staði

*Viðauki 3:* Upplýsingar um minjastaði á korti úr Ísleifu, gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands

*Viðauki 4:* Lýsigögn/Metadata

# 1. Inngangur

Rangárþing eystra er nýlegt sveitarfélag, sameinað úr sex hreppum sem hétu Hvolshreppur, Fljótshlíðarhreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Árið 1999 vann Fornleifastofnun Íslands heimildakönnun fyrir alla Rangárvallasýslu. Við svæðisskráningu fundust heimildir um yfir 5000 fornleifar í Rangárþingi eystra enda sveitarfélagið sérlega víðfermt.

Nú stendur yfir aðalskipulagsgerð fyrir Rangárþing eystra. Samkvæmt þjóðminjalögum skal fara fram fornleifaskráning áður en aðalskipulag er staðfest en í því felst að teknar séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki. Um undanþágur frá þessu ákvæði ber að leita til Fornleifaverndar ríkisins sem er úrskurðaraðili um hvort undanþágur frá ákvæðinu séu veittar og þá með hvaða skilyrðum.

Aðalskráning í Rangárþingi eystra er mikið verk og ljóst er að það verður aðeins unnið á löngu tímabili með nokkrum tilkostnaði. Frá upphafi þótti sýnt að ekki næðist að gera slíka skráningu áður en gengið yrði frá aðalskipulagi að þessu sinni.

Þeir aðilar sem standa að aðalskipulagsgerð fyrir Rangárþing eystra höfðu á haustmánuðum 2003 samband við Fornleifastofnun Íslands og fóru fram á að stofnunin myndi annars vegar sjá um aðalskráningu fornleifa í þéttbýliskjarna sveitarfélagsins, Hvolsvelli, og hins vegar sjá um kortagerð á vel völdum fornleifastöðum. Frá upphafi var ljóst að nákvæmni kortlagningar yrði takmörkuð þar sem fæstir minjastaðanna á svæðinu hafa verið skráðir á vettvangi og því talsverð óvissa um sumar staðsetningar. Meginmarkmið kortlagningarinnar var hins vegar að sýna dreifingu minjastaða, hvar hún væri líklegust til að vera þéttust og velja auk þess úr nokkra sérlega áhugaverða minjastaði sem gætu hentað til kynningar.

Inn á kort voru merktir allir friðlýstir minjastaðir, þeir staðir þar sem fornleifauppgröftur hefur farið fram, sem og bæjarstæði, kirkjur (kirkjur, hálfkirkjur og bænhús) og kuml. Einnig var ákveðið að afmarkað yrði svæði þar sem líklegast væri, m.v. gefnar forsendur, að minjadreifing væri þéttust. Auk þessa báðu forsvarsmenn

sveitarfélagsins um að valdir yrðu úr flóru minjastaða um 20 staðir sem hugsanlega gætu gegnt hlutverki í uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Snemma árs 2004 var gengið frá tvíþættum samningi um kortagerð og aðalskráningu milli Fornleifastofnunar og Rangárþings Eystra. Niðurstöður aðalskráningar er að finna í sérstakri skýrslu[1] en hér verður greint frá kortlagningu minjastaða í á svæðinu. Í 2. kafla verður fjallað um þær aðferðir sem notaðar voru við kortlagninguna. Í 3. kafla verður greint frá hvaða tegundir minjastaða voru kortlagðir og í þeim 4. fjallað lítillega um 20 áhugaverða minjastaði (utan áðurgreindra minjaflokka) sem valdir voru að beiðni sveitarfélagsins og merktir inn á kort. Í 5. kafla verða svo teknar saman helstu niðurstöður kortlagningarinnar. Að lokum er birt heimildaskrá. Aftan við skýrsluna eru kortin sem unnin voru (viðauki 1) auk þess sem þar er að finna nánari upplýsingar um alla þá minjastaði sem merktir voru inn á kort (viðauki 2).

Oscar Aldred og Elín Ósk Hreiðarsdóttir höfðu umsjón með verkefninu fyrir hönd Fornleifastofnunar en um val á minjastöðunum 20 sá Sædís Gunnarsdóttir. Oddgeir Hansson annaðist heimildasöfnun og kortlagningu á uppgraftarstöðum á svæðinu.

---

[1] Guðrún Alda Gísladóttir. 2004. *Aðalskráning fornleifa á Hvolsvelli*. FS323-04012. Fjölrit, Reykjavík. [í vinnslu]

# 2. Aðferðafræði

Við kortlagningu á minjastöðum í Rangárþingi eystra var unnið í LUK - Landfræðilegu upplýsingakerfi og forritið MapInfo (útgáfa 7.0) notað til staðsetninga og til að skilgreina svæði þar sem minjadreifing er talin þéttust.

Öll bæjarstæði á svæðinu sem voru í byggð 1847 þegar Jarðatal Johnsens var gert voru merkt inn á kortið, byggt á aðgengilegum kortagögnum frá danska herforingjaráðinu og Landmælingum Íslands. Aðrir staðir (kuml, uppgraftarstaðir o.s.fr.v.) voru merktir eftir hnitum í þeim tilfellum sem aðalskráning hafði farið fram. Slík staðsetning var tekin með handhægum GPS tækjum (Global Positioning System) og skekkja þeirra var á bilinu 5-50 m. Þar sem hnit voru ekki fyrir hendi var reynt að staðsetja staði eftir þeim upplýsingum sem tiltækar voru, en þar sem slíkar upplýsingar voru of ónákvæmar var viðkomandi staður tengdur bæjarstæðinu.

Við kortlagningu minjastaða þar sem hnit var þekkt var notuð ÍSNET-93 vörpun; GPS tæki voru stillt á GRS80/WGS84 með austur og norðurstefnuna 500000, 500000 á 65° N, 19° V.

Kortlagningin byggði aðallega á ÍSLEIFU, gagnagrunni Fornleifastofnunnar Íslands en að auki voru notuð ýmis gögn sem Fornleifastofnun hefur búið til á síðustu árum s.s.  skrá yfir 1000 merka minjastaði á Íslandi og kort af minjastöðum á hálendi Íslands (hjá Landmótun kort af minjastöðum í 1:350,000).

ÍSLEIF byggir á fjölda útgefinna jafnt sem óútgefinna heimilda sem hér verður ekki getið sérstaklega nema fjögurra útgefinna heimilda sem mikið var stuðst við í kortlagningunni en þær eru:

- *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1880 – 2003
- *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.*
- *Kuml og haugfé* 2000 og 1956
- *Jarðatal á Íslandi.* Johnsen, J. Kaupmannahöfn 1847.

Við verkefnið voru eftirfarandi kortagrunnar notaðir:

- Teiknistofa Arkitekta lagði til tölvutækt kort (1:50,000) [AutoCad snið sem var snúið yfir í MapInfo]

- Landmælingar Íslands IS500V
- 1:100,000 *Uppdráttur Íslands, kort Geodætisk Institut*: -
    - 48 (1906-1907 [endurútgefið 1974 og 1990])
    - 49 (1903 og 1906 [1966 og 1987])
    - 58 (1932 [1982 og1990])
    - 59 (1904 og 1906 [1973 og 1989])

# 3. Tegundir minjastaða á korti

Eins og getið er að ofan voru fjölbreytilegar minjar kortlagðar. Samtals voru um 450 minjar færðar inn á kort. Að neðan er stutt umfjöllun um alla minjaflokkana.

## *Bæir (samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847)*

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur þriggja stafa númer (dæmi RA-010). Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í grunninum heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-010:001). Allir þeir bæir í Rangárþingi eystra sem skráðir eru í *Jarðatal Johnsen* voru merktir inn á kort.

Staðsetning bæjanna byggir á aðalskráningu þar sem hún hefur farið fram en annars á kortlagningu eftir eftirfarandi kortum: dönsku herforingjaráðskrotin 1:100,000 *Uppdráttur Íslands, Geodætisk Institut* kort (nr 48 (1906-1907 [endurútgefið og lagfært af Landmælingum Íslands 1974 og 1990]), 49 (1903 og 1906 [1966 og 1987]), 58 (1932 [1982 og 1990]), 59 (1904 og 1906 [1973 og 1989]) ásamt stafrænum kortum 1:500,000 Landmælingar Íslands IS500V og kortum sem Teiknistofa Arkitekta lagði til (1:50,000).

## *Kirkjur og bænhús*

Inn á kortið voru merktar kirkjur, hálfkirkjur/útkirkjur og bænhús sem þekkt eru úr heimildum. Upplýsingum um þær var safnað saman við svæðisskráningu (í ÍSLEIFU) og eru þær fengnar víða að, þó aðallega úr Íslensku fornbréfasafni og Jarðabók Árna Pálssonar og Páls Vídalíns. Algengast er að kirkjur og bænhús væru í námunda við bæi og voru þau staðsett á kort við þá bæi sem þau tilheyrðu.

## Kuml

Öll þekkt kuml í Rangárþingi eystra voru kortlögð. Upplýsingar um kumlin voru fengnar úr ÍSLEIFU en einnig úr bókinni Kuml og Haugfé (1956; 2000) og úr yfirstandandi rannsókn Adolf Friðrikssonar á staðfræði íslenskra kumla. Kumlin voru færð inn á kort með aðstoð áðurgreindra heimilda og tölvugrunna.

## Friðlýstar minjar  (fram til 1990)

Upplýsingar um friðlýstar minjar eru upprunalega fengnar úr *Fornleifaskrá*, þar sem yfirlit var birt um alla friðlýsta minjastaði fram til 1990. Staðirnir voru merktir við bæjarstæði þeirra jarða sem þeir tilheyra nema nákvæm staðsetning þeirra væri þekkt.

## Fornleifarannsóknir (1880 – 2003)

Inn á kortið voru færðir allir fornleifauppgreftir sem gerðir hafa verið í Rangárþingi eystra frá 1880. Upplýsingar um þessa staði komu úr tveimur áttum. Annars vegar voru upplýsingar fengnar úr skrá 1000 merkra fornleifa sem Fornleifastofnun tók saman og er samsett úr friðlýstum fornleifum og völdum minjastöðum. Listinn var tekinn saman í tengslum við verkefnið Miðlun menningarsögulegra upplýsinga (MMU - http://www.menningarsaga.is) sem miðaðist að því að gera fornleifafræðilegar upplýsingar aðgengilegar á veraldarvefnum.

Auk listans var gerð víðtæk heimildaleit, þar sem m.a. var farið í gegnum *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* frá upphafi (1880). Um þennan hluta verkefnisins sá Oddgeir Hansson. Rannsóknarstaðirnir voru merktir við bæjarstæði þeirra jarða sem þeir áttu stað á nema nánari staðsetning væri þekkt.

## Minjastaðir sem gætu hentað til kynningar

Að beiðni forsvarsmanna Rangárþings eystra voru valdir 20 minjastaðir sem gætu hentað til kynningar. Þessir staðir voru valdir á grundvelli yfirferðar á gögnum í ÍSLEIFU. Við val á stöðunum 20 var miðað við hvort minjastaðurinn teldist gott dæmi um búsetu, búskaparlag eða aðra atvinnuhætti, þjóðhætti, sögulega þróun eða breytingar, eða tengdist þjóðtrú, sögnum eða atburðum. Nánar verður fjallað um staðina í kafla 4. Staðirnir 20 voru merktir við bæjarstæði þeirra jarða sem þeir tengdust nema nánari staðsetning væri þekkt.

## Minjastaðir á miðhálendinu

Merktir voru inn valdir minjastaðir á hálendinu. Flestir þeirra eru bæir og sel sem fóru í eyði áður en Jarðatal Johnsens var tekið saman og hafa því ekki sérstakt bæjarnúmer í því. Upplýsingar um þessa staði voru fengnar úr ÍSLEIFU og einnig var stuðst við kort sem unnið var samhliða svæðisskráningu miðhálendisins 1996 (kort unnið í samvinnu við Landmótun). Staðirnir eru staðsettir á stafræna kortinu sem Teiknistofa Arkitekta lét í té (1:50,000), með tilvísun í dönsku kortin í 1:100,000 *Uppdráttur Íslands, Geodætisk Institut*.

## Aðalskráðir minjastaðir

Þeir minjastaðir sem Fornleifastofnun hefur skráð á vettvangi (aðalskráðir) voru færðir inn á kort. Upplýsingar um þá voru fengnar úr ÍSLEIFU og minjastaðir staðsettir með GPS tækjum.

## Menningarlandslag, þéttastar minjar

Meginreglan um dreifingu minjastaða á Íslandi er sú að flestir minjastaðir eru í og við heimatún en þeim fækkar hlutfallslega eftir því sem fjær dregur bæ. Til að koma í veg fyrir að minjum verði spillt eða leggja þurfi út í mikinn kostnað við að bjarga fornleifum frá skemmdum við framkvæmdir (s.s. byggingu sumarbústaða og skógrækt) er góð regla að forðast framkvæmdir í og við heimatún bæja. Þótt ekki sjáist merki

margra fornleifa á yfirborði í og við heimatún er ekki ólíklegt að mannvistarleifar séu þar neðan svarðar.

Til að gefa hugmynd um hvar minjadreifing er þéttust var afmarkað svæði umhverfis alla þá bæi sem getið er í Jarðabók Johnsens sem og þá bæi sem merktir voru inn á hálendið. Þar sem minjadreifing er oftast þéttust í námunda við bæi var talið að hlutfallslega flestar minjar á hverri jörð sé að finna innan 500 m radíus frá bæjarstæði. Innan þessa svæðis er því meiri hætta á að hvers lags framkvæmdir þurfi að takmarka vegna fornleifa og einnig á því að rekast á áður óþekktar fornleifar við framkvæmdir. Rétt er að taka fram að fjölmargar fornleifar er að finna utan afmarkaða svæðisins og að einungis er verið að leggja áherslu á hvar minjadreifingin er þéttust. Afmörkun 500 m svæðisins byggir á kortlagningu svæðisskráningar en ekki á aðalskráningu og ber að ítreka að í afmörkuninni felst ekkert gildismat á minjastöðum innan hennar.

# 4. Minjastaðir og ferðamál

Fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en á undanförnum árum hefur skilningur manna á möguleikum þess að nýta minjar í tengslum við kynningu á svæðum og sögu þeirra aukist. Í þeim anda óskaði sveitarfélagið Rangárþing eystra eftir því að sérfræðingar Fornleifastofnunar færu á kerfisbundinn hátt í gegnum svæðisskráningu í sveitarfélaginu og veldu 20 minjastaði sem gætu hentað til kynningar, jafnt fyrir ferðamenn sem og heimamenn, og merktu þá inn á kort ásamt bæjarhólum, kirkjum, kumlum, rannsóknarstöðum og friðlýstum minjum.

Hugmyndir manna um hvað teljast merkar fornleifar hafa breyst mikið á undanförnum áratugum. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Engin viðurkennd aðferðafræði til að meta gildi minjastaða liggur fyrir. Slíkt mat felur yfirleitt í sér meðvitaðan/ómeðvitaðan samanburð við aðra minjastaði. Því er mjög erfitt að leggja mat á gildi minjastaða í hverju sveitarfélagi fyrr en vettvangsskráningu þar er lokið. Á landsvísu mætti nota svipuð rök, þ.e. að full yfirsýn um íslenskar fornleifar sé nauðsynleg áður en hægt sé að fullyrða um gildi minjastaða á landsvísu.

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um íslenskar fornleifar. Enn hefur aðalskráningu fornleifa aðeins verið lokið í örfáum sveitarfélögum og því ljóst að heildarskráningu fornleifa á Íslandi mun ekki ljúka á allra næstu árum. Full ástæða er hins vegar til að hefjast handa við að skoða og flokka þá minjastaði sem þegar hafa verið skráðir. Líta má svo á að listi yfir merkar fornleifar skuli vera í sífelldri endurskoðun og uppfærslu eftir því sem upplýsingum um minjastaði fjölgar og þekking manna á þeim dýpkar. Mat á því hvað telst markverð fornleif hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Við val á minjastöðunum 20 var reynt að gæta beggja sjónarmiða en auk þeirra voru lykilhugtök við val á stöðunum varðveisla, samhengi og aðgengi.

Val á minjastöðunum er takmarkað af þeirri staðreynd að enn hefur lítil aðalskráning verið gerð á svæðinu. Hætt er því við að þau svæði þar sem einhverjar rannsóknir hafa verið gerðar vegi þyngra í úttektinni en þau sem ekki hafa verið skoðuð.

Minjastaðirnir 20 sem valdir voru sem álitlegir til kynningar í Rangárþingi eystra eru innan við 0,5% allra þekkta minjastaða á svæðinu. Fjölda annarra spennandi minjastaða er að finna á svæðinu og aðalskráning mun að líkindum leiða í ljós fjölda nýrra staða sem gætu hentað til kynningar.

Við val á stöðunum var leitað eftir því hvort minjastaðurinn teldist gott dæmi um búsetu, búskaparlag eða aðra atvinnuhætti, þjóðhætti, sögulega þróun eða breytingar eða tengdist þjóðtrú, sögnum eða atburðum. Þetta samhengi er nauðsynlegt að skilgreina í hverju tilviki.

Tillaga að skrá um 20 minjastaði sem vænlegir eru til kynningar í Rangárþingi eystra er eftirfarandi:

010:001: Lambafell – bæjarstæði
020:003: Miðbæli – bæjarstæði
030:003: Gágasteinar – aftökustaður
032:024: Njóladalsrétt – rétt og þingstaður
032:029: Arnarhóll – Holtsós – verslunarstaður
035:001: Hellnahóll – bæjarstæði
053:001: Sauðhúsvöllur – bæjarstæði
062:027: Paradísarhellir
083:019: áveitukerfi
615:005: Húsadalur – bæjarstæði
615:007: Snorraríki
615:008: Sóttarhellir
109:001-012: Miðeyjarhólmi – bæjarstæði
118:015: Brennutótt
127:019 eða 020: Snorrasel eða Arnþórssel
143:027: Lögréttubalar – þingstaður
179:041: mylla
248:024: fornar tóftir í túni á Velli, m.a. ein sem heitir Goðhof
185:008: sel frá Hlíðarenda
255:031: garðlög

Síðustu 7 eru með fyrirvara um að rústirnar hafa ekki verið skoðaðar. Nánari upplýsingar um minjastaðina er að finna í viðauka 2.

# RA-010 Lambafell

**RA-010:001** *Lambafell* bæjarhóll bústaður

"Tvíbýli var á Lambafelli frá því um 1700 og fram til 1859 en þá var annar bærinn fluttur inn á Seljavelli. Byggðin stóð við suðvesturhorn Lambafells á fremur skjólsælum stað. Um 1912 flutti Pétur Hróbjartsson bóndi á Lambafelli bæinn um 350 m austur með Lambafelli sökum ágangs Svarðbælisár. Hafði áin þá brotið þvert suður um Lambafellstún og heim að bæjarvelli. Traðarkjaftinn gamla og hluta af túngarði hefur til skamms tíma mátt sjá vestan við farveg árinnar." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Lambafell var lengi tvíbýlisjörð. Um miðja 19. öld flutti Guðmundur Gíslason, bóndi á Lambafelli, bæ sinn á eyðibýlið Seljavelli austan í Lambafellshálsi. Hefur þar haldizt byggð síðan. ... Laust eftir aldamótin 1900 flutti Pétur Hróbjartsson, bóndi á Lambafelli, bæinn frá útsuðurhorni Lambafells að landsuðurhorni fellsins. Var áin þá komin fast að bænum og búin að eyða mestu af túni hans." Segir í örnefnaskrá Í NV frá bænum, út með hlíðinni.

Á rennur rétt vestur af, suður af eru aurar árinnar, norður af bænum er brött grasi vaxin brekka upp í hamrana.

10 hús hafa verið í röð, framhliðin vísar í 210°, rétt vestan við vestustu tóftina er varnargarður árinnar, ef til vill hefur eitthvað horfið í hana. (i) Vestasta húsið var sauðahús, breidd 5,7m + veggjaþykkt milli (i) og (ii) 7,5m, lengd 3,6m + (ii) breidd 11,5m + veggjaþykkt 13,5m, lengd 6,6m. innanmál + (iii) breidd 18,4m + veggjaþykkt 21,3m, lengd 7,9m að innanmáli, + (iv) breidd 22,6m + veggjaþykkt 24,8m, lengd : veggjaþykkt 1,9m + 8,8m að innanmáli, + (v) breidd 27,4m + veggjaþykkt 29,2m lengd frá norðurgafli sbr (iv) 3,8m + (vi) breidd 32m + veggjaþykkt 33,1m, lengd frá norðurgafli 7,9m, + (vii) breidd 35,5m + veggjaþykkt 38m, lengd frá suðurgafli 8,1m, + (viii) breidd 39,7m + veggjaþykkt 41,5m, lengd frá suðurgafli 6,1m, + (ix) breidd 47,6m + veggjaþykkt 49,3m, lengd frá suðurgafli 6,1m, + (x) nýlegri tóft, virðist byggð ofan í aðra sem gægist norður af henni, breidd 52,1m + veggjaþykkt 53,9m. Austur af (x) út frá norðurgafli er hleðslustúfur breidd alls um 70m með honum. Ytri brún suðurgafls (iv), er í línu við suðurgafl (iii). Eldri bygging er aftan við (x) veggjaþykkt 1,35m að ytri veggjabrún (x) 3,2m. (x) að innanmáli er lengd 3,7m, breidd 3m, opin í suður, hæð mest um 1,5m. Búið var í bænum til 1913, þá fluttur austar, en þaðan 1967 þangað sem hann er nú. Teiknaður upp af Sigurði Óskarssyni á Hellu.

**Heimildir:**SB IV, 89; Ö-Lambafell og Seljavellir, 1

# RA-020 Miðbæli

**RA-020:003** *Miðbæli* bæjarhóll bústaður

"Bærinn í Miðbæli stóð frammi á sjávarströndinni milli Ystabælis og Stóru-Borgar. ... Sjór hafði gengið jafnt og þétt á landið frá miðöldum. Var bærinn fluttur undan sjó um 1600... Rústir þess Miðbælis, sem byggt var um 1600, eru nú í suðurjaðri Miðbælislands, fram við fjöruna. Sést þar enn glöggt rúst Miðbæliskirkju, sem lögð var niður 1765, og rúst kirkjugarðs sunnan við Miðbælisfjöru. ... Gamli bæjarhóllinn er mikill ummáls og hár og með greinilegum tóttum síðustu bæjarhúsa. Bæjarstæðið er þurrlent og fagurt en á í vök að verjast á komandi tíma haldi land hér áfram að eyðast." Segir í Sunnlenskum byggðum. 1709: "Hjer er kirkja og framliðinna gröftur; embættað þá fólk er til altaris, líka stundum á bænadögum um föstu af prestinum að Hólum."

Liggur alveg fram við sjó.

"Nokkru norðar en þessar rústir fundust rús nú grænn hóll, og markar greinilega fyrir húsatóttum á hólnum. Þarna stóð bærinn Miðbæli frá því um 1600. Á hólnum sést rúst Miðbæliskirkju, sem lögð var niður 1765, og rúst kirkjugarðs sunnan við bæjarstæðis." Hér eru 3 tóftasvæði: Bæjarhús, útihús (4) og kirkja og kirkjugarður (5). 1. A.m.k.7 hús hlið við hlið, vísa í 230 gráður. Breidd að austan: a. veggjaþykkt 2,2 + breidd 4,5 + veggjaþykkt 6,4, lengd 5, + b. 9,8 + veggjaþykkt 11,5, lengd 5,5, + c. 13,8 + veggjaþykkt 15,2, e.t.v. bæjargöng inn í h, + d. 17,6 + veggjaþykkt 19,6, lengd 5,5, + e. 22 + veggjaþykkt 23,5, lengd 4,5, + f. 26 + veggjaþykkt 27,5, lengd 3,5, + k. 33,5. g. austast, vísar í 190 gráður, 6 x 5 utan. h. er aftan við b. og c., snýr þvert á. i. er aftan við a, b og c. j. er aftan við d, e og f. Býlið sem var byggt um 1600. Byrjað að flytja býlin þaðan um 1830 og til 1867. Fann þakhellu suður af bæjarhól.

**Heimildir:**SB IV, 64; MS: "Stóraborg" Heima er bezt 1993, 197

# RA-030 Steinar

**RA-030:003** *Gálgasteinar* örnefni

Upp af Holtsósi vestan við bæinn, um miðja vegu í brekkunni beint upp af sumarbústaði sem þarna var 1981. "Murnhöfuðsbrekka er vestan við Murnhöfuð. Upp frá Steinahelli, við Murnhöfuðslæk, er mikill klettur, ekki ýkja hár, en nokkuð mikill ummáls. Liggur hann langsum í hlíðinni, lágur að ofan, en rís að neðan. Hola er í honum að ofan, og er hann nefndur Gálgasteinn." Segir í örnefnaskrá

Grasivaxin hlíð; grjóthrun.
Þrír stórir steinar sem hafa fallið úr berginu. 22cm djúp hola syðst í þann efsta. Talið að gálgatré hafi hvílt í henni. Sá næsti er rétt ofan við sumarbústað, sá þriðji við þjóðveginn. Bárður Magnússon bóndi á vestasta bænum, norðan þjóðvegar, veitti greinargóðar upplýsingar um bæjarlandið og gekk með skráningarmanni um allt. "Er sagt, að þar hafi verið hengdir sakamenn. Mun sú sögn eldri en byrjun þingstaðar í Steinahelli, sem var um 1820, því 1963, eða 40 árum steinna, skráir Jón Sigurðsson í Steinum þá sögn, að þjófur hafi verið hengdur við Gálgastein þegar þingstaður Eyjafjalla var í Holti." Segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**Ö-Steinar A, 5

# RA-032 Holt

**RA-032:024** *Njóladalsrétt* hleðsla rétt
Við Fjallsrætur Holtsmúlans vestanverðan, austan Holtsár. "Klifið er neðan við Svarthamrana við Holtsá. Á því innanverðu er er rúst eða byrgi. Þar stóð Holtsrétt fyrr á öldum." Segir í örnefnaskrá "Einhverjar sagnir eru um samkomustað, eða n.k. leiðarþing, á Dalbökkum, fyrir vestan Njóladalsrétt, norðan við Holt. Þaðan er talið, að þingstaður Eyfellinga hafi verið fluttur heim að Holti ..."
Réttin er grafin inn í hlíð, uppgróinn aur árinnar að vestan, gjallshlíðin grasi gróin og skriðuhlaup að austan.
Réttin er grafin inn í hlíðina að NA, grjóthlaðin bæði þar og annars staðar. Vísar í 220°. Í henni eru tveir stórir almenningar, annar hefur líklega haft kró í einu horni, og e.t.v. 3 krær í röð út frá NV hliðinni - aðeins sú vestasta er þó greinileg. (i) Langhlið NAasta almennings í 220°11,2m + veggjaþykkt 12m + langhlið (ii) 20,1m, dýpt 1,4m, breidd 9,3m, óregluleg í laginu. Króin í SA horninu er um 2,2m á langhlið í 220°og 1,2m á breidd. (ii) Liggur neðar en (i). Breidd 6,3m + veggjaþykkt 7,3m. (iii) Á mörkum milli (i) og (ii), út úr NV hliðinni er eina króin sem er greinileg. Breidd (ii) + (iii) 11,5m, langhlið (ii) 3m + veggjaþykkt 3,9m. Mikill sandur er inni í (i). Engar greinilegar dyr á (i) - e.t.v. í suður horninu - hrunið.
**Heimildir:**Ö-Holtshverfi, 6

**RA-032:029** heimild um lendingu
1709: "Útræði er hjer brúkað, þó oftast mjög hættusamt sökum brims og hliðaleysis; sækir hingað fólk til róðra, sumparts fyrir utan vatns undir Eyjafjöllum, nokkrir sumtíðis úr Fljótshlíð, fáir af Rángárvöllum."
KK: "Í Birkupasögum er sagt af kaupmönum sem lágu í Holtsvatnsósi og gátu lengi ekki komizt úr ósnum. Einnig segir í Flateyjarbók að Arnaldur Grænlandsbiskup lenti í Holtsvatnsósi á leið sinni frá Noregi til Grænlands, og í sömu heimild segir að Áólfur kristni hafi komið þar út." "Get má þess, að Holtsós var fyrr á öldum höfn. Segir í Ferðabók E.Ó. og B.P., að við Holtsós; "Sjáist enn tóftir verslunarbúðanna." Þær munu hafa verið vestan við Arnarhól, sem er klettur við norðanverðan ósinn. Sjást þar nú lítil ummerki eftir. Í Arnarhóli eru göt, sem höggin hafa verið í bergið. Hyggja menn, að þar hafi skip verið bundin fyrrum. Nú hefur Holtsá fyllt þar svo upp, að nokkur spölur er venjulega frá klettinum að ósnum." Segir í Sunnlenskum byggðum.
**Heimildir:**JÁM I, 62; KK I, 200; SB IV, 113

# RA-035 Hellnahóll

**RA-035:001** *Hellnahóll* bæjarhóll bústaður
"Hellnahóll stóð sunnan undir Hotsnúpi, rétt við skriðuræturnar. Bærinn var kenndur við hella, sem voru í bæjarhólnum. Rúst hans er austan við Holtsárbrúna norðan þjóðvegar. Jörðin átti framan af sérskipt land. Um það vitar m.a. örnefnið Merkigarður í Varmahlíðarbrekkum. Hún átti útmælt skákaskipti í Vallatúnsengjum og á Holtsmýri. Þótti áður notalegt býli. Byggð þarna var dauðadæmd, er Holtsá var veitt suður með Holtsnúpi árið 1912." Segir í Sunnlenskum byggðum "Fram undan Holtsnúpi er eyðibýlið Hellnahóll. Hann dregur nafn af hellum, sem í hólnum hafa verið til skamms tíma. Til forna fylgdi allur Holtsnúpur, sunnanverður, Hellnahólnum ..." Segir í örnefnaskrá Rétt SA Holtsár, rétt austan við þjóðveginn.
Hér er nú lítið gróðurlendi í kring. Mýrin er blaut NA bæjarstæðisins og svo fjallshlíði þar sem nú er grjótnám.
Rústasvæðið er allhár hryggur hæð um 4m sem vísar í 122°. Húsin liggja hornrétt eða svo til á hryggnum frá báðum hliðum mest þó að sunnanverðu, en þar hefur líklega verið gengið inn í bæinn. Langhlið alls hólsins 80,1m breidd hins saman 30,5m. Austar, austan við veg, þann sem liggur í grjótnámuna, eru þrjár samsíða tóftir, líklega útihús (fjárhús). Bæjarsamstæðan: a) NVast í samsteypunni, ferhyrnd tóft, lengd

10m, breidd 9,3m, líklega útihús, ef til vill skipt í miðju, ef til vill austurhlutinn líka, óljóst hæð um 2m við bakvegg, veggjaþykkt útveggja um 0,6m. Steinar sjást í veggjum, einnig timbur og járnleifar. b) Austur af a) er ferhyrnd tóft, opin í norður. Er nú bara eins og aflíðandi brekka, en hefur líklega verið eitthvað. c) Stór ferhyrnd tóft ekki mjög greinleg, lengd 9,3m, breidd 4,5m. d) Nyrsti veggurinn heldur áfram í vestur – e.t.v. eftir byggingar. e) Lítil ferhyrnd tóft suður af c), lengd 4,2m, breidd 2m, vísar í 142°. f) Ferhyrnd tóft þvert á e), vísar í 244°, lengd 5m, breidd 4,2m, opin í suður. g) Líklega tóft, opið í vestur nú er þarna lítil mynd á nokkru, sér þó greinilega í hleðslu í austurgafli. h) Ferhyrnd tóft, lengd í 122° 5,6m, breidd 4m. Norðurgaflar næstu tóftar. vísa í 144°. i) Ferhyrnd tóft vísar í 230°°, lengd 5,2m, breidd 3m, dyr í suður. E.t.v. voru dyr inn í j) úr NA horninu. j) Ferhyrnd tóft, lengd 4,8m, breidd 2,5m, líklega dyr í suður. k) Ferhyrnd tóft lengd 5,3m, breidd 5m, líklega dyr í suður. l) Hér hefur líklega verið tóft, nú eru veggir svo til máðir út. m) Ferhyrnd tóft, vísar í 194°, breidd 2m, líklega bæjargöngin. Allar mælingar eru innanmáls. “Vestan við hana [003] tóftarsamstæða bæjarhúsa. Austast þar er hlöðutóft. Vestan við hana er baðstofutóft, og mótar fyrir dyrum norðanverðu vestur í bæjardyr. Bæjardyr vestan við baðstofu. Úr þeim var genfið norður í hlóðaeldhús sem stóð bak við húsin og sneri þvert á þau uppi á háhólnum. Hlóðir voru í vesturenda, taðsteil í austurenda. Ég [ÞT] man tóftina uppistandandi. Var rifin 1933 og grjótið tekið í Holtsendagarðinn. Úr innanverðum bæjardyrunum var gengið vestur í búr sem var með stefnu sem var með stefnu í NV. Framan við brúrið var skemma (vestan bæjardyra). Þil hennar var borið í heilu lagi austur að Varmahlíð er húsið var rifið. Vestan við skemmuna var fjós með drá miðjum suðurvegg, þessar tóftir sjást allar. ... Nágrannabændur í Ormskoti og Vallnatúni tóku grjót úr tóftunum í Hellnahól og fluttu heim til sín.” segir Þórður Tómasson í athugasemdum við handrit GS
**Heimildir:**SB IV, 136; Ö-Holtshverfi, 7; GS. Handrit að byggðasögu

## RA-053 Sauðhúsvöllur

**RA-053:001** *Sauðhúsvöllur* bæjarhóll bústaður
"Áður stóð bærinn ofar og austar í túninu, en árið 1938 flutti þáverandi ábúandi hann 130 m til vesturs og byggði þar íbúðarhús." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Hér stendur nú röð af húsum. þrjú vestanmegin, tvö austanmegin öll heil, í miðju hefur verið endurbyggt. Þar er nú geymt hey. Í austra húsinu er ris, að vestan er geymsla. (i) NVasta húsið hefur verið smiðja. (i) Smiðja: lengd 3,35, breidd 1,8m, ein dvergur í miðju húsi heldur sperrum. Trégafl. Veggjahæð 1,5m, öll hin húsin hafa hlaðinn gafl. Síðan kemur fjós (ii), þá fjárhús (iii). (iv) Austari húsin eru vestast hesthús með steinlögðu gólfi, með 2 dyrum - snýr þessi bygging hlið í 230°. Veggir eru fallega hlaðnir grjóti, 2 stoðir í því miðju 2 dvergar sperrur þétt sama, á þeim liggja hellur. (v) Austan við hesthúsið er lítið hús með jötu við norðurgafl - nú geymsla - líklega fyrir fé upprunalega. Innanmál (iv) lengd alls 6,4m, skipt lengd vesturhluta 3,4m, breidd frá jötu 2,2m, jata 0,5m, breidd alls 3,5m. Dyr eru í norðurhorni, inn í þar sem nú er hlaða, hæð veggja 1,5m, - mest rekaviður í sperrum. Breidd dyra 0,9m, hæð 1,5m. Þak bætt með járni. (v) breidd 1,6m, lengd 2,8m, frá jötu 2,45m, breidd dyr 0,9m, hæð 1,4m, veggjahæð 1,5m, þakæð 2,3m. (iii) Fjárhús, lengd 5,1m, breidd 3,1m, breidd milli jata meðfram hliðarveggjum 2,3m. Veggjahæð 1,3m, þakhæð 2,4m, 1 stoð í miðju húsi, sperrur með millibili - nú bárujárn á þaki. Timburgjólf. Pláss fyrir a.m.k. 10 kindur hvoru megin, 20 í allt. Hellulagt gólf, um 25 sm, neðan timburgólfs, gluggi á gafli. (ii) Fjós, lengd 5,3m, 5 básar, lengd að innan fram að dyrum, breidd 3m. Lengd bása 1,65m, þar af 0,4m jata. Breidd dyra 0,95m, hæð 1,7m. Veggjahæð úr flór 1,65m, þakhæð 2,4 af bás. Gólf er nú steypt. Framan við öll húsin er stétt. Beint framan við húsin í miðjunni, á milli þeirra er brunnur, hlaðinn grjóti í kring, hleri yfir. Mikið vex af súrum í kring. Lengd framhliðar (i), (ii), (iii) 14,4m, að framhlið (iv) (v) 28,5m, lengd (iv) (v) 13,7m, lengd (v) í 30° 5,4m, aftan við heldur veggur áfram í boga til NV, síðan í NA, lengd alls frá framgafli (v) 21,9m. Lengd hlöðu 11,7 í miðið. Breidd heygarðs 5,6m, undir geymslu er grunnur upprunalegs húss. Breidd (vi) að innanmáli 2,9m. Lengd (iii) 7,2m, (vii) breidd 2,2m í 226°x 3,3m. (viii) lengd 8,9m, tvískipt að innan, vísar í 160°, nú notað sem kartöflugeymsla 1 röð af stoðum eftir endilöngu, breidd 4,6m, breidd (viii)+ lengd (i) 9,6m. Búið í gamla bænum til 1938. Bæjarlækurinn átti það til að hlaupa fram og var það væntanlega ein ástæða þess að bærinn var fluttur.
**Heimildir:**SB IV, 157

## RA-062 Fit

**RA-062:027** *Paradísarhellir* hellir útilegumannabústaður
"Við vesturmörk Fitjar nokkra metra upp í berginu er Paradísarhellir, sérkennileg náttúrusmíð. Sagnir segja að þar hafi Hjalti Magnússon dvalist um tíma á fyrri hluta 16. aldar og að hellirinn hafi þá fengið þetta nafn." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Austan hans [028] eru Ákvæði og Paradísarhellir ofan þeirra, uppi í berginu." segir í örnefnaskrá
FF: "Paradísar hellir sem er 5 Faðma hátt upp í berginu milli Fitiar og Selialads, tvíkarmadr með lágum

dyrum eda Opi; er rúmlega þriggia Fadma lángur og vel svo 5 Álna hár þá inn er komid og eins hér um 5 Al: breidur. Í hvelfíngunni ad ofan og í gólfinu ad nedan eitt þad fína glasserad dökkt Mó- helludurenn Blá-berg. Um alla hvelfínguna ad ofan er eins og Ædar eda Hrukkur liggi ýmislega nedan í berginu enn beinni þegar dregur nidur á Veggina og endar svo nidur á þeim; þær eru margar Fíngur þykvar, sumar bædi meira og minni, sumar sívalar og aðrar þunar og sídan hángandi niðdur úr hvelfínguni líkt og þegar hálfbrádnad bik sígur nidur af Skips Súd eda Timbur húsa þak-brún og þeim þad skodudu sýndist nidur úr þessum Ædum sumstadar eins og storknadir Dropar sem hætt hefdu seinast ad driupa nidur og hardnad þar sídan. I þessum dropum eda Sepum sem nidur hieingu var sama berg sem í siálfum hellirsins nær því so skiær og glasserud sem framandi leir eda Porcelain, um hana alla eru Ávöl Upphlaup rda smá Hædir í margskonar Mindum. Á millum þessara til og frá um hellirin eru settar allslagt Rúnastafir í leingri og styttri línum ... Fyrir nedan Hellirs dyrnar er lítill Skúti, nidur ur hans Hvelfíng hánga smá Spírur líkastar ad lögun kýrspenum ..." BJ: 1901: "Snýr það [hellirinn] mót útsuðri en lengd hellisins er þó einna mest frá suðri til norðurs eða útnorðurhals; í þá stefnu er mænir hans og er hann sljóft kjalmyndaður, en lækkar þaðan til beggja hliða og er eigi manngengt nema undir mæninn. Enda er hellirinn allur lítill. ... mér hafði verið sagt, að gólfið í honum væri alsett rúnaletri ... Merkilegt er að allar rúnirnar eru með mjög líkri, ef ekki sömu gerð, smáar, laglegar og hreint höggnar með skörpum meitli ..." Kúptur og hálfhringlaga, um 8m breiður, 7m djúpur, 8m hár. Engin merki mannaverka inni en hér hafa verið kindur. Hellisgólfið er ójafnt. Burkni vex á veggjum, hellismunninn slútir fram.

**Heimildir:**SB IV, 170; Ö-Fit, 1; BJ "Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901" Árbók 1902, 25-26; FF, 122-123

# RA-083 Stóra Mörk

**RA-083:019** renna áveita

(i) Vísar í 195°, 80 skref, beygir þá í 288°, 123 skref, þar sem hann deyr út, mjög óljóst síðasta spölinn, mjög mýrlent hér. (ii) Úr SVhorni (i) 163 skref í 176°er veggjabrot sem vísar í 150° að mestu (130° fyrst), 121 skref þar sem hann deyr út; veggjaþykkt 0,6m, hæð 0,25-0,3m. (iii) Frá þessum enda (ii) í 240°, 56 skref, vísar í 347° jafn langt og (ii). (iv) 28 skref beint upp af (suður af) (iii), sveigt veggjabrot upp við fjallsrætur. (v) N enda (ii) í 24°eru 49 skref - vísar svo 70 skref í 116°, veggjaþykkt c 0,9m hæð um 0,3m, það er möguleiki að veggur þessi haldi áfram í 294°. (vi) Úr SV horni (i) í 318° 43 skref er veggjabrot sem liggur samsíða (i) (í 195°) veggjaþykkt. 1m, hæð um 0,55m, um 100 skref eða svo til út að girðingu. (vii) Annar garður, svo til samsíða (vi) vísar í 200°, 42 skref í vestur 88 skref frá girðingu. (viii) 70 skref frá girðingu, 33 skref hornrétt vestur af (vii), vísar í 198°, 107 skref (ég held þetta geti verið skurður, fremur en veggur [svo]). (ix) Vísar í 296°, breidd um 1m hæð 0,55-0,75m, 68 skref, sveigir þá í 268° c. 12 skref. Er mjög votlent hér skurður hefur verið grafinn nokkru vestar.**Heimildir:**GS 27.7.1980

# RA-109 Miðeyjarhólmi

Hjáleiga Miðeyjar. Byggt um miðja 17. öld úr landi Miðeyar, í byggð öðru hvoru en í eyði árið 1709. Allajafnan tíundast fyrir 5 hdr. JÁM I, 104. "Svo er að sjá sem árið 1640 hafi risið deila um þetta landsvæði, því að þá er greint frá því í alþigisbók að Aðalsteinn nokkur landhlaupari hafi boðið Eiríki Guðnasyni í Miðey "að taka málstað upp á Miðeyjarhólma, óskandi af honum skjala og bréfa þar til, og sagðist skyldi því fyrir höfuðsmanninn koma"." Landeyjarbók, 2461. "Hann [Miðeyjarhólmur] er austan Ála, og var einn svonefndra Hólmabæja, skammt sunnan Bjarkalands. Er Miðeyjarhólmur norðarlega í landi því sem tilheyrir Austur-

Landeyjunum austan Álana. Jörðin fór í eyði árið 1938. Bær og túnstæði var að upphafi í Eyjafjallahreppi." SB IV, 257

1849: "Tún mikil og góð. Engjar rittulegar. Haglendi sem á næst vitum jörðum. (Miðey og Vatnahjáleigum). Jörð þessi er ágangslaus." Landeyjarbók, 261 1927: Tún 1,8 ha, þar af 1,3 ha sléttað, garðar 960 m2. "Land jarðarinnar er valllendisbakki meðfram Steinmóðarbæjarál, mýrardrög, frekar rýrir móar og nokkuð gróinn aur. Túnstæðið mun hafa verið sem næst 2 1/2 ha." SB IV, 257

**RA-109:001** *Miðeyjarhólmi* bæjarhóll bústaður

Bærinn sjálfur stendur alveg við nóverandi veg.

Túnið í kring er slétt og slegið frá Bjarkalandi.

Tóftir heillegar og kafloðnar. (i) lengd 4,3m, breidd 4m, vísar í 213°, (ii) lengd 6,4m, breidd 6m, (ii) lengd 6,3m, breidd 5,3m, (iv) lengd 7,7m, breidd 4,8m, (v) lengd 3,4m, breidd 2,1m, vísar í 220°, (x) lengd 5,2m, breidd 3,5m, vísar í 306°, (vi) breidd 4x4, (viii) hlaða, lengd 9,,4m, í 222°, breidd 8,5m, (ix) breidd 4,1m, lengd 4,6m, í 300°.

**Heimildir:**Túnakort 1927

**RA-109:002** garðlag túngarður
**Heimildir:**GS 7.8.1980

**RA-109:003** tóft
Rétt utan við, NA við túngirðinguna kringum heimatúnið.
Lítil ferhyrnd tóft, vísar í 230°, lengd um 4,9m, breidd 3,2m, hæð 0,9m, dyr líklega á NV hlið, óljóst. Torfveggir.
**Heimildir:**GS 7.8.1980

**RA-109:004** tóft
Suður af 003, sunnan túngirðingar eru tvær tóftir 004 og 005, heillegar, liggja rétt utan girðingar.
Sú nyrðri vísar í 260°, er ferhyrnd, lengd 6,1m, breidd 22,8m, hæð 0,6m. Veggjaþykkt óljós norðan tóftar liggur líklega upp úr skurði samsíða henni til vesturs. Þúst er rétt norðan tóftar e.t.v. leifar minni tóftar.
**Heimildir:**GS 7.8.1980

**RA-109:005** hleðsla rétt
Suður af 003, sunnan túngirðingar eru tvær tóftir 004 og 005, heillegar, liggja rétt utan girðingar.
Syðri tóftin er ferhyrnd rétt, vísar í 265°, inngnangur óljós nú, rétt brotin í norðurvegg, NA horni og suðurvegg, um 7x7m, veggjaþykkt 1,8m, hæð um 1m.
**Heimildir:**GS 7.8.1980

**RA-109:006** garðlag
NAar garður en 013 hlaðinn út frá vesturhlið þessa garðs.
**Heimildir:**GS 7.8.1980

**RA-109:007** tóft
Í SV frá 001 eru þrjú tóftarsvæði, hlið við hlið 007-009.
Austasta tóftin sem vísar í 328°, lengd utanmáls 13,1m, breidd 5,3m, þakhellur sjást, 20° í Bjarkaland, 30° í Steina. 72° í Dalssel.
**Heimildir:**GS 7.8.1980

**RA-109:008** tóft
Í SV frá 001 eru þrjú tóftarsvæði, hlið við hlið 007-009.
5 skrefum vestan við 007 eru tví- eða þrískipt ferhyrnd tóft, lengd 9,3m, breidd 5,5m, breidd beggja 10,2m, vísar í 334°. Vestan við er að því er virðist kró eða rétt, breidd alls 13,8m, veggjaþykkt 1,7m
**Heimildir:**GS 7.8.1980

**RA-109:009** tóft
Í SV frá 001 eru þrjú tóftarsvæði, hlið við hlið 007-009.
60 skref í 226°, í suðurhorn réttar, vísar í 206°, lengd 19,4m, breidd 11,3m, ferhyrnd.
**Heimildir:**GS 7.8.1980

**RA-109:010** tóft
Við vesturhlið 009 er tóft.
Samsíða 009, vísar í 202°, lengd 7,2m, breidd 2,2m.
**Heimildir:**GS 7.8.1980

**RA-109:011** tóft
Suður af Miðeyjarhólma er ferhyrnd tóft, syðst í túninu við veginn.
Vísar í 42°, dyr á vesturhlið, lengd 3,5m, vesturhlið 7,1m, alls, virðist tvískipt þvert á, breidd 3,3m, hæð 0,9m.
**Heimildir:**GS 7.8.1980

**RA-109:012** hús
Rétt við veginn (norður), austan við Miðeyjarhólma er torfhús, líklega kartöflugeymsla.
**Heimildir:**GS 7.8.1980

## RA-118 Bakki

**RA-118:015** *Tobbahjáleiga* bæjarstæði býli
1709: "Hjáleiga lítilfjörleg var og bygð úr Bakkalandi kölluð Tobba Hiáleiga. Var fyrst bygð fyrir 10 árum. Byggíng hjelst ekki nema 5 ár."
1709: "Þessi hjáleiga kann ekki aftur að byggjast, því heyskapur er enginn. Hús öll í burtu og tóftir fallnar."
**Heimildir:**JÁM I, 109

## RA-127 Skíðbakki

**RA-127:019** *Viggusel* heimild um sel
"Skyrkelda fellur í drápslæk innst í Skíðbakkahögum. Austan við Skyrkeldu, rétt hjá Drápslæk, eru fornar seltættur. Skammt vestan við Drápslæk, nokkru sunnar, eru Viggusel." Segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**Ö-Skíðbakkatorfan A, 2
**Eða**
**RA-127:020** *Snorrasel/Arnþórssel* heimild um sel
"Austan við Drápslæk eru seltættur frá Kúfhól, að sagt er. Heitir þar Snorrasel - Snorraselsrif þar - og Arnþórssel, og er drjúgur spölur á milli þeirra." Segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**Ö-Skíðbakkatorfan A, 2

## RA-143 Fíflholt eystra

**RA-143:027** *Lögréttubalar* örnefni þingstaður
KK: "Í Fíflholti hefur verið reynt að finna þingstað Höskuldar hvítanesgoða, sem getið er um í Njálu, en er það eftir hugmynd Páls í Árkvörn. Sennilega eru til þess engin rök. ... ekkert annað sem minnir á gamalt þinghald en 3-4 lágar hæðir eða þúfur í túninu, skildar að með smábilum, 12-16 álna langar og nokkurra álna háar og kallast lögréttubalar eða lögréttugarðar. Sennilega er í nafninu aðeins minning um að þar hafi þinghúsið fyrrum verið (á síðustu öld t.d.)."
**Heimildir:**KK I, 187

## RA-179 Eyvindarmúli

**RA-179:041** heimild um myllu
Mylluhús var uppistandandi í Eyvindarmúla fram um 1930.
**Heimildir:**OD: "Minjar og kornmyllur í FLjótshlíð", 43

## RA-185 Hlíðarendi

**RA-185:008** heimild um sel
"Mikið land átti jörðin sunnan Þverár, þar var selstaða fyrrum."
"Snemma eftir að afbýlin urðu til virðist hafa á orðið föst hefð um skiptingu beitilands og engja á Hlíðarnenda. Gildir sú hefð að mestu enn í dag. Afbýlunum heyrði til upplandið allt milli Merkiár og Litlu-
Þverár. Heimajörðin átti hins vegar og nytjaði, auk engjanna við Merkiá, allt láglendið framan Stóru-Þverár. ... Öldum saman var þar haft í seli að sumarlagi, bæði kýr og kindur. Vetrarbeit var þar mikil og kjarngóð og brást ekki, nema á sérstökum harðindaárum. Beitarhús voru þar löngum fyrir sauðfé og hross og mikið heyjað þar, þegar vel áraði."
**Heimildir:**SB IV, 400; Jón Skagan: Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð, 211

## RA-248 Völlur

**RA-248:024** *Goðhof?* tóft
"Vestur í túninu, suðvestur af bænum er þriðja forna tóttin. Það er hringur, 12/16m, og segja sumir, að heiti Goðhof, en aðrir mæla á móti því." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Völlur, 2

## RA-255 Stórólfshvoll

**RA-255:031** garðlag

"Enn má nefna eitt, sem er mjög einkennilegt við þetta landsvæði, en það eru gömul garðbrot, sem verið hafa mikil mannvirki.  Eitt þeirra liggur upp allar Brúnir, en svo eru kallaðar brúnirnar fyrir ofan undirlendið með Rangá.  Eitt garðbrotið liggur yfir þvera Íraheiði, og enn eitt í mörgum krókum á svæðinu milli Vallar og Efra-
Hvols." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 4

# RA-615 Þórsmörk

**RA-615:005** *Húsadalur* bæjarstæði býli
1709:  "Húsadalur heitir annað örnefni skamt frá Þuríðarstöðum.  Þar halda og menn til forna hafi bygð verið, jafvel mikil, af girðíngum, sem enn nú til sjest.  Er og óbyggilegt sökum slægnaleysis og vetrarharðinda.  Þetta pláts er og brúkað fyrir afrjett úr Fljótshlíð."  BJ: "Ekki er von að forn rúst sjáist þar, Sæmundur mun hafa sett sinn bæ í hana ..." Rústir bæjar frá 1802 inni í miðjum Húsadal
Birkiskógur er nú kominn yfir hluta rústanna og túnstæðið.  Tóftirnar eru allar yfirgrónar og mjög vel varðveittar.  Bæjarstæðið er ákaflega skjólgott, liggur í dalbotninum með skógi vaxnar hlíðar á alla vegu.
Skv. JÁM I, 102 var byggð í Húsadal til forna og mátti þá enn [1709] sjá garða marga.  Staðurinn var þó talinn óbyggilegur sökum slægnaleysis og vetrarharðinda.  Leifar þessara mannvirkja sjást ekki lengur og telur GS sem rannsakaði staðinn 1980 að bærinn frá 1802 hafi verið byggður ofan í þau.  Magnús Árnason og Sæmundur Ögmundarson settu þarna bú 1802 en það entist aðeins árið og var ástæða þess rakin til myrkfælni og daugagangs.  Nýbýlalöggjöfin frá 1776 mun hafa orðið þeim Magnúsi og Sæmundi hvatning.  Rústirnar sem nú sjást eru þessar "1.  Ferhyrnt langhús með inngangi á miðri vesturhliðinni ... Lengd 9.0 m, breidd 4.0 m, hæð 0.95 m, veggjaþykkt 1m.  Veggir voru heillegir, grjót- og torfhlaðnir.  Í norðvesturhorni tóftarinnar var pallur, 1.4 x 1.4 m að umfangi.  Bogadregnir veggir vestur af innganginum mynda þar nokkurs konar forgarð, 3,5 m að breidd.  2.  Við austurhlið tóftarinnar er niðurgrafið svæði.  Lengd 9.0 m, breidd 6.0 m.  Svæði þetta, sem er e.t.v. einhvers konar rétt, er markað hlöðnum vegg að austan, sem heldur áfram til suðurs og myndar einnig austurvegg tveggja smátófta (3 og 4), sem þar eru.  3.  Næst 1 er ferhyrnd smátóft ... Lengd 3.5 m, breidd 4.5 m, veggjaþykkt 0.8-1.7 m, hæð 0.45-1.0 m.  Ekkert grjót er nú að sjá í veggjum, og enginn inngangur er sjáanlegur.  Tvær allháar birkihríslur vaxa nú inni í tóftinni.  4.  Beint suður af 3 er önnur ferhyrnd tóft með útskoti til austurs.  Inngangur er á vesturlanghliðinni ... Lengd 5.5 m, breidd 2,5 m, innanmál útskots 1.2 x 1.2 m.  Grjót sést í veggjum."  Túnið hefur verið norður af bæjarstæðinu og er þar enn svolítið opið svæði í skóginum. Árb 1982, 52-53
**Heimildir:**JÁM I, 102; ÁFÍ 1972, 107-109; GS: "Byggðaleifar á Þórsmörk" Árbók 1982, 51-
53; BJ: Rannsókn á Þórsmörk" Árbók 1907, 18

**RA-615:007** *Snorraríki* heimild um útilegumannabústað
"Innst í sunnanverðum Húsadal er klettur, og í honum dálítill skúti.  Heitir hann Snorraríki, og er mælt, að þar hafi sakamaður, sem Snorri hét, hafzt við um skeið.  Í bergið hafa ýmsir rist fangamörk sín." Segir í örnefnalýsingu.
Udtog af en Reisejournal 1793 (Þessi útdráttur úr ferðabók Sveins er í íslenskri þýðingu í Ferðabók Sveins Pálssonar. Rv., 195, 237) :  "Snorra Ríki /:paa Thorsmark:/ ogsaa en Hule höit oppe i en perpendikulær Klippe; den skal være benævnet efter en Mand Snorre, der förste skal være klavret der op, uden at bruge de der siden hugne Fodstier i Klippen.  Saavel Hulens Indvendinge som Klippen uden for, er ganske udgravet med adksillige, deels effter Annseende meget gamle Navne og runiske Bogstaver og Navne."   F,151    Síðan kemur eftir Steingrím sjálfan:
"Efterrenting om Snorraríki, 17. 9. 1821  o.sv.fr. .... F,154-156  [afmg. við XIIb: Um Snorraríki vísast almennt til A. Bæksted, Islands runeindskrifter. Kh., 1942, 95-6.  Sjá einnig Rang. Sý-só HÍB 1839-1873 Rv. 1968,79].FF 1821:  "Ved hielt ad inhuggede Fodstier og haandgrep kan man nu momme derop, dog ingenlunde magelig, og vel ikke udan hiept af Reeb, andre end de, som er vante til af stige op ad Fieldene Selv hulen har smal Aabninb, synes at være dannet af Naturen, halvet saaledes nedad og opad, at den er höjest i Midten, henimod 6 al: og Gulvet nedenunder kuns lidet og konkave, hvilket sidste synes at være foraarsager ved nedfaldende smaa Sand fra Siderne, da det er ingen fast men sandagtig Klippe.  Dens Omkreds i Midten hvor den er vidste maalte jeg med paalagt Snoer at være 18 al: Oppe i Hvelvingen synes den at være haardest, hvorfra man dog let kunne plukke smaa Steene; som Pröve af dem fölge 4 Stk indsvöbte i forseglet Papir mærket O:C Jeg saae nöje eftir hvad Mærker eller Bogstaver der kunde findes, og fandt indvendig i hulen ikke andet end hvad jeg i den ongefærlige Orden har optegnet paa vedlagte Papir.  Jeg selv og min Föglemand indridsede der i pr Minuter, ved samme Leilighed, og lommeknive og en liden hammer vore Navne bogstaver ... dog iden  at faa Indsnitte reene, fordi Sandsteenen, ikke var

fast nok, hvilket viser at hulen let kan tage imod Indskription, og let tabe den igien. foran og udenfor i den næsten perpendikulære Klippeflade, som er udsat for Solskin blæst og Regn er Bierget nogen haardere, og der staar langt fleere Abbreviturer af Mands Navn og Noemærker, men da de fleste af dem ere kjendeligen fra nyere, endog nyeste Tider, meget faa gamle, og ikke over 7 a 8 med simple Runer, saae jeg det ikke Umagen værdt at aftegne dem. Ingen anden Tradition har jeg kunden faae om denne hule, end de, at en Misdæder i forrige Tider, ved navn Snorre fra Fliotshliden skulle have flygtet derhen, og uden hielp af fornævnte Fodstier og Haandgreb, der siden ere inhuggede i Klippen, have klavret der op, og opholdt sig sammensteds nogen Tod i Sikkerhed." KK: "Innst og austast í dalnum [Húsadal] er þverhnýptur slútandi klettur. Þar er um 4-5 álnir uppi lítill hellir með mjóum muna. Hann kallast Snorraríki. Eru höggvin þrep í klettinn, svo að komast má í hellinn. Þar uppi og í klettinum fyrir neðan hafa margir sem þar hafa komið höggvið nöfn sín ..."
**Heimildir:**Ö-Þórsmörk, 7; KK I, 192; FF I, 154-56

**RA-615:008** *Sóttarhellir* hellir
"Skal þá horfið fram fyrir Húsadal, og verður Sóttarhellir þar fyrst fyrir." Segir í örnefnalýsingu.
Stendur í hlýlegu dalverpi á mótum Skógasands og Skógaheiðar. Uppblástur hefur herjað á heiðina og Skógasandur er að mestu auðn allt í sjó fram. Skógaheiði þótti þó áður kjarngóð til beitar og útigangs o.s.frv.

**Heimildir:**SB IV, 43; Túnakort 1924

## RA-002 Ytri Skógar

60 hdr. 1709, kirkjustaður. Alkirkja mun hafa verið hér frá fyrstu kristni til 1886. Jörðin nefnd í Sturlungu og Njálssögu. c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups, (DI XII 6) "[1332]: Skogar. gamall maldagi. Nicholaskirkia j skogum aa halft heimaland med ollum rekum þeim sem þar fylgia. oc þessum vtjordum. halfa drangshlyd. skardshlyd. hordaskäle. backe oc berianes. oc eystre skogar." (DI II 677) "[1371]: i. Nichulas kirkia j skogum a halftt heimaland med ollum rekum þeim er þar fylgia. og þessum vtjordum halfum. drangshlijd. Skardzhlijd. hardaskalle. og berianess oc eystre skoga." (DI III 258) 1553: Máldagi kirkjunnar (DI XII 646) 1575: Máldagi kirkjunnar (DI XV 673-674) "Hið næsta bænum eru grónar hlíðar og víðlend tún. Skógarsandur breiðir úr sér til suðurs og landsuðurs, nú til nokkurra muna töðuvöllur í leigulandi Sandræktar Austur-Eyfellinga. Dragnshlíðarfjall takmarkar sjónhring í vestri, sandurinn í austri. Ofar brekkna tekur við heiðin inn til Mýrdalsjökuls. Bærinn hét upphaflega Fossárskógar." (SB IV, 44)

1709: “Túnum og engjum spilla moldar og grjóts skriður úr fjalli og lækjum þegar leysíng kemur, þar til fjallhögum blástur stórkostlega.” (JÁM I, 29) 1924: Vesturbær : Tún 7,5 ha, garðar 1837 m2. Austurbær: Tún 9,1 ha, garðar 1721 m2.

**RA-002:001** *Ytri Skógar* bæjarhóll bústaður 63 31 37N 19 30 28V

Hér var tvíbýli frá 1700 en bæirnir stóðu við sömu stétt, segir í Sunnlenskum byggðum. .

Í Jarðabókinni segir að reki hafi verið gagnlegur, en túnum og engjum spilltu skriður úr fjalli. 1840 var sel uppi á heiðinni en lagt niður vegna fólkseklu (Sýslu og sóknarlýs.)

Byggingaframkvæmdir hafa verið miklar og margt líklega horfið af þeim sökum

**Heimildir:**SB IV, 44. SS 1840. JÁM 1, 28-29.

**RA-002:002** heimild um kirkju

1847: Af báðum annaxíunum og afteknu bænhúsi "í Borg" eru goldnir til saman 33 fd smjörs."

SKÓGAR UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) -Nikulási

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6.

[1332]: Skogar. gamall maldagi.

Nicholaskirkia j skogum aa halft heimaland med ollum rekum þeim sem þar fylgia. oc þessum vtjordum.

halfa drangshlyd. skardshlyd. hordaskäle. backe oc berianes. oc eystre skogar.

kirkia aa innan sig. v. manna messuklædi. oc ij hokla. at auk. sloppar iiij. oc kantara kapur iij. fiogur häalltaris klædi. iij. aa huaaru minna alltari med dukum. messu serckur. einn nyr wvigdur. oc kalekar ij. glodarker eitt. oc annad brotid. kiertistikur fiorar. vj. kluckur. oc biollur tuor. skrijn. oc textus evanngeliorum. ij. alltara steinar buner. iij. krossar smellter oc iij obuner. marie skriffter tuor. peturs skriptt. oc nichulas. jons likneski postola. oc marie. tuor kistur oc stoll. merki ij. bior oc songhus tiold.

kuikfee sextijgi aasaudar oc tiu kyr.

þriu hundrut j bokum. krisma ker med tonn. kirkiu kolur ij. oc vatnkall.

tueggia kennimanna skylld. prestar tueir. edur prestur oc diakni.

kirkian aa oc tuo glerglugga oc paxblad. Máld DI II 677 [er sennilega yngri en 1371 þar sem þeir eru alveg eins utan að hér eru altarissteinar, krossar, skriftir og líkneski umfram en þar hefur einni línu um Ólafsskrift verið bætt við. Þessi hefur líka Bakka umfram 1371 - 1371 gæti líka verið léleg afskrift af 1332 og hafa hleypt úr]

[1367]: Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 216

[1371]: i. Nichulas kirkia j skogum a halftt heimaland med ollum rekum þeim er þar fylgia. og þessum vtjordum halfum. drangshlijd. Skardzhlijd. hardaskalle. og berianess oc eystre skoga.

kirkia a jnnann sig fimm manna messuklæde og tuo hokla ad auk. sloppar iiij. oc cantarakapur. iij. iiij. haalltaris klæde. iij. a huoru minna alltare med dukum. messuserkur einn ad auk. kaleikar. ij. Glodarkier oc annad brotid. kertestikur iiij. sex kluckur og biollur ij. skrijn og textus.

Jtem ij kistur og stoll. merke ij og saunghustiolld.

kuikfie sextighe asaudar og tiju kyr.

iijc j bokum. christmaker med tonn.

kirkiukolur ij oc vatzkall.

tueggia kennemanna skylld. prestar ij eda prestur og diakne.

kirkian ä og ij glerglugga og paxblad.

Jtem olafs skriptt ný. Máld DI III 258

1553: Máld DI XII 646

1575: Máld DI XV 673-674

1709: Hjer er alkirkja og embættað af Beneficiato að Hólum þriðja hvern helgan dag á móts við Hóla og Steina kirkjur; JÁM I: 28

12.3.1890: Skóga- og Steinakirkjur lagðar niður og sóknirnar lagðar til Eyvindarhóla; (PP, 54) [landshöfðingjabréf]

**Heimildir:**JJ, 47

**RA-002:047** *Hörðuskáli (Hefðarskáli)* bæjarstæði býli

1709. Jörðin metin 8 hdr, og var konungseign. Í eyði síðustu 6 ár, fyrir utan 1. "Hörðuskáli lagðist í eyði árið 1703. Jörðin er konungseign, hluti af Skógarléni. Hún var til skamms tíma nytjuð frá Ytri-Skógum og Drangshlíð. Austan að Hörðuskálalandi er Hrútafellsland. Að sunnan er land Stóru-Borgar, að ofan land Bakkakots. Bæjarhóllinn er á vestari bakka Kaldaklifsár, upp frá Hólahverfi." Segir í örnefnaskrá "Jörðin Hörðuskáli er fornt lögbýli, sem fyrst getur um í máldaga Skógarkirkju frá um 1332. Komst í konungseign í lok 14. aldar með Skógareignum. ... og í umsögn Níels Kiers lögmanns um hana 1728 segir : "Stórkostlega fordjörfuð af öllu graslendi og mikið af því í aur komið, en það eftir er liggur undir fordjörfun af vatni." Jörðin var þá lækkuð í mati í 4 hundrið. Bæjarstæði Hörðuskála er á vesturbakka Kaldaklifsár, sunnarlega í landareigninni, ofan við Borgarland." Segir í Sunnlenskum byggðum. Rétt norðan heimtraðar að Stóruborg, ekki langt frá Kaldaklifsá.

Í hestamóa, eitthvað hefur verið sléttað skák S af hólnum, upp að vegi. Þvermál hólsins í 250° 38° Má segja að hóllinn vísi c. A-V. Smáar þúfur eru um hann allan. Í N hlið hans má sjá móta fyrir 2 dældum, stórum. Hafa það e.t.v. verið heygarðar, hlaða eða eitthvað slíkt, hæð 3m. Austari dældin er 12,9m í 14° br. 8,5. Vestari dældin lengd 12,1m í 10°, br 7,3m. Er líklegt að framhlið bæjarhúsa hafi snúið til S. 1709: “Hjer fyrir utan liggja í landinu tvö engjaítök; eitt sem Drángshlíðar ábúendur brúkað hafa, og falla kann á hey sem svarar vel hálfu kýrfóðri; annað sem slegið hefur verið frá Skarðshlíð, heyfall þar á segja menn svara muni einu kýrfóðri. Þessari jörð spillir stórkostlega Kaldaklofsá, sem slægjur hefur fordjarfað með leir og sandi og vatns yfirgángi vetur og sumar, so í vatnavöxtum verður bærinn umflotinn. Heyskapur er mjög ljettur, einkum fyrir nautpening, og hefur jörðin fyrir þessar orsakir ei fengist bygð, þykir vanséð, að nokkurn tíma verði hjer bygð á komið. Fyrrum halda menn hjer hafi fóðrast að vísu xvi kúa þúngi.” Land

jarðarinar vart meira en 60 ha.  ÁG: “Hörðuskáli.  Bæjarhóllinn þar sem áður stóð bærinn Hörðuskáli, sem í eyði fór rétt eftir 1700.”
**Heimildir:**JÁM I, 37; SB IV, 59; Ö-Hörðuskáli, 1;  ÁG: Friðlýsingarskrá, 64

## RA-003    Drangshlíð

40 hdr. 1709.  1332 tilheyrði hálft landið Ytri Skóga kirkju (DI II, 676) og enn 1371 (DI III, 258) og 1553 (DI XII, 646). Varð konungseign á 15. öld (DI II, 676), en orðin bændaeign 1686.  1709:  "Engja ítök segja ábúendur tvö átölulaust hafi brúkuð verið, so lengi elstu menn til muna, það eina í kóngsjarðarinnar Hörðuskála landi, og falla þar á í meðalári hey nærri á 20 hesta.  Hitt í Barkakots landi, sem og so er kóngsjörð, og hafi á því plátsi fallið hey, ei meira en 5 hesta ..." (JÁM I, 30).    Þríbýlisjörð, D I og II og Drangshlíðardalur.  "Drangshlíð á sameiginlegt heiðarland með Skarðshlíð og Drangshlíðardal inn til jökuls en neðan hamra hefur hver jörð nú ákveðið landskipti." (SB IV, 45)
1709:  "Tún, slægjum og högum spilla skriður og grjóthrun úr fjallinu, er ábúendur með erfiðismunum hljóta oftast árlega að hreinsa, hefur fyrir 7 árum af túninu tekið nær 4 kúa fóður, og þykri ei sýnilegt þar verið bót á." (JÁM I, 30)  1839: " ... útslægjulaus en túnajörð mikil." (SSR, 16)  1924: Vesturbær : Tún 9,3 ha, garðar 1315 m2. Austurbær: Tún 10,4 ha, garðar 1354 m2.

**RA-003:001**    *Drángshlíð*    bæjarhóll    bústaður    63 31 31N    19 33 19V
Í Drangshlíð I hefur sama ættin búið síðan 1801 og í D II frá 1888 ekki ljóst hvort þeirra er upprunalega bæjarstæðið.  Við síðustu endurbyggingu íbúðarhússins í II var það fæst niður frá gamla bæjarstæðinu.
Stendur í dálítilli kvos við fjallsrætur. Drangurinn sem bærinn dregur nafn sitt af, stendur á sléttu túni sunnan við bæinn. Í Jarðabókinni segir að  jörðin hafi engjaítök í landi Hörðuskála og Barkarkots. Skriður og grjóthrun spilltu túni, slægjum og högum. Fjörustúfur var gagnlítill vegna útfalls Skógaár. Vatsnból þraut oft.
**Heimildir:**SB IV, 48-49. JÁM 1, 30-31.

## RA-003b    Drangshlíðardalur

Hér hófst byggð 1855.  1/3 Drangshlíðar.  Bærinn stendur austan í Drangshlíðarfjallinu, vestan Skógár.  Byggður úr Drangshlíðartorfunni á þrætulandi Drangshlíðar og Skóga.
1924: Tún 5,6 ha, garðar 1546 m2.

**RA-003b:001**    *Drangshlíðardalur*    bæjarstæði    bústaður
"Bærinn stendur í samnefndum dal, sem skerst inn til útnorðurs milli Drangshlíðarfjalls og Drangshlíðarheiðar.  Ofan hans gnæfir fjallið með brekkur, skriðum og hömrum.  Til norðurs eru grónar suðurhlíðar heiðarinnar austur að Skógafossi. ..."  Á svæðinu milli húss og fjóss, þar sem gamli bærinn mun hafa staðið, er nú ekkert nema lítill matjurtagarður við fjósið.
Hagabeit þótti góð í Dalnum en heimaslægjur þröngar. Lengi var sóttur heyskapur út í Miðbæli.
Lilja segir merki um e.t.v. hlóðaeldhús hafi komið upp hér.  Úr NA hlið núverandi bæjarhúsa er hlaðinn pallur, sem mun hafa tilheyrt gamla bænum. sem stóð til 1929.  Lilja segir landið vestan Skógár og neðan þjóðvegar tilheyra 5 bæjum: Drangshlíðardal, tveimur Drangshlíðarbæjum og tveimur Skarðshlíðarbæjum.
**Heimildir:**SB IV, 46; Lilja Sigurgeirsdóttir

## RA-004    Skarðshlíð

20 hdr. 1709.  Hálft landið tilheyrði kirkju Ytri Skóga 1332 (DI 2,676) og 1371 (DI 3, 258). Varð konungseign á 15. öld (DI 2, 676) og fram til 1550.  Jörðin átti engjaítök í landi Hörðuskála og Hrútafells. JÁM I, 31.  Nú þríbýlisjörð, Skarðshlíð III nýbýli úr S II.  "Byggðin í Skarðshlíð hefur frá fornu fari staðið sunnan undir Grettisskarði á mótum Hrútafells (Litlafjalls) og Drangshlíðarfjalls og hefur hlíðin hlotið nafn sitt af skarðinu. ... Skarðshlíð og Drangshlíð eru hluti af sömu torfu sem má sjá af sameignarlandi þeirra til fjalls og jörðu. ... Skarðshlíð var um langan aldur tvíbýlisjörð ..." (SB IV, 50)
1709:  "Fyrir 12 árum eða þar um var 30 álnum á ljett af landskuld vegna stórkostlegs skriðuhlaups á tún úr

fjallinu ... Túninu granda grjótskriður úr fjallinu, sem ábúendur verða árlega að hreinsa, ef jörðin skal ei eyðileggjast." (JÁM I, 31-32). 1924: Vesturbær : Tún 5,6 ha, garðar 1978 m2. Austurbær: Tún 4,8 ha, garðar 1390 m2. "Engjar voru áður engar í heimalöndunum og var heyskapur sóttur að nokkru út í Skarðshlíðarhólma og aðrar nálægar lendur þar." (SB IV, 50)

**RA-004:001** *Skarðshlíð* bæjarhóll bústaður 63 31 27N 19° 3,4 2V
"Skarðshlíðarbæirnir stóðu saman og nefndust austurbær og vesturbær. Við síðustu endurbyggingu vesturbæjar (1944) var hann fluttur niður fyrir svonefnd Ófeigsgrjót við Suðurlandsveg, en austurbærinn er áfram á sama stað, íbúðarhúsið þó flutt spölkorn austur frá gamla bæjarstæðinu." Segir í Sunnlenskum byggðum. Nú er lítill búskapur á vesturbæ en rekin verslun. Þar sem Skarðshlíð I stendur nú stóðu allir bæirnir áður.
**Heimildir:**SB IV, 50. JÁM 1, 31.

## RA-005 Hrútafell

80 hdr 1686. 40 hdr. 1695/97/1709 með afbýlunum Hrútafellskoti (5 hndr) og Bökkum (2 hndr og 60 álnum). 1584 er jörðin nefnd í landamerkjamáli (AI IV, 399-405). Jörðin á fjöru í landi Ytri-Skóga. (JÁM I, 32-33). Tvíbýli var til miðrar 20. aldar. "Fellið er vel gróið ofan brúna og var þar áður vetrarganga fyrir sauði. Landareignin er víðlend á mælikvarða Eyfellinga, töðuvellir næst bæ, utar gömul engjalönd. Inn frá bænum, vestur af fjallinu blandast saman grundir og aurar. ... Vesturhlíðar Drangshlíðarfjalls eru í landareigninni, grónar til metra muna. Innar tekur við Hrútafellsheiði með innstu takmörk við Eyjafjallajökul." (SB IV, 54-55)
1709: Engjar eru að miklu leyti af fyrir sandi, grjóti og leir af vatnságángi úr Kaldaklofsá. Hagar eru og mjög forargaðir af blástri, vatni, skriðum og sandi." (JÁM I, 34) 1839: "Hefir þessi jörð nokkra hagagöngu fyrir sauðfé á vetrum og að því skapi sæmileg tún, en lakari útslægjur. Hætt er við að jörðin líði skaða af Kaldaklifsá, þá hún flæðir yfir tún, engi og haga og af þessm orsökum hefur jörðin gengið nokkuð af sér." (SSR, 17) 1924: Suðurbær : Tún 12,9 ha, garðar 2016 m2. Norðurbær: Tún 2,8 ha, garðar 1354 m2.

**RA-005:001** *Hrútafell* bæjarhóll bústaður
Tvíbýli var þar til um miðja 20. öld. Bæjarhúsin stóðu þétt saman og hafa sjálfsagt alltaf verið á sama stað. Bærinn stendur rétt neðan þjóðvegar þar sem hann beygir fyrir Hrútafellið. Fjögur býli voru hér 1703. Bæjarhús Hrútafells II standa enn og mun gamli bær Hrútafells I hafa staðið þar rétt sunnan við.
Fjöru átti jörðin fyrir Ytri Skóga landi. Engjum spillti Kaldaklofsá, högum blástur, vatn, skriður og sandur. Segir í Jarðabókinni
**Heimildir:**SB IV, 55. JÁM I, 32-4.

**RA-005:003** *Rútshellir* hellir útihús
"Hellir einn er í túninu, sem brúkast fyrir geymsluhús, og er til stórra hlunninda." Gengur inn í móbergsstapa sem er laus frá Hrútafellinu rétt austan við bæinn, rétt norðan þjóðvegar. Talið að Rútur nokkur hafi búið hér. Ýmsar þjóðsögur eru um hann.
"J Skóga Kÿrkiu Sókn fÿrir Austann sokallada Landnámsjörd Hrútafell, liggur til Landnordurs þadann, rétt vid Alfaravéginn einn stór og merkilegur Hellir, kalladur Almennt Rútshellir, hvörs Útmálun og Afmælíng er þessi: - 21 al: Lángur - á vídd ad framanverdu 7 al: - vid stafn 5 al: - á hæd, þar sem hann er hærstur 5 al - Framann vid hann er þil ödrumeiginn enn Grióthledsla Nÿ ödruméginn - 2r Dÿrastólpar, med Hurd og lömum í frekara lagi gÿldum, hvad sídar tiáist tilsett. - Framan vid þilid er Fordÿri stórt 3ia álna Lángt af jafnri Vídd og Hæd vid sjálfann Hellirinn - Innan fyrir þessu þili sjást bitaför í Veggium til Hlida 5 hvöru meiginn - Gólfid í Hellirnum er af fasta óslíettu Móbergi - , sem ordsakar mishæd Hellirsins; Hellirinn er allur í Mænir inanverdt hvölfdur, med mjög mörgum Smáholum til beggja Hlida. Hellirinn virdist allur ad innan verdu vera lagadur med Útklppun af Mönnum - Á vinstri hönd þá inn er geingid í Hellirinn, 13 álnir frá Adl Inngaungunni, er annar minni Hellir þvert út úr, sem kallast Stúka, og horfir med utidÿrum til útnordurs - hann er10 al: á leingd, 4 álnir á vídd 4 1/2 al: á Hæd - Austannverdt í þessum Hellir er Steinbekkur klappadur 2 1/2 al - med þunnum Móbergsbotni ÿfir Adal hellirnum, med kloppudu gati ígegnum midjann Botninn, og tiáist þetta vera Rúm Rúts, er bÿgdi Hellirinn - er sagt Fjandmenn hans hafa

viljad vega ad honum gégnum gatid med Spióti, enn hafi ei dugad, þar Rútur var þá í burtu. - þetta Rúm er fyrir þverum Gabli, og eikur þessa Hellirs leingd um 2r álnir - Stúkan er hærra upp enn sjalfur Hellirinn hérvid 1 1/2 al - Skilrúm er milli hálfrar Stúkunnar og Hellirsins af þunnu fasta Móbergi - Bitahögg í Stúkunni til Hlida eru 7 hvorju meiginn. - á Sidri Hlidveg e þessi mind [tákn] - nÿdri Hlid [tákn] - J Móbergsgólfi Stúkunnar eru höggnar þessar Holur [tákn] sem sagt er ad sé Nóstockur Rúts - [tákn] Ablgröf hans, [tákn] Stediastædi hans; - Hvör þessi Rútur hafi verid hefir eg ecki neínstadar gétad fundid um skrád, og ecki gétur hans sú prentada Landnáma sem vær höfum, þó almenn Folks-sögn gangi fÿrir ad hann hafi verid Landnáms madur." [afmg.2: Sagnir um Rút og hellinn eru skráðar í Ferðab. EÓBP II Rv., 1974,195 (frumútg. 1772,925-6. Í Almennri Landaskipunarfrædi. Fyrra partsins annarri deild: Nordurlöndum. Kh. 1821, 180: "Rútshellir undir Eyjafiöllum; í hönum er híbýli, 24álnir á lengd, 8á breidd og 4 á hæd og er þat hvelft hit efra; út frá því gengr afhellir nokkr med lopti uppí, ætlat til sængurstædis, og er gat á loptinu, igégnum hvört, medd segia, at hellisbúin, Rútr af nafni, er giördt hafi hellirin sér til varnar, þar hann átti sökótt í héradi, hafi á fornöld lagvopnum lagdr verit til bana af fiandmönnum hans; ástundum búa menn í hellir þessum." FF,117-118 BJ 1901: "Hellirinn er nál. 20 al. langur, nál 6 al. breiður en að eins 3 1/2 al hár. alstaðar jafn að kalla. lágrýtisklöppin; þar er þursaberg niður úr gegn; liggur glufan þó lægra en hellisgólfið. Svo er kletturinn stór, að austurveggur hellisins er á að gizka 2 al. þykkur, hinn þó miklu þykkri en ræfið þó þykkast. Brekka er upp með vesturhlið hellisins. Þar verða fyrir dyr á öðrum helli, er gengur þvert inn í klettinn og stefnir á aðalhelinn miðjan. Dyrnar eru lágar, og er niðurgegnt í þennan þverhelli. Niðri er hann nál. 6 al víður, nál 7 al. lanur og nál. 4 al hár. Þó hann sé ekki hærri en þetta, hafa á sínum tíma verið settir í hann bitar af tré, sjást sporin, sem fyrst þá eru höggvin, báðum megin í hliðunum, og þar niður undan eru holur í miðju gólfið fyrir stoðir, sem staðið hafa undir bitunum. Gaflinn í þessum helli, milli hans og aðalhellisins, er svo þunnur, að hann hefir öðrum megin brotnað burt, næstum hálfur, og er það allvítt op inn í aðalhellinn, nálægt miðju hans, og er það ofan af meir en álnarháau þrepi að fara ofan í aðalhellinn. Sá hluti gaflsins, sem heitt er, fláir dálítið; má ganga hann upp, og kemur maður þá í skot, sem er jafnbreitt þverhelinum, en tæplega 3 al hátt. Er það sem loft yfir aðalhellinum á þeim parti, en lenging við þverhellinn ofanverðan. Inst í skotinu er gat niður úr loftinu ofanum mæli aðalhellisins, ál 1/2 al. vítt. Í aðalhellinum eru á 2 stöðum berghöld í ræfinu, og á einum stað í klettinum úti, norðanmegin. Þau eru því líkust, sem hálfir bollar séu höggnir inn í bergið, tveir hvor á móti öðrum; verður þá haft mlli þeirra og er þar höggið gat á. Bæði í aðalhellinum og þverhellinum er ræfið eins og reglulega mynduð bogahvelfing og gaflarnir eru skarpt afmarkaðir. ... Nokkur hluti gjögursins sem er bak við klettinn gengur innundir hann, og innundir gafl aðalhellisins, er þar nú afhlaðin lambakró." Vísar í 250 gráður, að hluta lagaður af manna völdum. Rákir og holur í veggi þar sem hvelfing byrjar bendir til loftútbúnaðar. Gat í N-enda sem er sveigður, e.t.v. heylúga. Timburþil skilur hlöðu og fjárhús nú. "Í sýslulýsingu Þorsteins Magnússonar á Móeiðarhvoli 1744 segir: "Eitt þessara steinhúsa, á Hrútafelli undir Eyjafjöllum, er það sérstæðasta, þar sem hægt er að ganga inn í fjall eins og kapellu og fyrir forhellinn eru gjörðar dyr með læsingu, skráarleufi og þili með gluggum umhverfis. Rúmið inni er svi stórt og hátt að hið efra er hægt að skilja frá hinu neðra með lofti." Rútshellir hefur í fornöld verið mannabústaður. í manna minnum hefur hann verið notaður sem heyhlaða og snemma á þessari öld var byggt framan við hann fjárhús. Hellisgjörgið bak við Rútshelli var notað sem hjallur. Þar var þurrkaður þvottur, harðfiskur og eldsneyti. Uppi í Hrútafelli var reipaból bóndans. Í öðrum hellum voru húsið hældar og reiðingar þurrkaðar." Segir í Sunnlenskum byggðum. - 1981 þegar skráning fór fram, var hellirinn fullur af heyi. Vegagerðin vildi losna við fjárhúsið og flest útihúsanna til að rýma fyrir vegagerð. Bóndinn hafði ekki gefið leyfi. Páll í Árkvörn tekur Rút hafa verið einn að félögum Þrasa landnámsmanns sem hafði sett hann þar sem landvarnarmann á takmörkum landnáms síns. Aðrar þjóðsögur telja Rút þennan hafa verið sakamann, óvinsælan sveitahöfðingja eða tröll, sem héraðsbúar hafi endanlega unnið á með að höggva gat á hellisgóflið undir rúmi hans og leggja hann í gegn um það. ÁH 1991: “Tveir manngerðir hellar eru höggnir inn í höfðann. Stóri hlöðuhellirinn er beinn og hvelfdur, a.m.k. 20 m langur. Framan við hann er hlaðið fjárhús. Gaflinn er gerður úr stórum hleðslusteinum en efsti hluti has er úr steinsteypu, hellur og torf í þaki. Húsið var fyrst byggt um 1917 en hefur verið endurbætt oftar en einu sinni síðan. Litli hellirinn, Stúkan, gengur hornrétt á þann stóra. Hann er einnig beinn, hvelfdur og reglulegur. Grunnflötur er 8,05 x 2,40 m2. Hann er lægstur við dyr, tæpur metri á hæð, en hækkar mikið inn og verður hæstur nær 3 m. Kross er höggvinn í bergið fyrir miðjum gafli upp við þak. Hann er 35 x 22 cm, strikin eru 4 cm á breidd og krossmiðjan er 22 cm frá grunni. Gamlar lýsingar á hellinum nefna ekki krossinn. Op eru á milli hellanna. Matthías Þórðarson tók ljósmynd af Rútshelli einhvern tíma um 1920. Þá var ekki búið að reisa fjárhúsið framan við hann.

1992: "Rútshellir skiptist í tvennt, Aðalheli og Stúku, sem gengur hornrétt á aðalhellinn miðjan. Framan við hann er fjárhús, en á þessari öld hefur hellirinn lengst af verið notaður sem heylaða. Lengd aðalhellis

mældist 16,3m frá botni og út í fjárhúsið sem stendur við hann 82. og 3. mynd). Hann er beinn en þrengist lítið eitt inn á við, mesta breidd er 4,8m en innst, þar sem hann er mjóstur, er hann 3,7m. Lofthæðin er nokkuð jöfn. yst er hún víðast 2,5-2,7m, en innst 2,2m. Í munnanum er gróf í gólfinu og í henni eru þrep upp í hellinn. Þau eru þrjú en hafa ef til vill verið fleiri, neðstu þrepin sjást ekki og efsta þrepið er eytt af langvarandi slitli, svo þar er einungis ójafn halli upp í hellinn. Gólfið þar inn af er óslétt og hallar upp á við inn hellinn, er um 1,6m hærra innst en yst. Áberandi dæld er í gólfinu sem teygir sig utan frá munna og inn fyrir miðjan helli. Dædin er óregluleg í lögun og óslétt í botninn og stingur að því leyti í stúf við aðra hluta hellisins. Engin merki um flór eða lokræsi er að sjá en vatnshalli er alstaðar út. Þó verður ekki vart við leka nema út við munnan. Með norðurvegg er áberandi slétt ræma sem afmörkuð er með rás í gólfinu. Rásin er víðast 5-10 m breið en grunn. Sums staðar er hún þó eydd. Ræman er víðast 20 cm breið og liggur nokkuð jafnt hallandi frá munna og inn undir botn, þar sem hún endar tæpan metra frá gafli. Samskonar ræma og rás er meðfram suðurvegg en halli þeirra er ekki eins jafn og norðanmegin og þar er fólfið heldur ekki eins slétt. Utarlega í hellinum eru þrjár kringlóttar holtur, eins og eftir stoðir ó gólfinu, stærsta holan er 15 cm djúp þar sem hún er dýpst og önnur við hlið hennar 12 cm, en sú þriðja, sem er út undir norðurvegg, er örgrunn. Loftið er mun sléttara og jafnara en gólfið með fínum höggförum í berginu sem sýna að nostursamlega hefur verið að verki staðið er hellirinn var gerður. Loftið er hvelft og bogamyndað innan til, en ysti hlutinn er flatur og bungar á kafla lítið eitt niður á við. Innarlega er sporöskjulaga op í miðri hvelfingunni sem gengur upp í Stúkuhellin. Það er 50x80 cm að stærð og bergþykktin í því er 40 cm. Loftinu hallar upp á við frá muna líkt og gólfinu. Innan við opið á hvelfingunni lækkar það þó og hallar í andstæða átt á kafla en heldur svo áfram sama halla og fyrr inn að gafli. ysta lag bergsins, veðrundarhúðin, er ljósbrún með hvítum yrjum og hún þekur hellinn að mestu að innan. út við munnann aka veggirnir lit af grænleitum þörungagróðri og mosa og þar vex tófugras niður úr rjáfinu. Smágöt hafa dottið í veðrunarhúðina á stöku stað, einkum meðfram mjórri sprungu sem skásker innsta hluta hvelfingarinnar, og þar sér í dökkleitt ferkst móberg undir. Veggirnir, sem upphaflega hafa verið slétthöggnir líkt og loftið, er settir ótal holum, hillum og berghöldum. Holurnar eru ýmis nokkuð hringlaga eða aflangar upp og niður. Einnig sjást ferstrend bitaför. För eins og eftir skilrún eru á veggjunum 4,5m innan við munna (miðað við neðsta þrep) óljós þó. För eftir einhverskonar skilrúm eða milliveggi sjást víðar, en vergi annars staðar má rekja þau þvert yfir hellinn. Inn undir hellisgafl, 10-15 cm frá vegg, eru lóðréttar grópir báðum megin niðri við gólfið, líkt og þar hefði verið timburverk fyrir gaflinum. ... Stúkuhellirinn eða Stúkan er falleg smíð. Inngangurinn að utan er freur lágur, sveigmyndaður efst en neðri hluti hans sést ekki fyrir hleðslu sem þar er. Frá inngangi eykst lofthæðin upp í 3,5m háa hvelfingu. Veggirnir eru bogsveigðir inn frá munna, lóðréttir neðan til en engin glögg skil verða þar sem hvelft þakið tekur við. Stúkan er öll áferðafallegri að innan en Aðalhellirin og gólfið er lárétt og slétt. Meitilför sjást vart í veggjum og lofti en á örfáum stöðum eru smágöt í veðrunarhúðina, aðallega meðfram sprungu sem gengur þvert yfir loftið utanvert. Innst í hellinum er bálkur mkill höggvinn í bergið, rúmstæði Rús, samkvæmt þjóðsögum. Þar verður 1,7m upphækkun á gólfinu. Veggurinn upp í rúmið, rúmstokkurinn, er brattur en ekki lóðréttur. Þrjú óglögg þrep eru í honum við munann niður í Aðalhelli. Enn ógleggri þrep eru lengra til hægri. Rúmbotninn er slétur, 1,5 m á breidd og 2,7 m á lengd. Þaðan eru 2 m upp í þak þar sem hæst er. Gat er í rúmbotninum niður í Aðalhelli. Það er ekki fyrir miðju rúmi, heldur nær austurvegg og alveg við hellisgafl. Raunar hefur þurft að taka aðeins úr gaflinum fyrir gatinu. Á veggjum Stúku eru bitaför, 5 í röð beggja vegna, öll í sömu hæð og botn rúmsins. För í austurvegg eru slétt að neðan en bogsveigð að ofan, 10-13 cm djúp. Förin á vesturvegg eru grynri og með gróp út frá sér til að smeygja bitum í sæti sín. Í inngangi eru för eftir þvertré sem tengjast dyraumbúnaði eða þili sem þar hefur verið. Einungis efstu förin sjást, líklega eru fleiri bak við hleðsluna. Berghöld eru aðeins þrjú. eitt tákn er á vorum vegg út undir inngangi og einfaldur kross á gaflvegg. Aðrar áletranir sjást ekki. Skammt innan við hleðsluna í inngangi eru tvær holtur í gólfiu. Sú inri er 28x63 cm á kant og 12-14 m á dýpt. Hin er ferningslaga 40x40 cm og sá barmur hennar sem að inngangi snýr eilítið bogsveigður. Hún er 20-25 cm djúp. Utar er lítil upphækkun í gólfinu. Þar hefur verið skilin eftir 25 cn hár móbergspallur þegar hellirinn var höggvin úr. Hann er í grófum dráttum þríhyrningslaga og stendur topphorn þríhyrningsins út á gólfið, út á móts við holurnar, en grunnlína hans er samgróin veggnum. Um 30 cm frá horni steinsins er ferningslaga bolli höggvinn í hann 9x9 cm, dýpi 8-9 cm. Skarð er í barm hans. Fyrir miðri innri brún steinsins er berghald." Niðurstaða greinahöfunda er á þá leið að í Rútshelli hafi verið smiðja. "

**Heimildir:**JÁM I, 33; SB IV, 14-15; FF, 117-118; Haraldur Matthíasson, 57: Páll Sigurðsson: StSÍ II, 508; Manngerðir hellar, 257-266; BJ "Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901" Árbók 1902, 26-27; HG/ÁH: "Rútshellir" Árbók 1995, 37-47; ÁG: Friðlýsingarskrá, 64

## RA-006 Hrútafellskot

5 hdr 1709. Hjáleiga Hrútafells, byggð fyrir manna minni. "Hrútafellskot efra stóð um 80 m suðvestur frá Hrútafelli og Hrútafellskot syðra 900 m suðvestur frá efra kotinu. ... Óljóst er þó, hvort byggð hefst á báðum Hrútafellskotunum fyrr en um 1770 og ekki voru bæði samfellt í byggð eftir það. Efra-Hrútafellskot lagðist í eyði 1906, Syðra-Hrútafellskot 1937. Bæði liggja nú undir Hrútafell." (SB IV,55)
1709: "Tún og engjar liggja undir spjöllum af Kaldaklofsá, sem ábúandinn hefur með fyrirhleðslu getað hingað til nokkurn part af verndað, þó sýnist þessu býli mjög hætt fyrir ánni, er óvissan farveg framhleypur; hefur stundum hjer að kvöldi vatnslaust verið, en að morgni bærinn umflotinn, orsakast þar af spillíng á slægjum af leir og möl." (JÁM I, 34) 1924: Tún 2,8 ha, garðar 1585 m2

**RA-006:001** *Hrútafellskot efra* bæjarhóll bústaður 63° 3,1 7N 19 35 54V
"Hrútafellskot efra stóð um 80 m suðvestur frá Hrútafelli og Hrútafellskot syðra 900 m suðvestur frá efra kotinu. ... Óljóst er þó, hvort byggð hefst á báðum Hrútafellskotunum fyrr en um 1770 og ekki voru bæði samfellt í byggð eftir það. Efra-Hrútafellskot lagðist í eyði 1906, Syðra-Hrútafellskot 1937. Bæði liggja nú undir Hrútafell."
Bærinn stóð þar sem nú er tún rétt suðvestan við Hrútafellsbæinn.
Ávalur hóll.
**Heimildir:**SB IV, 55

**RA-006:002** *Hrútafellskot syðra* tóftir býli 63 30 58N 19 35 50V
"Hrútafellskot efra stóð um 80 m suðvestur frá Hrútafelli og Hrútafellskot syðra 900 m suðvestur frá efra kotinu. ... Óljóst er þó, hvort byggð hefst á báðum Hrútafellskotunum fyrr en um 1770 og ekki voru bæði samfellt í byggð eftir það. Efra-Hrútafellskot lagðist í eyði 1906, Syðra-Hrútafellskot 1937. Bæði liggja nú undir Hrútafell."
Stendur á flatlendi vestan Hrútafells, um miðja vegu milli þess og Eyvindarhóla.
Vísar í 216 gráður, ferhyrndar 3 samsíða tóftir með steyptum göflum. Steypt stétt framan við. Breidd vestasta húss 7.4 + næsta 13.2 + næsta 19.1. Lengd austasta 6, veggjaþykkt 2,5. Austan við, en áfastar, eru útflattari tóftir 3 húsa, e.t.v. útihúsa, breidd frá vestri c. 3, 4 og 5, lengd 6, 7.8 og 7.3.
**Heimildir:**SB IV, 55

## RA-007 Raufarfell eystra

40 hdr. að fornu mati, 55 hdr. 1709. Landnámsjörð Hrafns heimska. (ÍF I, 340-341). Heitir nú Rauðafell. Hrafn en heimski nam land að Rauðafelli eða Raufarfelli enu Eystra (ÍF 1, 340-41). Raufarfells getið í Njálssögu. (ÍF XII, 415-420). Getið við of við í heimildum á 15., 16. og 17. öld, aðallega vegna jarðakaupa og landamerkjaákvarðana (DI V, 572, DI VIII, 798, AI II, 175, AI VIII, 510, AI IV, 399, 401, 403). Bærinn nefndist Raufarfell fram á 18. öld, er nafnið breyttist í Rauðafell. (HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók 1923, 16). Nú er hér þríbýlt: Rauðafell I er vestast. "Byggðin stendur sunnan undir Rauðafelli, í líðandi brekku, með gamalgróin tún til allra átta. ... Inn frá Rauðfellsbæjum, í átt til Kaldaklifs, eru grónar hlíðar undir hömrum allt inn að Seljavöllum og Króki, fögru haglendi fjalljarðar. Á austurmörkum jarðarinnar til fjalls kemur Kaldaklifsá undan skriðjökli og fellur eftir afar fögrum og sérkennilegum gljúfri uns heiðinni sleppir." (SB IV, 92, 95)
1709: "Slægjur sækja ábúendur annarstaðar, því engjar hefur aftekið Kaldaklofsá; heyskapur er sóktur í Miðbælis, Bakkakots, Lambafells, Ysta Bælis og Leirna lönd. ... Túnið hefur stóran skaða fengið af skriðum og liggur þessi jörð undir spjöllum." (JÁM I, 41) 1839:"Jörðin er sæmileg að túnum og hagagöngu og þó betri að engjum." (SSR, 18) 1924: Vesturbær: Tún 6,6 ha, garðar 3088 m2 Miðbær: Tún 5 ha, garðar 2096 m2 Tómas á Hrútafelli: Tún 1,7 ha, garðar 827 m2 Austurbær: Tún 6,7 ha, garðar 1920 m2

**RA-007:001** *Raufarfell eystra* bæjarhóll bústaður 63 32 22N 19 35 50V
Áður stóðu allir bæirnir þar sem II er nú. "Mun bærinn hafa staðið á sama stað frá upphafi vega." Segir í

örnefnaskrá
Í Jarðabókinni segir: Slægjur sækja ábúendur annarsstaðar, því engjar hefur aftekið Kaldaklofsá; heyskapurinn er sóktur í Miðbælis, Bakkakots, Lambafells, Ysta Bælis og Leirna lönd. "Byggðin stendur sunnan undir Rauðafelli, í líðandi brekku, með gamalgróin tún til allra átta" segir í Sunnlenskun byggðum.
**Heimildir:**ÍF 1, 340-41. JÁM 1, 39-41. SB IV, 95; Ö-Rauðafell, 1; Túnakort 1924

**RA-007:003** *Rauðfellshellar* hellir fjárhús
Nokkurn spöl austan bæjarhúsa, norðan vegar "Rauðfellshellar eru í fjallshlíðinni nokkuð inn frá byggðinni á Rauðfelli. Um 1890 var þar eitt lítið fjárból." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Í aflíðandi grasi gróinni brekku norðan vegar.
Samsteypa af hellum, tóftum og rétt. Vísar í 200 gráður. Stærri hellir hefur jötur höggnar í veggi, 8.5 x 2.6, hæð 1.9. Vestan við annar hellir, 4 x 2,4, hæð 1.7; e.t.v. fyrir hey. 2 ferhyrndar tóftir, 4.8 x 6.8, dýpt 2 & 4.6 x 4, dýpt 1.6, veggjaþykkt 2. Bogadregin hleðsla í norður frá þeim, breidd 5.6, dýpt 1.5. Grafið inn í hlíð. Þakhellur. ÁH 1991: “Rauðafellshellar eru í gróinni grösugri hlíð um 1 km fyrir austan bæinn á Rauðafelli í 30-40 m hæð yfir flatlendinu ögn vestan við nýlegan sumarbústað. Hellarnir munu vera gamlir og á síðasta tug 19. aldar voru þeir orðnir hálffullir af mold og skriðu. Þá tók Sveinbjörn Sveinsson á Rauðafelli sig til og hreinsaði þá út og lagaði vel. Þar kom eldhúsaska upp úr gólfinu. Framan við hellana hlóð hann fjárhús úr völdu mógrjóti. Að verki loknu felldi hann marmaraplötu í hellisbergið með ártalinu 1892 og þar er hún enn. Hellarnir voru notaðir sem fjárhús fram yfir 1930. Nú þjóna þeir sem skjól fyrir búpening. Utan við þá eru tóftarbrot fjárhúsanna ennþá vel glögg. Hellarnir eru sérkennilegir að því leyti að þeir eru höggnir inn í móbergsklett sem hefur fallið úr björgunum þar fyrir ofan . Kletturinn er á kafi í gróinni hlíðinni þannig að ekki sér í hann nema við hellismnann. Þar sést hvernig lagskiptingin í honum stendur upp á rönd. Vestari hellirinn sem er hinn minni þeirra, er höggvin þannig að gólfið nær niður úr klettinum og sér þar í jarðveg undir. Hinn hellirinn liggur ögn hærra og sýnist eins og þá hafi þess verið gætt að fara ekki niður úr bjarginu. Innst hefur verið klappað inn í gegnum klettinn og inn í næsta bjarg fyrir innan. Nokkurt bil er þar á milli, sem hlaðið hefur verið í, en talsvert grjóthrun hefur þó orðið inn í hellinn á þessum stað. Innarlega vinstra megin í hellinum er breið hilla í vegginn með hvelfdum hliðum og baki, líklega ætluð fyrir ljósfæri. Utar í saman vegg eru tvær óvandaðar hillur. Jötubekkur eða set er höggvið í stærri hellinn austan megin. Utarlega í vinstri vegg er berghald uppi í hvelfingunni og annað í innanverðu rjáfi austan megin. Marmaraplatan er á miðjum vinsti vegg.”
Sveinbjörn Sveinsson frá Rauðafelli III, afabróðir Þóru á Rauðafelli I, gerði fjárhúsin 1892 með því m.a. að hola hellinn innan. Nafn hans ásamt ártali er á hvítum steini sem hann fann á aurunum og er greiptur inn í hellisvegg. "Sveinbjörn Sveinbjörnsson á Rauðfalli, hófst þá handa, hreinsaði brott mold og skriðu úr tveimur samliggjandi hellum, sem þarna voru, og lagðist vel til. Að verki loknu hjó hann ártalið 1892 á mararaplötu og felldi í hellisbergið. Framan við hellana hlóð hann fjárhús úr völdu mógrjóti." Segir í Sunnlenskum byggðum.
**Heimildir:**SB IV, 15; Manngerðir hellar 255-257; ÁG: Friðlýsingarskrá, 64

## RA-008 Raufarfell ytra

40 hdr. 1695/97/1709 með afbýlinu Selkoti sem reiknast V hdr. 80 álnir. "[1179]: Tiund heima manna liggr til kirkio [í Miðbæli] ok fra Ravfarfelle env vestra ok syngia Þangat .xij. messor." (DI I 255 [Miðarnarbælis]) 1489: 10 hdr jarðarinnar seld (DI VI, 675). Jörðin nefnd Raufarfell fram á 18. öld en þá breyttist nafnið í Rauðafell. (HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók 1923, 16) Búið til 1958, jörðin lagðist undir Raufarfell III. Á Raufarfelli var fjórbýli um aldamótin, austurbær, miðbær, suðurbær og vesturbær. (SB IV, 92)
1709: "Fjallhagar jarðarinnar eru mjög spiltir af skriðum og blástri, líka skemma túnið skriður mikilega. Engjar og hagar á sljettlendinu stórlega fordjarfað og næsta alt í burt af yfirgángi Laugarár." (JÁM I, 42) 1839:"Hún er góð að túnum, en nokkuð miður að útslægjum, hagar mjög litlir." (SSR, 18). 1924: Vesturbær: Tún 2,4 ha, garðar 1252 m2 Miðbær: Tún 3,7 ha, garðar 1655 m2 Suðurbær: Tún 3,9 ha, garðar 1674 m2 Austurbær: Tún 4,4 ha, garðar 1831 m2

**RA-008:001** *Raufarfell ytra* bæjarhóll bústaður

**RA-008:002** heimild um bænhús
RAUFARFELL VESTRA UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) (MIÐBÆLISÞING) - BÆNHÚS
[1179]: Tiund heima manna liggr til kirkio [í Miðbæli] ok fra Ravfarfelle env vestra ok syngia Þangat .xij. messor; Máld DI I 255 [Miðarnarbælis]
[1332]: [til Miðbælis] liggur tivnd af tueimur bæivm. er annat bænhvs oc tekzr af half mork; Máld DI II 679 [Miðbælis]

## RA-009 Selkot

Hjáleiga ytra Raufarfells V hdr. 80 álnir. 1709. 1584: Selkot nefnd í vitnisburðarbréfi (AI IV, 400). Ekki vitað hvenær jörðin byggðist fyrst. "Heiðarland er sameiginlegt með Raufarfelli, en að öðru á jörðin nú sérskipt land." (SB IV, 91)
1709: "Högum og engjum spillir Laugará, eins og heimajörðunni. Slægjur eru hjeðan sóktar annarstaðar til, eins og frá heimajörðunni sjálfri." (JÁM I, 43) 1839: "Hér eru rétt góð tún og engjar að því lagi, en hagar litlir. Túnið er undir áföllum af læk, rétt fyrir austan sem á vetrum í leysingum færir grjót niður undir bæ og hefur túnið þar við liðið mikinn skaða." (SSR, 18). 1924: Tún 4,5 ha, garðar 1610 m2.

**RA-009:001** *Selkot* bæjarhóll bústaður
Í hlaðinu NV af bænum
Tún á þrjá vegu, fjós og hlaða á einn veg.
Gamli bærinn stór þar sem nú er fjós og hlaða. Var torfbær þar til 1929 þá steinsteyptur, 3 burstir. Nú hefur fjósið og hlaðan verið byggð á staðnum en enn standa kofar utan þeirra sem tilheyrðu gamla bænum. (i)Kofi er norðaustar, að utanmáli er breidd hans 5,8m, lengd 5,2m í 312°, steyptur gafl. (ii) SV af er lítill kofi, grjóthlaðinn gafl líka, torfþak. Breidd framhliðar (i) og (ii) að dyrum 7,9-8,4m. Dyr sem hlaðið er yfir. (iii) Næst í röðinni er kofi sem snýr þvert á hina, vísar í 230°. Breidd (i) + (ii) + (iii) er 16,6m. Grjóthlaðinn gafl líka, bárujárn ofaná, torf á þaki. Inni hafa upprunalega verið tvær stoðarraðir með þvertré + dverg. Moldargólf. Skemma. Breidd að dyrum 5,1-6m (dyr), alls 7,7m.
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-010 Lambafell

20 hdr. 1709, þá nefnd eyðihjáleigan Vindás. 1480: jörðin nefnd í máldaga kirkjunnar í Holti (DI VI, 330) ."Jörðin lá löngum undir áföllum af völdum Laugarár og Svarðbælisár." Seljavellir helmingur Lambafellstorfu, býlið flutt þangað 1859 en áður hafði verið lítið kotbýli þar.(SB IV, 89)
1839: "Jörðin er heldur túnalítil, en útslægjumikil og fjárhagar á vetrum rétt góðir. Bæði engjar og tún eru undir áföllum af Laugará að austan og Svaðbælisá að vestan, jörðin er þó enn furðu, lítið af sér gengin." (SSR, 18). 1924: Tún 2,8 ha, garðar 1490 m2

**RA-010:001** *Lambafell* bæjarhóll bústaður
"Tvíbýli var á Lambafelli frá því um 1700 og fram til 1859 en þá var annar bærinn fluttur inn á Seljavelli. Byggðin stóð við suðvesturhorn Lambafells á fremur skjólsælum stað. Um 1912 flutti Pétur Hróbjartsson bóndi á Lambafelli bæinn um 350 m austur með Lambafelli sökum ágangs Svarðbælisár. Hafði áin þá brotið þvert suður um Lambafellstún og heim að bæjarvelli. Traðarkjaftinn gamla og hluta af túngarði hefur til skamms tíma mátt sjá vestan við farveg árinnar." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Lambafell var lengi tvíbýlisjörð. Um miðja 19. öld flutti Guðmundur Gíslason, bóndi á Lambafelli, bæ sinn á eyðibýlið Seljavelli austan í Lambafellshálsi. Hefur þar haldizt byggð síðan. ... Laust eftir aldamótin 1900 flutti Pétur Hróbjartsson, bóndi á Lambafelli, bæinn frá útsuðurhorni Lambafells að landsuðurhorni fellsins. Var áin þá komin fast að bænum og búin að eyða mestu af túni hans." Segir í örnefnaskrá Í NV frá bænum, út með hlíðinnni.
Á rennur rétt vestur af, suður af eru aurar árinnar, norður af bænum er brött grasi vaxin brekka upp í hamrana.
10 hús hafa verið í röð, framhliðin vísar í 210°, rétt vestan við vestustu tóftina er varnargarður árinnar, ef til vill hefur eitthvað horfið í hana. (i) Vestasta húsið var sauðahús, breidd 5,7m + veggjaþykkt milli (i) og (ii) 7,5m, lengd 3,6m + (ii) breidd 11,5m + veggjaþykkt 13,5m, lengd 6,6m. innanmál + (iii) breidd 18,4m +

veggjaþykkt 21,3m, lengd 7,9m að innanmáli, + (iv) breidd 22,6m + veggjaþykkt 24,8m, lengd : veggjaþykkt 1,9m + 8,8m að innanmáli, + (v) breidd 27,4m + veggjaþykkt 29,2m lengd frá norðurgafli sbr (iv) 3,8m + (vi) breidd 32m + veggjaþykkt 33,1m, lengd frá norðurgafli 7,9m, + (vii) breidd 35,5m + veggjaþykkt 38m, lengd frá suðurgafli 8,1m, + (viii) breidd 39,7m + veggjaþykkt 41,5m, lengd frá suðurgafli 6,1m, + (ix) breidd 47,6m + veggjaþykkt 49,3m, lengd frá suðurgafli 6,1m, + (x) nýlegri tóft, virðist byggð ofan í aðra sem gægist norður af henni, breidd 52,1m + veggjaþykkt 53,9m. Austur af (x) út frá norðurgafli er hleðslustúfur breidd alls um 70m með honum. Ytri brún suðurgafls (iv), er í línu við suðurgafl (iii). Eldri bygging er aftan við (x) veggjaþykkt 1,35m að ytri veggjabrún (x) 3,2m. (x) að innanmáli er lengd 3,7m, breidd 3m, opin í suður, hæð mest um 1,5m. Búið var í bænum til 1913, þá fluttur austar, en þaðan 1967 þangað sem hann er nú. Teiknaður upp af Sigurði Óskarssyni á Hellu.
**Heimildir:**SB IV, 89; Ö-Lambafell og Seljavellir, 1

**RA-010:002** *Seljavellir* bæjarstæði býli/sel 63 33 25N 19 37 48V
"Tvíbýli var á Lambafelli frá því um 1700 og fram til 1859 en þá var annar bærinn flutttur inn á Seljavelli. Byggðin stóð við suðvesturhorn Lambafells á fremur skjólsælum stað. ... Býlið Seljavellir er helmingur Lambafellstorfu. Bærinn stendur sunnan undir Lambafellsheiði í gróinni hlíð. Vestan hans tengir Lambafellsháls heiðina og Lambafell, sem fornbærinn stóð sunnan undir [001 ?]. Örnefnið Seljavellir bendir til miðaldaselstöðu frá Lambafelli. Um 1774 virðast Sigvarði Jónsson og Oddlaug Þorsteinsdóttir reisa bæ á Seljavöllum og hélst sú byggð til 1781. Árið 1859 flutti Guðmundur Gíslason sjálfseignarbóndi á Lambafelli þaðan úr tvíbýli, tók ofan öll hús og byggð að nýju upp inni á Seljavöllum." Segir í Sunnlenskum byggðum.
2 steyptar burstir af gamla bænum, seinna sameinað í eitt til að gera hlöðu; stóð aftan við núverandi bæ. Upphaflega torfbær; sér enn í grjóthleðslu að austanverðu.. Fjós og fleiri útihús voru austan við. Hafa nú vikið fyrir nýjum byggingum. 1924: Tún 4,1 ha, garðar 1604 m2. Bæjarhóll og 3 útihús á túnakorti.
**Heimildir:**SB IV, 89-90; Túnakort 1924

## RA-011 Bakkakot

10 hnr. 1709, þá tvíbýli á jörðinni. 1332: Jörðin nefnd í máldaga Ytriskógakirkju, þá tilheyrði hálft landið kirkjunni.. (DI II, 676). Skóga og Merkjureignir muni hafa lagst undir konung líklega á 15. öld. Konungseign. "Á eystri bakka Bakkakotsár, skammt sunnan Suðurlandsvegar, ber háan hól upp yfir flatlendið. Þar stóð bærinn Efra-Bakkakot og um 730 m suðvestur frá bæjarstæðinu, í beina stefnu á Stóru-Borg hina fornu, er rúst Syðra-Bakkakots. Þessi býli voru tengd Skógverjum hinum fornu og byggðinni í Ytri-Skógum og austur í Króki (Drangshlíð, Skarðshlíð). Einn vottur þess er sá að býlin voru í Skógasókn, að nokkru sem hólmi inni í Eyvindarhólasókn. Efra-Bakkakot var miklu eldra að byggingu. Það virðist komið í byggð um 1300 og fremur sem lögbýli en hjáleiga. Við austurmark jarðarinnar áttu Drangshlíð og Skarðshlíð slægjulönd - og eiga enn - svonefndar Drangshlíðar- og Skarðshlíðarhólma. Bærinn hefur verið settur á bakka en vart hefur Bakkakotsá þá verið til í núverandi farvegi, því vestan hennar eru Helgubakki í Bakkakotslandi og sunnar er Rauðsbakki, sem einnig var í landi Bakkakots vestarn árinnar. Bakkakot fylgdi Skógareignum í kógnsgarð 1393. ... Ámundi leyfði bygging Syðra-Bakkakots um 1670. Hlaut það þriðjung Bakkakotstorfu." Efra-Bakkakot í eyði frá 1870, en Syðra Bakkakot í eyði frá 1895. (SB IV, 59-60)
1709: "Engjum spillir Kaldaklofsá, með grjótsáburði um vetur, en leir og óklárendum á sumur." (JÁM I, 38) 1839: "Eru þar engin tún, en útslægjum nokkuð miklar og ekki mjög slæm hagaganga." (SSR, 17)

**RA-011:001** *Efra-Bakkakot* bæjarhóll bústaður
Efra Bakkakot, nefnt eftir að tvíbýlið var stofnað , þá 6 hndr, 80 álnir. Efra Bakkakot í eyði frá 1870. Bær þessi stóð tæpan kílómeter í NA frá Syðra Bakkakoti, rétt austan við Laugará, ekki langt sunnan þjóðvegar. Bæjarstæðið er nú geysihár hóll sem ber hátt á sléttlendinu og er haglendi allt um kring. Stendur rétt við A bakka Bakkakotsár, nálægt þjóðvegi.
Sléttlent haglendi um kring.
Gríðarstór hóll, langhlið virðist vísa í 300°, framhlið þar sem sér móta fyrir a.m.k. 3 húsum vísar í 206°. Að baki hefur líklega verið kálgarður. (i) Austasta hús, breidd 3,6m + (ii) næsta 6,9m + (iii) næsta, sem snýr líklega opinu úr í S, hafa líklega haft trégafla (iii),m þvert á, en með dyrum þangað lengd (i) 5,4m, hæð ef til vill um 5m. (iv) Aftan við (iii) og (ii) er stór ferhyrnd dæld, Langhlið í 206° 7,9m, breidd 8,6m.

**Heimildir:**SB IV, 59; JÁM I, 38-39

## RA-012 Klömbur (Klambrar)

10 hdr. 1709. Stóruborgarkirkjueign [1332]: Máldagi kirkjunnar á Stóruborg. Þá á kirkjan Klambraland. (DI II 678). JÞ telur að máldaginn sé frá 1353 AM fasc. X, 20 HÞ telur Klömbur rétt kvk, et. (HS. Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók 1923, 15). "Jörðin var forn hjáleiga Stóru-Borgar og var séreign Borgarkirkju svo lagnt aftur, sem sögur ná, og til niðurfalls kirkjunnar um 1700. ... Jarðarinnar getur í kirkjumáldaga í Borg frá um 1300." Jörðin í eyði frá 1968.
1709: Yfir engjar flýtir oftlega Kaldaklofsá og ber á þær leir og grjót, sýnist bæði tún og engjar fyrri spjöllum liggja." (JÁM I, 43) 1839: "Jörðin er sæmileg að túnum, en með litlum og slæmum útslægjum og enn verri og minni högum." (SSR, 17). 1924: Tún 4,7 ha, garðar 1844.

**RA-012:001** *Forna-Klambra* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð að upphafi þar sem hét Forna-Klambra, um 100 m norður frá austurbænum í Borg. Sú rúst brotnaði niður í Kaldaklifsá á um það bil einni nóttu laust fyrir 1960. Bærinn var fluttur þaðan í löngu liðinni tíð í norðausturhorn Borgarlands, upp frá Eyvindarhólum." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Klambra stendur til landnorðurs af Stóru-Borg, en áður stóð hún norðan við Stóru-Borgarbæ hinn síðari, á bakka Kaldaklifsár, sem þar hefur nú farveg. Heitir þar Forna-Klambra." Segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**SB IV, 60; Ö-Stóra-Borg, 1-2

## RA-013 Eyvindarhólar

24 hdr. 1696, kirkjustaður. Jörðin nefnd í landnámu, þangað fór Eyvindur Baugsson sem búið hafði í Eyvindarmúla í Fljótshlíð eftir víg Sigmundar sonar Sighvats rauða á Bólstað (ÍF I, 352). c. 1200: Jörðin nefnd í kirknaskrá Páls biskups, (DI XII 6) "[1332]: Holar. gamall maldagi.Mariukirkia j holum a heimaland allt. med gognum oc giædum." (DI II 677-678) "[1371]: ii. Mariu kirckia j holum a heimaland allt med gognum og giædum." (DI III 259) 1553: Máldagi kirkjunnar (DI XII 646) 1575: Máldagi kirkjunar (DI XV 673)
1709: "Skógur er kirkjunni eignaður í Lángaseni, sem kallast Hólaskógur íhennar máldögum, en nú er hann öreyddur og til að so litlu sem engu gagni. Afrjettarítak á og kirkjan, er heitri Hólatúngur, sem Eyjafjallajökull er að miklu leyti yfirsiginn, so haldið er þar kunni nú ekkium sumur af forsorgast meir en hjer um20 lömb." (JÁM I, 35). 1847: "Mótekja er engin, svo haug verður líka að nota til eldiviðar; en hlynnindi eru talin: hægur sjáfarafli og trjáreki fyrir jarðarinnar land, þó sjaldan sé að miklu verði." ( JJ, 47). Nýbýli Eyvindarhólar II. "Sjórinn gekk um aldir á land staðarins og Kaldaklifsá eyddi gróðurlendi. ... Sandfok frá fjöru hefur oft gengið yfir haga og tún og Eyvindarhólum og Hólahverfi, en melgróður í sandrækt hefur nú heft það til mikill muna." (SB IV, 56-57)
1709: "Túnum, engjum og úthögum staðarins spillir mjög Kaldaklofsá, er sjerdeilis nú ú ár hefur þar yfirhlaupið, og mikið fordjarfað með leiri og óklárendum; líka högunum grjót og leir, so og blástur og sandfjúk af fjörunni." (JÁM I, 35-36). 1839 E auk hjáleiga: "Landkostir eru sáraumir í þessu hverfi, þar eð útslægjur eru allar komnar í sand af sandfoki af fjörunum, svo ekkert er til slægna nema túni, sem mjög er þverbrestasamt, bæði vegna ábúrðarleysis og sandágangs. Hagarnir eru líka svo litlir að skepnur færa lítinn ávöxt á sumrum. Undir áföllum liggur þetta hreysi af sandfoki og hefur þess vegna mikið af sér gengið." (SSR, 17) 1847: "Prestsetrið er bæði mjög hagalítið og útslægnalaust, en túnið er stórt, og fást af því í meðalári 200 hestar." (JJ, 47) 1924: Tún 8,7ha, garðar 1948m2.

**RA-013:001** *Eyvindarhólar* bæjarhóll bústaður
"Talið er að bærinn hafi í öndverðu staðið þar sem nú heita Nónhólar í brún graslendis suður við fjöru. Þar má enn (1978) sjá merki til bygginga." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Suður frá Krókvelli eru Nónhólar í bakkabrúninni suður við fjöru. Þeir voru þrír, en eru nú mjög eyddir af landbroti. Þarna stóðu Eyvindarhólar í fornöld. Byggingagrjót hefur sézt í bakkabrúninni til skamms tíma." Segir í örnefnaskrá
Í Jarðabókinni segir að jörðin hafi átt reka fyrir sínu landi, gagnlegan. Skógur í Langanesi, Hólaskógur, var jörðinni eignaður, en var nú öreyddur. Afréttarítak í Hólatungum átti kirkjan einnig, en Eyjafjallajökull

hafði sigið þar yfir. Kaldaklofsá og sandfor af fjörum spilltu túnum, engjum og úthögum. Torfristu til heyjaumbúnaðar þurfti að sækja í aðrar jarðir.
Þakhellur og veggjasteinar dreifðir í fjörunni
**Heimildir:**SB IV, 56; Ö-Eyvindarhólar, 1

**RA-013:034** heimild um kirkju
EYVINDARHÓLAR UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) -Maríu
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6
[1332]: Holar. gamall maldagi.
Mariukirkia j holum a heimaland allt. med gognum oc giædum.
x. kugilldi.
kalek gylltann oc messuklædi þrenn. þriu alltara klædi. kistur ij. kluckur iiij oc biollu eina. iij kertistikur. vij. merkur vax. tiolld. glodarker. kross oc skrijn litil. kantara kap. munnlaugh. fontz vmbuning. Máld DI II 677-678
[1367]: Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 216
[1371]: ii. Mariu kirckia j holum a heimaland allt med gognum og giædum.
x. kugilldi bufiar.
kaleik gylldan. messuklæde tuenn. alltarisklædi þriu. kistur ij. kluckur iiij og biollu. iiij. kertestikur. ij. merkur vax. glodarker. krossar ij. skrijn med reliqvijs. kantara kapu. munnlaug. fontt vmmbuning.
porcio ecclesie a medan sera niall hefur bued arlega sex aurar.
Jtem þriu kugilldi eru hier j þessum maldaga. vj kyr og. ij. ær hins fimta tigar. Máld DI III 259
1553: Máld DI XII 646
1575: Máld DI XV 673
1709: Kirkjustaður og beneficium; JÁM I: 35.
1847: Prestsetrið er bæði mjög hagalítið og útslægnalaust, en túnið er stórt, og fást af því í meðalári 200 hestar. Á jörðunni sjálfri má þannig framfæra aðeins 3 kýr, 20 ær, 20 lömb og 4 hross, sé útheyskapur eigi keyptur að. Mótekja er engin, svo haug verður líka að nota til eldiviðar; en hlynnindi eru talin: hægur sjáfarafli og trjáreki fyrir jarðarinnar landi, þó sjaldan sé að miklu verði. Staðnum fylgja 3 kúgildi, en hjáleigurnar allar eru bygðar með 2 kúgilldum og 1 h. 25 al. lsk (að meðtöldum skips áróðri, 10 al. á hverri), sem geldst í smjöri og í fríðu. Af báðum annexíunum og afteknu bænahúsi “í Borg” eru goldnir til samans 33 fd. smjörs. Fasteignar tíund er talin 135 al., lausafjár tíund, að meðaltali í 5 ár, 70 ½ al., heytollar 66 og dagsverk 39. Presturinn leggur uppgjafa prestum árlega 54 sk. JJ 47.
12.3.1890: Skóga- og Steinakirkjur lagðar niður og sóknirnar lagðar til Eyvindarhóla; (PP, 54) [landshöfðingjabréf]
16.11.1907: Eyvindarhólaprestakall lagt niður og sóknin lögð til Holts; (PP, 54) [lög]
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-014 Syðra Hólakot

Hjáleiga Eyvindarhóla. 1709: "Bygð fyrr en menn til minnast, en hefur í eyði verið næstu 2 ár." Taldist ekki mega byggjast upp aftur. (JÁM I, 36) "Bæjarstæðið er suðaustur frá staðnum og standa þar nú fjárhús. .. Jörðin byggðist að nýju á 18. öld og hélst í byggð til 1912. Hún liggur nú undir Eyvindarhóla." (SB IV, 58)
1709: "Túnum og högum hefur Kaldaklofsá stórlega spilt með grjóti, leiri og sandi, sem heldur sýnist aukast meir en afvendast." (JÁM I, 36)

**RA-014:001** *Syðra Hólakot* bæjarhóll bústaður 63 30 16N 19 36 25V
Stóð rétt sunnan við heimajörðina Eyvindarhóla. Í Jarðabókinni segir að þessi hjáleiga, sem var byggð fyrir manna minni, hafi verið í eyði í 2 ár. Í Sunnlenskum byggðum segir að hún hafi byggst aftur á 18. öld og haldist í byggð til 1912. Jörðin liggur nú undir Eyvindarhóla.
Þar sem bærinn stóð eru nú fjárhús sem voru enn í notkun 1980.
**Heimildir:**JÁM 1, 36. SB IV, 58.

## RA-015 Efra-Hólkot

1709: "Hefur fyrir 20 árum flutt verið heiman frá staðnum, en hennar fyrstu bygging muna menn ei." (JÁM I, 36). Hjáleiga frá Eyvindarhólum "... stóð um 200m norður frá staðnum. ... Skortur á útslægjum gerði búskap jafnan örðugan á Efra-Hólakoti, sem átti í því sammerkt við Eyvindarhóla og hinar hjáleigurnar. Flest hún eru nú felld í Hólakoti og jörðin í eyði frá 1957." (SB IV, 58)
1709: "Þetta býli liggur undir spjöllum af Kaldaklofsá líka sem heimastaðurinn sjálfur." (JÁM I, 37)

**RA-015:001** *Efra Hólkot* bæjarhóll bústaður 63 30 39N 19 36 57V
Stóð norðan við vestasta bæ heimajarðarinnar Eyvindahóla. Í Jarðabókinni segir: "Hefur fyrir 20 árum flutt verið heiman frá staðnum, en hennar fyrstu bygging muna menn ei". Jörðin fór í eyði 1957 og er nú eign Eyvindarhólabónda.
Í jarðabókinni segir: "Þetta býli liggur undir spjöllum af Kaldaklofsá líka sem heimastaðurinn sjálfur"
Hóll sem vísar í 275 gráður. Dreif af hellum og veggjasteinum ofaná.
**Heimildir:**JÁM I, 36-7

## RA-016 Krókvöllur

Hjáleiga Eyvindarhóla. "Bærinn stóð við vesturjaðar Hólalands, beint vestur af Eyvindarhólum. Í seinni tíð a.m.k. fóru saman tún hjáleigunnar og staðarins. Hjáleigan er komin í byggð 1780 ... Jörðin liggur nú undir Eyvindarhóla." SB IV, 58

**RA-016:001** *Krókvöllur* bæjarhóll bústaður 63 30 29N 19 37 23V
Stóð í túninu vestan við vestasta bæ Eyvindarhóla. Var komin í eyði 1780 segir í Sunnlenskum byggðum.
Slétt tún.
Þar sem bærinn sjálfur stóð er nú útflattur lágur hóll í túninu og var tóftunum jafnað út.
**Heimildir:**SB IV, 58.

## RA-017 Stóraborg

40 hdr. 1709 með Minni Borg sem er 10 hdr og Sitjanda sem er 6 hdr. 80 álnir að dýrleika. Er nefnd í einu hdr. kirknaskrár Páls, en er líklega yngri viðbót. (DI XII 6). "[1332]:Borg. gamall mäldagi. Mariukirkia j borg a heimaland allt oc klambrarland." (DI II 678). ( JÞ telur að frá * sé frá 1353 og að þetta muni vera Ámundi Guðmundsson en Ámundi Hallsson var prestur á Stóru Borg 1440 (AM fasc. X, 20).) "[1371]: iii. Mariu kirkia j borg a heimaland allt og [kla]mbraland." (DI III 259) Kirkjan á Stóruborg var fallin 1541. -Máldagi kirkjunnar (DI X 658) 1553: Máldagi kirkjunnar (DI XII 647). 1575: Máldagi kirkjunnar (DI XV 672-673)
Borgarkot einnig hjáleiga í eyði 1709. "Afréttar ítak er kirkjunni eignað, kallað Borgartúngur, sem mönnum þykir forsorga kunna um sumar 1 lömb, sígur Eyjafjallajökul á þetta takmark og spillir smásaman. Fjöru hyggja menn jörðina eiga fyrir sínu landi miðlum Hóla og Miðbælis, en hvort kirkjan á hjer nokkurn reka er óvíst." (JÁM I, 44) Bænhús var á jörðinni. "Um 250 m breitt graslendi er framan við bæinn og framan þess fjaran, 150 m á breidd. Árlega brýtur framan af graslendinu. Kaldaklifsá sker Borgarland að austan og brýtur þar bakka. Hluti af nýrækt Borgarbónda er austan árinnar. Jörðin á upprekstur í Borgartungum milli Hrútafellsheiðar og Hólatungna og reka á Borgarfjöru." (SB IV, 61)
1709: "Engjum spillir Kaldaklofsá, líka túnum nokkuð, en blástur af sandi mikilega stundum og liggja udnir meiri spjöllum." (JÁM I, 45). 1924: Vesturbær: Tún 1,7 ha, garðar 1265. Austurbær: Tún 1,8 ha, garðar 1020 m2.

**RA-017:001** *Stóraborg* bæjarhóll bústaður
"Niðri á strönd Austurfjalla, miðsvæðis, rís hár, einstakur moldarhóll og talar skýru máli um undanhald landsins frá hafi. Þarna stóð stórbýlið og kirkjustaðurinn Stóra-Borg frá um 1000-1840. Nú gengur stórbrim yfir bæjartætturnar og máir þær út frá ári til árs." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Bæjarstæði Stóru-Borgar hinnar fornu stendur nú frammi í sjávarkambi; bærinn var fluttur þaðan um 1840. Hafði þá fyrir skömmu orðið að taka kýr þar út um fjósþekju í sjávargangi." Segir í örnefnaskrá
Fornleifarannsókn fór fram á Stóruborg á árunum 1978-90. "Um það bil er uppgröftur hófst stóð hinn forni

bæjarhóll eins og eyja frammi á sandfjörunni og gekk brim upp í hann eða yfir hann á vetrum. ...Líklega hefur bæjarhóllinn í Stóruborg verið farinn að eyðast snemma á öldinni, en skömmu eftir 1960 sópaðist allur fjörusandur sunnan frá bæjarrústinni af völdum vatnsfalla og sjávar og tók hóllinn þá að eyðast hraðar. Sorphaugur var framan í hólnum og þar mátti sjá ýmsar minjar mannvista. ... Við eyðingu hólsins komu fram tættur víða á hólnum, bæði austan og vestan. Austan í hólnum varð vart við eldstæði, voru það litlir, samfelldir flekkir af eldlituðum smásteinum. ... Það mannvirki sem augljóslega er elst, er lítil niðurgrafin "bygging," jarðhýsi. Slík hús eru vel þekkt annars staðar á Norðurlöndum, bæði á víkingaöld og miðöldum, og allnokkur hafa verið könnuð hérlendis, m.a. í Hvítárholti og á Hrafnseyri. Jarðhýsið í Stóruborg er hið minnsta sem ég veit um, lætur nærri að það sé 2,10 x 2,30 m. ... Jarðhúsið var grafið niður um 70 cm frá yfirborði. Gólfið var þunnt (2-5 cm) og nokkuð viðarkolaborið í miðju. Við vesturvegg hússins voru leifar ofns eða eldstæðis. Eftir að búið var að fylla jarðhýsið var reist ílöng bygging á sama stað, og lenti suðurveggur hússins ofan á jarðhýsinu. Byggingin var hátt í fjögurra metra breið. Um lengd hennar er ekki eins ljóst, en hún hefur vart verið styttri en um 27 metrar. Hún hafði verið endurbyggð margsinnis. Norðan við þessa byggingu og hornrétt á hana voru tvær viðbyggingar, önnur a.m.k. 12 m löng, en hin ekki styttri en 3,5 m. Þriðja viðbyggingin var við vesturenda hússins, hún var 6 x 3 m að innanmáli. Í því húsi var mikill fjöldi af litlum holum í gólfi, þær voru óreglulegar og dreifðar um gólfið. Ef til vill hafa þær verið eftir einhver tól eða verkfæri sem rekin hafa verið niður í gólfið. Þessi viðbygging var lögð af við næstu gagngerðu endurbyggingu á bæjarhúsunum. Þá var aðalhúsið stytt og húsin norður af því endurbyggð. Nokkru síðar var bætt húsum við vesturenda bæjahúsanna, þrem byggingum sem trúlega hafa allar verið einhverskonar útihús. Þessar byggingar hafa allar verið lengi í notkun, a.m.k. endurbyggðar einu sinni hver. Á sama tíma og þessi hús stóðu var enn a.m.k. eitt bakhús. Við næstu meginbreytingu voru tvö hús reist í stað þeirra þriggja vestustu, og voru töluvert minni en þau. Þá er enn aðalbygging sem snýr austur og vestur og gengið inn á henni miðri. Eystri hluti hennar virðist af fundum hafa verið notaður sem búr eða sem búr og eldhús. Það var lengi í notkun og var skipt í tvennt á síðasta skeiði sínu. Yngstu byggingarnar á hólnum voru illa varðveittar. Við því er að búast að grjót og annað byggingarefni hafi verið tekið úr bænum þegar hann var fluttur og notað aftur á nýja staðnum. Þá er vitað að menn hirtu einnig grjót úr rústunum til bygginga fram á þessa öld. Af yngstu rústunum sem sjá mátti á hólnum verður þó ráðið að enn var þar hús sem lá austur og vestur og hús sem sneri þversum á það vestast (líklega tvö frekar en eitt). Óvíst er, hvort nokkurt bakhús var á þessu tímabili. Flatarmál húsa var oft mikið, t.d. greinilega 160 fermetrar að innanmáli á einu af eldri skeiðunum. Ljóst að húsin minnka á síðasta tímabilinu. Sennilegast er að þar gæti þeirrar landeyðingar, sem varð til að flytja varð bæinn, og hafi orðið samdráttur í búskap, húsastærð og mannfjölda í samræmi við það sem jörðinni hlýtur að hafa farið aftur við sjávarágangin. Hlutir þeir, sem fundust við uppgröftinn í Stóruborg, eru yfir hálft fimmta þúsund, eða 4578 gripir. Þá eru ótaldir þeir munir, sem Þórður Tómasson hefur safnað saman, og gætu farið hátt í að vera annað eins."
"Bærinn hefur staðið hátt með fagurri sýn til fjalla og sjávar. Sögn hermir, að seftjörn hafi verið framan við Borgarbæ og góður skeiðsprettur frá henni til sjávar." Segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**SB IV, 61; Ö-Stóra-Borg, 1; MS: "Stóraborg" Heima er bezt 1993, 196-200

**RA-017:002** heimild um kirkju
1847: Af báðum annaxíunum og afteknu bænhúsi "í Borg" eru goldnir til saman 33 fd smjörs."
MS: "Vorið 1978 fórum við tveir útsendarar Þjóðminjasafns á vettvang að skoða hól og líta á þær leifar kirkjugarðs, sem þá mátti sjá. Í ljósbrúnum jarðveginum suðaustan í hónum mátti sjá skákir, sem skáru sig úr moldinni í kring. Þetta voru grafir, sem sáust eins og litaskipti í jarðveginum. Fyllingin í gröfinni skar sig úr sem ílangur flötur, þar sem jarðvegurinn var með örlitlum litblæ en moldin umhverfis. Á einum stað mótaði fyrir leggjum og lærum neðri hluta beinagrindar sem lá á yfirborði. Sjórinn var búinn að fletta ofan af þykku jarðvegslagi og það eins sem eftir var af þessari gröf var farið eftir fótlegg frá mjöðm að ökklum og örlítil beinmylsna í farinu. Leifar af miklum torfvegg, kirkjugarðsvegg, sáust neðarlega í brekkunni, og mótaði sums staðar greinilega fyrir hnausum. ... Uppgröftur hófst í júní 1978. Við byrjuðum á að skoða kirkjugarðinn, og fór fyrsta uppgraftarsumarið í það. Hann stóð lægra en bæjarrústirnar sjálfar, og virtist vera í mestri hættu að eyðast. Þess vegna var byrjað þar. Þórður Tómasson hafði kortlagt kirkjugarðinn, eins og hann leit úr á yfirborði 1972, og séð þar rúmlega sjötíu grafir. Við könnuðum leifar af 66 gröfum. Við samanburð á teikningum virtist svo sem grafirnar sem Þórður hafði teiknað 1972 hafi flestar verið horfnar þegar við byrjuðum að vinna og þær grafir sem við könnuðu flestar verið "nýjar," aðrar. Má því leggja saman fjölda grafa á teikningu Þórðar og grafir þær er við könnuðum ... má því gera ráð fyrir að ekki hafi færri en 150 mans verið jarðsettir í garðinum. ... Í kirkjugarðinum í Stóruborg voru bein illa varðveitt,

yfirleitt ekki nema skæni og mylsna ... Ljóst var að garðurinn hafði verið lengi í notkun. Víða mátti sjá að grafir gengu hveryfir aðra, mest voru dæmi um fimm greftranir hverja yfir annarri."

STÓRABORG UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) -Maríu (EYVINDARHÓLAANNEXÍA)

er nefnd í einu hdr. kirknaskrár Páls, en er líklega yngri viðbót; Kirknaskrá Páls, DI XII 6.

[1332]: Borg. gamall mäldagi.

Mariukirkia j borg a heimaland allt oc klambrarland.

þar fylgia fiogur hundrath fioru.

vij. kugilldi.

kirkiann a innan sig. smellta kross. ij. rodukrossar. mariu skriftt. messuklædi ij. kalek. kantarakapur ij. alltaraklædi iiij. einn slopp. tiolld vmm huerfis kor. glodarker. ij munnlaugar. handkuern. steinnhnudar xij. kluckur iij. bord oc stighe. halft þridia hundrat j sængarklædum. x gess gelldar. kertistikur ij. oc kertaklofve. oc ein litil bialla. messustack. baksturjarn. kistur ij.

*Þetta lokid j stadar spell. fiogur kugilldi. tuau ross. þriu hundrat j slatrum. x aurar voru. eptir Amunda prest. Máld DI II 678. JÞ telur að frá * sé frá 1353 og að þetta muni vera Ámundi Guðmundsson en Ámundi Hallsson var prestur á Stóru Borg 1440 (AM fasc. X, 20). [1367]: Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 216

[1371]: iii. Mariu kirkia j borg a heimaland allt og [kla]mbraland.

þar fylgia iiijc fioru.

Sextan kugilldi og xx. ardurvxe. Gradungur tuevetur. iij. Ross roskin. ellefu gæs.

stige handkuern.

Kirkian a jnnan sig smelltan kross. ij rodakrossa. mariu skriptt. messuklæde. ij. kaleik. kantarakapur. ij. alltaraklæde iiij. slopp. tioll vm kor. glodarker. ij munnlogar. klockur iij. kertastikur ij. kertaklofa lytinn. messufatastock. kistur tuær. Baksturjarn.

xij manada messubækur.

Hun a og halftt þridia hundrad j sængarklædum.

A þessum kuikfiam skal vera omage af ætt syra Aamunda Gudmundarsonar. sa sem biskupinn j Skalhollte eda hans logligur vmmbodzmadur skipar; Máld DI III 259

Kirkjan á Stóruborg var fallin 1541. -Máld DI X 658

1553: Máld DI XII 647

1575: Máld DI XV 672-673

1709: "Hjer hefur kirkja verið (bænhús) og embættað af sóknaprestinum að Hólum, Skógum og Steinum, þá fólk hefur verið til sakramentis, líka endur og sinnum á bændadögum um lángaföstu; kirkjan er fallin og hefur hjer ekki embætisgjörð flutt verið í 10 ár að menn minnir."

**Heimildir:**JJ, 47; JÁM I, 44; MS: "Stóraborg" Heima er bezt 1993, 196-201

## RA-018 Minniborg

10 hdr 1709. 1521: Jörðin nefnd í virðingagerð á eignum Vigfúsar Erlendssonar. (DI VIII, 798)

1709: "Túnum og engjum spillir Kaldaklofsá, hvor ogso í hlákum og vatnavöxtum hleypur inn í bæjarhús og heygarð og skemmir honnuð heyið." (JÁM I, 45)

**RA-018:001** *Minniborg* bæjarhóll bústaður

"Í byrjun 19. aldar var tvíbýli á jörðinni. Bæirnir stóðu milli Miðbælis og Stóru-Borgar, en eru bæjarstæðin eydd að mestu eða öllu leyti af völdum vatna og sjávar. Leifar eldri bæjarstæðið Minni-Borgar eyddist suður á fjörunni um og eftir 1960. Þess getur um Minni-Borg 1836 að tún liggi fyrir skemmdum af sandfoki og vatnaágangi. Annað býlið var flutt upp á Rauðsbakka 1845. Hitt býlið flutti Gísli Guðmundsson árið 1857 austur í Minni-Borgarslægjur á syðri bakka Miðár, upp frá Stóru-Borg. Þar bjó Gísli í tvö ár. Bæjarrústir þar eru mjög glöggar og heita Gíslatættur." Segir í Sunnlenskum byggðum.

MS: "Árið 1968 sópaðist sandur ofan af bæjarstæði um 280 m vestur frá Borgarhól. Þar hafði í minni eldri manna verið hóll, sem oft var sett upp veita á til að gefa merki um að fara til sjávar á Miðbælisvörum. Þar norðan við hafa verið graslendi milli Stóruborgarhólsins og Miðbælis, nefnt Sandtún, og nú með öllu eytt. Mannvistarleifar er komi í ljós 1968 voru leifar af langvegg úr hús, hlðum grjóti, veggurinn lá norðvestur og suðaustur og var framan við hann þunnur sorphaugur með húsdýrabeinum og spýtum. Mestur hluti þessa bæjarstæðis virtist löngu eyddur, líklega af vatnsgangi, og brim eyddi síðan því sem eftir var skömmu eftir að hún kom í ljós. Barst grjót og húsdýrabein úr henni norður um alla fjöru. Þórður Tómasson telur þetta rúst af hjáleigu Stóru-Borgar, Minniborg, en hún var flutt þaðan um iðja 19. öld (1845 og 1857)."

**Heimildir:**SB IV, 63

**RA-018:002** *Minniborg* bæjarstæði bústaður 63 30 48N 19 39 7V
"Í byrjun 19. aldar var tvíbýli á jörðinni. Bæirnir stóðu milli Miðbælis og Stóru-Borgar, en eru bæjarstæðin eydd að mestu eða öllu leyti af völdum vatna og sjávar. Leifar eldri bæjarstæðið Minni-Borgar eyddist suður á fjörunni um og eftir 1960. Þess getur um Minni-Borg 1836 að tún liggi fyrir skemmdum af sandfoki og vatnaágangi. Annað býlið var flutt upp á Rauðsbakka 1845. Hitt býlið flutti Gísli Guðmundsson árið 1857 austur í Minni-Borgarslægjur á syðri bakka Miðár, upp frá Stóru-Borg. Þar bjó Gísli í tvö ár. Bæjarrústir þar eru mjög glöggar og heita Gíslatættur." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Sléttað tún eða graslendi. Hóllinn er vestan við Sitjanda og Gíslatættur.
Hóll sem vísar í 330 gráður. Girðing liggur yfir norðurhluta hans. Sléttað, engin merki tófta.
**Heimildir:**SB IV, 63

**RA-018:004** *Rauðsbakki* bæjarstæði bústaður 63 31 18N 19 38 10V
"Rauðsbakki. Ólafur Ólafsson og Ástríður Þorbjörnssdóttir felldu niður byggð á hálflendu Minni-Borgar hinnar fornu um 1845 og fluttu hana upp á Rauðsbakka ofan við Minni-Borgarland og héldu áfram í ábúð hálfri Minni-Borg. Rauðsbakki virðist áður hafa verið hluti af Bakkakotslandi, afmarkaður að sunnan af Minni-Borgarlandi, að vestan af Miðbælislandi, að norðaustan ræður farvegur Bakkakotsár skilum milli Bakkakots og Rauðsbakka. Til Rauðsbakka lagðist síðan hluti af Miðbæli. Bærinn á Rauðsbakka hefur tvisvar verið fluttur vegna landbrots af völdum Bakkakotsár. Árið 1908 var hann fluttur 70 m til norðvesturs og byggður upp við vesturmark jarðarinnar, beint austur af Önundarhorni. Þar stóð hann til 1930, var þá fluttur suður á núverandi bæjarstæði." "Í byrjun 19. aldar var tvíbýli á jörðinni. Bæirnir stóðu milli Miðbælis og Stóru-Borgar, en eru bæjarstæðin eydd að mestu eða öllu leyti af völdum vatna og sjávar. Leifar eldri bæjarstæðið Minni-Borgar eyddist suður á fjörunni um og eftir 1960. Þess getur um Minni-Borg 1836 að tún liggi fyrir skemmdum af sandfoki og vatnaágangi. Annað býlið var flutt upp á Rauðsbakka 1845. Hitt býlið flutti Gísli Guðmundsson árið 1857 austur í Minni-Borgarslægjur á syðri bakka Miðár, upp frá Stóru-Borg. Þar bjó Gísli í tvö ár. Bæjarrústir þar eru mjög glöggar og heita Gíslatættur." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Uppistandandi hús, vísa í 220 gráður. Rauðsbakki. Síðasta bæjarstæðið, frá 1930. 1924: Tún 3,8 ha, garðar 1810 m2. Bæjarstæði og 2-3 útihús í túni.
**Heimildir:**SB IV, 63, 66; Túnakort 1924

# RA-019 Sitjandi

6 hdr. 80 álnir 1709. Hjáleiga Stóruborgar 1709. "Bærinn stóð nálægt vesturmarki Borgartorfu, um 70 m norðvestur frá yngra bæjarstæði Minniborgar. Heitir þar nú Gamli-Sitjandi. Þaðan var bærinn fluttur 1836 af Jóni Andréssyni, ... Jón flutti bæinn drjúgan spöl austur í Borgarland." (SB IV, 62)
1709: "Engum spillir Kaldaklofsá." JÁM I, 46

**RA-019:001** *Gamli-Sitjandi* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð nálægt vesturmarki Borgartorfu, um 70 m norðvestur frá yngra bæjarstæði Minniborgar. Heitir þar nú Gamli-Sitjandi. Þaðan var bærinn fluttur 1836 af Jóni Andréssyni, ... Jón flutti bæinn drjúgan spöl austur í Borgarland. Rúst hans þar er mjög greinileg á austurbakka Bakkakotsár. Þar stóð síðast lítið timburhús, byggt af Tómasi Brynjólfssyni skömmu eftir aldamótin 1900." Segir í Sunnlenskum byggðum "Sitjandi stóð rétt hjá Minniborg, en var síðan fluttur á eystri bakka Bakkakotsár, nokkru ofar." Segir í örnefnaskrá
Hóll, vísar í 310 gráður
**Heimildir:**SB IV, 62; Ö-Stóra-Borg, 1

# RA-020 Miðbæli

30 hdr. 1709, með Gíslakoti sem er talið þriðjungur jarðarinnar, en til forna var jörðin talin 40 hdr. Kirkjustaður. [1179]: Mariu kirkia j Miðarnarbæli a halft heima land ok .xij. hundrud j oðrv lage ... Tiund heima manna liggr til kirkio ok af næsta bæ ok fra Ravfarfelle env vestra ok syngia þangat .xij. messor. (DI

I 255) c. 1200: kirkjur í Arnarbælum tvennum, Þetta hlýtur að vera annað; Kirknaskrá Páls biskups, (DI XII 6). Í Sturlungu segir að Tumi Sighvatsson hafi átt bú í Arnarbæli. (Sturl II, 7). [1332]:Midbæli. Gamall maldage. Mariu kirkia aa midbæli aa heimaland halft med gognum oc giædum. ... gelldfiar rekstur j huitmagafell. tueggia manadabeit j leirna land. bufie j annad maal. skogarteiga iiij j langanesi. oc einn j þorsmork. (DI II 679) [1371]: iv. Mariu kirkia j midbæle a heimaland halftt med gognum oc giædum. ... Skogarteiga fiora j langanese og einn j þorsmork. (DI III 260) 15.7.1489: Jörðin Raufarfell ytra er í Miðbæliskirkjusókn. (DI VI, 675) [1491-1518]: Midbæle Kirkian I Midbæle á heimaland hálft med gögnum og giædum.(DI VII, 38) 11.10.1494: Jörðin Ytra Raufarfell er í Miðbæliskirkjusókn. (DI VII, 225) 1553: Máldagi kirkjunnar (DI XII 647) 1575: Máldagi kirkjunnar (DI XV 672)

1709: "Reki gagnlegur þegar til vill fylgja jörðunni, en hvort þar af tilheyrir kirkjunni meira eða minna er óvíst, liggjur fjaran fyrir sjálfrar hennar landi, líka Ysta Bælis og Borgar að nokkru leyti. Geldingafjárrekstur í Hvítmagafelli á kirkjan, item tveggja mánaða beit búfje í annað mál í Leirnalandi og 4ra skógarteiga í Lánganesi, yfir upprekstur takmarkið í Hvítmagafelli er jökull fallinn og óbrúkandi; beitin í Leirnadal er ekki tíðkuð, því annars yrði að reka yfir annara jarða slægjur. Skógurinn öreyddur og að engu gagni." (JÁM I, 48) Margbýli var oft á jörðinni. Önundarhorn byggt úr jörðinni 1835, Rauðsbakki fékk hluta úr Miðbælislandi [skráð með Minni-Borg] , Miðbælisbakkar fóru í byggð um 1846 undir þá tilheyrir Gíslakot.

1709: "Högum og engjum spilla Laugará og Kaldaklofsá og bera uppá leir og grjót, fljóta og yfir slægjurnar í vatnavöxtum so heyskapur næst þá ekki. ... Fjörusandur spillir túnum í stórveðrum, engjavegur torveldur." (JÁM I, 48)

**RA-020:001** *Miðbœli* bæjarstæði búustaður

"Hefur bærinn til forna fluttur verið þar frá, sem nú heitir forna Midbæle, og alt er sandi kafið ..." "Bærinn í Miðbæli stóð frammi á sjávarströndinni milli Ystabælis og Stóru-Borgar. ... Sjór hafði gengið jafnt og þétt á landið frá miðöldum. Var bærinn fluttur undan sjó um 1600. Getur Oddur biskup Einarsson þess 1590 að kirkjugarðurinn í Miðbæli sé fullur af sandi og ekki hægt að jarða þar. Gamla Miðbæli var komið fram að flæði 1862. Sást þar þá til kirkjugarðs og skálarústar. Landbrot hefur gengið áfram upp á graslendið. Rústir þess Miðbælis, sem byggt var um 1600, eru nú í suðurjaðri Miðbælislands, fram við fjöruna. Sést þar enn glöggt rúst Miðbæliskirkju, sem lögð var niður 1765, og rúst kirkjugarðs sunnan við Miðbælisfjöru." Segir í Sunnlenskum byggðum. MS: Um 1860 kom í ljós bæjarstæði á sandnum og var þar einnig kirkjurúst.

Ekki sá til neinna byggðaleifa í fjörunni þegar skráning var gert 1981. MS: "Menn þóttust sjá rústir skála er skipt hafði verið í þrennt og virtust dyr fram úr hverjum hlua og sorphaugar fram undir hverjum dyrum. Ekki höfðu sést önur hús. Leifar af þremur keröldum sem grafin voru í jörð sáust í enda skálans. Þarna hafði fundist eitthvað af "ónýtu eirrusli," einnig á að hafa fundist "skildíngr á stærð við sírsilding," og pjötlur úr sútuðu leðri og skóm. Ekki er að sjá að neitt af þessu hafi varðveist. Rétt þarna hjá sást móta fyrir kirkjustæði og kirkjugarði, "sást botninn á gröfunum í hríng utan um kirkjustæðið, og voru þar í mannabein órotin bæði leggir og höfuðkúpur og voru tennur og jaxlar fastir í sumum þeirra, en enginn sást vottur í gröfum þessum af neinu trétagi, hvort sem þar hefir verið gjörrotnað eða menn hafa þá ekki verið kistulagðir."

Páll Sigurðsson í Árkvörn lýsir rústum í flæðarmálinu, um 200 föðmum sunnan síðasta bæjarstæðisins (3) þannig í Þjóðólfi 1865 að skálarústin hafi verið 27 faðmar að lengd, 6,5-7 að breidd, hluti hafi verið búr með 3 niðurgröfnum kerjum sem í voru m.a. kinda- og stórgripabein. Kirkjugarður var 15 x 10 faðmar. Talar einnig um garðbrot og sútaða skósóla. Fram af bæjarstæðinu voru klettar sem í voru Skiphellar.

**Heimildir:**JÁM I, 47; SB IV, 64.

**RA-020:002** heimild um kirkju

"Hefur bærinn til forna fluttur verið þar frá, sem nú heitir forna Midbæle, og alt er sandi kafið ..." "Bærinn í Miðbæli stóð frammi á sjávarströndinni milli Ystabælis og Stóru-Borgar. ... Sjór hafði gengið jafnt og þétt á landið frá miðöldum. Var bærinn fluttur undan sjó um 1600. Getur Oddur biskup Einarsson þess 1590 að kirkjugarðurinn í Miðbæli sé fullur af sandi og ekki hægt að jarða þar. Segir í Sunnlenskun byggðum.

MIÐ(ARNAR)BÆLI UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) -Maríu (EYVINDARHÓLAANNEXÍA)

[1179]: Mariu kirkia j Miðarnarbæli a halft heima land ok .xij. hundrud j oðrv lage

kirkiv tiolld oll. ok kluckur .ij. ok skrin. kaleka .ij. prest messo fot tvenn. slopp einn. alltaris klæði fiogur. gunnfana .ij. gloþa ker. munnlaugar .ij. kerta stikur .iij. stola þria ok skirnar sa. ok vatn skiolv

ok vatnker. Aspiciens bok of vetr ok kristinna laga þatt. Roðv krossa .v. slikistein ok ellz virke.

þar skal vera prestr ok diakn. en kvengilldr vm[a]gi ef eigi fær diakn

þar skal lysa fra mariv messv hinni fyrri fyrer log helga daga til ennar siðaRi mariv messo. en hveria nott þaðan fra vnz liðr paska vikv

þar skal syngia hvern dag messu er gioR til. aNan hvarn dag þess a mille. hvern dag of jola fostv. aNan hvarn dag .ij. messor of langa fosto ok vigilia hvern aptan. Tvær messor hvern fostv dag j imbro dogum a haust ok fyrer jol ok með vigilia.

Tiund heima manna liggr til kirkio ok af næsta bæ ok fra Ravfarfelle env vestra ok syngia þangat .xij. messor; Máld DI I 255

c. 1200: kirkjur í Arnarbælum tvennum, Þetta hlýtur að vera annað; Kirknaskrá Páls, DI XII 6.

[1332]: Midbæli. Gamall maldage.

Mariu kirkia aa midbæli aa heimaland halft med gognum oc giædum.

fiogur kugilldi bvfiar oc hross.

xij. h[vndrud] frids fiar.

klvckur ij. tiolld. alltaris stein bven. eitt litid tabulum eneum deavratvm. kaleik. messuklædi þrenn. slopp einn. kapu eina. merki. ij. glodarker. munnlaugar ij. kertistikur ij. stola ij. skirnarsar. vazker af steini. skiolu oc vazdýr. aspiciensbok per vsum. gradal. lesbok aa sumarit oc onnvr de sanctis. mariv sogu oc agnesar sogv oc rodvkrossa fiora.

þar skal vera prestur oc diakn en kvengilldur omagi ef eigi er diakn til.

tekur prestvr fiorar merkvr kavps.

þorlacs skript. alltaraklædi fiogur med dvkvm oc einn kniaduk.

þangat liggur tivnd af tueimur bæivm. er annat bænhvs oc tekzt af half mork.

gelldfiar rekstur j huitmagafell. tueggia manadabeit j leirna land. bufie j annad maal. skogarteiga iiij j langanesi. oc einn j þorsmork.

porcio ecclesie medann niall bio vmm xiij aar sex aurar aa hueriu. Máld DI II 679 Njáll gæti verið séra Njáll Þorsteinsson sem nefndur er í dómi um Holtsreka 16.8.1363 eða Njáll Kráksson frá Steinum og telur JÞ það líklegra.

[1367]: Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 216

[1371]: iv. Mariu kirkia j midbæle a heimaland halftt med gognum oc giædum.

iiij kugillde bufiar og hross. xijc frijdz fiar.

tiolld vm kirkiu. kluckur ij. alltaristeinn buinn. kalek. messuklæde þrenn. slopp. kapu eina. merke tuo. Glodarker. munnlogar ij. kertestikur ij. stola oc skyrnarsa. vatzker af steine. Rodukrossa iiij.

Þangad liggur tyund af ij bæum. er annar bænhus og tekst af half mork.

gelldfiarrekstur j huijtmagafiall.

tueggia manada beit j varmaland bufie j annad mal.

Skogarteiga fiora j langanese og einn j þorsmork. Hítardalsbók Máld DI III 260 [hefur mun minna af ornamenta en 1332 og er sennilega yngri]

15.7.1489: Jörðin Raufarfell ytra er í Miðbæliskirkjusókn. DI VI, 675

[1491-1518]: Midbæle

Kirkian I Midbæle á heimaland hálft med gögnum og giædum.

item 4 kýr og 1 ásaudar kúgillde.

Jtem ein messuklæde og einn silfurkáleik liten.

Jtem 2 kluckur. Máld DI VII, 38 [Lbs 108 4to, bl. 559-60 m.h. frá 19. öld eftir bók skr. 1606]

11.10.1494: Jörðin Ytra Raufarfell er í Miðbæliskirkjusókn. DI VII, 225

1553: Máld DI XII 647

1575: Máld DI XV 672

1709: Hjer er kirkja og framliðinna gröftur; embættað þá fólk er til altaris, líka stundum á bænadögum um föstu, af prestinum að Hólum; JÁM I: 47

17.5.1765: Miðbæliskirkja tekin af ; (PP, 54) [konungsbréf; Lovs. III, 525]

Ekki sá til neinna byggðaleifa í fjörunni þegar skráning var gert 1981.

**Heimildir:**JÁM I, 47; SB IV, 64.

**RA-020:003** *Miðbæli* bæjarhóll bústaður

"Bærinn í Miðbæli stóð frammi á sjávarströndinni milli Ystabælis og Stóru-Borgar. ... Sjór hafði gengið jafnt og þétt á landið frá miðöldum. Var bærinn fluttur undan sjó um 1600... Rústir þess Miðbælis, sem

byggt var um 1600, eru nú í suðurjaðri Miðbælislands, fram við fjöruna.  Sést þar enn glöggt rúst Miðbæliskirkju, sem lögð var niður 1765, og rúst kirkjugarðs sunnan við Miðbælisfjöru. ... Gamli bæjarhóllinn er mikill ummáls og hár og með greinilegum tóttum síðustu bæjarhúsa.  Bæjarstæðið er þurrlent og fagurt en á í vök að verjast á komandi tíma haldi land hér áfram að eyðast." Segir í Sunnlenskum byggðum. 1709:  "Hjer er kirkja og framliðinna gröftur; embættað þá fólk er til altaris, líka stundum á bænadögum um föstu af prestinum að Hólum."
Liggur alveg fram við sjó.
"Nokkru norðar en þessar rústir fundust rús nú grænn hóll, og markar greinilega fyrir húsatóttum á hólnum. Þarna stóð bærinn Miðbæli frá því um 1600.  Á hólnum sést rúst Miðbæliskirkju, sem lögð var niður 1765, og rúst kirkjugarðs sunnan við bæjarstæðis."  Hér eru 3 tóftasvæði: Bæjarhús, útihús (4) og kirkja og kirkjugarður (5). 1. A.m.k.7 hús hlið við hlið, vísa í 230 gráður. Breidd að austan: a. veggjaþykkt 2,2 + breidd 4,5 + veggjaþykkt 6,4, lengd 5, + b. 9,8 + veggjaþykkt 11,5, lengd 5,5, + c. 13,8 + veggjaþykkt 15,2, e.t.v. bæjargöng inn í h, + d. 17,6 + veggjaþykkt 19,6, lengd 5,5, + e. 22 + veggjaþykkt 23,5, lengd 4,5, + f. 26 + veggjaþykkt 27,5, lengd 3,5, + k. 33,5. g. austast, vísar í 190 gráður, 6 x 5 utan. h. er aftan við b. og c., snýr þvert á. i. er aftan við a, b og c. j. er aftan við d, e og f.
Býlið sem var byggt um 1600.  Byrjað að flytja býlin þaðan um 1830 og til 1867. Fann þakhellu suður af bæjarhól.
**Heimildir:**SB IV, 64; MS: "Stóraborg" Heima er bezt 1993, 197

## RA-021    Gíslakot
10 hdr og þriðjungur Miðbælis 1709.  Hjáleiga Miðbælis, túnum og engjum skipt ekki högum.  Í eyði frá 1927, nytjuð frá Miðbælisbakka.
Túnum spillir mikill sandur. (JÁM I, 49)  1924: Tún 2,2 ha, garðar 1575 m2.

**RA-021:001**    *Forna Gíslakot*    bæjarhóll    bústaður
"Bærinn stóð um 350 m vestsuðvestur frá Miðbæli en var fluttur þaðan á 18. öld sökum landeyðingar af völdum sjávar.  Gamla bæjarstæðið er nú norðan í Miðbælisfjörum og um 50 m frá því upp á grös.  Bærinn var að nýju byggður nálægt vesturmörkum Miðbælistorfu, um 300 m norðaustur frá Ystabæliskoti eystra og um 950 m norðnorðvestur frá Miðbæli.  Framan af 19. öld var tvíbýli í Gíslakoti, stundum þríbýli og býlin þá nefnd Eystra- og Vestra-Gíslakot." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Fjörusandur
Í fjörunni SV af bænum er grasi gróinn hóll, grjótdreif umhverfis, mest vatnsnúnar þakhellur norðaustan við. Óljós merki 3-4 húsa hlið við hlið sem snúa í 230 gráður.  Þetta munu vera leifar Gíslakots sem stóð um 350 m vestsuðvestur af Miðbæli en var fluttur á 18. öld sökum landeyðingar.
**Heimildir:**SB IV, 68

## RA-022    Yztabæli
10 hdr. 1709.  1340: Jarðarinnar getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs. (DI II, 740).  "Reka á jörðin nokkurn, meinast liggur fyrir Berjanesslandi og að nokkru leyti Leirna; segjast ábúendur ei gagn af honum haft hafa umskamt." (JÁM I, 49)  "Ystabæli er komið í byggð um 1100 og hefur heitri Ysta-Arnarbæli." (SB IV, 69)
1709:  "Hagar eru mjög litlir.  Túnum spillir sandur, líka öðru slægjupátzi." (JÁM I, 49).  1924: Tún 2,6 ha, garðar 1850 m2.

**RA-022:001**    *Yztabæli*    bæjarhóll    bústaður    63 31 4N    19 40 27V "Ystabæli ... hefur verið flutt a.m.k. tvisvar undan ágangi sjávar og sands. ... Suður við gljá,beint suður frá Ystabæli, er hóll, sem nefndur er Túnhóll.  Þar munu vera fornar bæjarrústir.  Þessi hóll nefndist öðru nafni áður, en ekki hefur tekizt að rifja það upp.  Suður frá Yztabæli er hár hóll, innan túns.  Þar stóð Yztabæli fyrr á öldum.  Á hólnum standa nú fjárhús." Segir í örnefnaskrá   "Ystabæli er komið í byggð um 1100 og hefur heitið Ysta-Arnarbæli. Um 1835 sáust merki mannvistar frammi í flæðarmáli suður af Ystabæli.  Þar kynni bærinn að hafa staðið í öndverðu.  Forn bæjarstæði er í Ystabælistúni suður af bænum.  Þar eru nú fjárhús.  Skammt suðaustur frá því sjást minjar bæjarstæðis suður við fjöruna og kynni að vera frá fyrstu byggð Ystabæliskots." Segir í Sunnlenskum byggðum.

Fjörusandur sunnan og vestan við, að nokkru gróið austan við.
Hóll, umflotinn vatni að nokkru leyti, þakinn sandi sem er grasi gróið. Sér móta fyrir tóftum austast í honum, vísa í 270 gráður. Austan þeirra er stór dæld, líklega heygarður eða hlaða. Svipar mjög til Borgartúns og Miðbælis tófta. Sveinbjörn gróf hér niður á hleðslu.
**Heimildir:**SB IV, 69; Ö-Yztabæli, 1

**RA-022:005** *Yztabœli* bæjarstæði bústaður 63 31 4N 19 40 27V
Bærinn stendur um 1 km í suð-austur frá Leirnabæjum, á sléttlendinu nálægt ströndinni. Nýtt íbúðarhús var byggt 1976 en það gamla, sem er steinsteypt, stóð enn 1981.
Sléttent.
Hér var tvíbýli. Syðri bær stóð suð-vestan við, Nyrðri bær þar sem gamla bæjarhúsið stendur nú.
**Heimildir:**31.7.1981

# RA-023 Yztabæliskot

10 hdr. 1709. Hjáleiga Yztabælis. "... högum og reka er ei skift með þessari jörð og Ysta Bæle, meinast því ein til forna verið hafa." (JÁM I, 49) Tvíbýli varð síðar á jörðinni, ystabæliskot eystra og vestra. Eystra kotið féll úr byggð árið 1900, en það vestra árið 1880.
1709: "Engjum spilla ás í vatnavöxtum með leiri og óklárendum, so og flýtur Holtsós yfir slægjur, nær fyrir hans útrás lengi teppist og næst þá ei heyskapur." (JÁM I, 50) 1839: "... túnlaust að kalla, en með nokkrum útslægjum og litlum högum." (SSR, 18)

**RA-023:001** *Yztabœliskot eystra* bæjarhóll bústaður
"Ystabæliskot, eystra, stóð við austurmark Ystabælisland, um 500 m austnorðaustur frá Ystabæli. ... Ystabæliskot eystra féll úr byggð 1900." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Önnur þeirra [hjáleiganna] er rétt austur við Miðbælismarkið, hin rétt austan við veginn, sem nú (1066) liggur niður að Yztabæli." Segir í örnefnaskrá
1709: 'Engjum spilla ár í vatnavöxtum með leiri og óklárendum, so og flýtur Holtsós yfir slægjur nær fyrir hans útrás lengi teppist, og næst þá ei heyskapur. Hagar eru mjög litlir og þröngt um beit vetur og sumar.'
Tóftirnar standa nú í horni túnsins. Ræktað tún og skurðir í kring.
10 tóftir hlið við hlið, vísa í 190 gráður. Breidd frá austri: 1. 3 + 2. 6,6, lengd 4,8 + 3. 10,7 + 4. 14,4, lengd 5,8 + 5. 18,6 + 6. 24 + 7. 28,5 + 8. 31, göng? + 9. 34,6 + 10. 43,3, lengd 9,5, líklega heystæði. Tóftir óskýrast vestast. Framan við eru kálgarðar Einnig nefnt Finnskot. Sveinbjörn segir tröð hafa verið vestan við, afgirt þar sem skepnur voru reknar í yfir nótt til að halda þeim frá slægjunni. Þetta var gert þar sem var landþröngt. Nú horfið undir tún, en austar eru e.t.v. leifar eftir svipað. Var 5 hdr.
**Heimildir:**SB IV, 70; Ö-Yztabæli, 1; JÁM I, 50.

# RA-024 Leirur

20 hdr, 1709. 1332/1371: jarðarinnar getið í máldögum Miðbæliskirkju og segir að kirkjan eigi 2ja mánaða beit í Leirnalandi. (DI II, 679/DI III, 260) "Leirur var næstvestasti bær á sjóbyggð Eyjafjalla í fornri byggð. Nú er bæjarstæðið um 1150 m frá sjó. ... Um miðja 19. öld skiptist jörðin í 4 býli ..." Jörðin Leirur í eyði frá 1912. (SB IV, 71)
1709: "Högum og engjum spillir Svartbælisá, líka Kaldaklofsá í vatnavöxtum. Slægjum grandar og Holtsós nær ús yfir hann leggur lítinn og síðan ekki útrás, springur þá ísinn upp og ber grjót á engjar, so og þegar fyrir óssins útrás teppis á vor og sumrum, flýtur hann tíðum yfir slægjulandið." (JÁM I, 53-54). 1839: "... með lítilfjörlegum túnum og högum, en nægilegum útslægjum." (SSR, 18-19) "Á seinni hluta 19. aldar eyddust þar grasgefnar slægjur í senn af ágángi hafs og Svarðbælisár." (SB IV, 71)

**RA-024:001** *Leirur* bæjarhóll bústaður
"Um miðja 19. öld skiptist jörðin í 4 býli, voru tvö á gamla bæjarhólnum en tvö í nánd hans. Árið 1849 var
Ræktað tún, gamall túngarður suðaustan við.
Hóll í suðvestur frá Mosum. Hér voru 2 bæir. Guðrún man eftir austari bænum er búið var þar.

**Hættumat:**

## RA-025 Berjanes

27 hdr, 1703 en ábúendur telja jörðina aðeins 16 hdr. með Berjanesskoti síðastliðin 60 ár. Konungseign. 1179: Getið í máldaga kirkjunna að Ey í Landeyjum (DI I, 257), Ytriskógakirkju frá 1332 (DI II, 676), 1371 (DI III, 258) og 1553 (DI XII, 646).
1709: "Yfir mestalt land jarðarinnar gengur Holtsós þegar brim og sandur lengi hamlar hans útrás, og vatnavextir koma, hefur hann þá heyskap á sumur grandað, jafnvel heygarð og hús tekið og so bæinn umflotið að fólk hefur ekki burt komist." (JÁM I, 55) 1839: "Jörðin er túnlaus að kalla, en með góðum útslægjum og litlum högum. Engjarnar eru undir miklum áföllum af Holtsós yfirflóði, svo stundum verða þær ei slegnar. Þó er jörðin ei mikið af sér gengin." (SSR, 19). 1924: Tún 2,8 ha, garðar 1996 m2. "Brotnað hefur framan af graslendi jarðarinnar og sjór gengið á landið. Bærinn stóð til skamms tíma á hárri hæð myndaðri af rústum fyrri bæja en var umluktur miklu votlendi. Í uppistöðum Holtsóss var hann oft eins og eyja í hafi. ... Ósaengi jarðarinnar var mjög grasgefið en í vætutíð var erfitt að bjarga þar heyjum." (SB IV, 74)

**RA-025:001** *Berjanes* bæjarhóll bústaður 63 31 59N 19 42 14V
"Bærinn stóð til skamms tíma á hárri hæð myndaðri af rústum fyrri bæja en var umluktur miklu votlendi." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Hefur Berjanes verið byggt um mörg hundruð ára, og mun bæjarstæðið vera að miklu gamlar byggingaleifar." Segir í örnefnaskrá
1709: 'Yfir mestallt landið gengur Holtsós þegar brim og sandur lengi hamlar hans útrás, og vatnavextir koma, hefur hann þá heyskap á sumur grandað, jafnvel heygarð og hús tekið og so bæinn umflotið að fólk hefur ekki burt komist'. Stendur á háum hól, u.þ.b. mitt í landareigninni.
Bærinn mun hafa staðið hér frá alda öðli. Um skeið voru hér 5 býli. Nú eru hér leifar steyptra húsa. Flutt þaðan árið 1959. Hér heitir Leirnahverfi sem í eru auk Berjaness, Leirur, Mosar, Nýlenda og Berjaneskot. "Holtsós flæðir yfir mestallt Berjanesland í uppistöðum. Varð bæjarhóllinn stundum oft á ári eins og eyja í hafi, svo að með öllu varð ófært frá bænum eftir göngubryggju, sem hlaðin hafði verið austur frá honum." Segir í örnefnaskrá Berjaness
**Heimildir:**JÁM I, 55; SB IV, 74; Ö-Berjanes og Berjaneskot, 1; Ö-Berjanes, 1; Túnakort 1924

## RA-026 Berjaneskot

1709, er jörðin tali fimmtungur Berjanes. Hjáleiga Berjanes. Í eyði frá 1955.
1839: "... túnlítil, en með sæmilegum útslægjum og litlum högum." (SSR, 19). 1924: Tún 2,6 ha, garðar 1477 m2.

**RA-026:001** *Berjaneskot* bæjarstæði bústaður 63 31 41N 19 41 4V
"Elsta bæjarstæðið er um 250 m austur frá gamla Berjanesi. Flutt var frá því sökum Holtsóss 1796 og bærinn þá færður 200 m til norðausturs, þar sem hann stóð síðan til 1921." Segir í Sunnlenskum byggðum.
1709: '..er fyrst bygt áður nokkrir til minnast, úr Berjanesi'. "Berjaneskot stendur nokkru austa, í þurru og grösugu túni. Sá bær hefur verið fluttur tvisvar, að menn ætla, er yngra bæjarstæðið skammt norður frá bænum, og var þar byggt fram undir 1920, en eldra bæjarstæðið er milli Berjaneskots og Berjaness." Segir í örnefnaskrá
1709: ' Býlið liggur undir sömu spjöllum og heimajörðin.'
Tóftabrot standa á svolitlum hól, vísa í 206 gráður. A.m.k. 3 tóftir. Austast, smáhús, grjóthlaðið með steyptum gafli, þá 2 burstir og svo svæði vestast markað grjóthlöðnum vegg, e.t.v. kálgarður/heystæði. Nátthagar voru framan við bæinn sem fé var rekið í úr slægjum. Nú er þar túnrækt. Brunnur var í hólnum norðanverðum, nú uppfylltur. Hér bjó síðast Bárður Magnússon á Steinum.
**Heimildir:**SB IV, 75; JÁM I, 55; Ö-Berjanes og Berjaneskots, 1

## RA-027 Svaðbæli

40 hdr. 1709 . 1499: Hálf jörðin gefin Holtskirkju (DI VII, 431-432). Bændaeign að hálfu. Býlið

Þorvaldseyri byggt út úr jörðinni 1886 og Svarðarbælismúli reistur árið 1854. (SB IV, 87-88). "Bærinn Svarðarbæli stóð í mynni dalsins milli Steinafjalls og Lambafells og er rúst hans að nokkru undir Suðurlandsvegi, eins og hann liggur nú (1978) beint suður af bænum á Þorvaldseyri. Eldra nafn bæjarins var Svartabæli. ... Síðast dvöldust þar húsmenn og byggð féll niður 1882 ..." (SB IV, 88)
1709: "Túnum engjum og högum hefur Svartbælisá stórlega spilt með grjóti, leiri og landbroti , og liggur jörðin undir miklum spjöllum, svo vansjeð er hún lengi byggist; fyrir 60 árum, þó ekki fullum, halda menn forsorgast hafi á allri jörðunni yfir xl kúa þúngi." (JÁM I, 51) 1839: "... með litlum túnum og högum, en góðum útslægjum. Tún og engjar eru undir miklum áföllum af ánni, þá hún oft rennur þar yfir og færir mikið grjót með sér. Jörðin er því stórlega af sér gengin." (SSR, 19).

**RA-027:001** *Þorvaldseyri* bæjarstæði bústaður 63 32 28N 19 39 54V
"Þorvaldur Bjarnason reisti stórbýlið Þorvaldseyri á grýttum eyrum upp frá Svarðarbæli og flutti þangað frá Núpakoti 1886." Segir í Sunnlenskum byggðum. Áður hét hér Svartbæli (Jarðabók 1709) og síðar Svaðbæli (Jarðatal 1847). Reisulegt stórbýli þar sem miklar jarðaframkvæmdir hafa verið gerðar. 1981 var hér svínabú og byggrækt, eina búið með slíkt í sveitinni. "Svaðbælisheiði endar til suðurs í Svaðbælismúla. Þar stóð bær með því nafni um 1860." Segir í örnefnaskrá
Bak við núverandi íbúðarhús stóð 4 bursta bær. Þar er nú aðeins grjóthlaðinn garður, vísar í 195 gráður, utanmál 21.4 x 10,3, veggjaþykkt 2. Þar var svo myndarlegur torfbær um síðustu aldamót að ferðamenn sögðu hann minna á erlendan herragarð.
**Heimildir:**SB IV, 88; Ö-Þorvaldseyri, 2

## RA-028 Núpakot
10 hdr. 1709, Steinakirkjueign. Bærinn er nefndur í máldögum Steinakirkju 1371 (DI III, 260) og 1553 (DI XII, 647). Eldra nafn jarðarinnar Gnúpar. "Á Núpakoti var tvíbýli og stundum þríbýli á18. öld en síðan lengst af einbýli. Jörðin er mjög landlítil." (SB IV, 84)
1709: "Á tún, slægjur og haga fellur grjót úr fjallinu, og er sjálfum bænum líka þar fyrir hætt, einkum í stórveðrum; so og grandar Svartbælisá túnunum. Engjar eru næsta litlar; fjallhagar að miklu leyti eyddir af skriðum og blástri." (JÁM I, 52). 1839:"... með litlum túnum og högum, en góðum útslægjum. Tún og engjar eru undir miklum áföllum af ánni, þá hún oft rennur þar yfir og færir mikið grjót með sér." (SSR, 19) 1924: Tún 8,6 ha, garðar 766 m2. "Tún þóttu þar í betra lagi en útslægjur litlar aðrar en Núpakotsteigur, sem liggur milli Steinalands og Hlíðarlands á mótum láglendis og fjlals. Hagar jarðarinnar eru til metra muna inn á Núpakotsdal, inn frá bænum , allvel grónir." (SB IV, 84)

**RA-028:001** *Núpakot* bæjarhóll bústaður 63 32 40N 19° 4,0 6V
1709: 'Á tún, slægjur og haga fellur grjót úr fjallinu, og er sjálfum bænum líka þar fyrir hætt, einkum í stórveðrum; so og grandar Svartbælisá túnunum'.
**Heimildir:**JÁM I, 52.

## RA-029 Hlíð
20 hdr. 1709. "Bærinn í Hlíð stendur undir Steinafjalli austanverðu, neðan Hlíðarhamra. ... Flatlendið neðan bæjarins, Hlíðarmýri, var engi og hagar jarðarinnar." Oft var tvíbýli og jafnvel þríbýli í Hlíð. (SB IV, 82)
1709: "Túninu grandar grjót og skriður úr fjallinu, líka er bænum þar fyrir hætt. Engjum og högum spillir Svartbælisá. Slægjur eru litlar og hagar þröngvir." (JÁM I, 53). 1839: "... tún fögur og góð og sæmilegar útslægjur, en hagar mjög litlir. Túnið liggur undir áföllum, þar eð lækur ofan úr fjallinu færir með sér í leysingum á vetrrdal mikiðð grjót er okkir skaða, og hefur túnið þar við mikið af sér gengið. Líka eru þar ofveður mikil er ollu skaða sumar og vetur." (SSR, 19). 1924: Vesturbær: Tún 4,9 ha, garðar 934 m2. Miðbær: 3 ha, garðar 901 m2. Austurbær: Tún 3,6 ha, garðar 1362 m2.

**RA-029:001** *Hlíð* bæjarhóll bústaður
"Árið 1703 var tvíbýli í Hlíð og síðar var þar löngum þríbýli. Sjást enn miklar minjar gamallar byggðar í

húsum, tóftum og grjótgörðum." Segir í Sunnlenskum byggðum.
**Heimildir:**SB IV, 82

## RA-030 Steinar

60 hdr, 1709, kirkjustaður. c. 1200: Getið í kirknaskrá Páls biskups, (DI XII 6) 1320: Getið í annálum, (IA 345,395) "[1332]: Steinar. Gamall maldagi. Mikals kirkia j steinum aa land at gnupum." (DI II 680) "[1371]: xlii. Michaelskirkia j steinum a land ad Gnupum er geingur af arlega iij merkur. ... Veide alla I ellidaey vm halfann manud millum þijngs og fardaga. þa er sa vill er j steinum byr. tueggia manada beit [....?]" (DI III 260-261) "[1491-1518]: Steinar Kirkian I Steinum á Land ad Gnúpum." (DI VII, 39) 1499: Jörðin Svartsbæli er í Steinakirkjusókn - hún er gefin Holtskirkju með þeim skilmála að kirkjutíund og prests skyldi lúkast til kirkjunnar á Steinum. (DI VII, 431-32). 1553: Máldagi kirkjunnar (DI XII 647) 1575: Máldagi kirkjunnar (DI XV 672)
1709: "Reka á jörðin millum Holtskirkjufjöru og Berjaness, mestan part fyrir sínu, en þó nokkurn fyrir Berjaness landi. Selveiði hefur brúkuð verið fyrrum, nú er hún sjaldan til gagnsmuna, því atorka er ei viðhöfð." (JÁM I, 56) "Steinaland er lítið að víðáttu og fjallendi gróðurlítið ofan Steinhamra. Samt er þetta önnur hæst metna jörð Austurfjalla, 60 hundruð. Hátt mat hefur að nokkru byggst á grasgefni ósengi, veiði í Holtsósi og reka á Steinfjöru. ... Í Steinum var á 19. öld eitt af fáum sveitaþorpum landsins. Framan af öldinni voru þar stundum 9 bændur en oftast síðan 8. Undir lok aldarinnar hefst mikil hnignunarsaga byggðarinnar. Hún stóð þá vestan undir mikilli Skriðubungu á Steinalækjar í allgóðu skjóli fyrir austanátt. Árið 1888 hljóp Steinalækur á bæina með miklum vatnsflaumi og grjótburði. Tók þá brátt að fækka býlunum og Steinakirkja var niður felld 1890. Býlin, sem eftir eru á síðasta tug aldarinnar, eru svo smátt og smátt flutt austur á bóginn, á land, sem var tryggara fyrir áhlaupum lækjarins. Síðustu tveir bæirnir eyðilögðust gersamlega í Steinalækjarhlaupi aðfaranótt þriðja í jólum 1926 ... Nú minna aðeins skriðrunnar tóftir og kirkjugarður á hinn gamla Steinastað." Nú ery þar býlin Steinar I-IV, Hvassafell stofnað 1952. (SB IV, 76-81).
1709: "Túnum spilla skriður og grjótshrun úr fjallinu, er og bænum sjálfum þar fyrri stórlega hætt. Engjar og hagar forargast af leiri og sandi. Yfir slægjur og haga gengur Holtsós, þá hann lengi inni teppist." (JÁM I, 57) 1839:"... með sæmilegum túnum og góðum útslægjum, en litlum högum. Túnin ligggja mjög undir áföllum af grjótskriðum er í leysingu koma ofan úr fjallinu og hafa þau liðið þar við mikið tjón." (SSR, 19) 1924: I: Tún 8,9 ha, garðar 3016 m2. II: Tún 4,5 ha, garðar 1894 m2. II: Tún 4 ha, garðar 1817 m2. IV: Tún 6 ha, garðar 812 m2. V: Tún 3,6 ha, garðar 1677 m2.

**RA-030:001** *Gömlu-Steinar* bæjarstæði bústaður 63 32 35N 19 41 54V
"Bærinn í Steinum stóð lengst af suðvestan í mikilli skriðubungu, myndaðri af framburði Seinalækjar, þar sem hann fellur fram af Steinafjalli." Segir í örnefnaskrá
Í Jarðabókinn segir: 'Túnum spilla skriður og grjóthrun úr fjallinu, er og bænum sjálfum þar fyrir stórlega hætt. Engjar og hagar foragast af leiri og sandi. Yfir slægjur og haga gengur Holtsós.. Fyrir dýjum er fénaði hætt. Úr fjallinu hrapar fjé tíðum.'. Þverhnýpt bjargið sem mikið hefur hrunið úr norðan bæjarhúsa; hafa bæir oft færst í kaf vegna þess. Slétt graslendi fram undir sjó að sunnan. 'Steinaland var lítið að víðáttu og fjalllendi gróðurlítið ofan Steinahamra. Hátt mat hefur að nokkru byggst á grasgefnu ósengi, veiði í Holtsósi og reka á Steinafjöru' segir í Sunnl. Byggðum.
"Í Steinum var á 19. öld eitt af fáum sveitaþorpum landsins. Framan af öldinni voru þar stundum 9 bændur en oftast síðan 8. Undir lok aldarinnar hefst mikil hnignunarsaga byggðarinnar. Hún stóð þá vestan undir mikilli Skriðubungu á Steinalækjar í allgóðu skjóli fyrir austanátt. Árið 1888 hljóp Steinalækur á bæina með miklum vatnsflaumi og grjótburði. Tók þá brátt að fækka býlunum og Steinakirkja var niður felld 1890. Býlin, sem eftir eru á síðasta tug aldarinnar, eru svo smátt og smátt flutt austur á bóginn, á land, sem var tryggara fyrir áhlaupum lækjarins. Síðustu tveir bæirnir eyðilögðust gersamlega í Steinalækjarhlaupi aðfaranótt þriðja í jólum 1926 ... Nú minna aðeins skriðrunnartóftir og kirkjugarður á hinn gamla Steinastað."
**Heimildir:**SB IV, 76-81; JÁM 1, 55-7; Ö-Steinar A, 1

**RA-030:002** heimild um kirkju
Alkirkja var hér frá um 1200 (DI XII, 6) fram til 1886 er hún var aflögð (DI II, 679-80). 1847: Af báðum

annaxíunum og afteknu bænhúsi "í Borg" eru goldnir til saman 33 fd smjörs."
STEINAR UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) -Mikjáli (EYVINDARHÓLAANNEXÍA)
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6
1320: [Kirkiu brot i Steinum vppi Þorskafiardar þing]; Gottskálksannáll, IA 345
kirkiu braut i Steinvm; Flateyjarannáll, IA 395
[1332]: Steinar. Gamall maldagi.
Mikals kirkia j steinum aa land at gnupum.
atta kýr.

kluckur v. tiolld vmmhuerfis sig. merki ij. michals skrift. kalek oc messuklædi. einn slopp oc kapu. krossa ij. oc glodarker oc munnlaugar ij. stol. vj merkur vax. alltaraklædi iij. kistu. lesbækur viij. tolf manade vetrlutinn at songinum de tempore oc de sanctis suffragium. ymnarium capitularium. sequentiubok. messubok de sanctis. actus Apostolorum. psalltara. hun a godann hokul med baldekinn. stolu oc handlijn med pell. oc hofutlin. messuklædi aunnur at aullu. kertistikur tuær. vatzketil. fontklædi. corporalia. alltaris duk oc alltaris stein. þangath liggur tijund af sex bæium. er þar af eitt bænhus oc tekst af half mork.prestur tekur heima iiij merkur.

allir bændur þeir sem tijda sokn eiga j steina kirkiu luka þangath dagsverk. eins vinnumanns serhuer þeirra. oc hafa lokit fyrir michaals messo a huerium tolf manudum.

gamli lagdi til kirkiunnar iiij kugilldi aasaudar. kantara kapu nya. mariu skriptt. alltara klædi. messuserk. corporalia oc ij duka. Máld DI II 680
[1367]: xlii. Michaelskirkia j steinum.
þessi maldage er eci j Vilchinzbok; Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 219
[1371]: xlii. Michaelskirkia j steinum a land ad Gnupum er geingur af arlega iij merkur.
ätta kýr. xxiiij. ær.

þrenn messuklæde ad ollu. einn hokul lausann. iiij alltarisklæde med dukum. sloppur og kantarakapa. kistu olæsta. klockur fimm. alltaris stein. glodarker. munnlogar ij. stoll og lectare. lesbækur vm xij manude. veturhlurinn ad saungnum de tempore oc de sanctis. alltarisbok. tiolld vmhuerfis. kertistikur tuær. brijk yfer alltare. skijrnarsteinn. fontzvmbuningur. merke tuo. rodukrossar ij. Michaels skriptt. mariuskript. Auguttu lykneske.

Þangad liggur tijund af sex bæium. er þar af eitt bænhvs.

aller bændur þeir er bua j sokninne skulu luka dagsverk eins vinnumanns sierhuer þeirra og hafa lucktt ad Michelsmessu a huerium xij manudum.

Veide alla I ellidaey vm halfann manud millum þijngs og fardaga. þa er sa vill er j steinum byr. tueggia manada beit [....?]

messufatastock.

mark kirkiunnar midhlutur vppstufs og af annad.

paxspialld. þorlaks spialld. fontkross med tin. kertaklofa. vigdz vatz kanna. ij lysekolur.

þesse maldage er ecj j Vilchinzbok. Hítardalsbók Máld DI III 260-261
[1491-1518]: Steinar
Kirkian I Steinum á Land ad Gnúpum.
item I kirkiufie ein messuklæde og laus hökull.
item 1 alltaresklæde og 1 kórkápa.
item 1 klucka. Máld DI VII, 39 [Lbs 108 4to, bl. 559 m.h. frá 19. öld eftir bók skr. 1606]
11.6.1499: Jörðin Svartsbæli er í Steinakirkjusókn - hún er gefin Holtskirkju með þeim skilmála að kirkjutíund og prests skyldi lúkast til kirkjunnar á Steinum. DI VII, 431-32.
1553: Máld DI XII 647
1575: Máld DI XV 672
1709: Hjer er alkirkja og embættað af sóknaprestinum að Hólum og Skógum til jafnaðar; JÁM I: 55
12.3.1890: Skóga- og Steinakirkjur lagðar niður og sóknirnar lagðar til Eyvindarhóla; (PP, 54) [landshöfðingjabréf]
**Heimildir:**JJ, 47

**RA-030:003** *Gálgasteinar* örnefni
Upp af Holtsósi vestan við bæinn, um miðja vegu í brekkunni beint upp af sumarbústaði sem þarna var 1981. "Murnhöfuðsbrekka er vestan við Murnhöfuð. Upp frá Steinahelli, við Murnhöfuðslæk, er mikill klettur, ekki ýkja hár, en nokkuð mikill ummáls. Liggur hann langsum í hlíðinni, lágur að ofan, en rís að

neðan.  Hola er í honum að ofan, og er hann nefndur Gálgasteinn." Segir í örnefnaskrá
Grasivaxin hlíð; grjóthrun.
Þrír stórir steinar sem hafa fallið úr berginu. 22cm djúp hola syðst í þann efsta. Talið að gálgatré hafi hvílt í henni. Sá næsti er rétt ofan við sumarbústað, sá þriðji við þjóðveginn.  Bárður Magnússon bóndi á vestasta bænum, norðan þjóðvegar, veitti greinargóðar upplýsingar um bæjarlandið og gekk með skráningarmanni um allt.  "Er sagt, að þar hafi verið hengdir sakamenn.  Mun sú sögn eldri en byrjun þingstaðar í Steinahelli, sem var um 1820, því 1963, eða 40 árum steinna, skráir Jón Sigurðsson í Steinum þá sögn, að þjófur hafi verið hengdur við Gálgastein þegar þingstaður Eyjafjalla var í Holti." Segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**Ö-Steinar A, 5

**RA-030:006** *Steinahellir* hellir þingstaður
"Um hundruð ára notuðu Steinabændur helli sinn sem fjárhús en árið 1818 fékk hann annað veglegt hlutverk, að vera þingstaður Eyfellinga." Segir í Sunnlenskum byggðum. Stendur rétt norðan við þjóðveginn, í múla rétt austan við sumarbústað, miðja vegu milli Varmahlíðar og Steina.
Þjóðvegurinn sunnan við, grasi gróin brekka upp að fjalli norðan við.
"Var þá slegið upp þil í hellismunanum með gluggum og vönduðum dyraumbúningi.  Að vori var hellirnn þá jafnan hreinsaður út sem best mátti verða og forskálinn að sama skapi þokkaður til."   Huldufólk bjó þar einnig.  Segir í Sunnlenskum byggðum.  Holaður inn í móbergið. Vísar í 180 gráður. Notaður sem fjárhús núna      ÁH 1991: “Steinahellir er um 1 km vestan við bæinn að Steinum, fast við þjóðveginn þar sem Holtsós teygir sig upp undir Steinafjall.  Hann er grafinn í sandstein, eldforn för eftir melgresi getur að líta í bergi.  Ofan við hellinn og austan eru miklar skriður, stórgrýti og björg sem fallið hafa úr fjallinu. Skriðuhætta er mikil.  Hellirinn er vafalaust manngerður að mestu leyti. ... Hinn víði og hái munni hellisins líkist ekki manngerðum hellismunna.  Hellirinn er um 20 m langur en hefur verið nokkru lengri því brotnað hefur framan af honum.  Víða er hann 9-10 m á breidd.  Hann er 6-7 m á hæð fremst en lækkar er innar dregur.  Innsti hlutinn er nokkurn vegi boglaga hvelfing og gaflinn sléttur.  Þar er hellirinn dýpstur en gólfið hækkar eftir því sem utar dregur.  Hægra megin í hellinum er skvompa inn í bergið, víða ekki nema 1,0-1,5 m á hæð.  Framan við hana er hleðsluleifar.  Yst hægra megin er skápur höggvinn í vegginn.  Botn hans er 1 m frá hellisgólfi en sjálfur er skápurinn 2,4 m á hæð.  Steinahellir hefur gegnt fjölþættu hlutverki.  Lengst af var hann fjárhús og heyhlaða.  Jafnframt var hann þinghús um tíma og í honum voru smíðuð skip.Hellirinn var þingstaður Eyfellinga í tæpa öld, frá 1808-1906.   Meðan Steinhellir var notaður til “Var þá slegið upp þil í hellismunanum með gluggum og vönduðum dyraumbúningi.  Að vori var þinghalds var vel um hann búið. ... Í aldaraðir notuðu Steinabændur helli sinn sem fjárhús.  Þar er hellirinn þá jafnan hreinsaður út sem best mátti verða og forskálinn að sama skapi þokkaður til.”   pláss fyrir um 60 kindur og hæfilegt heyrými.  Á síðustu árum hefur hellirinn verið notaður sem vélageymsla.  Huldufólk bjó þar einnig.  Segir í Sunnlenskum byggðum. Í sóknalýsingu frá 1840 segir:      “Steinahellirinn er einn sá nytsamasti og merkilegasti hellir.  Var þetta fjárhellir til ársins 1820, er þá fyrir framkvæmd þáverandi hreppstjóra, Magnúsar Sigurðssonar á Leirum, tekinn til þinghúss fyrir gjörvalla sveitina.  Var þá byggt þil með tveimur gluggum framarlega í hellirsmunnanum ofan frá bergi og niður til grundvallar, svo þess hellir er sem læst og lokað hús.  Lengd hellirsins er frá þili 20 al., vídd 11 al., hæð á þili 5 al., en fyrir framan þilið er forskáli okkur 8 al, að lengd og 16 á vídd.  Í forskála þessum eru skip venjulega smíðuð vegna skýlis.”
**Heimildir:**SB IV, 14; Manngerðir hellar, 251-255; ÁG: Friðlýsingarskrá, 64

## RA-031 Varmahlíð

Talin 12 hdr. 1709, Holtskirkjueign.  1270: Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju. (DI II 84-85)  1332 Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju (DI  II, 681-682), 1480 Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju  (DI VI, 329-330). 1709:  "Silúngsveiði hefur hjer fyrrum gagnleg verið, mætti enn og so brúkast nokkur, ef atorka væri við höfð." (JÁM I, 59)  "Tæplega meðaljörð að landrými og misjafnt að gæðum." (SB IV, 132)
1709:  "Túnum spilla stórlega skriður og grjótshrun úr fjallinu, sem ábúendur hljóta með erfiðismunum oft og tíðum í burt að koma og afvenda.  Engjar eru litlar og liggja undir vatni, so sjaldan eru brúkaðar."  (JÁM I, 59)   1839:"Fjallhagar eru þar og dálitlir.  Tún stórt, en að mestu slétt, eru samt, eins og hagarnir, undirorpnir ágangi af skriðum ofan úr fjallinu."  (SSR, 41) 1924: Tún 8,6 ha, garðar 2430 m2.  "Þurrlent brekkutún úr frá bænum, grasgefnar brekkur neðan Varmahlíðardals og Varmahlíðarhamra og gróðurlítið fjalllendi í Holtsheiði.  Þetta þótti áður mikil og góð engjajörð, en engjavegur var langur og erfiður utan af Holtsmýri." (SB IV, 132) "Varmahlíð hefur byggzt snemma á öldum og nýtur en um sumt fornrar sérstöðu

með haga og heiðarland, en slægjur jarðarinnar liggja nú á víð og dreif innan um slægjur annarra Holtshverfisjarða." (Ö-Holtshverfi, 3)

**RA-031:001** *Varmahlíð* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

# RA-032 Holt

1709: Talin 50 hdr, til forna, annars óviss, Kirkjustaður. Þorgeir Hörzki Bárðarson kaupir eystri hluta landnáms Ásgeirs kneifs og settist að í Holti. (ÍF I, 342). Jörðin nefnd í Njálssögu (ÍF XII, 89). c. 1170: Þeir [Þrír förunautar Ásólfs alskikks] onduðusk þar, en Jón prestr Þorgeirsson, faðir Gríms í Holti, fann bein þeirra ok flutti til kirkju; Landnámabók (H), (ÍF I, 63) c. 1200: Jörðin nefnd í kirknaskrá Páls, (DI XII 6) Máldi kirkjunnar [um 1270]: "Allra heilagra kirkia og stadur j hollti a þar heima land allt og varmarlid vallu og gerdar og gardzhorn med ollum fiorum þeim sem þar fylgia enn þad eru. xx. hundrat half synztu vestur-hollta fiara, half huammfiara er liggur fyrir backa. enn þad eru ix tigir fadma hins fiorda hundradz: her fylger og langanes haalft med grasnautn og vtuoxtum at þui sem alþingis domur dæmde at fyrirsogn Styrmiss prestz hins froda og grims jonssonar og hallgerdar. nials j skogum og kraks j steinum nials sonar. Grimur prestur holmsteinsson for med þetta mal þa er þad dæmdist med stadnum. ... Her fylgia einuirdis: vij skogar. j þorsmork j staung gamla nautur gatna skogur og loptz nautur lækiar skogur og tungur. inn j gil fra hofda skogi ij a askerstaudum saudungs nes allt med vtvogstvm allum: vndir saudungs hamrum: og saudungs hamrar. Her fylger xxx: sauda hofn j vestur hollte og fa skæde med stodhrossa hofn vetur og sumar fyrer vtann sandlæk. hundradz lamba hofn i langafell." (DI II 84-85) [1332]: Máldagi kirjunnar: "Allra heilagra kirkia vndir fiollum j hollti aa heima land allt og varmar hlid. vaullu oc gerdar oc gardzhorn. med ollum fiorum þeim er þar fylgia. eru þat xx hundrat. halfva synztu vesturhollta fioru. huammfioru. er liggur fyrir backa. eru þat nijutigher fadma hins fiorda hundradz. Kirkian a sio skogar teiga j þorsmork. j stong. gamla nautur. gatna skogur. loptz nautur. lækiar skogar oc tungur inn j gil fra hofda skoghe. ij a akstodum. saudungsnes allt med vtvoxtum ollum vndir saudungs homrum oc saudungs hamra. nautta rett or hollt oc vtlondum j langanes. vtvoxtu halfva firi ollu langhanesi. c lamba afrett j lambafell. xxx sauda hofn j vesterhollt. xl. lambgymbra beit j hrutholma. stodhrossa hofn vetur oc sumar. firi vtann sanndlæk." (DI II 681-682) 1363: "[séra Hafliða Magnússon á Breiðaólsstað og séra Orm Hauksson greindi á um fjörumörk staðanna] leiddi Ormr fram ij votta skilríka, annan Helga Bjarnarson, gamlan mann, er mörg ár hafði geymt fjörunnar staðarins í Holti, nefnandi fyrir sér Magnús bónda Hafliðason. Philippum Arnason, Hall Hallsson ok marga aðra dugandi menn, at honum hefði sagt, at þat væri mark millum fjarna þeirra, sem Hafliða ok Orm optnefnda ágreindi á um sem Hesteyra bryddi undan Elliðaey; annan Þorgeir Helgason, sem eptir föður síns orðum sagði þetta sama mark I millum fjarnanna, at Hestaeyra skyldi brydda undan Elliðaey; höfðu ok þeir báðir feðgar langa tíma geymt þessar fjörur staðrins í Holti [og voru þessi fjörumörk dæmd Holtskirkjuí hag]" (DI III 188-189) Máldagi kirjunnar [1367]: "vj. Kirkia j holltte vnder eyafiollum a heima land allt med gognum og gæidum." (DI III 216) Máldagi kirkjunnar [um 1480]: "Allra heilagra kirkia j hollte vnder eyiafiollum a heima land allt med gognum oc giædum. varma hlid oc gerdar. gardzhorn. nyia bæ til ytuztu vmmerkia vid annara manna jarder. med ollum þeim fiorum sem þar med fylgia. eru þat xxc fioru firir sialfre jordunne. halfa synztu vesturhollta fioru. huamms fioru. er liggur firir backa. eru þat lxl fadma hins fiorda hundradz. oc cc fioru er liggur firir nyia bæ. ... kirkiann aa vij. skogar teiga j þorsmork. j staung. gamla nautur. gatna skogur. loptz nautur. lækiar skogur. oc tungur inn j gili. fra hofda skogi. ij a askstodum . saudungsnes allt med vtvoxrum ollum vndir saudungs hamra. nautareckstur or hollti oc vtlondum j langanesi. vtvoxtu alla firir langanesi. c. lamba afrett j lambafell. xxx. sauda hofn j vesturhollt. xl lambgymbra beit j hrutholma. stodhrossahofn vetur oc sumar firir vtan sandlæk. (DI VI 329-330)
11.6.1499: Vitnisburður um að Árni bóndi Guðmundsson hafi gefið Holtskirkju hálfa jörðina Svartsbæli í Steinakirkjusókn með 5 kúgildum (DI VII, 431-32). Í gömlum máldaga í Skálholti stendur [c. 1591] "kirkian j hollti aa halfa synstu veturhollta fioru. huams fioru er liggur firir backa. eru þat lxl fa[dmar] hins fiorda hundrdz . . . . . . [fior]u er liggur firir nyab[æ]..." (DI III 192 nm) Fornvistfræðilegar athuganir sem gerðar voru í Holti sönnuðu forna byggð þar eða frá því um landnám. Buckland, P: "Holt in Eyjafjallasveit..." 252-269.
1847:. "Staðurinn a hagaþraungt, og eru fjallhagar engir, nema en litla Holtsheiði, og stundum leggur "hagamýrina" undir, þegar Holtsós flóir yfir. Reka á staðurinn bæði fyrir eigin landi, á Holtsfjöru, á

kirkjujarðanna Vesturhollta of Nýkabæjar fjörum, og fyrir Bakka landi í Landeyjum, á svo kallaðri Mariufjöru og Hvammstúf. Kirkjan á skóg í Þórsmörk, Sauðungsnes allt og helming skógar í öllu Lánganesi, frá Sauðá og inn að Steinaskógi; sömuleiðis nauta afrétt í Lánganesi, og 120 lamba afrétt í Lambafelli, sem prestur þó eigi veit hvar er, líka 40 lambgimbra beit í Hrúthólma, og stóðhrossa beit vetur og sumar fyrir utan Sandlæk, svo og sauða höfn fyrir 30 sauði í Vesturholti, sem þó er allt til lítilla eða engra nota, og amast Stóru-Merkur menn við pening, sem rekinn er á Lánganes. Í Holtsós er sela- og silúngsveiði frá staðnum, en kemur sjaldan að miklu gagni. Útræði má og hafa frá staðnum, en það er örðugt þegar Holtsós stendur uppi og vegurinn verður lengri til skipstöðu. Staðnum fylgja í lifandi pening 3 ½ hundrað í hestum, en kirkjukúgildi eru 31 ½ að tölu, sem staðarhaldarinn nýtur leigna eptir. Hjáleigurnar byggjast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Indriðakot | 2 kúg. | 40 al. lsk. |
| Efstakot | 1 kúg. | 30 al. lsk. |
| Hellnahóll | 2 kúg. | 60 al. lsk. |
| Brenna efri | 1 kúg. | 50 al. lsk. |
| Brenna syðri | 1 kúg. | 50 al. lsk. |
| Eitra | 1 kúg. | 30 al. lsk. |
| Efsta-Grund | 1 ½ kúg. | 70 al. lsk. |
| Mið-Grund | 1 kúg. | 60 al. lsk. |
| Syðsta-Grund | 1 kúg. | 50 al. lsk. |

Kirkjujarðirnar:

| | | |
|---|---|---|
| Varmahlíð | 3 kúg. | 60 al. lsk. |
| Svaðbæli hálft | 3 kúg. | 80 al. lsk. |
| Ormskot | 2 kúg. | 1 h. lsk. |
| Vallnatún | 6 kúg. | 1 h. 30 al. lsk. |
| Gerðakot | 2 kúg. | 80 al. lsk. |
| Vesturholt | 2 kúg. | 80 al. lsk. |
| Lambhúshóll | 1 kúg. | 40 al. lsk. |
| Lambhúshólskot | 1 kúg. | 40 al. lsk. |
| Nýibær | 2 kúg. | 60 al. lsk. (JJ; 47-48) |

"Reka á staðurinn mikinn og gagnlegan þegar til vill fyrir sínu landi, so og rekaítak fyrir Bakklanadi í Eystri-
Landeyjum, sem nú kallast Hvammstúfur. Selveiði og silúngsveiði hefur fyrrum nokkur verið, nú minni og næsta að engu gagni, því silúngsgengdin þverrar, og þar fyrir er hún ekki so tíðkuð." (JÁM I, 62) 1709 eru hjáleigur Hellnahóll, Glóra (í eyði) Einarskot, Harðivöllur, Brenna, Lækjarbakki (í eyði, bæði býlin), Efstakot, Efri-
Grund, Syðri-Grund, Árbakki og Fornasel. Þrjár síðasttöldu í eyði. Einnigi voru í byggð hjáleigurnar Eitra og Holtsvöllur á 19. öld.
1709: "Túnum staðarins og nokkru af slægjum hefur Holtsá stórlega spilt, fyrrum smámsaman, en á næsta sumri þriðjúng túnanna aftekið, þar tilheim að staðnum runnið og nokkuð og nokkuð af kirkjugarðinum niðurbrotið; er fyrir manna sjónum, að haldist henni sami farvegur framvegis, liggi staðurinn undir foreyðing. Heyskap á engjunum spillir sumtíðis Holtsós, nær hann lengi uppi stendur og útrásinni hamlar brim og sandur." (JÁM I, 62) 1839: "Túnin mikið af sér gengin, bæði minni en áður voru og hingað og þangað með sandflögum, sem allt eru leifar efir Holtsá, sem oftar hefir borið leir og sand yfir meiri part túnsins og yfir utantúnsslægjur, sem áður skulu hafa verið töluverðar kringum túnið." (SSR, 47-48). 1847: "Af staðartúninu, sem er mjög undirorpið sand- og leiráburði úr Holtsá, fást 120 hestar en þriðjúngur þaraf er þó mýrgresi. Á eingjarnar er lágnur vegur og slæmur, og spillast þær líka ástundum, bæði af sandfoki, og þegar Holtsós flóir yfir og liggur of lengi á þeim en þegar í ári lætur eru þær loðnar." (JJ, 47). 1924: Tún 6 ha, garðar 2830 m2.

**RA-032:001** *Holt* bæjarhóll búustaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

**RA-032:002** heimild um kirkju
Í garðinum beint fyrir framan (sunnan) bæjarhúsið.
HOLT UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) -Allraheilagra

c. 1170: Þeir [Þrír förunautar Ásólfs alskikks] onduðusk þar, en Jón prestr Þorgeirsson, faðir Gríms í Holti, fann bein þeirra ok flutti til kirkju; Landnámabók (H), ÍF I, 63
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6
[um 1270]: gamall maldagi
Allra heilagra kirkia og stadur j hollti a þar heima land allt og varmarlid vallu og gerdar og gardzhorn med ollum fiorum þeim sem þar fylgia enn þad eru. xx. hundrat half synztu vestur-hollta fiara, half huammfiara er liggur fyrir backa. enn þad eru ix tigir fadma hins fiorda hundradz: her fylger og langanes haalft med grasnautn og vtuoxtum at þui sem alþingis domur dæmde at fyrirsogn Styrmiss prestz hins froda og grims jonssonar og hallgerdar. nials j skogum og kraks j steinum nials sonar. Grimur prestur holmsteinsson for med þetta mal þa er þad dæmdist med stadnum.

Her fylgia x messu fot og iiij kalekar xij manada tijda bækur og sumar tuennar og fioldi sagna boka kluckur vi. skrin og smellta kross alltara steinar iij. plenarium. huslker a silfri. rodu krossar iij mariu skriftt og jons likneske baptiste. Olafs likneski ij. þorlaks skriftt: Tiaulld vm huerfis j kirkiu og ketill fyrer skirnar font og vmmbuningur hans, kantarakapur iij: og vi sloppar: v: alltara klædi a ha alltara: enn: ij a hinum, munnlaugar iiij og vatndyr glodarker og elldbere og kertistikur v. og bakstur jarn.

Her fylgia einuirdis: vij skogar. j þorsmork j staung gamla nautur gatna skogur og loptz nautur lækiar skogur og tungur. inn j gil fra hofda skogi ij a askerstaudum saudungs nes allt med vtvogstvm allum: vndir saudungs hamrum: og saudungs hamrar. Her fylger xxx: sauda hofn j vestur hollte og fa skæde med stodhrossa hofn vetur og sumar fyrer vtann sandlæk. hundradz lamba hofn i langafell. Þessi afvinna er af fæ þessu at hier skolo vera ij prestar og diakn:

messa skal her vera huern dag: og ij daga j viku tuer. ij: messur vmm alla jola faustu og langafaustu og vigiliudaga alla: ij messur annan huern dag j ix vikna fostu: sex dægra er her og skylld. fyrir allra heilagra messu hallda heilakt sebastianus messu.

þat var leyfi herra Magnus byskups at heilagt skylldi hallda Decollationem johannis baptiste og fasta fyrir vmm dag. enn þat var logrettuborit af Olafi abota

og þar lagdi þorgeirr bondi og þorny husfreyia hans til stadarins iiijc fioru. Máld DI II 84-85
1303: brotin kirkia i Hollti vndir Eyia fiollum; Flateyjarannáll, IA 389
Veðr braut kirkiv j Hollti vndir Eyia fiollum; Skálholtsannáll, IA 200
1326: Veðr bravt kirkiu ... i Hollti undir Eyia fióllum; Skálholtsannáll, IA 205
1326: Anno Domini M°. ccc°. xx°. vj°. voru reiknut stadarfe j hollti vid sira odd suarsson. provadizt suo at kirkia ætti xx kyr. attatigi asaudar. oc ij ær. xijc j metfie. husgognum edur audru þui stadnum hagar. halft fiorda hundrad j reflum. DI II 581
[1332]: Hollt. Gamall maldagi.
Allra heilagra kirkia vndir fiollum j hollti aa heima land allt og varmar hlid. vaullu oc gerdar oc gardzhorn. med ollum fiorum þeim er þar fylgia. eru þat xx hundrat. halfva synztu vesturhollta fioru. huammfioru. er liggur fyrir backa. eru þat nijutigher fadma hins fiorda hundradz.

her fylgia atta ær oc tiutigher. tuær kyr oc xx. tolf hundrat j metfie.

x hokla. messu fot niu. kaleka iij. bakstur jarn ii. merki tuo. krossa iij. oc er einn smelltur. skrijn. alltaris steinar iij. textum euangeliorum. ij munnlaugar. kluckur vij. mariuskriftt. jons skriftt baptiste. þorlaks oc olafs. tiolld vmmhuerfis kirkiu. kapur iiij. sloppar iiij. alltara klædi vj. ketil oc skirnarketil. annann med fontz vmmbunade. glodarker. ij. oc elldbera. huslker ij af silfi oc er annat gyllt vel oc sæmilight. fym hundrat j bokum. messingar stikur ij. jarnstiku. tabulum yfer alltari. messufata stack. corporale sæmiligth. alltaris duka iij.

Kirkian a sio skogar teiga j þorsmork.
j stong.
gamla nautur.
gatna skogur.
loptz nautur.
lækiar skogar oc tungur inn j gil fra hofda skoghe.
ij a akstodum.
saudungsnes allt med vtvoxtum ollum vndir saudungs homrum oc saudungs hamra.
nautta rett or hollt oc vtlondum j langanes.
vtvoxtu halfva firi ollu langhanesi.
c lamba afrett j lambafell.
xxx sauda hofn j vesterhollt.
xl. lambgymbra beit j hrutholma.

stodhrossa hofn vetur oc sumar. firi vtann sanndlæk.
Stadurinn skal hafa oleighis sandhola feriu. huern tijma er hann þarf.
Þar skulu vera ij prestar oc diaknn.
Þangat liggia vnder ix bæier at tijundum oc lysitollum. eru her af iij bænhus oc tekst half mork af hverre.
af kirkiunni at gnupi ij merkur.
c. hest oc c voru. Máld DI II 681-682
1363: [séra Hafliða Magnússon á Breiðaólsstað og séra Orm Hauksson greindi á um fjörumörk staðanna] leiddi Ormr fram ij votta skilríka, annan Helga Bjarnarson, gamlan mann, er mörg ár hafði geymt fjörunnar staðarins í Holti, nefnandi fyrir sér Magnús bónda Hafliðason. Philippum Arnason, Hall Hallsson ok marga aðra dugandi menn, at honum hefði sagt, at þat væri mark millum fjarna þeirra, sem Hafliða ok Orm optnefnda ágreindi á um sem Hesteyra bryddi undan Elliðaey; annan Þorgeir Helgason, sem eptir föður síns orðum sagði þetta sama mark I millum fjarnanna, at Hestaeyra skyldi brydda undan Elliðaey; höfðu ok þeir báðir feðgar langa tíma geymt þessar fjörur staðrins í Holti [og voru þessi fjörumörk dæmd Holtskirkjuí hag] DI III 188-189
[1367]: vj. Kirkia j holltte vnder eyafiollum a heima land allt med gognum og gæidum; Hítardalsbók DI III 216
[um 1480]: Hollt
Allra heilagra kirkia j hollte vnder eyiafiollum a heima land allt med gognum oc giædum. varma hlid oc gerdar. gardzhorn. nyia bæ til ytuztu vmmerkia vid annara manna jarder. med ollum þeim fiorum sem þar med fylgia. eru þat xxc fioru firir sialfre jordunne. halfa synztu vesturhollta fioru. huamms fioru. er liggur firir backa. eru þat lxl fadma hins fiorda hundradz. oc cc fioru er liggur firir nyia bæ. vij kyr oc xx. c asaudar. oc ij naut tuæuetur. iij veturgomul. eitt fiog[ur]a vetra. iij kalfa. oc vj saude veturgamla. v hestar þreuetrer grader oc iij fullroskner. eitt hross. jtem vij manna messuklædi fær. oc ij onnur oc bresta til hofudlinenn. jtem ij serker oc ij lasner. hoklar vonder oc eitt handlijn. iiij kapur. oc ij sloppar. iij alltaris klædi oc iiij bruner oc einer fordukar aa haalltaret. ij alltarisklædi a framme alltarin med iij brunum. ein dalmadica vond. fonts vmbuningur allur. ij merki. iij kaleikar. iij altaris steinar.
kirkiann aa vij. skogar teiga j þorsmork. j staung. gamla nautur. gatna skogur. loptz nautur. lækiar skogur. oc tungur inn j gili. fra hofda skogi. ij a askstodum . saudungsnes allt med vtvoxrum ollum vndir saudungs hamra. nautareckstur or hollti oc vtlondum j langanesi. vtvoxtu alla firir langanesi. c. lamba afrett j lambafell. xxx. sauda hofn j vesturhollt. xl lambgymbra beit j hrutholma. stodhrossahofn vetur oc sumar firir vtan sandlæk. stadurinn skal hafa oleigis sandholaferiu. huern tijma er þarf.
þar skulu vera ij prestar oc diakn. þangad liggia vndir .ix. bæir at tiundum oc lysitollum. eru hier j iij bænhus oc tekzt half mork af hueriu. af kirkiunni at gnupi. ij merkur.
hudradz hest oc c voru.
xxx letorfna j sydre veturhollt aarliga.
jtem a kirkiann bakstur jarn. brik stora yfir alltari. oc adra sæmiliga firir alltari. krossar ij med kopar. skrijn sæmiligtt. propiciatorium med silfur gyllt. kross smelltur med vndirstodum oc annar maladur. ij mariulikneski. olafs skriftt. þorlaks skriftt. johannis likneski baptiste. barbaru likneski. jarnstiku stora. glodarker. jtem graduale. sequentiu bok. psalltara. pistlar oc gudspjoll de tempore. fra aduentu til paska. aspiciensbok. paskabok. missale oc matutinale framann til de trinitate. ordubækur ij. item breuer er tekur til ad paskum oc til aduentu oc er syngjandi ad hatijdir. vj. kluckur. ein bialla. skrudakista.
Brast sira sveinn palson vid kirkiuna þa er hann slepti halft vc. j metfee.
porcio vmm viij aar oc mortualia slik sem fellu. Máld DI VI 329-330 [AM 263 fol, bl. 38-39; Þjsks Bps A II, 1, bl. 124b]
11.10.1494: Jörðin Vesturholt er í Holtskirkjusókn. DI VI, 676
11.6.1499: Vitnisburður um að Árni bóndi Guðmundsson hafi gefið Holtskirkju hálfa jörðina Svartsbæli í Steinakirkjusókn með 5 kúgildum í sitt testamenti sér og sinni kvinnu til sáluhjálpar, með þeim skilmála að kirkjutíund og prests skyldi lúkast til kirkjunnar á Steinum. DI VII, 431-32.
Kirkjan hefur brunnið rétt fyrir [1531]. -Máld DI IX 606.
1553: Máld DI XII 648
1575: Máld DI XV 671-672
[c. 1591] j gomlum maldaga I skalhollti stendur.
kirkian j hollti aa halfa synstu veturhollta fioru. huams fioru er liggur firir backa. eru þat lxl fa[dmar] hins fiorda hundrdz . . . . . . [fior]u er liggur firir nyab[æ] . . . . . DI III 192 nm [AM Fasc LXXVI skr. c. 1591-1600 skrfað neðan við fjörumerkjaskrá Breiðabólstaðarkirkju og er rotið neðan af blaðinu. Á

blöðunum er einnig afhending Breiðabólstaðar 1591]
1709: kirkjustaður og beneficium; JÁM I: 62
27.2.1880: Stóra-Dalssókn lögð undir Holt; (PP, 55) [lög]
1847: Af staðartúninu, sem mjög er undirorpið sand- og leirburði úr Holtsá, fást 120 hestar, en þriðjúngur þaraf er þó mýrgresi. Á eingjarnar er lángur vegur og slæmur, og spillast þær líka ástundum, bæði af sandfoki og þegar Holtsós flóir yfir og liggur of leingi á þeim, en þegar í ári lætur eru þær loðnar. Á staðnum er haldið að til samans verði fóðraður 26 kúa þúngi. Staðurinn a hagaþraungt, og eru fjallhagar engir, nema en litla Holtsheiði, og stundum leggur "hagamýrina" undir, þegar Holtsós flóir yfir. Reka á staðurinn bæði fyrir eigin landi, á Holtsfjöru, á kirkjujarðanna Vesturhollta of Nýkabæjar fjörum, og fyrir Bakka landi í Landeyjum, á svo kallaðri Mariufjöru og Hvammstúf. Kirkjan á skóg í Þórsmörk, Sauðungsnes allt og helming skógar í öllu Lánganesi, frá Sauðá og inn að Steinaskógi; sömuleiðis nauta afrétt í Lánganesi, og 120 lamba afrétt í Lambafelli, sem prestur þó eigi veit hvar er, líka 40 lambgimbra beit í Hrúthólma, og stóðhrossa beit vetur og sumar fyrir utan Sandlæk, svo og sauða höfn fyrir 30 sauði í Vesturholti, sem þó er allt til lítilla eða engra nota, og amast Stóru-Merkur menn við pening, sem rekinn er á Lánganes. Í Holtsós er sela- og silúngsveiði frá staðnum, en kemur sjaldan að miklu gagni. Útræði má og hafa frá staðnum, en það er örðugt þegar Holtsós stendur uppi og vegurinn verður lengri til skipstöðu. Staðnum fylgja í lifandi pening 3 ½ hundrað í hestum, en kirkjukúgildi eru 31 ½ að tölu, sem staðarhaldarinn nýtur leigna eptir. Hjáleigurnar byggjast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Indriðakot | 2 kúg. | 40 al. lsk. |
| Efstakot | 1 kúg. | 30 al. lsk. |
| Hellnahóll | 2 kúg. | 60 al. lsk. |
| Brenna efri | 1 kúg. | 50 al. lsk. |
| Brenna syðri | 1 kúg. | 50 al. lsk. |
| Eitra | 1 kúg. | 30 al. lsk. |
| Efsta-Grund | 1 ½ kúg. | 70 al. lsk. |
| Mið-Grund | 1 kúg. | 60 al. lsk. |
| Syðsta-Grund | 1 kúg. | 50 al. lsk. |

Kirkjujarðirnar:

| | | |
|---|---|---|
| Varmahlíð | 3 kúg. | 60 al. lsk. |
| Svaðbæli hálft | 3 kúg. | 80 al. lsk. |
| Ormskot | 2 kúg. | 1 h. lsk. |
| Vallnatún | 6 kúg. | 1 h. 30 al. lsk. |
| Gerðakot | 2 kúg. | 80 al. lsk. |
| Vesturholt | 2 kúg. | 80 al. lsk. |
| Lambhúshóll | 1 kúg. | 40 al. lsk. |
| Lambhúshólskot | 1 kúg. | 40 al. lsk. |
| Nýibær | 2 kúg. | 60 al. lsk. |

Landskuldin af öllum þessum hjáleigum og jörðum er borguð að helmingi í smjöri á haustin (nokkuð meira og nokkuð minna á sumum), og að helmíngi í fríðu á vorin, en leigur allsstaðar í smjöri, og svara sérhver leigulið þar á ofan skips áróðri í "Holtsvörum" (10 al.), hestláni útá Eyrarbakka eða annan eins veg (5 al.) og dagsláttu (5 al.), til samas (metið af presti) 20 al. Fasteignr tíund er talin 60 al., lausafjár tíund, að 5 ára meðaltali, 51 al., heytollar 60 og dagsverk 46. Presturinn leggur uppgjafa prestum og fátækum presta ekkjum árlega (ótiltekið). JJ; 47-48
3.5.1889: ákveðið að flytja Holtskirkju til Ásólfsskála; (PP, 55) [landshöfðingjabréf]
16.11.1907: Eyvindarhólaprestakall lagt niður og sóknin lögð til Holts; (PP, 54) [lög] Kirkja þessi brotnaði í stormi og ofvirði 1889 og var þá flutt að Ásólfsskála. Torfhleðsla eftir sr. Jónas M. Guðjónsson um 1940 sem þáttur í skrúðgarðsskipulagi. Í suðurveggnum er leiði sr. Sveinbjarnar Guðmundssonar d. 1885. Var við austurgafl kirkjunnar, syðst.
**Heimildir:**29.7.1980

**RA-032:021** tóft
Suður af Efstu-Grund, í skika sem á líklega að slétta í tún, vestur af RA-042, ræktaður túnskiki á milli.
Flatt graslendi, hefur líklega verið sléttað einhvern tíma en er nú óslétt.
Ferhyrnd tóft að hluta horfin í skurðuppburðinn, lengd 4,3m, breidd 3,3m, það sem nú sést hefur án efa náð undir þar sem nú er skurðframburður, lengd vísar í 214.

**Heimildir:**31.7.1980

**RA-032:024** *Njóladalsrétt* hleðsla rétt
Við Fjallsrætur Holtsmúlans vestanverðan, austan Holtsár. "Klifið er neðan við Svarthamrana við Holtsá. Á því innanverðu er er rúst eða byrgi. Þar stóð Holtsrétt fyrr á öldum." Segir í örnefnaskrá "Einhverjar sagnir eru um samkomustað, eða n.k. leiðarþing, á Dalbökkum, fyrir vestan Njóladalsrétt, norðan við Holt. Þaðan er talið, að þingstaður Eyfellinga hafi verið fluttur heim að Holti ..."
Réttin er grafin inn í hlíð, uppgróinn aur árinnar að vestan, gjallshlíðin grasi gróin og skriðuhlaup að austan.
Réttin er grafin inn í hlíðina að NA, grjóthlaðin bæði þar og annars staðar. Vísar í 220°. Í henni eru tveir stórir almenningar, annar hefur líklega haft kró í einu horni, og e.t.v. 3 krær í röð út frá NV hliðinni - aðeins sú vestasta er þó greinileg. (i) Langhlið NAasta almennings í 220°11,2m + veggjaþykkt 12m + langhlið (ii) 20,1m, dýpt 1,4m, breidd 9,3m, óregluleg í laginu. Króin í SA horninu er um 2,2m á langhlið í 220°og 1,2m á breidd. (ii) Liggur neðar en (i). Breidd 6,3m + veggjaþykkt 7,3m. (iii) Á mörkum milli (i) og (ii), út úr NV hliðinni er eina króin sem er greinileg. Breidd (ii) + (iii) 11,5m, langhlið (ii) 3m + veggjaþykkt 3,9m. Mikill sandur er inni í (i). Engar greinilegar dyr á (i) - e.t.v. í suður horninu - hrunið.
**Heimildir:**Ö-Holtshverfi, 6

**RA-032:029** heimild um lendingu
1709: "Útræði er hjer brúkað, þó oftast mjög hættusamt sökum brims og hliðaleysis; sækir hingað fólk til róðra, sumparts fyrir utan vatns undir Eyjafjöllum, nokkrir sumtíðis úr Fljótshlíð, fáir af Rángárvöllum."
KK: "Í Birkupasögum er sagt af kaupmönum sem lágu í Holtsvatnsósi og gátu lengi ekki komizt úr ósnum. Einnig segir í Flateyjarbók að Arnaldur Grænlandsbiskup lenti í Holtsvatnsósi á leið sinni frá Noregi til Grænlands, og í sömu heimild segir að Áólfur kristni hafi komið þar út." "Get má þess, að Holtsós var fyrr á öldum höfn. Segir í Ferðabók E.Ó. og B.P., að við Holtsós; "Sjáist enn tóftir verslunarbúðanna." Þær munu hafa verið vestan við Arnarhól, sem er klettur við norðanverðan ósinn. Sjást þar nú lítil ummerki eftir. Í Arnarhóli eru göt, sem höggin hafa verið í bergið. Hyggja menn, að þar hafi skip verið bundin fyrrum. Nú hefur Holtsá fyllt þar svo upp, að nokkur spölur er venjulega frá klettinum að ósnum." Segir í Sunnlenskum byggðum.
**Heimildir:**JÁM I, 62; KK I, 200; SB IV, 113

## RA-033 Indriðakot

Hjáleiga Holts. "Þetta er vestasta býli í Holtshverfi, áður hjáleiga frá Hoti. Þar reisti fyrst byggð Indriði Einarsson (f. 1721) um 1750. Jörðin er mjög landlítil en landið er algróið og grasgefið. Votlendi var hér áður á alla vegu út frá bæ en hefur nú verið þurrkað og ræktað í tún." Ábúendur nytja Vestur-Holt. (SB IV, 141).
1839:"... hún er í miðjum högunum seem til eru, og svo stutt á engjar hennar fyrir utan Rimhúsár og á slægjurnar á hagmýrinni. Tún eru þar lítil og heldur mýrlend." (SSR, 44). 1924: Tún 2,9 ha, garðar 1510 m2.

**RA-033:001** *Indriðakot* bæjarhóll bústaður
Beint vestur af bænum, suður af göngubrú yfir Írá. Sunnan vegar í túni.
90° í Indriðakot, 110° í Vallnatún, 66° í björnskot. 14m x 12,7m að umfangi, hæð 0,75m.
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-034 Efstakot

Hjáleiga Holts. 1709. "Er fyrst byggð áður nokkur manna til man." (JÁM I, 66) Í eyði frá 1891.
"Af túnum tók Holtsá í sumar tvo parta, og er ei sýnilegt þar bót á verði. Bænum er og so fyrir ánni mjög hætt. Engjar liggja undir skaða fyrir Holtsós, so sem heimastaðarins." (JÁM I, 66) 1839: "Þessi jörð er nú mikið af sér gengin, einkanlega tún hennar, sem Holtsá hefur borið grjót yfir. ... Túnið sem ennþá er eftir er slétt. Engjar eru á habmýrinni og nokkuð fyrir utan Rimhúsál, og eru þær heldur litlar." (SSR, 41-42).

1924: Garðar 620 m2.

**RA-034:001** *Efstakot* bæjarhóll bústaður

"Bærinn stóð upp frá Holti og er bæjarstæðið rétt norðan við Suðurlandsveg, lítt raskað. Þarna hefur byggð hafist fyrir 1600. Jörðin lá löngum undir áföllum af Holtsá og framar öðru er til hennar að rekja eyðingu byggðar." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Til útnorðurs af Harðavelli er Efstakot, rétt við þjóðveginn." Segir í örnefnaskrá Í túnhorninu norðan þjóðvegar, NA af Holti.

Tún hefur nú allt verið sléttað nema rétt hér í horninu. Vegurinn liggur fast suður af.

Hér er nú lítið að sjá nema mjög gróskumikið gras og veggjabrot að sunnan (sunnan við girðingu) og að norðanverðu. Úr túnjaðrinum í 124° liggur veggurinn 23 skref, er hæð hans mest 1,2m, beidd um 1m, þá

**Heimildir:**SB IV, 137; Ö-Holtshverfi, 12

# RA-035 Hellnahóll

Hjáleiga Holts. 1709: " ... hennar fyrstu bygð muna menn ekki." (JÁM I, 63). "Hellnahóll stóð sunnan undir Hotsnúpi, rétt við skriðuræturnar. Bærinn var kenndur við hella, sem voru í bæjarhólnum. ... Jörðin átti framan af sérskipt land. Um það vitnar ... örnefnið Merkigarður í Varmahlíðarbrekkum. Hún átti útmælt skákaskipti í Vallatúnsengjum og á Holtsmýri. Þótti áður notalegt býli. Byggð þarna var dauðadæmd, er Holtsá var veitt suður með Holtsnúpi árið 1912." (SB IV, 136)

1709: "Engjar liggja undir skaða af Holtsós." (JÁM I, 63) 1839:"Hún stendur framan undir Holtsnúp norðanvert við Holtsá, sem hefur spillt túni hennar og næstu engjum, sem svoog líka skriður fjallhögunum í brekkunum þar austur og vestur með, sem nú eru að mestur orðnar tómt grjót og sandur. ... Heyskapur er hér töluverður; er hann bæði fyrir sunnan Valatún og út á Hagmýri." (SSR, 41)

**RA-035:001** *Hellnahóll* bæjarhóll bústaður

“Hellnahóll stóð sunnan undir Hotsnúpi, rétt við skriðuræturnar. Bærinn var kenndur við hella, sem voru í bæjarhólnum. Rúst hans er austan við Holtsárbrúna norðan þjóðvegar. Jörðin átti framan af sérskipt land. Um það vitar m.a. örnefnið Merkigarður í Varmahlíðarbrekkum. Hún átti útmælt skákaskipti í Vallatúnsengjum og á Holtsmýri. Þótti áður notalegt býli. Byggð þarna var dauðadæmd, er Holtsá var veitt suður með Holtsnúpi árið 1912.” Segir í Sunnlenskum byggðum “Fram undan Holtsnúpi er eyðibýlið Hellnahóll. Hann dregur nafn af hellum, sem í hólnum hafa verið til skamms tíma. Til forna fylgdi allur Holtsnúpur, sunnanverður, Hellnahólnum ...” Segir í örnefnaskrá Rétt SA Holtsár, rétt austan við þjóðveginn.

Hér er nú lítið gróðurlendi í kring. Mýrin er blaut NA bæjarstæðisins og svo fjallshlíði þar sem nú er grjótnám.

Rústasvæðið er allhár hryggur hæð um 4m sem vísar í 122°. Húsin liggja hornrétt eða svo til á hryggnum frá báðum hliðum mest þó að sunnanverðu, en þar hefur líklega verið gengið inn í bæinn. Langhlið alls hólsins 80,1m breidd hins saman 30,5m. Austar, austan við veg, þann sem liggur í grjótnámuna, eru þrjár samsíða tóftir, líklega útihús (fjárhús). Bæjarsamstæðan: a) NVast í samsteypunni, ferhyrnd tóft, lengd 10m, breidd 9,3m, líklega útihús, ef til vill skipt í miðju, ef til vill austurhlutinn líka, óljóst hæð um 2m við bakvegg, veggjaþykkt útveggja um 0,6m. Steinar sjást í veggjum, einnig timbur og járnleifar. b) Austur af a) er ferhyrnd tóft, opin í norður. Er nú bara eins og aflíðandi brekka, en hefur líklega verið eitthvað. c) Stór ferhyrnd tóft ekki mjög greinleg, lengd 9,3m, breidd 4,5m. d) Nyrsti veggurinn heldur áfram í vestur – e.t.v. eftir byggingar. e) Lítil ferhyrnd tóft suður af c), lengd 4,2m, breidd 2m, vísar í 142°. f) Ferhyrnd tóft þvert á e), vísar í 244°, lengd 5m, breidd 4,2m, opin í suður. g) Líklega tóft, opið í vestur nú er þarna lítil mynd á nokkru, sér þó greinilega í hleðslu í austurgafli. h) Ferhyrnd tóft, lengd í 122° 5,6m, breidd 4m. Norðurgaflar næstu tóftar. vísa í 144°. i) Ferhyrnd tóft vísar í 230°°, lengd 5,2m, breidd 3m, dyr í suður. E.t.v. voru dyr inn í j) úr NA horninu. j) Ferhyrnd tóft, lengd 4,8m, breidd 2,5m, líklega dyr í suður. k) Ferhyrnd tóft lengd 5,3m, breidd 5m, líklega dyr í suður. l) Hér hefur líklega verið tóft, nú eru veggir svo til máðir út. m) Ferhyrnd tóft, vísar í 194°, breidd 2m, líklega bæjargöngin. Allar mælingar eru innanmáls.

“Vestan við hana [003] tóftarsamstæða bæjarhúsa. Austast þar er hlöðutóft. Vestan við hana er baðstofutóft, og mótar fyrir dyrum norðanverðu vestur í bæjardyr. Bæjardyr vestan við baðstofu. Úr þeim var genfið norður í hlóðaeldhús sem stóð bak við húsin og sneri þvert á þau uppi á háhólnum. Hlóðir voru í vesturenda, taðsteil í austurenda. Ég [ÞT] man tóftina uppistandandi. Var rifin 1933 og grjótið tekið í

Holtsendagarðinn. Úr innanverðum bæjardyrunum var gengið vestur í búr sem var með stefnu sem var með stefnu í NV. Framan við brúrið var skemma (vestan bæjardyra). Þil hennar var borið í heilu lagi austur að Varmahlíð er húsið var rifið. Vestan við skemmuna var fjós með drá miðjum suðurvegg, þessar tóftir sjást allar. ... Nágrannabændur í Ormskoti og Vallnatúni tóku grjót úr tóftunum í Hellnahól og fluttu heim til sín." segir Þórður Tómasson í athugasemdum við handrit GS
**Heimildir:**SB IV, 136; Ö-Holtshverfi, 7; GS. Handrit að byggðasögu

## RA-036 Brenna efri

Hjáleiga Holts. 1709, menn telja hana hafa verið í byggð í um 100 ár. Þá var jörðinni skipt í 3 parta og var byggt á tveimur þeirra en þriðjung hafði presturinn til slægna, sá partur talinn fóðra 5 kýr, hinir saman 14 kýr. (JÁM I, 64-65). Nú innan túns á Ormskoti. Í eyði frá 1858. (SB IV, 136-137)
1839:"Túnin sem eru ekki mjög lítil og ekki ógrasgefin, en þó undirorpin árlegu sandfoki af Holtsáraurum fyrir austan bæinn. Engjar eru þar og bærilegar og heldur grasgefnar, en lagt frá, nefninlega fyrir utan Rimhúsár, og slægjur fyrir austan í Hagmýrinni." (SSR, 42)

**RA-036:001** *Brenna efri* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð steinsnar norður frá Syðri-Brennu, átti skákaskipti í heimatúnunum og engjar til jafns við Syðri-Brennu. Á 17. öld var Brennan þrískipt og þriðju partur í Brennuengjum þá lagður Ormskoti. Bæjarstæðið er enn greinilegt." Segir í Sunnlenskum byggðum. Beint norður af Ormskoti í krikanum þar sem heimtröðin beygir til að tengjast Holtshverfisveginum.
Allt í kring er óræktanlegt tún, hefur líklega verið ræktað en ekki haldið við.
Hér sér nú engin merki bæjar lengur, allt verið sléttað út. Má því sjá aðeins hól, um 0,6m háan, umfangsmikinn.
**Heimildir:**SB IV, 137

## RA-037 Brenna syðri

Hjáleiga Holts. 1709, menn telja hana hafa verið í byggð í um 100 ár. þá var jörðinni skipt í 3 parta og var byggt á tveimur þeirra en þriðjung hafði presturinn til slægna, sá partur talinn fóðra 5 kýr, hinir saman 14 kýr. (JÁM I, 64-65). Nú innan túns á Ormskoti. Í eyði frá 1900. (SB IV, 136)
1839:"... [túnið] er viðlíka stórt og hitt, en miður grasgefið, þótt það sé vallendiskenndara og líka þýfðara og liggur en heldur fyrir sandfoki austan af aurunum. Engjar á þessi hálflenda á sömu stöðum og hin fyrri og jafnstórar, en máske miður grasgefnar." (SSR, 42)

**RA-037:001** *Brenna syðri* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð um 60 m norður frá Ormskoti. Þar hefur hafist byggð um 1600. Við Brennu eru kenndar Brennuengjar fyrir utan Rimhúsaál. Á bæjarstæðinu voru fjárhús og hesthús frá Ormskoti fram um 1940." Segir í Sunnlenskum byggðum. Suður af Efri-Brennu, næts bænum Ormskoti. Norður af honum alveg við túnjaðarinn.
Hér sér aðeins móta fyrir húsum, sem vísa í 288°, dyr líklega í vestur. Lengd um 7,5m, breidd 2,5m, þó erfitt að segja til um það, önnur tóft samsíða til suður. Sennilega leifar fjárhússins og hesthússins.
**Heimildir:**SB IV, 136

## RA-038 Efri Grund

Hjáleiga Holts. Einnig nefnd Stekkjargrund. 1709. "Er bygð fyr en menn til minnast." (JÁM I, 66) Heitir nú Efsta-Grund. "Þótti áður allgóð slægjujörð og átti góðar valllendisslægjur í Fornaseli og víðar utan Rimhúsaáls. Land hennar er lítið að víðáttu en vel gróið. Sambeit við allar Holtshverfisjarðir í Holtsheiði og landskipti í ósenginu á Holtsmýri." (SB IV, 138)
1709: "Túnin liggja undir spjöllum af Holtsá, og er svo mikill partur af þeim fordjarfaður fyrir grjóti og sandi. Engjar liggja og undir skemdum af Holtsós, so sem staðurinn sjálfur." (JÁM I, 67) 1839:"... túnið, sem er stór nokkuð, en því nær allt mýrlent. Engjar eru allgóðar, en langt frá fyrir utan Rimhúsál, auk

slægnanna á Hagmýrinni, hvar hún líka hefur hagbeit, sem og líkfa fyrir ofan eður norða, kringum alfaraveginn, sem þar liggur austur úr fyrir norðan Efstakot austur yfir ána og framan undir Holtsnúp." (SSR, 43). 1924: Tún 5,8 ha, garðar 1698 m2.

**RA-038:001** *Efri Grund* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-038b Mið-Grund

"Miðgrund hét fyrst Borgargrund og síðar Syðrigrund. Þar mun upphaflega hafa staðið fjárborg frá Holti." Segir í örnefnaskrá Syðstagrund var byggð í túni Miðgrundar. (SSR, 43)
1839:"Hér eru og nokkur tún, en mýrlend. Engjar á jörðin fyrir utan Rimhúsál sæmilegar og slægjur fyrir austan álinn eins og hinar jarðirnar á Hagmýrinni, sem er þar suður undan, hafði áður víðlendara tún ..." (SSR, 43). 1924: Tún 5,1 ha, garðar 2070 m2.

**RA-038b:001** *Miðgrund* bæjarhóll býli
"Miðgrund hét fyrst Borgargrund og síðar Syðrigrund. Þar mun upphaflega hafa staðið fjárborg frá Holti." Segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**Túnakort 1924; Ö-Holtshverfi, 1

## RA-039 Syðri Grund

Hjáleiga Holts. 1709 veit engin hvenær hún byggðist fyrst en í eyði síðan 1703. (JÁM I, 67) "Hér er landþröng. Ósengi jarðarinnar á Holtsmýri er nú í samfelldri spildu og heimaland hið næsta bænum hefur verið ræktað í túnvöll. Þar var áður, ofan bæjarins, foraæðismýri, nefnd Blautamýri. Jörðin á sumarhaga fyrir sauðfé í Holtsheiði og veiðirétt í Holtsósi." Jörðin sameinuð Rimahúsum. (SB IV, 139)
1924: Tún 5,2 ha, garðar 1430 m2.

**RA-039:001** *Syðri Grund* bæjarhóll bústaður
1709: "Hús og tóftir er niðurfallið. Kann ekki aftur byggjast sökum aðþrengíngar, þar hagar og slægjur sem fyrri voru foreyðast."
**Heimildir:**JÁM I, 67

## RA-040 Ormskot

1709: Talin 10 hdr, hún hefur ekki tíundast lengi. Holtskirkjueign. Hét áður Garðshorn. 1270: Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju, 1332 Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju (DI II, 681-682), 1480 Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju (DI VI, 329-330). Munnmæli herma að kotið hafi heitið Örskot. (Ö-Holtshverfi, 1). "Þetta er landlítil jörð, nú með afskiptu landi úr Holtstorfu að öðru en sambeitarlandinu Holtsheiði." (SB IV, 134)
1839:"... túnið sem allt er þýft og sandfoki undirorpið í hvörju ári, og engjarnar sem eru fyrir utan Rimhúsár, og slægjur sem hún líka hefur í Hagmýrinni." (SSR, 42) 1924: Tún 2,2 ha, garðar 1100m2. "Jörðin átti engjaskipti á ósendi á Holtsmýri og utan Rimahúsaáls." (SB IV, 134)

**RA-040:001** *Ormskot* bæjarhóll bústaður
"Bærinn var á tímabili fluttur út í Holtsvöll, suðaustur frá Mið-Grund en 1891 fluttist hann aftur á gamla bæjarstæðið." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Hóll er framan við bæinn í Ormskoti. Þar stóð bær, meðan tvíbýli var þar." Segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**SB IV, 134; Túnakort 1924, Ö-Holtshverfi, 13

## RA-041 Vallnatún

1709: Talin 20 eða 30 hdr. jarðadýrleiki annars óviss, Holtskirkjueign. 1270: Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju. (DI II, 84-85). 1332 Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju (DI II, 681-682), ekki nefnd í máldaga 1480 (DI VI, 329-
330). Jörðin hét áður Vellir. HÞ telur nafið Vallatún réttara en Vallnatún. (HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók 1923, 16). Í eyði frá 1977.
1709: "Heyskapnum spillir Holtsós þegar hann stendur lengi uppi og liggur yfir engjum; tekur og stundum hey í stórum í burt; Holtsá grandar og mikilega engjunum með leiri og bleytu, þó hefur á næsta sumri mestur skaði þar af orðið, og sjer út til enn meira nú sem stendur vegna farvegs þess, sem áin hefur nýlega tekið og menn kunna ekki við að gjöra." (JÁM I, 61) 1839:"... túnin ... þau eru mýrlend og sárlítil, en heldur engjarnar sem eru þar rétt fram undan fram að Ósnum. Eu þær allar rennsléttar og mikið grasgefnar, en líka undir mestu áföllum af Holtsós, þegar útfallið teppist út í sjóinn, og líka af Holtsá í vatnsvöxtum." (SSR, 42). 1924: Tún 1,3 ha, garðar 1174 m2. "Þetta þótti áður mjög góð engjajörð, átti grasgefið ósengi suður frá bænum og einnig engjaskipti á Holtsmýri. Holtsá eyðilagði mikið af haglendi jarðarinnar á 19. öld og setti allt í sand umhverfis bæinn. Nú er allt þetta land að gróa upp. Holtós hefur eyðilagt um þriðjung af Valltúnsengjum og heldur sú landeyðing áfram." (SB IV, 133)

**RA-041:001** *Vallnatún* bæjarhóll bústaður

"Vallatúnið var mikil kostajörð, áður en Holtsá og Holtsós tóku að veita henni búsifjar. Á síðari öldum var henni skipt smátt og smátt í marga hluta. Urðu þeir að lokum sex, en búendur í Vallatúni munu þó aldrei hafa verið fleiri en fimm, enda var bæjarhóllinn þá svo setinn, að tveir bæjanna þar sneru bökum saman." Segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Holtshverfi, 2

## RA-042 Gerðakot

1709: Talin 12 hdr. jarðadýrleiki annars óviss, Holtskirkjueign. 1270: Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju. (DI II 84-85), 1332 Jörðin nefnd í máldaga Holtskikjru (DI II, 681-682), 1480 Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju (DI VI, 329-330). Samkvæmt fornvistfræðilegum athugunum sem gerðar voru við Gerðakot má sjá að byggð þar er eldri en frá 13. öld. Buckland, P: "Holt in Eyjafjallasveit..." 252-269. "... Gerðakot átti nærtækar og grasgefnar engjar heiman frá bæ og suður að Holtsós, auk engjaskipta á Holtsmýri." Í eyði frá 1912-14. (SB IV, 136)
1709: "Engjum hefur Holtsá stórlega spilt, einkum á næsta sumri með grjóti, leir og óklárendum og jafnvel heyskapinn nokkurn burttekið, líka er hætt við Holtsós grandi heyi í vatnavöxtum, þegar hann lengi uppi stendur." (JÁM I, 61) 1839:"... engjarnar rétt fram undan, bæði þurar og grsgefnar. Tún eru þar lítil og mýrlend. Ogsvo hér bagar Holtsós, þegar útrás hans í sjóinn teppist, því þá flóir hann upp yfir engjarnar upp undir túnið, þó hann ekki nái hér upp fyrir bæjarhólin eins og í Vallatúni. Hagar eru hér eins og hinna í Hagmýrinni, sem svo er kölluð og sem liggur vestur undan þessum bæ vestur með ósnum og upp undir bæina á miðju sléttlendinu." (SSR, 43)

**RA-042:001** *Gerðakot* bæjarhóll bústaður

"Bærinn stóð beint suður frá Holti og vestur frá Vallatúni. Þar er nú mikil og há rústadyngja, enn óröskuð, og greinilegar túngarðshleðslur. Síðast voru þar fjárhús frá Holti (til um 1930)." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Fyrir framan Holt stóð Gerðakot, sem áður hét Gerðar. Bæjarhóllinn er hár og mikill ummáls og mun lengi bera því vitni, að þar hafi byggð verið." Segir í örnefnaskrá
Hóllinn er aflangur, vísar í 306°, lengd 61m, breidd 33m, hæð 4m. Lítið er nú sjáanlegt af húsaskipan, þó má greina nokkur hús eða herbergi. 4 fremst, 2 niðurgrafin aftan við. 1. Vísar í 216°, 9m x 9m, 2. 6m x 3m, 3. 8m x 6m, 4. 7m x 5m. Aftan við: 5. 12m x 6m, 6. 5m x 3,5m. “Þessar tóftir eru eftir fjárhús með hlöðu aftan við, byggð ofan í Bæjarhólinn frá Holti og notuð 1916-1934” segir Þórður Tómasson í athugasemdum við byggðasöguhandrit GS. SV af eru þrefaldir túngarðar. NA í hólnum eru veggir sem mynda ferhyrning, nú er þar dý, hefur verið niðurgrafið, kjallari eða ef til vill hlaða. Einnig er annað niðurgrafið herbergi 3,5x5m

**Heimildir:**SB IV, 136; Ö-Holtshverfi 13; GS: Handrit að byggðasögu; GS: “Palæoekologiske undersøgelser på Holt í Eyjafjallasveit, Sydislad”, 241-215

## RA-043 Ásólfskáli

60 hdr. 1709, en heimajörðin er aðeins 30 hdr. Jarðarinnar getið í Njálu: (ÍF XII, 436). Máldagi kirkjunnar [1179]: "Sa er kirkio maldage at Asolfs skala at hon a halft land ok kyr.... Her skal heima tiund manna til leggiask ok fra asolfs scala inum nerra. ok fra gnupe." (DI I 255-256) c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups, (DI XII 6) 1300-1310: Síðan gerði Ásólfr sér skála því nær sem nú er kirkjuhornit at Ásólfsskála; Landnámabók (ÍF I, 63) Máldagi kirkjunnar: [1332]: "Olafs kirkia at asolfs skala a heima land halft med gognum oc gædum oc vij kyr. veturgamlann gridung.... þar liggur til kirkiu tiund heima manna oc fra midskala.... gelldneyta afrett j langhanes. vtvogstu j langhanesi ad helmingi vid stadinn j hollti." (DI II 682) Máldagi kirkjunnar [1371]: "v. Olafskirkia ad asolfsskala a heimaland halftt med gognum og giædum og sio kyr. veturgamlann gridung. ... þar liggur til kirkiu tijund heima manna. og fra midskala. ... gelldneyta afreitt j langanes. vtvoxtu j langanese ad helminge vid stadinn j Hollte." (DI III 261-262)

Býlin sem byggst hafa út úr jörðinni eru Skálakot og Moldnúpur 10 hdr hvort um sig, liggja skammt frá heimajörðinni og Björnskot og Rimahús, 5 hdr. hvort um sig og ligja þær út í högum jarðarinnar. Kirkjustaður Jörðin á reka í landi Holts. (JÁM I, 68-69) Hjáleigan Stebbakot var í landareigninni ekki vitað hvenær hún var í byggð. "Lá löngum undir áföllum af völdum Miðskálaár og Holtsár. ... Ásólfsskáli var þríbýlisjörð frá um 1700 og fram um 1900. ... Fjallhagar eru sæmilegir í Ásólfsskálaheiði, sambeitarlandi Ásólfsskálatorfu." (SB IV, 146)

1709: "Fjallhögum spilla skriður. Engjar hrjóstrast upp og fara til spjalla, meinast af þurki, þar vatn hefur áður yfir slægjurnar runnið, en er nú í burtu. Tún heimajarðarinnar liggja undir skriðum." (JÁM I, 69). 1839:"Tún eru þar stór, en þýfð, engjar sæmilegar, en nokkuð langt frá. Hagar eru heiðin, sem kennd er við bæinn og er þeirrari heiði eina bezt til haga komið." (SSR, 44-45). 1924: Austurbær: Tún 6,3 ha, garðar 2520m2. Vesturbær: Tún 1,8 ha, garðar 1750m2.

**RA-043:001** *Ásólfskáli* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

**RA-043:002** heimild um kirkju
ÁSÓLFSSKÁLI (AUSTASTI) UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) -Ólafi
[1179]: Sa er kirkio maldage at Asolfs skala at hon a halft land ok kyr. vj. ok griþung vetrgamlan. kluckur .iiij. ok tiolld vm huerfis. silfr kalek ok ein messo fot. þrenn alltara klæþe. v. kerti sticur. munnlogar .ij. gloþa ker ok gunfana. iij. bæcr. salltari ok jam leindar scra ok mal boc.

Her skal heima tiund manna til leggiask ok fra asolfs scala inum nerra. ok fra gnupe. ok þangat skal skylt at syngia inn fiorþa hvern dag loghelgan messo ok dag j viko of langa fosto salo messo nema ina fyrsto ok ina siðustu. slicr messo songr var ok skyldr til ins yzta asolfs skala. xij messur til ins nerra asolfskála

Su er afvinna her at prestr skal vera heimilis fastr ok syngia hvern helgan dag ok eingi otto song a braut selia. her scal messo syngia .iij. daga rumhelga j viko vtan fosto en j gagnfostu fiorar. skyllt skal at syngia messo hvern þvattdag er prestr er heima. hvern dag vm jola fostu en .ij. messur vm langa fosto. Fra Mario messo enne fyrre scal lios brenna of vetr fyrer helar til Mario messo ennar siþare. en þatan fra hveria nott til crucis messo vm varit. vaxi scal brenna vm otto songva þa daga helga er j meira hallde ero. reycelse scal a gloþ leggia huern dag er ix lexciur ero j otto songvi j messo.; Máld DI I 255-256

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6

1300-1310: Síðan gerði Ásólfr sér skála því nær sem nú er kirkjuhornit at Ásólfsskála; Landnámabók (H), ÍF I, 63

[1332]: Asolfs skale. Gamall mäldagi.

Olafs kirkia at asolfs skala a heima land halft med gognum oc gædum oc vij kyr. veturgamlann gridung.

klukkur iiij. smellta kross oc rodukross oc olafs skriftt. tiolld vmmhuerfis sig. messuklædi. einn slopp. glodarker. kertistikur ij. munnlaugar ij. oc kaunnu litla. skirnar saa. alltara klædi ij. kalek. stola ij.

þar skal vera heimilis prestur oc taka iiij merkur.

þadann skal syngia til midskala siotian messur oc tekst af tueim alnum fatt j vj. aura.

þar liggur til kirkiu tiund heima manna oc fra midskala.
þar skal vera biskup[s] gistingh.
gelldneyta afrett j langhanes. vtvogstu j langhanesi ad helmingi vid stadinn j hollti.
kantara kapa med pell. tabula yfer alltari. messingar kross litill. tuo likneski sma. Máld DI II 682
[1367]: Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 216
[1371]: v. Olafskirkia ad asolfsskala a heimaland halftt med gognum og giædum og sio kyr. veturgamlann gridung.
klockur iiij. smelltan kross og Rodukross. og Olafs skriptt. tiolld vmhuerfis sig. messuklæde ein. slopp. glodarker. kertestikur. ij. munnlogar tuær og konnu litla. skyrnarsä. alltarisklæde tuo. kalek. stola. ij. þar skal vera heimilisprestur og taka iiij merkur
Þadan skal syngia til midskala seitian messur. og tekst af. iiij. alnum fatt j sex aurum.
þar liggur til kirkiu tijund heima manna. og fra midskala.
þar skal vera biskupsgisting.
gelldneyta afreitt j langanes. vtvoxtu j langanese ad helminge vid stadinn j Hollte.
kanntara kapu med pell. tabulum yfer alltare. messingarkross lytill. ij likneske smä.
portio ecclesie vm sio är x aurar arliga.
jtem a kirkian xiij ær oc ku.
Jtem lagde þorbiorn til ein messuklæde fyrir portionem og Mariuskriptt. Aspiciensbok. og adra de sanctis. Hítardalsbók Máld DI III 261-262
1553: Máld DI XII 648
1575: Máld DI XV 671
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 95}
3.5.1889: ákveðið að flytja Holtskirkju til Ásólfsskála; (PP, 55) [landshöfðingjabréf]
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-044 Skálakot

10 hdr. 1709.
1709: "Á túnin falla moldarskriður. Engjar vesna eins og á heimajörðinni umgetur." (JÁM I, 69) 1839:"Þar eru tún góð og grasgefin, en þó mestpart þýfið. Engjar, sléttar og grasgefnar, en langt frá, fram á móts við Rimhús. Haga hefur jörðin í Ásólfsskálaheiði." (SSR, 44). 1924: Tún 5,9 ha, garðar 1990m2.

**RA-044:001** *Skálakot* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-045 Moldgnúpur

10 hdr. 1709.
1709: "Slægjur spillast ut supra." (JÁM I, 70). 1839:"Tún eru þar nokkur, en öll þýfð og slæm afsláttar. Engjar, sem jörðinni fylgja eru fram á mýri fyrir vestan og norðan Björnskot. Hagar eru fram undan bænum kringum Fosslæk og svo í Ásólfsskálaheiði." (SSR, 44). 1924: Tún 1,9 ha, garðar 1120m2.

**RA-045:001** *Moldgnúpur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-046 Bjarnarkot

5 hdr. 1709. Byggð úr landi Ásólfsskála. "Tæpleg meðaljörð að landrými, var 5 hundruð að fornu mati. Heimalandið er algróið, fremur grasgefið en votlent. Jörðin á beitiland í Ásólfsskálaheiði og rekaítak á Ásólfsskálafjöru. ... Jörðin hefur verið í eyði frá 1963." (SB IV, 142)
1709: "Engjar fara til spillíngar ut supra." (JÁM I, 70) 1839:"Tún eru þar lítil og mýrlend og slægjur allar kringum bæinn og bezt til haga komið hér á sléttlendinu, þar eð þýfið er hvað stærst og hæst þar í kring og tekur svo seinna fyrir haga." (SSR, 44). 1924: Tún 2,6 ha, garðar 1640m2.

**RA-046:001** *Bjarnarkot* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-047 Rimahús

5 hdr. 1709. "Fornbýli úr Ásólfsskálatorfu, 5 hundruð að fornu mati." (SB IV, 142)
1709: "Í haga er lángt og torsótt. Slægjuland hrjóstrast upp og spillist árlega af vatnsleysi, so sem á honum pörtunum." (JÁM I, 71). 1838:"Tún eru þar nokkur, meðfram mýrlendi, en utantúnsslægjur því nær engar. aga nýtur jörðin hjá honum jörðunum sem taldar eru síðast, því haglönd þeirra og slægjur Núps og Yztaskála liggja að túni hennar á alla vegu, sem svoog staðarins engjar. Fjallhaga á jörðin tiltölu til í Ásólfsskálaheiði." (SSR, 47). "Rimahúsaengjar, blautt engi suðvestur frá bænum hefur um aldaraðir verið hluti af Holtstorfunni. Rimahúsálabakkar suður frá bænum voru góðar valllendisslægjur." (SB IV, 142)
1924: Tún 1,9 ha, garðar 860m2.

**RA-047:001** *Gömlu-Rimahús* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð á vestri bakka Rimahúsaáls, sunnan við vatnamót Kelduáls og Írár. Eldra bæjarstæði, gömlu Rimahús, er í mörkum milli Ystaskálatorfu og Rimahúsa." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Fjárhústóft stendur á Rimhól, þar sem Rimhúsabærinn stóð í öndverðu." Segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**SB IV, 142; Ö-Ásólfsskálatorfan, 10

## RA-048 Miðskáli

30 hdr. 1709, Landnámsjörð. "Mánaðar beitarítak í annað mál í Ásólfsskála land, sem komi fyrir umferð Ásólfsskála manna yfir engjar Miðskála ábúenda á sumur í heys aðdrætti." (JÁM I, 72) Á jörðinni var bænhús. [1179]: "Her skal heima tiund manna til leggiask ok fra asolfs scala inum nerra. ... xij messur til ins nerra asolfskála" (DI I 255-256) [1332]: "[frá Ásólfsskála] skal syngia til midskala siotian messur oc tekst af tueim alnum fatt j vj. aura [í Ásólfsskála] liggur til kirkiu tiund heima manna oc fra midskala." (DI II 682) [Ásólfsskála] [1371]: "[frá Ásólfsskála] skal syngia til midskala seitian messur. og tekst af. iiij. alnum fatt j sex aurum.[í Ásólfsskála] liggur til kirkiutijund heima manna. og fra midskala." (DI III 261-262) "Bærinn stendur skammt vestan Mið-Skálaár í hlíðinni á mótum heiðar og láglendis. Inn frá honum liggur Mið-
Skálaheiði í átt til jökuls suðaustan undir Mið-Skálaegg. Mið-Skálaá skilur hana frá Ásólfsskálaheiði. Jörðin hefur löngum legið undir áföllum af völdum árinnar, en nú liggur áin stokkuð af grjótgörðum um láglendið í átt til Írár. Hið næsta bænum neðan túna voru hagar og neðar engjalönd. Mikið af því landi hefur nú verið tekið til túnræktar. ... Tvíbýli var á Mið-Skála 1709, síðar var þar löngum þríbýli, jafnvel fjórbýli. Stóðu bæirnir áður við eina stétt. Um miðja 19. öld var miðbærinn fluttur nokkuð norðar, upp að hlíðinni þar sem hann stendur enn og er nú Mið-Skáli II. Hann er nú einn í byggð." (SB IV, 147)
1709: "Á túnið falla skriður og liggur undir spjöllum. Grasvöxtur á engjum fer stórlega í minkun af þurk og vatnsleysi; hefur fyrrum Holtsá yfir þær flotið, en er nú hlaupin í annan farveg, og hafa síðan engjar af sjer gengið." (JÁM I, 72) 1839:"Tún eru þar nokkuð stór, e þýfð, engjar sæmilegar ekki langt frá, en liggja fyrir skemmdum af Miðskálaá. Fjallhagar eru enn með Miðskálaá að vestan inn eftir heiðinni. Hér er allvel húsaður bær." (SSR, 44). 1924: Austurbær: Tún 3,6 ha, garðar 1260m2. Miðbær: Tún 2,4 ha, garðar 810m2. Vesturbær: Tún 2,1 ha, garðar 1330m2.

**RA-048:001** *Miðskáli* bæjarhóll bústaður
"Tvíbýli var á Mið-Skála 1709, síðar var þar löngum þríbýli, jafnvel fjórbýli. Stóðu bæirnir áður við eina stétt. Um miðja 19. öld var miðbærinn fluttur nokkuð norðar, upp að hlíðinni þar sem hann stendur enn og er nú Mið-Skáli II. Hann er nú einn í byggð." "Fram um 1860 stóðu bæirnir allir við sömu stéttina ..." Segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**SB IV, 147; Ö-Miðskáli, 1

**RA-048:002** heimild um bænhús
MIÐSKÁLI (ÁSÓLFSSKÁLI NÆRRI) UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) (ÁSÓLFSSKÁLAÞING)

[1179]:  Her skal heima tiund manna til leggiask ok fra asolfs scala inum nerra. ... xij messur til ins nerra asolfskála;  Máld DI I 255-256 [Ásólfsskála]
[1332]:  [frá Ásólfsskála] skal syngia til midskala siotian messur oc tekst af tueim alnum fatt j vj. aura
[í Ásólfsskála]  liggur til kirkiu tiund heima manna oc fra midskala;  Máld DI II 682 [Ásólfsskála]
[1371]:  [frá Ásólfsskála] skal syngia til midskala seitian messur. og tekst af. iiij. alnum fatt j sex aurum.
[í Ásólfsskála] liggur til kirkiutijund heima manna. og fra midskala; Máld DI III 261-262 [Ásólfsskála]

## RA-049 Yzti Skáli

40 hdr 1709, með hjáleigunni Aurgötu, sem reiknast 5 hdr.  Á jörðinni var bænhús. [1179]:  "[í Ásólfsskála] skal heima tiund manna til leggiask ok fra asolfs scala inum nerra. ok fra gnupe. ok Þangat skal skylt at syngia inn fiorÞa hvern dag loghelgan messo ... slicr messo songr var ok skyldr til ins yzta asolfs skala." (DI I 255-256) Aflagt fyrir [1332] - amk ekki talið í Ásólsskálamáldaga Það ár: (DI II 682) Jörðin á fjöru í Hólskirkjulandi.  "Fyrstu byggðar á Ysta-Skála getur í Landnámu.  Nærinn hét upphaflega Ysti-Ásólfsskáli.  Hér hefur alllengi verið þríbýli og nefnast bæirnir suðurbær, miðbær og vesturbær.  Hjáleigan Aurgata stóð vestast í túnfæti á Ysta-Skála, sunnan við gömlu heimreiðina (traðirnar). ... Ysta-Skálajarðir eru landlitlar og undirlendi votlent nema næst bæjunum.  Verulegur hluti landsins er fjalllendi, Ysta-Skálaheiði, og standa bæirnir sunnan undir heiðinni.  Í heiðinni er allgott haglendi að sumri fyrri sauðfé.  Víðast á engjum var heyskapur erfiður sökum bleytu og Írá og Mið-Skálaá gerðu oft mikinn usla á högum og engjum.  Nú hafa varnargarðar verið byggðir fyrir árnar, engja- og hagalöndin verið þurrkuð upp með framræsluskurðum og ræktuð í tún." (SB IV, 149)
1709:  "Á tún hefur skriða fallið fyrir 28 árum, eða þar um, og mikinn part aftekið, sem enn nú verður ekki til slægna brúkað, og liggja túnin undir spjöllum framvegis af vatni og skriðum úr fjallinu. ... Engjavegur er blautur, so yfir annarra jarðar land verður heyflutningsveg að brúka ... Hagar eru fyrir fje um vetur næsta litlir þegar Írá hleypur yfir beitilandið. ... Fjallhögum spilla skriður og blástur." (JÁM I, 73)  1839:"Tún eru þar stór, sumpart slét.  Engjar eru langt frá fram með Rimhúsár, en sumarhagar vestan til við Írá og fram með henni, en fjallhagar eru í dalverpi nokkru upp á fjalinu upp af bænum."  (SSR, 45) 1924: Austurbær: Tún 4,6 ha, garðar 2040m2.  Miðbær: Tún 4,3 ha, garðar 2020m2.  Vesturbær: Tún 2,5 ha, garðar 1800m2.

**RA-049:001** *Yzti Skáli* bæjarhóll búustaður

"Fyrstu byggðar á Ysta-Skála getur í Landnámu.  Nærinn hét upphaflega Ysti-Ásólfsskáli.  Hér hefur alllengi verið þríbýli og nefnast bæirnir suðurbær, miðbær og vesturbær.  Hjáleigan Aurgata stóð vestast í túnfæti á Ysta-Skála, sunnan við gömlu heimreiðina (traðirnar) ..."
**Heimildir:**SB IV, 149

**RA-049:002** heimild um bænhús
YSTISKÁLI UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) (ÁSÓLFSSKÁLAÞING)
[1179]:  [í Ásólfsskála] skal heima tiund manna til leggiask ok fra asolfs scala inum nerra. ok fra gnupe. ok Þangat skal skylt at syngia inn fiorÞa hvern dag loghelgan messo ... slicr messo songr var ok skyldr til ins yzta asolfs skala;  Máld DI I 255-256 [Ásólfsskála]
Aflagt fyrir [1332] - amk ekki talið í Ásólsskálamáldaga Það ár: DI II 682

## RA-050 Aurgata

Hjáleiga Yzta Skála, metin á 5 hdr, 1709, byggðist fyrir manna minni.  (JÁM I, 74)
1839:"Tún er þar töluverð og engjar sæmilegar, en fjallhagar sömu og hagar allir sömu og hinar jarðarinnar."  (SSR, 45)

**RA-050:001** *Aurgata* bæjarhóll bústaður

"Fyrstu byggðar á Ysta-Skála getur í Landnámu.  Bærinn hét upphaflega Ysti-Ásólfsskáli.  Hér hefur alllengi verið þríbýli og nefnast bæirnir suðurbær, miðbær og vesturbær.  Hjáleigan Aurgata stóð vestast í túnfæti á Ysta-Skála, sunnan við gömlu heimreiðina (traðirnar) ..."  "Aurgata hét býli, sem byggt var í

Yztaskálatorfunni “fyrst áður menn minnast”, segir í jarðabók Árna og Páls. Stóð það við vesturjaðar Yztaskálatúna og hélzt í byggð fram undir 1900.” Segir í örnefnaskrá Alveg við veginn, sunnan hans, vestur af Ystaskála. Í horni mjög ósléttts túns - beitiland fyrir kýr. Hér sér lítil merki bæjar, hefur verið sléttaður út. Allstór hóll, um 1,2m hár, austan við er rabbabaragarður.
**Heimildir:**SB IV, 149; Ö-Yztiskáli, 1

# RA-051 Núpur

40 hdr. 1709, telja menn að hún hafi áður verið 60 hdr, en skriða féll á landið fyrir um 60 árum með vatni og klettum og síðan hefur dýrleiki jarðarinnar lækkað. "Heytorfsskurður hefur fyrrum brúkaður verið í Ysta Skálalandi, sem kom fyrir fjenaðarrekstur og hríssaðdrátt Skálamanna yfir Núpsábúenda lóð." (JÁM I, 74) Bænhús var á jörðinni [1179]: "Her skal heima tiund manna til leggiask ok fra asolfs scala inum nerra. ok fra gnupe. ok Þangat skal skylt at syngia inn fiorÞa hvern dag loghelgan messo." (DI I 255-256) [1332]: "[til Holts] liggia vnder ix bæier at tijundum oc lysitollum. eru her af iij bænhus oc tekst half mork af hverre af kirkiunni at gnupi ij merkur." (DI II 681-682) 1451: Ingibjörg Ólafsdóttir seldi Gottskálk Hólabp sinn tíu hundraða part í Núpi. (DI V 86) 1457: Vottorð um fyrri sölu Ingibjargar til Gottskálks biskups. (DI V 156-157)
"Land Núps er austan við Hvammsnúp, að landi Ysta-Skála og suðvestur að Mýrabæjum. Það er grasi vaxið, sléttlent og votlent sums staðar. Einnig á jöðrin allvíðáttumikið land á heiðinni norður og norðvestur frá Núpi, Núpsheiði. Á heiðinni suðaustan til, þar sem er lægra, eru sæmilegir sumarhagar fyrir sauðfé." (SB IV, 153) Nú er þríbýli á jörðinni.
1709: "Engjar eru allvíða votlendar mjög. ... Á túnið gengur vatn og grjót, og liggur undir spjöllum. Fjallhögum spilla skriður og blástur." (JÁM I, 76). 1839:"Tún eru þar stór, en mest öll þýfð. Fjallhaga á hún upp á fjallinu, svo langt vestur eftir sem sóknin nær, og fyrir framan á þessi jörð mikið land til haga og slægna." (SSR, 45). 1924: Austurbær: Tún 8,4 ha, garðar 3447m2. Miðbær: Tún 3,5 ha, garðar 1294m2. Vesturbær: Tún 3 ha, garðar 1388m2.

**RA-051:001** *Núpur* bæjarhóll bústaður

**RA-051:002** heimild um bænhús
NÚPUR UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) (ÁSÓLFSSKÁLAÞING síðar HOLTSÞING)
[1179]: Her skal heima tiund manna til leggiask ok fra asolfs scala inum nerra. ok fra gnupe. ok Þangat skal skylt at syngia inn fiorÞa hvern dag loghelgan messo; Máld DI I 255-256 [Ásólfsskála]
[1332]: [til Holts] liggia vnder ix bæier at tijundum oc lysitollum. eru her af iij bænhus oc tekst half mork af hverre
af kirkiunni at gnupi ij merkur; Máld DI II 681-682 [Holts]
23.8.1451: j kirkiunne a nupe vnndir Eyiafiollum - seldi Ingibjörg Ólafsdóttir Gottskálk Hólabp sinn tíu hundraða part í Núpi; DI V 86
8.9.1457: Vottorð um fyrri sölu Ingibjargar til Gottskálks bps aa nupe vndir eyiafiollum j holltzkirkiusokn ... Jtem gaf fyrgreindr herra Gothskalk quittar Þær fimtan merkr sem syner hennar voru skyllduger fyrir þat ath þeir sloguzt Þar j kirkiunne; DI V 156-157

# RA-052 Hvammur

20 hdr. 1709. 1270: Tilheyrir hálf Hvammsfjara Holtskirkju, (DI II, 4-85), 1332: Öll Hvammsfjara tilheyrir Holti, sama 1480 og 1591 (DI II, 681-682; DI III, 192 nm; DI VI, 329-330). 1522: Virðist sem jörðin sé orðin bænadaeign. (DI IX, 87).
"Land jarðarinnar er suðvestur og vestur af Hvammsnúpi, suðvestan við fjallið að landi Sauðhúsvallar, um 320 ha., að mestu sléttlent og grasi vaxið." (SB IV, 156)
1709: "Á tún og fjallhaga sem eftir eru fellur grjót og skriður árlega og liggja und spjöllum. Síðan Markarfljót austur hljóp (fyrir 64 árum) hafa bæði hagar og slægjur stórlega eyðst af vatni, leiri og sandi. Hagaþröng er mikil, so fjenaður er um nætur á sumrum innsettur ... " (JÁM I, 77) 1839:"Tún eru þar stór og grasgefin, en þó þýfð. Engjar rétt vestur undan, vestur með fjallinu og fram undan bænum. Fjallhagar eru engir nema vestur með, neðan undir hömrunum því þeir hagar sem voru á sléttlendinu urðu að

sandleirum, þegar Markarfljót rann austur með fjallinu, og eru alltaf að færast meir og meir suður á og eru í einum stað komnir suður undir fjörur, nefninlega fyrir austan svokallaða Mýrabæi." (SSR, 46). 1924: Tún 10,4 ha, garðar 2620m2 "Túnin eru heima við bæinn og á sléttunni fyrir ofan Efri-Hól. Fyrrum bar Markarfljót sand og leðju á land jarðarinnar." (SB IV, 156)

**RA-052:001** *Hvammur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-053 Sauðhúsvöllur

10 hdr. 1709, talið að hún hafi áður verið 20 hdr. [1332 og 1371]: Jarðarinnar getið í máldaga Stórudalskirkju. Þá á hún hálfa jörðina. (DI II 683; DI III 262-263) "[1491-1518]:Dalur Kyrkiunni j dal gaf Eyolfur logmadur halfa synstu mork. oc halfuann saudhusvoll. vnder eyafiollum. enn kirkiann atti adur þessar jarder halfar. eru þær nu alsendiliga kirkiunnar eign. [et cetera.Hiä Eyolfe Biskup[s] mäg þar fæ eg ongvan reikningsskap." (DI VII, 39) Munnmæli eru að þar hafi fyrst staðið sauðahús frá Fornusöndum. (Ö-Sauðhúsvöllur ÞT, 1)"Fjallshlíðin norður af bænum er fremur gróðurlítil. Að öðru leyti er jörðin grasi vaxin og sléttlend. Elsta túnið er umhverfis bæinn að fjallsrótum en mýrarbelti neðan við, sem nú hefur verið ræst fra. Áður voru engjar austur með fjallinu. Álinn rennur austur skammt fram af bænum. Er þar aur undir sem auðveldar landþurrkun. Haglendi er í og meðfram fjallshlíðinni, aðallegar austur af bænum og á mólendi sunnan Álsins." (SB IV, 157)
1709: "Hagaþröng er jörðin mjög. Túnum, engjum og úthögum spilla skriður og grjóthrun úr fjallinu stórlega, og þar fyrir liggur jörðin undir miklum spjöllum." (JÁM I, 82) 1839:"Tún eru þar stór og slétt og grasgefin. Engjarnar eru kringum túnið, fram undir og austur með Sauðhúsvallarál, en heldur er jörðin landlítil. Túnin eru undirorpin ágangi af læk sem kemdur ofan af hömrunum fyrir austan túnið og hagar sömuleiðis undirorpnir áföllum af smálækjum, er bera sand og möl með sér ofan úr fjallinu." (SSR, 46). 1924: Tún 4,5 ha, garðar 880m2

**RA-053:001** *Sauðhúsvöllur* bæjarhóll bústaður
"Áður stóð bærinn ofar og austar í túninu, en árið 1938 flutti þáverandi ábúandi hann 130 m til vesturs og byggði þar íbúðarhús." Segir í Sunnlenskum byggðum.
Hér stendur nú röð af húsum. þrjú vestanmegin, tvö austanmegin öll heil, í miðju hefur verið endurbyggt. Þar er nú geymt hey. Í austra húsinu er ris, að vestan er geymsla. (i) NVasta húsið hefur verið smiðja. (i) Smiðja: lengd 3,35, breidd 1,8m, ein dvergur í miðju húsi heldur sperrum. Trégafl. Veggjahæð 1,5m, öll hin húsin hafa hlaðinn gafl. Síðan kemur fjós (ii), þá fjárhús (iii). (iv) Austari húsin eru vestast hesthús með steinlögðu gólfi, með 2 dyrum - snýr þessi bygging hlið í 230°. Veggir eru fallega hlaðnir grjóti, 2 stoðir í því miðju 2 dvergar sperrur þétt sama, á þeim liggja hellur. (v) Austan við hesthúsið er lítið hús með jötu við norðurgafl - nú geymsla - líklega fyrir fé upprunalega. Innanmál (iv) lengd alls 6,4m, skipt lengd vesturhluta 3,4m, breidd frá jötu 2,2m, jata 0,5m, breidd alls 3,5m. Dyr eru í norðurhorni, inn í þar sem nú er hlaða, hæð veggja 1,5m, - mest rekaviður í sperrum. Breidd dyra 0,9m, hæð 1,5m. Þak bætt með járni. (v) breidd 1,6m, lengd 2,8m, frá jötu 2,45m, breidd dyr 0,9m, hæð 1,4m, veggjahæð 1,5m, þakæð 2,3m. (iii) Fjárhús, lengd 5,1m, breidd 3,1m, breidd milli jata meðfram hliðarveggjum 2,3m. Veggjahæð 1,3m, þakhæð 2,4m, 1 stoð í miðju húsi, sperrur með millibili - nú bárujárn á þaki. Timburgjólf. Pláss fyrir a.m.k. 10 kindur hvoru megin, 20 í allt. Hellulagt gólf, um 25 sm, neðan timburgólfs, gluggi á gafli. (ii) Fjós, lengd 5,3m, 5 básar, lengd að innan fram að dyrum, breidd 3m. Lengd bása 1,65m, þar af 0,4m jata. Breidd dyra 0,95m, hæð 1,7m. Veggjahæð úr flór 1,65m, þakhæð 2,4 af bás. Gólf er nú steypt. Framan við öll húsin er stétt. Beint framan við húsin í miðjunni, á milli þeirra er brunnur, hlaðinn grjóti í kring, hleri yfir. Mikið vex af súrum í kring. Lengd framhliðar (i), (ii), (iii) 14,4m, að framhlið (iv) (v) 28,5m, lengd (iv) (v) 13,7m, lengd (v) í 30° 5,4m, aftan við heldur veggur áfram í boga til NV, síðan í NA, lengd alls frá framgafli (v) 21,9m. Lengd hlöðu 11,7 í miðið. Breidd heygarðs 5,6m, undir geymslu er grunnur upprunalegs húss. Breidd (vi) að innanmáli 2,9m. Lengd (iii) 7,2m, (vii) breidd 2,2m í 226°x 3,3m. (viii) lengd 8,9m, tvískipt að innan, vísar í 160°, nú notað sem kartöflugeymsla 1 röð af stoðum eftir endilöngu, breidd 4,6m, breidd (viii)+ lengd (i) 9,6m. Búið í gamla bænum til 1938. Bæjarlækurinn átti það til að hlaupa fram og var það væntanlega ein ástæða þess að bærinn var fluttur.
**Heimildir:**SB IV, 157

## RA-054 Efra Holt

3 hdr. 1709. Talið að býlið hafi upphaflega heitið Efri-Vestur-Holt. Efri-Holtstorfan var 12 hdr., en Efri-Holt er nú 1/4 af torfunni, um 100 ha. (SB IV, 162)
1838:"Þar eru nokkur tún og engjar töluverðar." (SSR, 47). 1924: Tún 0,8 ha, garðar 1490m2. Efri-Holtstorfa er aðalhluti hinna svokölluðu Mýrarbæja sem eru Efri-Holt, Syðri-kvíhólmi, Efri-Kvíhólmi, Syðri-Hóll og Efri-Hóll, og kallast þetta í Uppmýrunum, jarðirnar eiga samliggjandi engjar og bithaga. (Ö-Efri-Holtatorfan, 1)

**RA-054:001** *Efra Holt* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-055 Syðri Hóll

3 hdr 1709, hjáleiga Efri Holts 1847. Syðri-Hóll var upprunalega 1/4 af Efri-Holtatorfu sem var skipt upp 1960. Árið 1895 var hálf jörðin lögð undir Syðri-Kvíhólma. "Syðri-Hóll er nú um 50 ha. Landkostir eru líkir og í Efri-
Hól." (SB IV, 159)
1838:"Því nær túnlaus, en útslægjur eru nokkrar að víðáttu, þó ei séu loðnar." (SSR, 47)

**RA-055:001** *Syðri Hóll* bæjarhóll bústaður

## RA-056 Efri Hóll

6 hdr. 1709, hjáleiga Efri Holts 1847. Jörðin á fjörustúf í Holtskirkjulandi. (JÁM I, 77-79) Efri Holtatorfu var skipt árið 1960. "Efri-Hóll er um 100 ha. Land jarðarinnar er að mestu leyti austan við bæinn." (SB IV, 158)
1709. "Högum hefur Markarfljót til forna stórlega spilt, nær það umbreytt sínum farveg, og fjell austur með Eyjafjöllum, en síðan það aftur hinni fyrri framrás náði, hefur úr farvegnum sandur á landið forkið." (JÁM I, 79( 1838:"Tún engin. útslægjur viðlíka og á hinni jörðunni." (SSR, 47). 1924: Tún 1,8ha, garðar 1180m2.

**RA-056:001** *Efri Hóll* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-057 Kvíhólmi

Hjáleiga Efri Holts. Nú tvíbýli. Efri-Kvíhólmi er um 50 ha og er landið að mestu grasi vaxið. Syðri-Kvíhólmi er 1/8 af Efri-Holtatorfu til 1895 þegar hálfur Syðri-Hóll var lagður undir jörðina og er því nú 100 ha.
1838: Tún mýrlend og lítil. (SSR, 47) 1924: Tún 3,2ha, garðar 1100m2.

**RA-057:001** *Efri-Kvíhólmi* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-058 Vesturholt

12 hdr. 1709, Holtskirkjueign. 1270: Vesturholtafjara nefnd í máldaga Holtskirkju, sama 1332, 1480, 1591 (DI II, 681-682; DI III, 192nm, DI VI, 329-330.) "Vesturholta fjara heitir rekatakmark fyrir landi jarðarinna, hvaraf ábúendur uppbera alleinasta leiguliða gagn, en staðarhaldarinn hitt alt." (JÁM I, 80)

Lambhúshóll og Lambhúshólskot voru byggð úr þessari jörð. "Vestur-Holt eru suður við gljá suður af Efri-Holtum. Landið er algróið, sléttlent og möguleikar til túnræktar sæmilegir. Landið grær fram í gljána í seinni tíð." (SB IV, 163)
1709: "Tún er nær því sem ekkert. Engjar spillast árlega af sandi og þurrlendi síðan markarfljót hafði ekki framrás þar hjá. Beitiland jarðarinnar er næsta lítið efir orðið, halda menn að vísu helmíng landsins í dan, en hitt

**RA-058:001** *Vesturholt* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-059 Nýibær

10 hdr. 1709, Holtskirkjueign. 1363: Jörðin nefnd í skrá yfir fjörumörk Breiðabólstaðar. (DI III, 192). 1480 Jörðin nefnd í máldaga Holtskirkju (DI VI, 329-330). GS og ÞT telja líklegt að bærinn hafi át forvera á Gljánni svonefndu austan við mynni Markarfljóts í landi Fornusanda. "Rekapláts liggur fyrir landi jarðarinnar, kallað Nýjabæjar fjara, hvar af ábúandi hefur ei nema leiguliða gagn, hitt alt staðarhaldarinn." (JÁM I, 81) "Jörðin var áður mjög votlend og búin fáum kostum sem bújörð. Á síðustu áratugum hefur henni verið breytt í nánast höfuðból með framræslu, ræktun og byggingum. Beitiland er sæmilegt, en ekki skjólgott." (SB IV, 165)
1709: "Tún er á jörðunni alls ekkert og er sandur umhverfis bæinn. ... Á engjar fýkur stórlega sandur og spillast eftir hendinni." (JÁM I, 81) 1838: "Hún er landrík nokkuð, og er allt landið að heita slægjuland, en vetrarbeit er þar því nær enin, ef hún nyti ekki nábúa sinna í Dalssókn, einkum Fitjamýrar. Annars hefur land hennar mikið gengið af sér af sandfoki úr áminnztum leirum. Tún eru rétt engin. Henni fylgir fjara fyrir land hennar og liggur hún fyrir vestan Efriholtsfjöru." (SSR, 46). 1924: Tún 3,4ha, garðar 2285m2.

**RA-059:001** *Nýibær* bæjarhóll bústaður
1709: "Tún er á jörðunni alls ekkert og er sandur umhverfis bæinn. Hefur bygðin þrisvar (það menn vita) flutt verið, bæði vegna ágángs af sandi og Markarfljós, líka vegna foraða."
**Heimildir:**JÁM I, 81

## RA-060 Lambhúshóll

Holtskirkjueign. "Jörðin er helmingur af landi Vestur-Holta. Landið er að mestu leyti grasi vaxið, sléttlent, sendið og votlent einkum vestan til." Lambhúshólakot fylgir jörðinni. (SB IV, 164)
1838: "Þar eru nokkur tún, en deiglent og undirorpin sandfoki úr Hvammsleirum. Engjar eru þar og sæmilegar." (SSR, 46) 1924: Tún 3,3ha, garðar 2070m2

**RA-060:001** *Lambhúshóll* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-061 Lambhúshólskot

Holtskirkjueign. Í eyði frá 1910, fylgir Lambhúshól. (SB IV, 164)

**RA-061:001** *Lambhúshólskot* bæjarhóll bústaður
Austan við ber er ekið er niður að Vesturholti að austanverðu.
Þórður Tómsson segir bæinn hafa staður norðaustur af Lambhúshól. Bæjarstæðið ávöl hólbunga við framræstan skurð og var sléttað.
**Heimildir:**GS: Handrit að byggðasögu

## RA-062 Fit

Fit og Fitjamýri voru ein jörð, en skiptist í Fit 10 hdr. og Fitjamýri 15 hdr og Ystuborg í eyði 5 hdr. en áður

var byggð jörð sem hét Hali í landi Fitjar en fór í eyði um 1650. [1332]: "[úr Dal] sungit annann huern dag helgann. a selialand oc suá aa fit takast ij merkur af huarre kirkiunne." (DI II 683) "[1371]: [úr Dal] skal syngia ... annan huernn dag helgann a fit og selialand. taka ij merkur af huerre kirkiunne. (DI III 262-263) Jörðin tilheyrði Mörk og varð konungseign með henni frá því líklega eftir 1472 allt til um 1550. (Björn Lárusson.)
"Á 17. öld skemmdi Markarfljót mjög land jarðarinnar. ... Land Fitjar er grasi vaxið og að miklu leyti sléttlent þegar fjallshlíðin norðan bæjarins er undanskilin. Fjallshlíðin er grýtt og víða skriðurunnin en gróin neðan til. Efra eru hamrar og klettar. Við fjallsrætur er mýrlendi og grýtt, óslétt land, frá berghlaupi úr fjallinu. Austan við hlaupin voru áður engjar. Beitiland jarðarinnar er aðallega í og meðfram fjallshlíðinni norðan Fitjaráls. Sunnan Álsins eru að mestu leyti tún jarðarinnar. Þar er aur undir, sem er framburður Markarfljóts." (SB IV, 170)
1709: "Túni, engjum og högum grandar grjóthrun úr fjallinu, líka möl og grjót, sem uppá slægjur drífur í stórviðrum. Húsum og heyjum er og hætt fyrir þeim." (JÁM I, 83) 1924: Tún 3,6ha, garðar 690m2.

**RA-062:001** *Forna-Fit* bæjarhóll bústaður
"Á 17. öld skemmdi Markarfljót mjög land jarðarinnar. Var bærinn fluttur austur á svipaðar slóðir og hann er nú. Sést enn bæjarhóllinn, og heitir Forna-Fit. Um 1970 féll mikið bjarg úr fjallinu fyrir ofan bæinn. Fór hlaupið yfir bæinn og fórust þar öldruð kona og barn. Ef til vill hefur bærinn þá verið fluttur dálítið vestur." Segir í Sunnlenskum byggðum. Stór bærinn fram um 1600 þar sem nú heitir Forna-Fit, neðan Fitjaráls." segir í örnefnaskrá
Tveir aflangir hólar vísa í 310°, lengd 70m, breidd 20m, hæð 5m. ÁG: "Fitjar. Stór aflangur grasigróinn hóll í túninu, skammt vestur frá bæ, sunnan við Fitjarál. Þarna hefur bærinn staðið um aldir, en verið færður þaðan ekki seinna en á 17. öld." Bæjarstæði fram til 17. aldar.
**Heimildir:**SB IV, 170; Ö-Fit, 1; ÁG: Friðlýsingarskrá, 65

**RA-062:002** heimild um bænhús
FIT UNDIR EYJAFJÖLLUM (DALSÞING) (R)
[1332]: [úr Dal] sungit annann huern dag helgann. a selialand oc suá aa fit takast ij merkur af huarre kirkiunne; Máld DI II 683 [Dals]
[1371]: [úr Dal] skal syngia ... annan huernn dag helgann a fit og selialand. taka ij merkur af huerre kirkiunne; Máld DI III 262-263 [Dals]

**RA-062:027** *Paradísarhellir* hellir útilegumannabústaður
"Við vesturmörk Fitjar nokkra metra upp í berginu er Paradísarhellir, sérkennileg náttúrusmíð. Sagnir segja að þar hafi Hjalti Magnússon dvalist um tíma á fyrri hluta 16. aldar og að hellirinn hafi þá fengið þetta nafn." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Austan hans [028] eru Ákvæði og Paradísarhellir ofan þeirra, uppi í berginu." segir í örnefnaskrá
FF: "Paradísar hellir sem er 5 Faðma hátt upp í berginu milli Fitiar og Selialads, tvíkarmadr með lágum dyrum eda Opi; er rúmlega þriggia Fadma lángur og vel svo 5 Álna hár þá inn er komid og eins hér um 5 Al: breidur. Í hvelfíngunni ad ofan og í gólfinu ad nedan eitt þad fína glasserad dökkt Mó- helludurenn Blá-berg. Um alla hvelfínguna ad ofan er eins og Ædar eda Hrukkur liggi ýmislega nedan í berginu enn beinni þegar dregur nidur á Veggina og endar svo nidur á þeim; þær eru margar Fíngur þykvar, sumar bædi meira og minni, sumar sívalar og aðrar þunar og sídan hángandi niðdur úr hvelfínguni líkt og þegar hálfbrádnad bik sígur nidur af Skips Súd eda Timbur húsa þak-brún og þeim þad skodudu sýndist nidur úr þessum Ædum sumstadar eins og storknadir Dropar sem hætt hefdu seinast ad driupa nidur og hardnad þar sídan. I þessum dropum eda Sepum sem nidur hieingu var sama berg sem í siálfum hellirsins nær því so skiær og glasserud sem framandi leir eda Porcelain, um hana alla eru Ávöl Upphlaup rda smá Hædir í margskonar Mindum. Á millum þessara til og frá um hellirin eru settar allslagt Rúnastafir í leingri og styttri línum ... Fyrir nedan Hellirs dyrnar er lítill Skúti, nidur ur hans Hvelfíng hánga smá Spírur líkastar ad lögun kýrspenum ..." BJ: 1901: "Snýr það [hellirinn] mót útsuðri en lengd hellisins er þó einna mest frá suðri til norðurs eða útnorðurhals; í þá stefnu er mænir hans og er hann sljóft kjalmyndaður, en lækkar þaðan til beggja hliða og er eigi manngengt nema undir mæninn. Enda er hellirinn allur lítill. ... mér hafði verið sagt, að gólfið í honum væri alsett rúnaletri ... Merkilegt er að allar rúnirnar eru með mjög líkri, ef ekki sömu gerð, smáar, laglegar og hreint höggnar með skörpum meitli ..." Kúptur og hálfhringlaga, um 8m breiður, 7m djúpur, 8m hár. Engin merki mannaverka inni en hér hafa verið kindur. Hellisgólfið er

ójafnt.  Burkni vex á veggjum, hellismunnin slútir fram.

**Heimildir:**SB IV, 170; Ö-Fit, 1; BJ "Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901" Árbók 1902, 25-26; FF, 122-123

## RA-063 Fitjamýri

Fit og Fitjamýri voru ein jörð, en skiptist í Fit 10 hdr. og Fitjamýri 15 hdr og Ystuborg í eyði 5 hdr. en áður var byggð jörð sem hét Hali í landi Fitjar en fór í eyði um 1650.  Fitjamýri var byggð um 1600.  (Ö-Fit, 1). 1570: Býlið austari Fit nefnt í heimildum, gæti verið sama og Fitjamýri. (DI XV, 408).  Var áður konungsjörð.  HÞ segir nafnið Fitjamýri rangnefni, jörðir heitir Fitjarmýri.  (HÞ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók 1923, 16).  "Landið er að mestu mýrlendi, en að nokkru sandbakkar með valllendisgróðri.  Á undanförnum árum hefur ræktun verið aukin að miklum mun og skilyrði fyrir verulegri aukningu í því efni." (SB IV, 169)
"Túni og engjum spillir aus og sandur, sem áfýkur í veðrum."  (JÁM I, 84) 1924: Tún 6,2ha, garðar 1920m2.

**RA-063:001** *Fitjamýri* bæjarhóll bústaður
Í heimatúninu SA af bænum er ósletta í túninu, óslegið, rétt vestan við veg sem þarna er.  Hér stóðu báðir gömlu bæirnir þegar hér var tvíbýli.
**Heimildir:**9.8.1980

## RA-064 Fornusandar

Byggt úr jörðinni Söndum, sem var 20 hdr., skift í 5 býli, Fornusanda 5 hdr., Hjáleigu sand 4 hdr., Helgubæ, 4 hnr., Stekkjartún v hdr og Rotin III hdr.  "Fornusandar var aðaljörðin, en hinar hjáleigur þaðan. Þeir hétu áður Þorsteisstaðir, og var þar þá kirkjstaður." (Ö-Sandhólmi, 1).  Bænhús var á Söndum "[1269]:  a Þorgeirsstodum skal syngia tolf messur or dal oc giallda preste halfa mork vadmala.ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum." (DI III 1)  [1332]:  "[úr Dal] skal syngia ... xij messur a sanda." DI II 683  "[1371]:  [úr Dal] skal syngia ... syngia xij messur a sanda. tekst half mork." (DI III 262-263).
Sandar áttu rekafjöru liggur fyrir landi jarðarinnar, og þar er einnig fjara sem er eign Stóradalskirkju eða Stóradals.  (JÁM I, 84-86) .  "Virðst hafa í öndverðu heitið Þorgeirsstaðir. ... Var áður léleg bújörð en hefur gjörbreyst í tíð núverandi ábúenda, sem árið 1951 keyptu hana, þá í eyði um fjögurra ára skeið. ... Land jarðarinnar er sumpart mýrlendi og sumpart þurrlendir sandbakkar, yfirleitt grasgefið en skjóllítið." (SB IV, 166)
Býlið liggur undir spjöllum af sandi. (Ö-Ásólfsskálatorfan):  1924: Tún 2,2 ha, garðar 1649m2.

**RA-064:001** *Fornusandar* bæjarhóll bústaður
"Sandar voru fluttir til útsuðurs frá Þorsteinsstöðum þangað, sem nú er gljáin, og hið gamla bæjarstæði þá nefnt Fornusandar.  Þangað var bærinn fluttur aftur, er fór að bóla á sandfoki.  Gömul bæjarstæði sjást enn á gljánni; mun hægt að greina fimm með vissu.  Hefur þaðan verið tekið grjót til bygginga.  Nöfn þessara bæjar eru gleymd, nema Stekkjarbakki mun hinn austasti þeirra hafa heitið.  Melar stóðu og á þessum slóðum." segir í örnefnaskrá  Vestan við bæinn er hið forna bæjarstæði, og heitir þar Kirkjuhóll og Kirkjugarður."
"Í þann hól [Kirkjuhól] gróf Guðjón Einarsson, bóndi á Fornusöndum, nú bóndi í Berjanesi, Vestur-Landeyjum, súrheysgryfu, og fann þar eitt lóð af fornu gangsilfri og brot úr eirpotti." segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**Ö-Sandhólmi, 1-2; GS: Farm Ambandonment, 30-37

**RA-064:002** heimild um bænhús
SANDAR UNDIR EYJAFJÖLLUM (DALSÞING) (R)
[1332]:  [úr Dal] skal syngia ... xij messur a sanda; Máld DI II 683 [Dals]
[1371]:  [úr Dal] skal syngia ... syngia xij messur a sanda. tekst half mork; Máld DI III 262-263 [Dals]

**RA-064:012** heimild um bænhús Fornusandar eru sennilega sama jörð og Þorgeirsstaðir, ekki öruggt en kirkjan þar skráð hér á meðan, sennilega sama og 002.

ÞORGEIRSSTAÐIR UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) (DALSÞING)
[1269]: a Þorgeirsstodum skal syngia tolf messur or dal oc giallda preste halfa mork vadmala. ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum;.Máld DI III 1 [Dals]

## RA-065 Hjáleigusandar

Byggt úr jörðinni Söndum, sem var 20 hdr., skift í 5 býli, Fornusanda 5 hdr., Hjáleigu sand 4 hdr., Helgubæ, 4 hdr., Stekkjartún v hdr og Rotin III hdr. Sandar áttu rekafjöru liggur fyrir landi jarðarinnar, og þar er einnig fjara sem er eign Stóradalskirkju eða Stóradals. (JÁM I, 84-86) "Býlið Hjáleigusandar stóð skammt suðvestur af Fornusöndum og er bæjarstæðið vestan við nýlegan markaskurð milli Fornusanda og Helgusanda, rétt við skurðinn. ... Jörðin lagðist undir Seljalandssel." Í eyði frá 1861. (SB IV, 177)
Býlið liggur undir spjöllum af sandi.

**RA-065:001** *Hjáleigusandar* bæjarhóll búastaður

Beint vestan skurðar sem skilur að tún Fornasands og land Nýjabæjar.
Þetta er smáþýfður hóll, grænni en umhverfið. Sjást greinilegir garðar í SV út frá hólnum, skiptir í reiti. Bæjarrústir eru nú engar, hafa líklega verið sléttaðar. Hóllin vísar í 310°. Bæjarhóllinn er um 17m breiður og a.m.k. 5 m lengdra í vestur en yngsta gerðið.
**Heimildir:**19.7.1980

## RA-066 Sandar (Helgusandar)

Byggt úr jörðinni Söndum, sem var 20 hdr., skift í 5 býli, Fornusanda 5 hdr., Hjáleigu sand 4 hdr., Helgubæ, 4 hnr., Stekkjartún v hdr og Rotin III hdr. Sandar áttu rekafjöru liggur fyrir landi jarðarinnar, og þar er einnig fjara sem er eign Stóradalskirkju eða Stóradals. (JÁM I, 84-86) "Helgusandar, öðru nafni Sandkot, voru vestasti bær í Fornusandatorfu. ... Engjalönd Sandajarða voru í skákum upp og austur frá Helgusöndum fram um 1950 en nú hefur landinu verið skipt upp á milli jarðanna." Í eyði frá 1949. Syðri Rot tilheyra H frá 1915. (SB IV, 167)
1924: Tún 0,6ha, garðar 910m2.

**RA-066:001** *Sandar (Helgusandar)* bæjarhóll bústaður

Í Móanum norður af Fornusöndum, suður af Efra-Roti
Hér er nú óræktað haglendi, sléttlent.
Bæjarhúsin hafa staðið í miðju umgirts svæðis. Túngarðar sjást á loftmynd. Bæjarhúsin hafa staðið á sandhól, vísa í 292°, lengd hóls 31m. Á loftmynd sjást tvær byggingar uppistandandi. Er hér sambland af steinsteypu, bárujárni, þakhellum og torfi og grjótveggjum. Breidd hóls 20m. Nyrst í lengjunni hefur verið lítið ferhyrnt hús, nú tóft, vísar í 224°, lengd 3,6m, breidd 2,1m. Þakhellur og bárujárnsþak fallið inn. Austan við hefur líka verið bygging, vísar líklega í norður. Þakhellur fallnar inn, einnig bárujárn, torfveggir.
**Heimildir:**8.8.1980

## RA-067 Syðri Rot

Byggt úr jörðinni Söndum, sem var 20 hdr., skift í 5 býli, Fornusanda 5 hdr., Hjáleigu sand 4 hdr., Helgubæ, 4 hnr., Stekkjartún v hdr og Rotin (aðeins ein jörð) III hdr. Sandar áttu rekafjöru liggur fyrir landi jarðarinnar, og þar er einnig fjara sem er eign Stóradalskirkju eða Stóradals. (JÁM I, 84-86) Um aldamótin 1800 nefndist býlið Rotbakki syðri. Í eyði frá 1915. (SB IV, 167)
1924: Tún 1,4ha, garðar 1050m2.

**RA-067:001** *Syðri Rot* bæjarhóll bústaður

Í móóttu haglendi milli Fornusanda og Efri-Rotar. Bæjarúsið eða samsteypan er umgirt garði að norðan, vestan og sunnan, vísar í 306°. Vel varðveitt. (i). Breidd 9,3m, lengd 9,4m, lengd (i)-(v) 16,9m. (ii) Breidd 14,1m. (iii) Breidd 19,4m, lengd 6,7m lengd (iii)-(vii) 15,4m. (iv) 22,5m (öll lengd framhliðar, í 306°). (vi) er líklega skipt í tvennt. Skilveggur er í garðinum með desum í SV í línu við suðurenda

húsaraðarinnar. Annar veggur liggur út úr suðurhorni sama garðs (sunnar) í 150°, des vísa í 220°.
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-068 Efri Rot

Byggt úr jörðinni Söndum, sem var 20 hdr., skift í 5 býli, Fornusanda 5 hdr., Hjáleigu sand 4 hdr., Helgubæ, 4 hnr., Stekkjartún v hdr og Rotin (aðeins ein jörð) III hdr. Sandar áttu rekafjöru liggur fyrir landi jarðarinnar, og þar er einnig fjara sem er eign Stóradalskirkju eða Stóradals. (JÁM I, 84-86) "Efri-Rot eru suður af Seljalandsseli og eru túnlega 60 ha. Þar er læand grasi vaxið og var fremur mýrlent." (SB IV, 168)
1924: Tún 3,1 ha, garðar 930m2.

**RA-068:001** *Efri Rot* bæjarhóll bústaður

## RA-069 Seljaland

30 hdr. 1709, var áður 50 hdr með Tjörnum. Bænhús var á jörðinni. Jörðin byggst snemma talað um hof Runólfs goða í dal á jörðinni. "[1332]: [úr Dal] skal syngia ... annann huern dag helgann. a selialand oc suá aa fit takast ij merkur af huarre kirkiunne." (DI II 683) "[1371]: [úr Dal] skal syngia ... annan huernn dag helgann a fit og selialand. taka ij merkur af huerre kirkiunne." (DI III 262-263)
1709: "Rekafjara liggur fyrir landi jarðarinnar, kölluð Merkurfjara, hvar af ábúandi á leiguleið gagn, en hann segist það ekki nýtt geta vegna fjarlægðar." 1709 voru hjáleigur S og voru allar í eyði. Péturssel, Kyrnytarstaðir, Rotbakkar, Hátún, Hvassatún, Setberg, og síðan Tjarnir en tveir bæir voru byggðir þar úr landi S. JÁM I, 87-88 "Víðsýnt er til suðurs í átt til hafs, um láglendi byggðarinnar, nú gróið. Markarfljót rennur vestan við land Seljalands og um hið forna land jarðarinnar suðvestanvert. Nær land jarðarinnar allt til sjávar. Til austurs frá bænum er fjalllendi og heiðarland. Seljalandsheiði." Tvö nýbýli , Eystra-Seljaland 1957 og Ytra-
Seljaland 1944. Einnig býlið Seljalandssel ekki getið um það hvenær það byggðist fyrst. (SB IV, 172-175)
1709: "Túni, engjum og högum grandar moldar- og grjót-skriður, jarðföll og blástur stórum, og liggur jörðin þar fyrir undir miklum spjöllum. Af landi jarðarinnar halda menn að vísu helming eyddan og kominn í auk og skriður." (JÁM I, 87). 1838:"... þar er sæmilegur heyskapur og útigangur. Hefur jörð þessi misst sín tún og engjar fyrir Markarfljóti ..." (SSR, 59). 1924: Austurbær: Tún 5ha, garðar 1860m2. Vesturbær: Tún 4,7 ha, garðar 1540m2.

**RA-069:001** *Seljaland* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

**RA-069:006** *Seljalandshellir* hellir
Rétt austur af miðbænum, fast austan lækjar sem þar rennur.
Hellirinn er mjög nálægt bænum, höggvinn í móbergsklett, sem er grasi vaxinn að ofan. Upp af honum gengur hlíðin.
Kletturinn sem hellirinn er í er um það bil þríhyrningslaga, vísar totan í NA eða um 30°. Framhlið hans, SV hliðin, er holuð innan í þrjú herbergi, það í miðið er stærst, það NVasta er aðeins lítill klefi. (i)Syðsta hólfið er mjög opið. Hafa verið hlaðnir grjót og torfveggir framan þess frá báðum hliðum, hæð 1,1m, lengd framhliðar 5,2m, inngangur á bilinu 2,6-3,2m. Dýpt 4,9m, lengd bakveggjar 3,2m. Nokkuð eru í ristur aðallega í norðurvegg; fjöldinn af litlum krossum - undir þeim stendur Björgvin 1975. Aðeins austar eru fleiri krossar og ártalið 1779. Enn austar eru þrír mjög flúraðir upphafsstafir, samtengdir. Nokkrar sillur eru höggnar í vegginn, líklega fyrir ljósker. Í NA horni er gat í skilvegginn milli (i) og (ii) upp við loft. (ii) er miklu meiri hellir, breidd 3,4m, við inngang þar sem veggur hefur einnig verið hlaðinn úr grjóti og torfi, nú að mestu hruninn, lengd 7,15m. Hellirinn er svo til ferhyrndur, með hvelfdu lofti. NA horn hans er nú notað til að reykja kjöt og er kringlóttur ljóri ofan þess. Hér er mun meira krotað á veggi, bæði gamalt og nýtt, aðallega á norður og suðurvegg framanverðan. Ekkert af þessu kroti er mjög gamalt að sjá. Á norðurvegg eru 4 ljósasillur þétt saman, nokkru austar og ofar er kross, hæð 0,47m, breidd 0,3m, dýpt 3-

4sm. Annar svipaður kross er á gafli hátt uppi, lengsti armurinn þar sveigist þó út eins og hinir. Ljósahola er rétt austan við fyrsta kross. Á suðurveg eru um 6 ljósahillur, 3 stórir krossar og mikið krot. Fremst við innganginn inn í hellinn, í NV horninu er um tveggja metra hátt 0,78 m breidd op inn í (iii) lítinn skúta, lengd 3m, breidd 1,75m. Er einnig 0,65m op í vestur. Stendur dyrastoð nú við aðra hliðna. Hér er einnig krot og krossar á veggjum. Á norðurvegg við inngang er stór silla - önnur á innsta gafli. Op er niður við góft í SA horni inn í (i). BJ 1901: "Hinn austasti er nú opin ofan og vottar ekkert fyrir ræfri. Hefir það líklega á sínum tíma fallið niður og grjótið úr því svo verið notað í hleðslu. Veggirnir standa eftir lóðréttir og mynda nær kringlótta rétt, sem er opin að framan. Er það hleðsla fyrir og dyr á. Austurveggurinn er ekki hærri en tæpl. 4 al. Getur hafa brotnað ofan af honum. Að vestan- og innanverðu er nærri helminji hærra. þar hátt uppi er op, eigi ólíkt gluggatóft, inn í miðhellinn. Ekki er það fullyrðandi, að þetta austasta hellisstæði hafi nokkurn tíma haft ræfur, en vel er það myndað innan og ber ljós merki mannvirkja. Miðhellirinn gengur lengra inn í klettinn; er nál. 15 al. langur, nál. 7 al. hár og nál. 4 al víður. Veggirnir eru lóðréttir hátt uppi eftir, en ræfð er brött hvelfing. Í veggjunum, nál. miðri hæð, eru bitaför andspænis, 3 hvoru megin. Mætti þar vel hafa verið timburloft; er nóg bæði til þess, bæði yfir og undir. Hefði loftið þá fengið birtu úr opinu sem fyr er getið. Dyrnar eru jafnvíðar hellinum sjálfum og næstum eins háar. Er í þær hlaðið, og eru þar dyr á. Mjög eru veggirnir þunnir eftir hæðinni. Hinn eystri, sem liggur að hinu opna hellissvæði, er svo þunnur, að þar er nú komið smágat á í einum stað. Vesturveggurinn er nál. spannar þykkur. Á honum eru dyr inn í vesturhellinn og eru þær vel 3. al. háar, en tæpl. 1 1/2 al. víðar. Kamparnir eru lóðréttir, en bogamyndaðir að ofan. Vesturhellirinn er lítill, nál. 6 al langur, en nál. 4 al á hæð og vídd, veggir mjög svo lóðréttir og ræfið bogahvelfing. Fyrir dyr hans er alveg hlaðið og gluggi þar á ofan til." ÁH 1991: Seljalandshellir: "Seljalandshellar eru í móbergs- og þursabergshaus í brekkurótum rétt upp af bæjunum á Seljalandi. Hausinn stendur stakur fram út brekkuni og er fullnýttur þannig að vart væri hægt að stækka hellana. Veggir þeirra eru e.t.v. úr þynnsta lagi enda virðist augljóst að austasti hellirinn hefur hrunið að hluta. Hellarnir eru þrír, hlið við hlið og allir samtengdir. Sá vestasti þeirra er minnstur, 3,5 x 1,7 m2. Á honum eru sjálfstæðar dyr út en einnig er innangengt um aðrar dyr í miðhellinn. Innst í hellinum hefur opnast gat neðst á millivegginn vegna þess hve þunnur hann er. Miðhellirinn er stærstur, 8 m langur og 3,5 til 4,5 m á breidd, breiðastur innst. Þar er lofthæðin einnig mest, 4 m. Strompur gengur upp úr honum 0,9-1,0 m á vídd. Lág hleðsla er í honum efst. Innst á austurvegg, ofarlega, er stór bogsveigður gluggi eða dyr. Bitaför í hellisveggnum undir glugganum gætu bent til þess að timburloft hafi skipt hellinum í tvær hæðir, nóg er rýmið til þess bæði yfir og undir. Birta hefði borist á loftið um gluggann og um hann hefur reyndar verið unnt að ganga niður í austurhellin því 4-5 slitin þrep eru í veggnum fyrir utan. Þriðjungur loftsins í austurhellinum hefur hrunið einhvern tíma fyrr á öldum. Þar var hrunið þegar Auguste Mauer teiknaði hellana 1836. Ekki er sjáanlegt að reynt hafi verið að loka honum eftir það, en hins vegar voru hlaðnir veggir framan við hann þannig að úr varð hálfyfirbyggð rétt. Í hleðsluni er grjót sem sýnilega er ættað úr hinum hrunda hluta. Hellirinn er 10 m á lengd og víðastur yst, 5,5 m. Gamlar jötuhleðslur eru með austurvegg og gafli. Lind sprettur fram undan brekkunni fast austan við hellana. Stétt úr völdum hellum liggur frá austurhellinum og meðfram bergveggnum upp að lindinni og í henni eru gamlar hleðslur. Þar var þvottaból og þvottastein. Lind er vestan við hellana. Að sögn Þórðar Tómassonar var henni veitt í þró til brynningar. Hellarnir standa nú opnir fyrir veðri og vindum og á gólfunum er þykkt lag af spýtnabraki og skít enda leitar nautpeningur í þá sér til skjóls. Reykklefa hefur verið komið fyrir innst í miðhellinum, undir strompnum. Ekki eru það hellileg not en þó er hellirinn furðu lítið sótugur að innan. Skurður var grafinn framan við hellinn um 1960 og í mokstrinum úr honum var eldhúsaska. Þar fann Þórður Tómasson hálfa skafkolu úr móbergi sem nú er á Þjóðminjasafni. ... Það myndi æra óstöðugan að lýsa öllum ristum Seljalandshella út í hörgul. ... Krossarnir eru fjölbreyttilegir. Flestir þeirra eru latneskir að formi (crux immissa), en einnig eru þar grískir krossar (crux immissa quadrata), tvíkrossar (crux gemina) og hankakross (crux ansata). Algengasta afbrigði latnesku krossanna í Seljalandshellum er það sem kalla mætti Skálakross. Þar enda armar og stofn krossins í hringlaga skálum. E.t.v. er þetta eftirlíking af krossum sem enda í kúlum. Slíkir krossar þekkjast á íslenskum kirkjum, t.d. var þannig kross á Brynjólfskirkju í Skálholti 1650-1802. Í hellinum eru bæði stórir og smáir skálakrossar. Litlu krossarnir virðast oftast þannig gerðir að skálarnar eða holurnar hafa verið boraðar fyrst en krossinn síðan dreginn á milli þeirra. Flestir krossarnir í austurhellinum eru af þessari gerð. ... Stærsti skálakrosinn er utarlega á eystri vegg miðhellisins, 18x15 cm. Í vestastahellinum eru einnig skálakrossar, þar á meðal einn sem er aðeins með eina skál í toppinn eins og krossinn í Kverkarhelli. Grískri krossar (crux immissa quadrata) bæði stórir og smáir finnast í hellunum. Þeir eru jafnarma. Í Seljalandshellum eru þrír krossar með tveimur þvertrjám á einum stofni. Einn þeirra sýnist einfaldlega vera tveir venjulegir latneskir krossar sem lent hafa hvor ofan í öðrum. Annar tvíkrossinn

virðist vera raunverulegur patríarka- eða erkibiskupskross. Sú krossgerð er sjaldséð á Íslandi enda embættistákn hinna æðstu kirkjuhöfðingja. Páfinn einn bar veglegra tákn, hinn þrefalda páfakross. Krossinn, sem er 36 x 27 cm að stærð en allmáður, er þó engann veginn dæmigerður í sniði. Þvertrén eru að vísu tvö og það efra styttra eins og vera ber en , það er hin breiði efri hluti krossins sem er óvenjulegur. Breidd stofnsins er jöfn og lengd efra þvertrésins. Þriðji krossinn er af þeirri gerð sem nefndur er tvíkross (crux gemina). Kross þessi er máður mjög en þó er vel hægt að gera sér grein fyrir hverng hann hefur litið út í upphafi. Hann líktist patríakakrossi en hér eru þvertrén bæði jafnlöng og tveir samsettir grískir krossar. Stærð hans er 9,0 x 4,5 cm. Í vesturhellinum verður ekki betur séð en gamli egypski hankakrossinn (crux ansata) sé ristur í vegginn. ... Nokkur teikn á hellisveggjunum virðast gömul búmörk.” ÁG: “Hellar þrír, manngjörvir í hörðum þursabergskleti bakvið bæinn; af einum er fallið ræfið.”
**Heimildir:**Manngerður hellar 244-247; BJ "Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901" Árbók 1902, 27-28; ÁG: Friðlýsingarskrá, 65

**RA-069:034** *Hoftorfa* tóft
Í hlíðinni austan við Seljaland. Þar renna margir lækir niður. Beint upp af rafstöðunum er hlíðin grasivaxin og smáþýfð, á milli tveggja lækja. "Hofsá, hin vestri, er austan Þrasagils. Þar er Hofsárskák. Norður og Suður-Hoftorfa eru austan Vestri-Hofsár, uppi í hlíðinni. Í Norður-Hoftorfu er rúst, sem Hof heitir. Þar stóð hof í heiðnum sið." segir í örnefnaskrá
Ofarlega er svolítill bolli/laut. Ofan hennar tekur við stutt, brött grasivaxin brekka og svo melur. Tóftin er í bollanum.
"Austan við bæinn uppi í hlíðinni er svokölluð hoftóft, og virðist hún gömul. Er hún talin, naumast að ástæðulausu, minjar um heiðið hof. Tóftin er allhátt upp í fjallshlíð, efst í hallalítilli grasivaxinni brekku sem er kölluð Hoftorfa, þríhyrningslaga, og veit hvasst horn niður, en fjallalækur á hvora hlið. Renna þeir saman neðar og renna niður úr austan við bæinn, og heitir þar Hofsá.[Nmgr.: Árnar heita nú Hofsá hvor um sig, sbr. Árb. Fornl. 1888-92, 37.] Almenn munnmæli telja tóftina hoftóft. Því til stuðnings að það nafn sé rétt og munnmælin gömul, eru í fyrsta lagi áðurnefnd örnefni og einnig að engar sagnir þekkjast, munnlegar eða skráðar né heldur bæjarnafn í nánd, sem sögnin hefði getað sprottið af. Tóftin snýr upp og niður í brekkunni í suðvesturátt. Að lögun virðist hún ferhyrnd, aflöng, um 9 faðma löng og 2 faðma breið, ef til vill með dyr að neðan um suðvesturgafl, en frá norðvesturenda af vestri hliðarvegg er lítil útbygging. [Nmgr.: Steingrímur Jónsson prófastur sendi 1821 fornminjanefndinni teikningu og lýsingu af Hoftorfu, sem liggur milli tveggja lækja ásamt tóftinni. Er hún þar sýnd ferhyrnd og aflöng, og efri endi hringlaga (eins og nokkurs konar kór). Þar sem bogi og hliðveggur mætast, setur hann litla hálfhringlaga útbyggingu, sbr. Henry Petersen: Nordboernes Gudedyrkelse og Gudetro, 21 o. áfr. Þar segir hann, að hofin hafi sennilega haft venjulegt kirkjuform með langhúsi og hálfhringlaga kórbyggingu.] Sennilega ætla flestir að Dalverjahofið hafi staðið þarna,[Nmgr.: Sigurður Vigfússon gróf í tóftina sumarið 1883, og mældist hún honum talsvert stærri en Kaalund telur hana, eða 77 feta löng, og 20 feta breið. Tóftin er vallgróin, en þó mjög greinileg. Lítt sjást hleðslur, en þó sést aðeins brydda á steinum. Virðist tóftin hafa verið í tvennu lagi, dyr á enda undan brekku, gólf sennilega í halla. Efra húsið hefur verið miklu minna. Taldi Sigurður það 15 feta langt (Árb. Fornl. 1888-92, 36-37)."] en bærinn Stóridalur er þó furðu langt burtu. Sennilega er hálftíma gangur til bæjarins yfir fjallið, en meðfram því hálftíma reið. Ekki er heldur vitað neitt um, að hof hafi verið hjá Stóradal. Aftur á móti er sagt frá því í Landnámu, að Jörundur goði á Svertingsstöðum hafi reist stórt hof, en ekki er vitað hvar bærinn var." KK I, 198-99.
SV: "Hún [tóftin] stendr upp í Hofstorfu, sem kölluð er, austan til við Seljaland í fallegu hálendi, upp undir hlíðinni, grasivöxnu. Báðum megin við torfuna renna smáár í djúpum farvegum, með grasbökkum að, og heita Hofsár... Tóftin er mjög niðrsokkin og vallgróin. Hún stendr í fögrum hvammi eða laut, sem er vafin í töðugresi og er allbratt upp að henni. Hofstorfan er um hundrað faðma á breidd um miðjuna, öll grasi vaxin. Þaðan er mikið og fallegt víðsýni... Kom þá í ljós, að tóftin var 77 fet á lengd og 20 fet á breidd; afhúsið er 15 feta langt, þegar mælt er af miðjum milliveggnum, enn aðalhúsið 62 feta langt. Þetta alt utanmál. Tóftin snýr upp og ofan og afhúsið er í efra endanum." Sigurður Vigfússon. (1892, 36-37) Einnig er lýsing á uppgreftri sem hann framkvæmdi bls. 37.
GS 1980: Ferhyrnd tóft, vísar í 248°, niður brekkuna, langhlið í þá átt um 20,6m breidd um 4m. Útlínur eru mjög óljósar og engan veginn ljóst hvar lengd/breidd endar. Í NV langvegg má þó sjá steina á a.m.k 2 stöðum. Það er mögulegt að efsti hluti tóftarinnar hafi verið sér herbergi, lengd 4m. Lautin við skilvegg er um 1,1m djúp. Lautin er allmiklu víðari að framanverðu en húsið hefur verið.
**Heimildir:**FF, 149-51; KK 1, 198-99; SV: “Rannsóknir sögustaða ..." Árbók 1888-92, 36-37;

Ö-Seljaland, 3; ÁG: Friðlýsingarskrá, 65

**RA-069:045** heimild um bænhús
1709; "Heyrt segjast menn hafa hjer hafi í gamladaga bænhús verið, en men veita ei fyrir víst að segja og engin sját þar líkindi til."
SELJALAND UNDIR EYJAFJÖLLUM (DALSÞING) (R)
[1332]: [úr Dal] skal syngia ... annann huern dag helgann. a selialand oc suá aa fit takast ij merkur af huarre kirkiunne; Máld DI II 683 [Dals]
[1371]: [úr Dal] skal syngia ... annan huernn dag helgann a fit og selialand. taka ij merkur af huerre kirkiunne; Máld DI III 262-263 [Dals]
1709: Heyrt segjast menn hafa hjer hafi i gamaldaga bænhús verið, sem menn vita ei fyrir víst að segja og engin sjást Þar líkindi til; JÁM I: 86
**Heimildir:**JÁM I, 86

## RA-070 Tjarnir

10 hdr. 1709, "... tveir bæir aðskildir, til forna byggðis úr Seljalands landi." (JÁM I, 88) "Vestan þeirra var Álafarvegur, að austan Markarfljóts. þarna var mikið af kjarngóðum valllendisgróðri á bökkum vatnsfarveganna og í Tjarnarnesi og mýrlendi nokkuð á brúnum. Þetta voru sæmilegar bújarðir og fólk undir þar ævi vel. Jarðirnar voru dauðadæmdar, er öllum kvíslum Markarfljóts var veitt í Markarljótsfarveginn, sem sker Vestur-Eyjafjallahrepp. Byggð langðist þar endanlega niður 1947." (SB IV, 178) Vantar í skráningarbók, verður að treysta á uppdrætti GS.
1709: "Landinu grandar stórum sandfjúk, líka brýtur af því Markarfljóts." JÁM I, 89 1924: Norðurbær: Tún 4,6 ha, garðar 1320. Suðurbær: Tún 4,2 ha, garðar 1240m2.

**RA-070:001** *Tjarnir (Austurbær)* bæjarhóll bústaður
1709: "... tveir bæir aðskildir, til forna byggðir úr Seljalands landi."
Heimatröðin mörkuð hleðslum, lá úr austri. Rófugarður var vestan við bæjarhús sem snéru til suðurs. Ummál bæjarhóls: 18m x 30,2m. a) Austast var fjós, lengd 8,7m. b) Skúr 5,2m x 10m, hæð 0,5-0,8m, veggjaþykkt 1,1m –1,5m. c) Hlaða, niðurgrafin, 4,8m x 6 m, dýpt 2m. d) Heygarður liggur þvert aftan við b. og c. 33,9m x 6,5-7m, hæð 1,5m (utan), 0,4m (innan), veggjaþykkt 1,7m breidd dyra 3,4m.
**Heimildir:**JÁM I, 88; Túnakort 1924

## RA-071 Brúnir

3 hdr. 1709, afbýli Stóradals, í eyði árið 1709. (JÁM I, 88) "Vestan þeirra var Álafarvegur, að austan Markarfljóts. þarna var mikið af kjarngóðum valllendisgróðri á bökkum vatnsfarveganna og í Tjarnarnesi og mýrlendi nokkuð á brúnum. Þetta voru sæmilegar bújarðir og fólk undir þar ævi vel. Jarðirnar voru dauðadæmdar, er öllum kvíslum Markarfljóts var veitt í Markarljótsfarveginn, sem sker Vestur-Eyjafjallahrepp. Byggð lagðist þar endanlega niður 1947." (SB IV, 178) ATH vatnar í skráningarbók, staðsetning tóftar verður að vísa í uppdrátt.
1709: "Af landinu brýtur árlega Markarfljót og spillir því þar til stórum með sandi og grjóti, líka leirs áburði." (JÁM I, 94) 1924: Tún 5 ha, garðar 2460m2.

**RA-071:001** *Brúnir* bæjarhóll bústaður
Steyptur grunnur, ferhyrndur. Lengd um 20m, breidd um 10m. Gengið heim að bæ um traðir úr suðri og norðri. Grunnurinn er þrískiptur, kjallari í miðherbergi, tveir steyptir reykháfar, veggir líklega torf og grjóthlaðnir að utan, hellur. Þetta var timburhús. Húsaskipan: a) lambhús b) skúr, gangur og smíðahús, kjallari undir, c) norðurhelmingur var eldhús, stofa, gangur og baðstofa sunnanvið, búr og svefnherbergi vestast.
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-072 Hamragarðar

8 hdr. 1695/1709. "Hamragarðar er lítil jörð. Hún er sjálfstæð, var snemma skipt úr Stóra-Dalslandi að talið er. Bærinn stendur vestan undir 80-100 m háum klettavegg. Tveir fossar falla fram af klettunum, Seljalandsfoss sunnar og Gljúfurárfoss norðar, og setja þeir sérstæðan svip á landslagið. Grasi vaxið undirlendi framan undir klettunum er lítil. Tún er þar umhverfis bæinn, valllendisbrekkur undir klettunum og mýrlent þar sem lægst er. Þetta land var allt heyskaparland síðasta ábúanda. Um síðustu aldamót hafði Markarfljót gengið svo á undirlendið að það var komið að brekkurótum norðan við Seljalandsfoss og gamla túnið eitt var eftir. Þá var allt að helmingur heyskapar sóttur í Fitjamýrina. ... Ofan klettabrúnar er Hamragarðaheiði. Hún er fremur mjó tunga milli Seljalandsár og Gljúfur. Fer heiðin hækkandi eftir því sem austar dregur og er að mestu leyti grasi vaxin, enda í skjóli af Neðri-Dalsheiði að norðan og Seljalandsheiði að sunnan og suðaustan. Á heiðinni eru góðir sauðfjárhagar." " (SB IV, 186)
1709: "Slægjum granda skriðud og grjótshrun úr fjallinu. Af beitarlandi og engjum hefur Markarfljót stórum brotið, so af engjum, sem í gamladaga brúkaðar voru, er ekkert eftir orðið." (JÁM I, 90) 1924: Tún 2,7 ha, garðar 1010m2.

**RA-072:001** *Hamragarðar* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

**RA-072:036** tóft nátthagi 63°36.909N 19°59.233V
Þegar komið er að Hamragörðum, eftir þjóðveginum, er keyrt áfram í norður. Rétt norðan Hamragarða er afleggjari sem liggur upp að sumarbústaðalandi á Hamragarðaheiði. Afleggjaranum er fylgt þar til að komið er að Seljalandsá. Suðaustan við sumarbústaðalandið alveg niður við Seljalandsá
Í laut við ána er nátthagi og lítill hellisskúti sem hlaðið hefur verið utan fyrir.
. Nátthaginn er hlaðinn úr torfi og gróinn
**Hættumat:** engin hætta

**RA-072:037** tóft BYRGI 63°36.909N 19°59.233V
Þegar komið er að Hamragörðum, eftir þjóðveginum, er keyrt áfram í norður. Rétt norðan Hamragarða er afleggjari sem liggur upp að sumarbústaðalandi á Hamragarðaheiði. Afleggjaranum er fylgt þar til að komið er að Seljalandsá. Suðaustan við sumarbústaðalandið alveg niður við Seljalandsá.
Í laut við ána er nátthagi og lítill hellisskúti sem hlaðið hefur verið utan fyrir.
Hellisskútinn er lítill og er hleðslan lítilfjörleg.
**Hættumat:** engin hætta

**RA-072:038** tóft óþekkt 63°36.982N 19°58.614V
Þegar komið er að Hamragörðum, eftir þjóðveginum, er keyrt áfram í norður. Rétt norðan Hamragarða er afleggjari sem liggur upp að sumarbústaðalandi á Hamragarðaheiði. Afleggjaranum er fylgt þar til að komið er að Seljalandsá. Við hæð norðan við ána standa tvö hús og er annað þeirra fjárhús.
Húsin eru bæði hlaðin úr torfi og grjóti.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**RA-072:039** tóft fjárhús 63°36.982N 19°58.614V
Þegar komið er að Hamragörðum, eftir þjóðveginum, er keyrt áfram í norður. Rétt norðan Hamragarða er afleggjari sem liggur upp að sumarbústaðalandi á Hamragarðaheiði. Afleggjaranum er fylgt þar til að komið er að Seljalandsá. Við hæð norðan við ána standa tvö hús og er annað þeirra fjárhús.
Fjárhúsið er aðeins neðar í brekkunni en 38.
Húsin eru bæði hlaðin úr torfi og grjóti. Fjárhúsið er tvískipt í fjárhús og hlöðu. Hlaðan er 9*10 og hlaðan 4*10.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**RA-072:040** tóft rétt 63°36.929N 19°59.195V
Þegar komið er að Hamragörðum, eftir þjóðveginum, er keyrt áfram í norður. Rétt norðan Hamragarða er afleggjari sem liggur upp að sumarbústaðalandi á Hamragarðaheiði. Afleggjaranum er fylgt þar til að komið er að Seljalandsá. Þegar komið er að húsunum tveim (036/037) er hamrabelti í vsv frá húsunum

(hamrabeltið fyrir ofan bæinn Hamragarða). U.þ.b. 200-300m fjarlægð. Á þessu hamrabelti grjóthlaðin rétt. Réttin er byggð utan í hamrabelti og myndar það suma veggi réttarinnar.
Grjóthlaðin.
**Hættumat:** engin hætta

## RA-073 Borgareyrar

3 hdr. 1709, afbýli Stóradals. "Jörðin er vestan Markarfljóts ásamt þremur örðum býlum. Hún er lítil en fremur landgóð. Hún hefur orðið fyrir nokkrum ágangi af völdum Markarfljóts, en honum hefur verið bægt frá með varnargarði fyrri Fauska, sem var kvísl úr Markarfljótsi. Fauski hefur skorið land jarðarinnar í sundur og skilið eftir verulegt landsvæði, sem nú er svartur sandur. Að öðru leyti er landið grasgefið en skjóllítið." (SB IV, 180)
1709: "Heyskap sækir ábúandinn til Eystri Landeyja að Miðey, stundum að Búðarhóli, líka í austurstu (stóru) Fitjar land, og hefur oftast betalað 5 álnir fyrir 15 hesta heys, þó stundum minna og meira eftir því sem seljanda og kaupanda hefur saman komið. Af landi jarðarinnar brýtur árlega Markarfljót, líka fýkur á það sandur og spillist eftir hendinni." (JÁM I, 95) 1924: Tún 3 ha, garðar 1080m2.

**RA-073:001** *Borgareyrar* bæjarhóll bústaður
“Borgareyrar: Gamlibær er bæjarrústin í túninu, á Fauskabakkanum. Þaðan var Borgareyrarbærinn fluttur um 1845.” segir í örnefnaskrá Vestur af bænum, í tungunni milli Fauska og Áls. Hóllinn er í heimatúninu. Nokkuð há rústasamsteypa, vísar í 325°, lengd alls 30,5, breidd 31m. a) Ferningslaga tóft, líklegast heygarður, lengd 8m, breidd 7,2m, hæð 1,5m (að utanverðu). b) Ferningslaga tóft e.t.v. hesthús, breidd 4,1m, lengd 4,1m, hæð 0,76m (utanvið). c) Ferningslaga tóft, lengd 2,4m, breidd 3,6m, hæð 1,83m, fjós. d) Ferhyrnd tóft, lengd 6,4m, breidd 3,1m, hæð 1m. e) Ferningslaga tóft, breidd 6m, lengd f) Ferhyrnd tóft, breidd 4,3-6,4m, lengd 6m, hæð 1,55m. g) Ferningslaga tóft, líklega hlaða og fjárhús. Hluti er niðurgrafinn, breidd 5,4m, lengd 15,8m frá horni e) í norður 2,5m í suður. Hæð um 0,55m, mun lægra en hinar rústirnar. h) Garðleifar í 232°, frá d), 11,7m frá NV horni húsasamsteypunnar, húsi b), 2,4 m frá útvegg d), nær 10,7m, beygir þá í 128°. 4,3m, þar sem veggurinn er brotinn, að árfarvegi Fauska. i) Ferningslaga gerði - gaflinn er hluti af h), lengd 8,7m, um 9,7m milli vestara horns í SV horn b) breidd 4,6m, haugstæði. Allir veggir veðraðir, hlaðnir úr torfi - engir steinar sjást. Mið tekið úr miðju rústasvæði 40° í Dalsselsbæ, 62° í Hákoll eða Stóra-
Dímon, 122° í Seljalandsfoss. Álagablettur, börnum bannað að leika sér hér, það kom alltaf eitthvað fyrir ef hreyft var við tóftunum. Bæjarhúsin voru yfirgefin einhverntíma á 19. öld. Kona sem var um sjötugt 1980 sagði afa sinn hafa komið í húsin þegar hann var 8 ára.
Álagablettur, börnum bannað að leika sér hér, það kom alltaf eitthvað fyrir ef hreyft var við tóftunum.
**Heimildir:**Ö-Hólmabæir, 3

## RA-074 Steinmóðarbær

5 hdr., 1709, afbýli Stóradals. Hjáleiga Steinmóðarbæjarhjáleiga. Bjarkarland nýbýli byggt úr landi Steinmóðarbæjar og Miðeyjahólms (RA-109) árið 1933. "Tæplega meðalstór jörð, að mestu algróin nema aurspilda efst í landinu. Landið er að mestumhluta þurrlent, sumarbeit sæmileg og allgott ræktunarland. Graslendi er allt afgirt." Íbúðarhúsið Káratangi reist í landareigninni 1975. (SB IV, 183-184) Í eyði árið 1980.
1709: "Af túninu brýtur kvísl úr Markarfljóti. Á hagana fýkur sandur af Markarfljóts aurum." (JÁM I, 96).
1838:"Sæmileg heyskapar- og hagajörð." (SSR, 61). 1924: Tún 3,8 ha, garðar 1480m2.

**RA-074:001** *Steinmóðarbær* bæjarhóll bústaður
"Skollalaut liggur þvert yfir það [túnið], syðst. Hún endar í Tunnupytti, sem nú er nær horfinn, en var áður um 6 m djúpur. Lautina og pyttinn gróf Steinmóðarbæjaráll fyrir um 70 árum. Þá var hann ferjuvatn öðru hvoru og tók af bæinn í Steinmóðarbæ, sem þá var í útsuður af bænum, sem nú er." segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**Ö-Hólmabæir, 4

## RA-075 Dalsel

5 hdr. 1709, afbýli Stóradals. "Jörðin Dalssel er meðaljörð, eign núverandi ábúandi, sléttlend, gróin valllendisgróðri með miklum ræktunarmöguleika, en fremur skjóllítil. Auk þess fylgja jörðinni ca. 150 ha., sléttir sandar á Markarfljótsaurum." (SB IV, 182)
1709: "Heyskap hafa ábúendur sótt í Eystri-landeyjar, stundum haft eyðihjáleigur til slægna og goldið fyrri eftir samkomulagi. Stundum engi keypt fyrir óvissan betaling hefur greiða. Á hagana fýkur sandur og aur, og hefur þeim mikið spilt." (JÁM I, 95) 1838:"... lítil heyskaparjörð, en góð og mikil hagajörð." (SSR, 60-61). 1924: Tún 5,9 ha, garðar 2083m2.

**RA-075:001** *Dalsel* bæjarhóll bústaður
Gamli bærinn stóð þar sem fjósið er nú en áður var hlaða, þar komu upp minjar er fjósið var byggt. Veggjagrjót og þakhellur sáust í skurði 1980, líklega úr bæjarhúsunum.
**Heimildir:**7.8.1980

## RA-076 Neðridalur

20 hdr. 1709, Stóradalskirkja á hálfa jörðina en hinn helmingurinn er í bændaeign. "[1269]: [frá Dal] skal syngia tolf salumesur j hinn nædra dal a xij. manudum ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum." (DI III 1) 1332/71 tilheyrði helmingur landsins Dalskirkju (DI II, 683; DI III 262-263)
"Neðri-Dalur er norðaustan við Hamragarða. Þar er grunnur dalur, sem liggur til norðausturs norðvestan undir fjallinu. Norðan dalsins er lágur ás, Dalás, en Markarfljót rennur fyrir mynni hans. ... Neðra-Dal mun hafa verið skipt snemma úr Stóra-Dalslandi. ... Land Neðra-Dals er í dalnum sunnanverðum og fjalllendinu suðaustaur og suður af. Bærinn stendur suðvestan til í þurrlendu túni." Í eyði frá 1973 (SB IV, 187)
1709: Af engjum hefur Markarfljót mikinn part brotið, en sumt komið í mold og skriður, slægjur sem eftir eru liggja undir spjöllum af skriðum og Markarfljóti." (JÁM I, 91) 1924: Austurbær: Tún 4,8 ha, garðar 1320m2. Vesturbær: Tún 3,6 ha, garðar 1260m2. "Utan túns er land að mestu mýrlendi niðri í dalnum, og var þar áður fyrr gott áveituland. Frammi á Neðri-Heiði er nokkurt ræktanlegt land, og hefur verið ræktað þar tún. Í fjalllendinu eru góðir sumarhagar fyrir sauðafé."(SB IV, 187)

**RA-076:001** *Neðridalur* bæjarhóll bústaður

**RA-076:002** heimild um bænhús
NEÐRI DALUR UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) - (DALSÞING)
[1269]: [frá Dal] skal syngia tolf salumesur j hinn nædra dal a xij. manudum
ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum;.Máld DI III 1 [Dals]

## RA-077 Dalskot

3 hdr. afbýli Stóradals. "Dalskot, afbýli úr Stóra-Dal, var í byggð um langan aldur. Dalskot var lítil jörð. ... Árið 1898 var Króktún, einnig afbýli úr Stóra-Dal, lagt undir Dalskot. ... Árið 1939 stofnaði Högni Kristófersson frá Stóra-Dal nýbýlið Mið-Dal á hálfu Dalskoti." (SB IV, 188)
1709: "Slægjur utantúns eru næsta engar." (JÁM I, 91) 1924: Tún 7 ha, garðar 1650m2. "Túni og engjum var skipt úr, en hagar voru óskiptir fr´alandi Stóra-Dals." (SB IV, 188)

**RA-077:001** *Dalskot* bæjarhóll bústaður
Íbúðarhúsið í Miðdal byggt um 10 m vestan við bæjarstæði Dalkots.
**Heimildir:**SB IV, 188

## RA-078 Króktún

3 hdr. 1709, afbýli Stóradals. "Árið 1898 var Króktún, einnig afbýli úr Stóra-Dal, lagt undir Dalskot. Króktún hafði verið í byggð í margar aldir. Bærinn stóð sunnan við Dalsá, suðaustur af bænum í Stóra-Dal." (SB IV, 188)

1838:"... lítilfjörlegur heyskapur og útigangur." (SSR, 59)

**RA-078:001** *Króktún* bæjarhóll bústaður
Hér er nú svo til slétt tún. Í túninu suðaustan við Stóradal, sunnan Dalsár.

## RA-079 Stóridalur

60 hdr. 1709 með hjáleigum annars 20 hdr., kirkjustaður. Bærinn var eitt af höfuðbólum landsins, og þó hann sé ekki nefndur í Landnámu, mun hann hafa byggst stuttu eftir landnám í landi því, sem Ásgerður, dóttir Asks hins ómálga nam. (ÍF I, 343). Samkvæmt Njálssögu bjó Runólfur Goði Úlfsson í Dal en hann var sonur Úlfs aurgoða, sonar Jörundar goða landnámsmans, sem bjó að Svertingsstöðum fyrir vestan Markarfljót. Í sögunni segir að Runólfur hafi erft goðorð föður síns svo líklega hefur Úlfur bygggt fyrst á Dal. (ÍF I, 350, ÍF XII, 133, GS: Drög að byggðasögu) c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups, (DI XII 6) "[1269]: Þetta er partur af dalsmaldaga. [vantar] ...(DI III 1) "[1332]: Dalur. Gamall mäldagi.
Peturs kirkia j dal vnder fiollum a heima land halft. synztu mork halfa. savdhusvoll halfvann. nedra dal halfvann. oc þesse oll med fiorum oc skoghum oc ollum þeim gognum oc giædum sem fylgia. ... kirkiann a fiordung j skogi j blafelli." (DI II 683) "[1371]: vii. Peturs kirkia j dal vndir fiollum a heimaland halft. synsta mork halfa. Saudvoll halfan. nedradal halfann og þesse oll med fiorum og skogum. og ollum þeim gognum oc giædum sem fylgia. ...kirkiann ä fiordung j skoge j blafelle." (DI III 262-263) "[1491-1518]:Dalur Kyrkiunni j dal gaf Eyolfur logmadur halfa synstu mork. oc halfuann saudhusvoll. vnder eyafiollum. enn kirkiann atti adur þessar jarder halfar. eru þær nu alsendiliga kirkiunnar eign. [et cetera.Hiä Eyolfe Biskup[s] mäg þar fæ eg ongvan reikningsskap." (DI VII, 39) Jarðir sem byggst hafa úr Stóradal eru alls 10, þar af Neðridalur sem var lögbýli 1709, Króktún, Dalskot, Ólafshús, Brúnir, Borgareyri, Dalsel, Steinmóðarbær (hjáleiga frá Steinmóðarbæ í byggð í skamma stund), Murnavöllur og Eyvindarholt (Litli Murnavöllur byggðist úr landi E í nokkur ár). "Afrjettur fylgir þar sem heitri Stakkholt, er brúkaður fyrir lamba upprekstur frá Dal og Dalshverfi, líka hefur hann frá fleiri bæjum brúkaður verið, en tolllaust. ... Reka á jörðin (kirkjan) fyrir Sanda landi, gagnlegan þegar til vill, kallast Dalsfjara. Hagar heimajarðarinnar eru mjög litlir, hefur fyrrum selstaða verið til fengin og brúkuð í annarra jarðar landi, en verður nú ekki vegna stórs örðugleika vegarins. Beitarland sem eftir er granda skriður úr fjallinu." JÁM I, 92 "Stóri-Dalur var í byggð um árið 1000 og hét þá Dalur eins og segir í Njálu. Síðar var jörðinni (Stóra-Dalstorfu) skipt í mörg býli. ... Bærinn stendur sunnan við Dalsás. Jörðin í melallagi stór á land í dalnum norðvestanverðum og dalbotninum, einnig norðan við framanverðan Dalsás. Suðausturhluti jarðarinnar er fjalllendi og heiðarland. Utan Markarfljóts á jörðin um 100 ha. ræktanlegt land, nú aur. Hlunnindi eru reki á Dalsfjöru og skógarhögg í Húsadal á Þórsmörk. Mótak var í Bökkum." (SB IV, 189)
1709: "Af engjum brýtur Markarfljót og ei halda menn fjórða part þeirra eftir vera, og í manna minni heur að vísu helmíng þeirra af brotið." (JÁM I, 92) 1838:"... góð túnajörð, engjaslægjur litlar og útigangur þeim minni." (SSR, 59). 1924: Tún 6,2 ha, garðar 1998m2. "Einnig braut Markarfljót mjög af landi jarðarinnar. Á 17. öld eða þar um bil eyðilögðust mikil engjalönd frá Stóra-Dal. Snemma á þessari öld eyddust og engjar. Hafði Markarfljót þá eyðilagt svo til allt graslendi sem það náði til." (SB IV, 189)

**RA-079:001** *Stóridalur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

**RA-079:002** heimild um kirkju
Kirkja var í kirkjugarðinum, steintröppur eru þar enn, hefur líklega verið timburkirkja. Kirkjugarðurinn er ferhyrndur, hlaðinn steinum og torfi.
DALUR UNDIR EYJAFJÖLLUM (R) -Pétri
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6
[1269]: Þetta er partur af dalsmaldaga.
[vantar]. . . prestur annar skal syngia heima huern loghelgann dag. allar tijder. enn annar prestur skal syngia j brautt loghelga daga. Þar skal vera messa huern dag a xij manudum oc allar tijder. suo at alldrege skal missa ne einnar. tuær messur skulu vera vm langa fostu drottins daga a mille. oc vigilia defunctorum. oc annan huern dag vmm iola fostu hid siallnazta. oc vmm imbrodaga alla. oc iafnann er vigilia messa er gior

til.   Þadan skal syngia tolf salumesur j hinn nædra dal a xij. manudum.

kirkia a oblæta jarn tuenn. guduefiar pell oc margar lausar bækur.

Þadan skal syngia i hina yzto mork huern dag helgann. oc giallda .iiij. merkur preste oc xl vetta heys oc færa j dal.   a Þorgeirsstodum skal syngia tolf messur or dal oc giallda preste halfa mork vadmala.   j midmork skal syngia tolf salu messur oc giallda xviij. alner bonda þeim sem byr j dal.   ecki er skyllt ad fæda prest med þessum messum.  Máld DI III 1

[1332]:        Dalur. Gamall mäldagi.

Peturs kirkia j dal vnder fiollum a heima land halft. synztu mork halfa. savdhusvoll halfvann. nedra dal halfvann. oc þesse oll med fiorum oc skoghum oc ollum þeim gognum oc giædum sem fylgia.

xj. kyr. sextighi asaudar oc sex ær. oc c j metifie.

atta manna messu klædi oc hokul lausann. vj alltara klædi. iij kalekar. þrear kapur. iij sloppa. glodarker eitt. texta sylfurbuinn. skrin med silfur. oc huslker. alltaris steinn sylfurbuinn. smellta kross storan. tuær kertistikur med kopar oc ein stor med jarn. iij merkur vax. tiolld vm alla kirkiu med nyium dukum. kluckur vj. skaaler med metum. vatnkarl. munlaugar ij. vatzketil.

Þadan skal syngia j efstu mork huern dag helgann oc taka iiij merkur.

xij salumessur j midmork.

xij messur j synztu mork.

xij messur a sanda.

sungit annann huern dag helgann. a selialand oc suá aa fit takast ij merkur af huarre kirkiunne.

þangad liggur tijund af fiorum bæium oc sua lysitollar.

xij aurar hins fiorda hundradz j bokum. mariuskriftt oc peturs skriftt.

þar skulu vera prestar ij oc syngia ad jafnade bader.þar skal oc vera diakn.

kirkiann a fiordung j skogi j blafelli.

hun a einn hest er andres rolfsson gaf.

Jtem kyr oc ij hundradz hross c voru. sæmilegh kista.

Jtem vijc. Máld DI II 683 [1367]: Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 216

[1371]: vii. Peturs kirkia j dal vndir fiollum a heimaland halft. synsta mork halfa. Saudvoll halfan. nedradal halfann og þesse oll med fiorum og skogum. og ollum þeim gognum oc giædum sem fylgia.

sextan kyr og siutige äsaudar og ijc j metfie. ij hunndradz hross.

vij manna messuklæde og einn hokul lausann. vj alltaraklæde. kalekar iij. kapur. iij. sloppa. iij. glodarker. texta silfurbuinn. skrijn med silfur og huslker. alltaris [steinn] silfurbuinn. smelltann kross storan. kertastika med jarnn stor. og onnur lijtil. iij merkur vax. tiolld vm kirkiu med dukum. klockur. vj. mariuskript. peturs skriptt. Thomasskript postola. skaler med metum. kista sæmilig. vatnkall. munnlaugar tuær. vatzketill.

Þadann skal syngia j efstumork huern dag helgann. og taka fiorar merkur.

syngia xij messur j midmork og giallda xviij alner bonda þeim sem byr j dal. og skyllt ad fæda prest med þeim messum.

syngia xij messur a sanda. tekst half mork.

xij messur j synstu mork og tekst af half mork.

syngia annan huernn dag helgann a fit og selialand. taka ij merkur af huerre kirkiunne.

Þangad liggur tijund af fiorum bæum. og lysitollar.

kirkiann ä xij aura hinz fiorda hundradz j bokum.

kirkiann ä fiordung j skoge j blafelle.

einn hest er andres hrolfsson gaf.

Þar skulu vera prestar ij. og syngia ad jafnade.

þar skal og vera diakn; Máld DI III 262-263

[1491-1518]:       Dalur

Kyrkiunni j dal gaf Eyolfur logmadur halfa synstu mork. oc halfuann saudhusvoll. vnder eyafiollum. enn kirkiann atti adur þessar jarder halfar. eru þær nu alsendiliga kirkiunnar eign. [et cetera.

Hiä Eyolfe Biskup[s] mäg þar fæ eg ongvan reikningsskap. Máld DI VII, 39 [AM 263 fol, bl. 31; Þjsks Bps. A II, 1, bl. 153a; Lbs 108 4to, bl. 482 - frá [ er b.v. í Lbs 108 og mun vera frá miðri 16. öld]

1575:  Máld DI XV 670

1709: Kirkjustaður; JÁM I: 91 - Miðmörk er lénsjörð prestsins; JÁM I: 99

27.2.1880:  Stóra-Dalssókn lögð undir Holt; (PP, 55) [lög]

**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-080 Eyvindarholt

15 hdr 1709, afbýli Stóradals. Hjáleiga Litli-Murnavöllur. Samkvæmt örnefnaskrá Þórðar Tómassonar voru bæði Murnavallarbýlin í landi Eyvindarholt. (Ö-Eyvindarholt, 1)."Eyvindarholt er meðalstór jörð byggð úr Stóra-Dal fyrir mörgum öldum." (SB IV, 191)
1709: "Uppá engjarnar ber Syðstumerkurá grjót og leir og hefur miklum parti af þeim spilt, líka grandar slægjum grjóts og moldar rensl úr fjallinu. Jörðin sýnist framvegis af þessu liggja undir spjöllum." (JÁM I, 97) 1838:"... sæmilegur heyskapur en lítilfjörlegur útigangur." (SSR, 59). 1924: Tún 6,8ha, garðar 2075m2. "Bærinn stendur á lágu holti skammt austan Suðurlandsvegar. Mýrlendi er umhverfis bæinn að sunnan, vestan og norðan. Voru þar áður engjar. Mýrlendið hefur nú verið ræst fram að mestu leyti og er notað til beitar en sumt er slegið. Tún eru á hólnum austan við bæin og innan við Eyvinarholtsá til norðausturs. Hagar eru nokkrir í fjalllendinu skammt til suðausturs og á Stóra-Dalsheiði, sem er sambeitarland með Stóra-Dal." (SB IV, 191)

**RA-080:001** *Eyvindarholt* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

## RA-081 Syðsta Mörk

20 hdr. 1709. "[1332]: [úr Dal] skal syngia ... xij messur j synztu mork." (DI II 683) "[1371]: [úr Dal] skal syngia ... xij messur j synstu mork og tekst af half mork." (DI III 262-263). [1332/71]: Stóradalskirkja á hálfa Syðstu-
Mörk.(DI II 683; DI III 262-263) "[1491-1518]:Dalur Kyrkiunni j dal gaf Eyolfur logmadur halfa synstu mork. oc halfuann saudhusvoll. vnder eyafiollum. enn kirkiann atti adur þessar jarder halfar. eru þær nu alsendiliga kirkiunnar eign. [et cetera.Hiä Eyolfe Biskup[s] mäg þar fæ eg ongvan reikningsskap." (DI VII, 39) Merkurjarðir konungseignir eftir 1472, (DI II, 684). 1709 Stóradalskirkja á hálfa jörðina, hinn helmingurinn í bændaeign. "Jörðin er sjálfstæð, meðaljörð að stærð. Bærinn stendur austast í sléttu túni. Austur af bænum og til suðurs nokkuð fjær er heiðaland og fjalllendi, Syðstu-Merkurheiði. Þar eru góðir sumarhagar fyrir sauðfé og skýlt. Í norður og norðvestur frá bænum er, hólótt, grasi vaxið láglendi." (SB IV, 192)
1709: "Á túnið fýkur mold og möl í þessum og stórveðrum. Engjum grandar grjóts og moldar hlaup úr fjallinu í vatna leysíngum. Hagar eru af skriðum og blástri stórum spiltir, sjerdeilis fjallhagarnir." (JÁM I, 99). 1924: Tún 7,8 ha, garðar 1080m2. "Áður fékkst taða af gamla túninu og útheyskapur á ýmsum stöðum kringum túnið, seintekinn og reytingssamur. Fyrir 1918 var Sundið, mýrarsund norðvestur frá bænum, girt frá búfjárhögum. Síðar var veitt á það vatni að vetrinum og varð þar gott starengi, þar sem áður hefur verið heyjað til skamms tíma. Eftir 1940 hafa verið ræktuð tún norður og norðvestur frá bænum." (SB IV, 192)

**RA-081:001** *Syðsta Mörk* bæjarhóll bústaður
Bæjarhóllinn sléttaður. "Norðan við bæinn er Bæjarhóll, en austan við bæinn er Kinn." segir í örnefnaskrá
**Heimildir:**Túnakort 1924; Ö-Syðsta-Mörk, 1

**RA-081:002** heimild um bænhús
SYÐSTAMÖRK UNDIR EYJAFJÖLLUM (DALSÞING) (R)
[1332]: [úr Dal] skal syngia ... xij messur j synztu mork; Máld DI II 683 [Dals]
[1371]: [úr Dal] skal syngia ... xij messur j synstu mork og tekst af half mork; Máld DI III 262-263 [Dals]

## RA-082 Miðmörk

12 hdr, lénsjörð prestsins til Stóradalskirkju. "[1269]: j midmork skal syngia tolf salu messur oc giallda xviij. alner bonda Þeim sem byr j dal. ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum." (DI III 1) "[1332]: [úr Dal] skal syngia ... xij salumessur j midmork." (DI II 683) "[1371]: [úr Dal] skal syngia ... syngia xij messur j midmork og giallda xviij alner bonda Þeim sem byr j dal. og skyllt ad fæda prest med Þeim

messum." (DI III 262-263). Merkurjarðir konungseignir eftir 1472, (DI II, 684).
Eyðihjáleiga Miðmerkurhjáleiga. 1709: "Skógarítak er jörðinni til forna eignað, kallað Sauðhússnes, nú er skógurinn að mestu öreyddur og að so litlu sem engu gagni. Annað skógarítak á hún og, kallað Merkurker. Item þriðja, er nefnist Hrossavallagil, bæði þau óbrúkandi til kolagjörðar og einkis gagns, nema ef verða má nokkuð til eldingar og fyrir fjenað." (JÁM I, 99)
1709: "Högum hafa stórum spilt skriður úr fjallinu og liggja alt jafnt undir spjöllum, bæði af þeim og jarðföllum, sem fjenaði er hætt fyrir." (JÁM I, 99) 1838:"Tún eru stór og mikið þýfð." (SSR, 59). 1924: Tún 4 ha, garðar 930m2."Túnin við bæinn eru að mestu leyti sléttlend og hafa á síðustu áratugum verið færð út m.a. með landþurrkun. Ræktunarland á jörðin vestur frá bænum í Merkurhólum, sem eru grasi grónir og eru vestasti hluti jarðarinnar." (SB IV, 193)

**RA-082:001** *Miðmörk* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1924

**RA-082:002** heimild um bænhús
MIÐMÖRK UNDIR EYJAFJÖLLUM (DALSÞING) (R)
[1269]: j midmork skal syngia tolf salu messur oc giallda xviij. alner bonda Þeim sem byr j dal. ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum;.Máld DI III 1 [Dals]
[1332]: [úr Dal] skal syngia ... xij salumessur j midmork; Máld DI II 683 [Dals]
[1371]: [úr Dal] skal syngia ... syngia xij messur j midmork og giallda xviij alner bonda Þeim sem byr j dal. og skyllt ad fæda prest med Þeim messum; Máld DI III 262-263 [Dals]
**Heimildir:**28.7.1980

## RA-083 Stóra Mörk

60 hdr var dýrleikinn þangað til Jón Einarsson fékk veitingu fyrir hálfri jörðinni upp á aðeins 20 hdr, því er jörðin aðeins 40 hdr. Hálf jörðin er konungseign, hinn hlutinn er í bændaeign. Jörðin kemur oft fyrir i Njálssögu. (ÍF XII, 88, 225, 235). "[1269]: [frá Dal] skal syngia i hina yzto mork huern dag helgann. oc giallda .iiij. merkur preste oc xl vetta heys oc fœra j dal. ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum." (DI III 1) "[1332]: [úr Dal] skal syngia j efstu mork huern dag helgann oc taka iiij merkur." (DI II 683) [Dals] [1332]: Máldagi kirkjunnar í Stóru-Mörk. (DI II 684). Merkurjarðir konungseignir eftir 1472, (DI II, 684). Hjáleigur frá Stóru Mörk voru Grófartún og Nauthús báðar í eyði 1709. "Skóg á jörðin nú næsta gagnlítinn og til kolagjörðar ekki brúkandi nema með yfirlegu. Fyrrum var hann miklu betri. hefur hann eyðst af skriðum og brúkun manna. Reka á jörðin fyrir Seljalands landi, er kallast Merkurfjara, hindrar rekann Markarfljóts útfall, sem er á fjörunni, væri annars mikil gagns von af." (JÁM I, 101) "Jörðin er við norðurmörk Vestur-
Eyjafjallahrepps. Þar er þríbýli og nær land jarðanna að afréttarlöndum sveitarinnar. Landið er stórt og margbreytilegt um landslag og gróðurfar Bæirnir standa saman í miðju túni, sem er hallandi móti suðri. Samfellt gróðurlendi er út frá bæjunum, sem er skipt milli jarðanna í tún, engjar og nokkuð af högum. Er það land girt. Utan þeirrar girðingar eru sambeitarlönd, allvíðáttumikil heiðarlönd norðvestur af Eyjafjallajörki og undirlendi inn með Markarfljóti, svokallað Merkurnes [Langanes], sem er allgott og skjólsælt beitarland. Upp frá nesinu eru brattar hlíðar, víða vaxnar gróðri, en sundirskornar af ám sem renna eftir djúpum giljum frá jöklinum norður í Markarfljót. Bera árnar með sér aur og grjót og spilla gróðri undirlendisins. Auk þess rennur Markarfljót meðfram því endilöngu og brýtur niður graslendi. Hefur það landbrot verulega aukist frá því Þverá var veitt í fljótið. ... Bæirnir hafa að líkindum staðið á sama stað frá því fyrst hófst byggð í Stóru-Mörk." (SB IV, 194)
1709. "Engjar, sem verið hafa, hefur Markarfljót mestallar af tekið. Högum spilla skriður úr fjallinu og blástur úr moldarflögum." (JÁM I, 101) 1838:"... góð heyskaparjörð, túnamikil og sæmilegur útigangur." (SSR, 58). 1924: Vesturbær: Tún 6,8ha, garðar 1610m2. Miðbær: Tún 4,3ha, garðar 1040m2. Austurbær: Tún 5,6ha, garðar 1203m2.

**RA-083:001** *Stóra Mörk* bæjarhóll bústaður

**RA-083:002** heimild um bænhús

"Hjer halda menn til forna hafi bænhús (hálfkirkja) verið, og líka eru þar þau merki til, að klukka er á jörðunni, þar til kirkjugarðs form, en enginn minnist nær bænhúsið aflagðist." "Bænhús var í Mörk til forna. Það stóð á sléttri flöt við Austurbæinn, eða hið eldra stæði hans. Að bænhúsinu voru grafnar tvær gamlar konur, sem gáfu bænhúsinu Merkurfjöru til legstaðar sér." segir í örnefnaskrá
EFSTAMÖRK UNDIR EYJAFJÖLLUM (DALSÞING) (R) - Pétri
[1269]: [frá Dal] skal syngia i hina yzto mork huern dag helgann. oc giallda .iiij. merkur preste oc xl vetta heys oc færa j dal. ecki er skyllt ad fæda prest med Þessum messum;.Máld DI III 1 [Dals]
[1332]: [úr Dal] skal syngia j efstu mork huern dag helgann oc taka iiij merkur; Máld DI II 683 [Dals]
[1332]: viii. J Mork er kirkia sancti petri.
þar skal syngia vr dal huernn dag helgann. enn greida preste iiij merkur og a x hesta heyss sæte.
þar skal [takast] heima lysetollur allra heimamanna og kirkiutijund.
kirkia a xij ær og ij kyr.
Skal sä er j mork byr hallda manngeingre bryggiu a selialandzaa.
ij. mariuskriptter. peturs likneske oc pals. Thorlaks lijkneske. kross oc brijk yfer alltare. tiolld vmmhuerfis kirkiu. kluckur ij. biollu eina. messuklæde og kaleik oc kantara kapu og lsopp. iiij kertistikur oc ij jarnnstikur. sacrarium munnlog. glodarker. elldbere og kistu. alltaraklæde ij oc glitadann duk.
Jtem ij gullhlod sæmelig er gudfinna husfreyia gaf kirkiunne. Máld DI II 684
[1367]: Hítardalsbók, sjá [1332]; DI III 216
[1371]: [úr Dal] skal syngia j efstumork huern dag helgann. og taka fiorar merkur; Máld DI III 262-263 [Dals]
_ain 1467: Máld DI V 513
1553: Máld DI XII 649
1709: Hjer halda menn til forna hafi bænhús (hálfkirkja) verið, og líka eru Þar merki til, að klukka er á jörðunni, Þar tl kirkjugarðsform, en enginn minnist nær bænhúsið aflagðist; JÁM I: 100
**Heimildir:**JÁM I, 100; Ö-Stóra-Mörk, 4

**RA-083:019** renna áveita
(i) Vísar í 195°, 80 skref, beygir þá í 288°, 123 skref, þar sem hann deyr út, mjög óljóst síðasta spölinn, mjög mýrlent hér. (ii) Úr SVhorni (i) 163 skref í 176°er veggjabrot sem vísar í 150° að mestu (130° fyrst), 121 skref þar sem hann deyr út; veggjaþykkt 0,6m, hæð 0,25-0,3m. (iii) Frá þessum enda (ii) í 240°, 56 skref, vísar í 347° jafn langt og (ii). (iv) 28 skref beint upp af (suður af) (iii), sveigt veggjabrot upp við fjallsrætur. (v) N enda (ii) í 24°eru 49 skref - vísar svo 70 skref í 116°, veggjaþykkt c 0,9m hæð um 0,3m, það er möguleiki að veggur þessi haldi áfram í 294°. (vi) Úr SV horni (i) í 318° 43 skref er veggjabrot sem liggur samsíða (i) (í 195°) veggjaþykkt. 1m, hæð um 0,55m, um 100 skref eða svo til út að girðingu. (vii) Annar garður, svo til samsíða (vi) vísar í 200°, 42 skref í vestur 88 skref frá girðingu. (viii) 70 skref frá girðingu, 33 skref hornrétt vestur af (vii), vísar í 198°, 107 skref (ég held þetta geti verið skurður, fremur en veggur [svo]). (ix) Vísar í 296°, breidd um 1m hæð 0,55-0,75m, 68 skref, sveigir þá í 268° c. 12 skref. Er mjög votlent hér skurður hefur verið grafinn nokkru vestar.
**Heimildir:**GS 27.7.1980

**RA-083:041** kuml legstaður
"Árið 1909 bárust safninu nokkrir gripir frá Sæmundi Einarssyni í Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum." "Efst í Jökultungum, innan við Smjörgilsá, er Áslákshóll. Gömul munnmæli segja, að þar hafi verið drepinn maður við skógarhögg, sem Áslákur hét." segir í örnefnaskrá
1.Ásláksshóll í Langanesi, Vestur-Eyjafjallahreppur. Þjms. 5890-92. 5890. Spjót, lítið og óverulegt, einna líkast Sverd 26. 5891. Brýni, ferstrent, með gati nær öðrum enda, úr hörðum steini, röndóttum.
5892. Þrjár sviptir á hring, allt steypt úr bronsi; hver svipt er gerð sem dýrshöfuð, er bítur um hringinn. Gæti verið af beizli. Hlutir þessir fundust blásnir úr jörðu, þar sem heitir Ásláksshóll, innarlega í Langanesi (Merkurnesi), en svo heitir undirlendið inn með Markarfljóti fyrir innan Stóru-Mörk inn að Jökulsá . Þarna hefur líklega verið bær, þótt ekki sé fullvíst. Um Ásláksshól segir Brynjólfur Jónsson: "Hann er blásinn. Þar hafa oftar en einu sinni fundizt fornmenjagripir, og munu sumir þeirra komnir í forngripasafnið, en suma á sonur Einars bónda í Stóru-Mörk, og ætlar hann þá safninu." Síðustu orðin eiga eflaust við hlutina Þjms. 5890-5892. Ekki eru óyggjandi skilríki fyrir því, að gripirnir séu úr kumli. Samstæðan bendir þó fremur til þess, en þar að auki eru líkur til, að hér sé um að ræða sama fundarstað og Páll Sigurðsson í Árkvörn segir svo frá: "Nú fyrir fám árum fundust í innanverðu Langanesi uppblásin mannabein. tvenn eða fleiri, og þar

hjá brotinn oddur af spjóti." En fundur þessi verður þó aðeins talinn til kumlfunda með fyrirvara, þótt líkurnar séu miklar.
"Á unglingsárum Sæmdurnar í Mörk var hlíðin fyrir ofan hólinn að blása upp. Blés þar þá upp dyr, sem í voru mannabein. Sigurður Vigfússon fornfræðingur hirti beinin, en mun ekki hafa fundið þar neitt fornminja. Seinna fann Sæmundur í Mörk þar brýni ..."
**Heimildir:**Ö-Stóra-Mörk, 8, KEKH,

## RA-083b Stóra-Mörk (Merkurtungur)

"Landið sunnan Þórsmerkur skiptist í fjóra afrétti, Steinholt, Stakkholt, Merkurtungur og Goðaland. Landið fyrir botni Sunda (Krossársunda) skiptist í tvennt, Múlatungur og Teigstungur. Allir til samans heita þessir afréttir Suðurafréttir." Þórður Tómasson: Þórsmörk, 50. Merkurtungur eru tungan milli Fremra- og Innra-
Hvannárgils, austan við Staksholt og tilheyra Stóru-Mörk einni. Ábúendur Stóru-Markar hafa þó ekki notað afréttinn í manna minnum, enda er nægt beitiland í heimahögum, og hafa Merkurtungur verið leigðar öðrum til lambabeitar. ... Eftirgjaldið var að leigjandi smalaði landið. ... Ekki munu nema eitt eða tvö heimili hafa notað þær í senn. - (GR I, 190) Merkurtungur eru nú eign Skógræktar ríkisins
"[Merkurtungur] eru hálendar, og til beggja hliða eru næstum þverhníptir hamrar, en uppi eru þær vel grösugar. ... Var talið, að þær bæru eitt hundrað tólfrætt. ... Tungurnar þóttu góður lambaafréttur. Komu lömb þaðan þrifleg og feit. Viðburður þótti, ef þau kollheimtust ekki. Þar var heldur enginn dýrbýtur, sem þó var nokkur í afréttunum í kring." - (GR I, 190). Rétt og náttstaður var í Staksholti.

**RA-083b:001** heimild um rétt
"[Merkurtungur] eru hálendar, og til beggja hliða eru næstum þverhníptir hamrar, en uppi eru þær vel grösugar. ... Var talið, að þær bæru eitt hundrað tólfrætt. ... Tungurnar þóttu góður lambaafréttur. Komu lömb þaðan þrifleg og feit. Viðburður þótti, ef þau kollheimtust ekki. Þar var heldur enginn dýrbýtur, sem þó var nokkur í afréttunum í kring." - Rétt og náttstaður var í Staksholti.
**Heimildir:**GR I, 190

## RA-084 Kross

Jarðadýrleiki óviss 1709, Skálholtsstaðareign. Kirkjustaður. "[1179]: a Liotarstoþum ... skal prestr syngia ... fra Krosse." DI I 257. c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII 6. "[1332]: Kross. gamall maldagi. Olafs kirki at krosse aa prestz skylld j heima landi." DI II 685
"[1367]: xxxviii. Kirkia ad krosse er helgud gude." DI III 218 1397: Máldagi kirkjunar DI IV 88-89 1430: Máldagi kirkjunnar DI IV 423 [um 1480] Máldagi kirkjunnar DI VI 333-334 1481: Jörðin Lágafell í Eystri Landeyjum er í Krosskirkjusókn. DI VI, 414 1495: Jörðin Lágafell í Eystri Landeyjum er í Krosskirkjusókn. DI VII, 252 1496: Maður leystur fyrir að hafa veitt öðrum manni tilræði í kirkjugarðinum eða kirkjudyrunum á Krossi. DI VII, 311-
12. 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV 666.
Hjáleigur 1709: Gulárás, Guláráshjáleiga, Krosshjáleiga, Tjarnarkot og Fagrihóll, allar í byggð. Í örnefnaskrá er hjáleigan Hlaðhjáleiga nefnd. 1709: "Reki liggur fyrir landi jarðarinnar, kallast Krossfjara, hefur hálfur lagst kirkjunni til uppbyggingar, hálfan tekur biskupinn að Skálholti. Item liggur fyrir landinu partur af annarri fjöru, sem heitir Keldnafjara; af þessu hvorutveggju tilheyrir ábúanda á Krossi leiguliða gagn." JÁM I, 122-124 Kross I er 150 ha. "Á Krossi II var búið til ársins 1961. Árið 1900 var þríbýli á Krossi. ... Þá var núverandi austurbær, Kross I, í daglegu tali nefndur Miðbær. Þegar þau Einar og Valgerður fluttu frá Krossi lagðist austasta jörðin undir Kross II, sem raunar hét Krosshjáleiga fram til 1910, en þá var nafninu breytt og jörðin nefnd Lundur. Búskap lauk á Lundi 1961. Lundur var vesturbær á Krossi, en Kross austurbær og voru bæirnir í sama hlaði." SB IV, 230-231
1709: "Engjar eru mjög votlendar. Engjavegur blautur og torfær. ... Á landið fýkur sandur af fjörunum og spillir því eftir hendinni." JÁM I, 122. 1847: "... gefur af sér 120 töðuhesta og 200 útheyshesta. Leir og vatnságangur spillir eingjunum."JJ, 50. 1849: "Tún eru stór og þýfð að tveim pörtum. Útslægjur sléttar, grasgefnar og góðar, en votsamar og ekki miklar. Land til hagabeitar heldur lítið, mýrlent og slétt. Jörðinni fylgir fjara og hjáleigum öllum." Landeyingabók, 181. 1927: Tún 2 ha, allt sléttað, garðar 900 m2.

"Land jarðarinnar er nær eingöngu mýlendi, og sumt votlent. 1/3 hluti landsins er framræstur og uppþurrkaður, landið allt gróið og grasgefið og vetrarbeit góð." SB IV; 230.

**RA-084:001** *Kross* bæjarhóll bústaður
"Gömul munnmælasaga hermir þó, að nafn bæjarins sé leitt af því, að menn á hafskipi í nauðum hafi kastað krossi fyrir borð og heitið því að láta efna til kirkju, þar sem hann bæri að landi, ef þeim yrði hjálpar auðið. Krossinn rak þar að landi, sem nú er Krossfjara. Sjómennirnir náðu landi heilu og höldnu og efndu heit sitt." Segir í örnefnaskrá.
**Heimildir:**Túnakort 1927; Ö-Kross, 1

**RA-084:002** heimild um kirkju
KROSS Í LANDEYJUM (R) -Ólafi, Maríu, Jóni post [1179]: a Liotarstoþum ... skal prestr syngia ... fra Krosse; Máld DI I 257
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6
[1332]: Kross. gamall maldagi.
Olafs kirki at krosse aa prestz skylld j heima landi.
xxx asaudar oc vj. kyr oc c voru oc halfvann fiordung vax.
messuklædi ij. alltarisklædi ij. slopp og kantarakapu. kalek. kertistikur iiij. vatzkarlz brot oc skirnar saar oc vatzketill. glodarker. smellta kross. oc ij krossa adra. mariu skrifter ij. jons skrift oc olafs skriftt. alltaris steinn buinn. oc skrin obuit litit. kluckur iij oc biollur iij. munnlaughar ij.
þangath liggia xix bæier at tiundum oc lýsitollum. eru vj bænhus af þessum. sungit annann huern dag helgann til liotastada.
oc x aurar j bokum. Máld DI II 685
[1367]: xxxviii. Kirkia ad krosse er helgud gude.
les Vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 218
1397: Þar er prestskylld oc .iiij. merkur kaups oc skyllt ad syngia hvern dag messv. wmm Jolafostu oc Langafostu. og hvern dag hina helgu viku og so þa er .ix. lectiur eru j ottusaung. hversdagliga skal messu syngia tvo daga j viku.
Þangad ligia .xviij. bæer ad tiundum oc lysitollumm oc .vj. Bænhvs. half mork kaups af hveriu. og kirkiann a Liotastodumm liggur þangad oc skal syngia annann hvernn dag oc hinn fiorda hvern ottusaung. nema prestur sa er þar byr eige landid.
ad Krosse er leyfdur allra manna groptur.
Þar skal avallt kirkia vera oc a abyrgiast ad alldri farist þat er hun ä.
Vigiliudaga alla skal þar messu syngia.
J kirkiu partt .x. hundrad; Máld DI IV 88-89 [Án efa vígslumáldagi og líklega eldri, ber að flokkast með aq1300 máldögum]
1430: Þa er biskup Johannes Visiteradi hefur aukist vmm framm Þad sem Herra Wilchins maldagi vottar sijdann Helgi Styrsson kom til Kross [kvikfé, ornamenti og .graduale. sequentiubok. de sanctis bok per anni circulum]
Jtem reiknadist portio xviijc sijdann Helgi bondi tok; Máld DI IV 423
[um 1480]: Kross.
Kirkiann aa krosse. er helgud gudi. mariu drottningu. jonu postula oc Olavi kongi. hun a xxc j heima landi. þa[r] skal vera prestur oc taka iiij merkur kaups oc skyllt ad syngia huern dag messu vmm jola fostu. oc langa fostu. oc alla hina helgu viku. oc suo þa er. ix. lectior eru j ottusong. huers daglega skal messu syngia ij. daga j viku.
kirkiann a innann sig. iij messuklædi oc brestur til eitt handlin. kalekur. kantara kap[a]. sloppur vondur. ij alltarisklædi med brunum oc fordukum. oc er kross med gullhlad a odru. alltaris steinar. ij. propiciatorium forgyllt med kopar oc er brakad. silfur texte litill med helgum domum sancte olaafs. iij. koparstikur aa alltari. jrskur kross brotinn. oc or steinarner sumer. annar kross sæmiligur yfer alltari oc trinitatis skrifft med alabastrum. mariu skriftt. olafs skriftir ij. johannis likneski baptiste oc thomas erchibiskups med alabastrum. kopar hialmur sæmiligur. ij jarnstikur. vigz vatz kanna loklaus. merki vont. iij klocur. ein bialla. skirnar saar vondur. läga songva bok sæmilig. de tempore bok gudspioll oc pistlar cum collectis a sumarid oc de sanctis per anni circulum. graduale. sequentiubækur. ij. oc brestur kuer j adra. kiriall. de sanctis bok. matutinale aa sumaret oc er ecki full. saltari forn rimlaus. ij lesbækur vondar. latinu bok litil. skruda kista olæst.

þangat liggia xviij bæier ad tiundum oc lysitollum oc eru þar j vj bænahus. haalf mork kaups af hueriu. oc kirkian a liotastodum liggur þangad oc skal syngia þar annann huern helgann dag. oc hinn fiorda huern ottusong nema prestur sa er þar byr eigi landir. ad krosse er leyfdur allra manna groptur. þar skal avallt krkia vera oc sa abyrgiast er jordina ä. ad alldre fargist hennar peningar. þar skal oc syngia alla vigiliu daga. Máld DI VI 333-334 [AM 263 fol, bl. 37; Þjsks Bps A II, 1, bl. 125b-126a - byggt á sama og Vilch en yngra sbr. að hér eru 20 hdr í heimalandi]
29.10.1481: Jörðin Lágafell í Eystri Landeyjum er í Krosskirkjuókn. DI VI, 414
2.3.1495: Jörðin Lágafell í Eystri Landeyjum er í Krosskirkjusókn. DI VII, 252
18.9.1496: Maður leystur fyrir a hafa veitt öðrum manni tilræði í kirkjugarðinum eða kirkjudyrunum á Krossi. DI VII, 311-12.
1575: Máld DI XV 666
{1598: Þorlákskirkja á Krossi, hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 59}
1709: Þar er alkirkja og embættað að teim hlutum móts við Voðmúlastaði; JÁM I: 122
Jons kirkia postula a eyuindarmula aa prestz skylld j heima landi.
ix ær. messuklædi ij vtann stolu oc handlin skorter til annara. alltara klædi iij. kantara kapa eina. slopp. j. kross sæmilighann med likneskium. mariuskrift oc jons skriptt. munnlaughar ij. glodarker. elldbera. merki eitt. halft annat hundrad j bokum. oc vatzketil. fonts vmmbunat. kluckur iij. textabunat med silfur. paxspialld. alltaris steinn buinn. tiolld vmmhuerfis kirkiu.
þangat liggia ij bæir ad tyundum oc lysitollum

synia annann huern dag helgann til hlidarenda. oc takast ij merkur.
kirkiann a kalek oc kertistikur ij.
Jtem lagdi solmundur til iij ær oc ku. Máld DI II 686 [Þessi máld hefur staðið í Hít]
[1367]: ix. Jons kirkia postula ad Eyuindarmula.
Hier ber allt saman vid Wilchinsbok. þangad sem nefner kertistikur ij. þui ma allt skrifa aptter Vilchinsbok; Hítardalsbók, sjá [1387]; DI III 216
[1387]: LIII. Eyvindarmule
Jonskirkia postula ad Eyvindarmula a prestskylld j heimalandi. xij. ær oc kv. messuklædi tvenn. vtann stolu oc handlijn skorter til annara. alltarisklædi. iij. kantarakpaur. ij. slopp einn. kross sæmiligann med lykneskium. Mariuskript. Jons skripter. ij. mvvnlaugar. ij. glodarkier. elldbera. merki eitt. halft annad hundrad j bokumm. vattzkietill. fonts vmbunad. kluckur. iij. texta bunad med silfur. paxspialld. alltarissteinn. tiolld vmmhverfis kirkiu.
þangad liggia. ij. bæer ad tiundum oc lysitollumm. syngia annann hvern dag helgann til Hlydarenda oc takast. ij. merkur; Máld DI III 404
1397: Jtem .ij. kvgilldi vmm fram þat sem stendur j maldaga Herra Michels.
Portio Ecclesiæ vmm .xij. ar .vijc. hefer þar af nidur falled .ccc. firir þat er Hallsteinn liet giora vpp kirkiuna; Máld DI IV 76-77
1575: Máld DI XV 670
1710: Þar er alkirkja og embættað Þriðja hvern helgan dag; JÁM I: 140
**Heimildir:**Túnakort 1920

**RA-179:041** heimild um myllu
Mylluhús var uppistandandi í Eyvindarmúla fram um 1930.
**Heimildir:**OD: "Minjar og kornmyllur í FLjótshlíð", 43

## RA-180 Hálfmúli [Háimúli]

5 hdr. 1710, byggt um 1660, hjáleiga Eyvindarmúla. Nafnið Hálfmúli hjá JJ er sennilega rangt því bæði í JÁM og SB er jörðin nefnd Háimúli.
1710: "Túninu spilla skriður." JÁM I, 141 1920: Tún 4,9 ha, sléttað 4 ha, garðar 1245 m² "Tún voru brött en töðufall gott. Hagar eru í heiðinni inni og upp frá bænum, góðir og grösugir neðantil, en blásnir uppi á háheiðinni. Skjólgott er í Hámula og vetrarbeit var talin góð, ... Gamla túnið er nú að mestu notað til beitar, en nýtt tún verið ræktað niður á sléttlendinu." SB IV, 391

**RA-180:001** *Hálfmúli [Háimúli]* bæjarhóll bústaður
"Áður stóð bærinn ofar og vestar við lækinn, en var fluttur árið 1939 af ábúanda ..." Segir í Sunnlenskum byggðum.
**Heimildir:**SB IV, 391; Túnakort 1920

## RA-181 Árkvörn

5 hdr. 1710, hjáleiga Eyvindarmúla. Nefnd Árkvarnarkot í JÁM, og mundu menn þá ekki hvenær hún byggðist fyrst.
1710: "Túni og engjum þeim litlum, sem til eru, granda skriður." JÁM I, 141 1920: Tún 6,6 ha, sléttað 5 ha, garðar 1536 m² "Tún eru að mestu flatlend og góð. Engjar voru áður í svokölluðum Fossum, vestur frá Bleiksá, mjög brattar og sundur skornar af lækjum, en eru nú ekki notaðar til slægna." SB IV, 392

**RA-181:001** *Árkvörn* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1920

**RA-181:010** *Kapellulambhús* heimild um lambhús
"Vestan við hvamminn er rúst af lambhúsi sem var kallað Kapellulambhús. Það er í munnmælum að Hólmfríður ríka Erlendsdóttir á Eyvindarmúla hafi átt þarna kapellu og farið þangað til bænahalds og þannig sé nafn þetta til komið." Segir í Sunnlenskum byggðum.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR: ""Hólmfríðarkapella", hússtæðið sjálft og klöppin sem það stendur á, í hlíðinni milli Eyvindarmúla og Árkvarnar."
**Heimildir:**SB IV, 392

## RA-182 Sauðhústún

Hjáleiga Eyvindarmúla, 1710 segir að byggð hafi verið á S frá aldaöðli. JÁM I, 143 "Þetta var lítil jörð, en fögur þótti þaðan útsýn til Eyjafjalla og suður um Aura." í eyði frá árinu 1904 þá nýtt frá Múlakoti að 1 og 3/4 hluta en Eyvindarmúli fékk 1/4 hluta. SB IV, 394
1710: "Túni og slægjum spillir ágángur úr fjallinu af vatni og skriðum." JÁM I, 143 1919: Tún 1,6 ha, 1 ha. sléttað. "Tún var fremur lítið og engjar brattar og var því heyskapur fremur erfiður þar, en vegna legu sinnar þornaði hey þar fljótt ef þurrkur gafst." SB IV, 294

**RA-182:001** *Sauðhústún* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð hátt upp í hlíðinni, vestur frá Eyvindarmúla, og var kotið afbýli frá þeirri jörð." Segir í Sunnlenskum byggðum.
**Heimildir:**SB IV, 394; Túnakort 1919

## RA-183 Daðastaðir (Dúða)

Hjáleiga Eyvindarmúla. Byggðist fyrst um 1660. Í eyði frá árinu 1868. Býlið var skammt austur frá Múlakoti, neðan þjóðvegarins. SB IV, 394
1710. "Slægjum spilla skriður úr fjallinu. Hafa hjer komið stór hlaup og bæinn einu sinni aldeilis af tekið." JÁM I, 143 1919: Tún 2,2 ha, 2,5 ha. sléttað.

**RA-183:001** *Daðastaðir (Dúða)* bæjarhóll bústaður
"Niður á láglendinu inn við Bitá eru fjárhús. Þar var áður býli (Dúða (Daðastaðir))." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Múlatorfa, 5; Túnakort 1919

## RA-184 Múlakot

20 hdr. 1710, nefnd Múlahjáleiga, hjáleiga frá Eyvindarmúla. Nú er tvíbýli í Múlakoti.
1710: "Á tún og engjar hrapar grjót, möl og skriður úr fjallinu og spillir stórlega slægjum." JÁM I, 144. 1920: Tún 5,4 ha, 4,5 ha sléttað, garðar 1200 m² "Hagar eru í heiðinni upp frá bænum, góðir og grösugur framantil en mjög blásnir þegar ofar dregur. ... Tún eru slétt og liggja inn með fjallinu. Þverá tók af þeim væna sneið áður en hlaðið var fyrir vötnin." SB IV, 396

**RA-184:001** *Múlakot* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1920

## RA-185 Hlíðarendi

60 hdr., 1696/1710. Landnámsjörð Baugs. ÍF I, 352-353. Jarðarinnar getið í Njálu XII, 52. c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII, 6 [1332]: [úr Eyvindarmúla skal] synia annann huern dag helgann til hlidarenda. oc takast ij merkur; DI II, 686 [1367]: DI III, 216 [1387]: Máld DI III 404 1382-91: DI IV, 76-77 1397: a .xxc. j heimalandi DI IV, 69 [um 1480]: Máldami Hlíðarenda, kirkjan á xxc í heimalandinu. DI VI 331-332 1436: Jörðin er nefnd í kaupmálabréfi Þorvarðar Loftssonar og Margrétar Vigfúsdóttur. DI IV, 562. [1446] Jarðarinnar getið í testamentisbréfi Þorvarðs Loftssonar DI IV, 674-6. 1521: Jarðarinnar getið í virðingargjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar. DI VIII, 798. 1575: Máld DI XV 669
1710 var hálfkirkja á bænum. Jörðin á afrétt á Grænafjalli og Miðmörk ásamt fjörustúf í Vestari Landeyjum. Hjáleigur Hlíðarendahjáleiga, Nikulásarhús, Réttarhús og Hallskot. JÁM I, 144-146

"Hlíðarendi er landnámsjörð og var stórbýli fram eftir öldum, allt til þess að Þverá tók mikið af landi þessarar fallegu jarðar. Beitilandið var áður mikið og gott, en heiðarlandið spilltist mjög af uppblæstri og er nú ekki svipur hjá sjón hjá því sem áður var. Mikið land átti jörðin sunnan Þverár, þar var selstaða fyrrum. ... talið [er] að ágangur vatnanna hafi náð hámarki umog eftir 1811, þetta landbrot varð ekki stöðvað fyrr en hlaðið var fyrir Þverá og hafði þá þetta höfuðból og höfðingjasetur orðið fyrir svo þungum áföllum vegna landbrots og uppblásturs að seint mun verað bætt." Landi var skipt í Hlíðarnedatorfu árið 1958. Jörðin fór í eyði árið 1968. Rauðskriður er nýbýli úr Hlíðarendatorfu.SB IV, 400-402
1710: "Engjaplátsi er hætt við skriðum og ber á þær sand, grjót og leir, so með stórum kostnaði þarf burt að koma og lagfæra. Fjallhagar liggja fyrir blástri og sandágángi." JÁM I, 145 1919: Tún 6,3 ha, 5 ha sléttað, garðar 1160 m² . "Snemma eftir að afbýlin urðu til virðist hafa á orðið föst hefð um skiptingu beitilands og engja á Hlíðarnenda. Gildir sú hefð að mestu enn í dag. Afbýlunum heyrði til upplandið allt milli Merkiár og Litlu-
Þverár. Heimajörðin átti hins vegar og nytjaði, auk engjanna við Merkiá, allt láglendið framan Stóru-Þverár." Jón Skagan: Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð, 211

**RA-185:001** *Hlíðarendi* bæjarhóll bústaður
KK "Til minja um þann tíma er girðing sem gerð var um bæjarhús (húsagarður), sem er óvenju stór; nú standa húsin aðeins í fremsta hluta hans."
**Heimildir:**Túnakort 1919; KK I, 180

**RA-185:002** heimild um útkirkja
"Hjer er hálfkirkja (Bænhús); embættar hjer presturinn að Teigi og Múla þegar heimilis og hjáleigna fólk er til sacramentis (fjórum sinnum á ári). Þó er prestinum ekki speciale salarium deputerað af kirkjuni, fyrir utan tíundur af gasta og lausa gótsi. heimaskyldur (ljóstollar) bæði af heimajörðinni og hjáleigunum falla niður og betalast ekki til sóknakirkjunnar að Teigi."
HLÍÐARENDI Í FLJÓTSHLÍÐ (EYVINDARMÚLAÞING) (R) -Þorláki HÁLFKIRKJA
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6
[1332]: [úr Eyvindarmúla skal] synia annann huern dag helgann til hlidarenda. oc takast ij merkur; Máld DI II 686 [Eyvindarmúla]
[1367]: x. Thorlaks kirkia ad Hlydarenda.
Þesse maldage ma eirnenn skrifa eptter Vilchinsbok; Hítardalsbók; DI III 216
[1387]: [úr Eyvindarmúla skal] syngia annann hvern dag helgann til Hlydarenda oc takast. ij. merkur; Máld DI III 404 [Eyvindarmúla]
1382-91: [úr Eyvindarmúla skal] syngia annann hvern dag helgann til Hlydarenda oc takst .ij. merkur.; Máld DI IV 76-77 [Eyvindarmúla]
1397: a .xxc. j heimalandi
Þar skal synia hvern helgann dag oc annann hvern dag ottusong tuo daga rumhelga j hverri viku vmm langafostu.
portio Ecclesiæ .xc.
Hun a j syna portionem sijdann Þolleifur tok jordina .cc. oc halfur sietti eyrer Þat sem Þolleifur a til ad svara. er olukt kirkiunni .xx. merkur vax. oc reykelsis. glitadur dvkur. alltaraklædi. mvnnlaug. psalltari.
Olukt oll portio af fiordungi jardarinnar sijdann Olafur Benediktsson anndadist; Máld DI IV 69
[um 1480]: Hlijdarendi forn maldage.
Þorlaks kirkia ad hlidarenda a xxc j heimalandi.
messoklædi ad ollu. kalek. sequentiubok. psalltara .ij. alltara klædi. ij kertistikur med kopar. vatzketill. kertaklofe. iij kluckur. ein bialla. kross med vndirstodum. mariu skriftt. þorlaks skriftt. olafs likneski. johannis likneski baptiste med alabastrum. ij katrinar likneski. glodar ker. Máld DI VI 331-332 [AM 263 fol, bl. 38 og 59; Þjsks Bps A II, 1, bl. 125a]
1575: Máld DI XV 669
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 58, 59}
1709: Hjer er hálfkirkja (bænhús); embættar hjer presturinn að Teigi og Múla Þegar heimils og hjáleigna fólk er til sacramentis (fjórum sinnum á ári). Þó er prestinum ekki speciale salarium deputerað af kirkjunni, fyrir utan tíundir af fasta og lausa gótsi. Heimaskyldur (ljóstollar) bæði af heimajörðunni og hjáleigunum falla niður og betalast ekki til sóknarkirkjunnar að Teigi; JÁM I: 144

1724: Hlíðarendakirkja gerð að alkirkju; (PP, 58)
23.4.1802: Hlíðarendakirkja af tekin og sóknin lögð til Teigs; (PP, 58) [konungsbréf]
18.11.1896: Teigs- og Eyvindarmúlakirkjur lagðar niður og sóknirnar sameinaðar í eina með kirkju á Hlíðarenda; (PP, 58) [landshöfðingjabréf]
**Heimildir:**JÁM I, 144;Túnakort 1919

**RA-185:008** heimild um sel
"Mikið land átti jörðin sunnan Þverár, þar var selstaða fyrrum."
"Snemma eftir að afbýlin urðu til virðist hafa á orðið föst hefð um skiptingu beitilands og engja á Hlíðarnenda. Gildir sú hefð að mestu enn í dag. Afbýlunum heyrði til upplandið allt milli Merkiár og Litlu-
Þverár. Heimajörðin átti hins vegar og nytjaði, auk engjanna við Merkiá, allt láglendið framan Stóru-Þverár. ... Öldum saman var þar haft í seli að sumarlagi, bæði kýr og kindur. Vetrarbeit var þar mikil og kjarngóð og brást ekki, nema á sérstökum harðindaárum. Beitarhús voru þar löngum fyrir sauðfé og hross og mikið heyjað þar, þegar vel áraði."
**Heimildir:**SB IV, 400; Jón Skagan: Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð, 211

## RA-186 Hlíðarendakot
Hjáleiga Hlíðarenda, nefnd Hlíðarendahjáleiga í JÁM I, 145. Ekki vitað hvenær jörðin byggðist fyrst.
1710: "Engjar liggja undir spjöllum eins og á heimajörðunni." JÁM I 145 1920: Tún 5,6 ha, 4 ha sléttað, garðar 1305 m² "Hagar eru gróður upp á fjallinu og skjól í flestum áttum. Mikið gróið land er á Aurunum sunnan Þverár. Þar hefur ábúandi ræktað stórt tún, en gömlu túnin eru heima við bæinn og sunnan vegar allt að Merkjaá." SB IV, 398

**RA-186:001** *Hlíðarendakot* bæjarhóll bústaður
"Bæjarhúsin stóðu áður sunnar og vesta, en voru flutt um 1918, vegna landbrots nær fjallinu."
**Heimildir:**SB IV, 298, Túnakort 1920

## RA-187 Nikuláshús
Hjáleiga Hlíðarenda. Ekki vitað hvenær jörðin byggðist fyrst. Getið 1606: "… er sagt, að í hjáleigu hjá Hlíðarenda, sem heitir Nikulásarhús, sé sex ára gömul stúlka umskiptingur …" ÍA V, 500. "Hún þótti allgóð fjárjörð meðan beit var notuð á vetrum." Í eyði frá 1947. SB IV, 399
1710: "Á túnið fýkur mold með sandi, líka spillir engjum grjót og skriður." JÁM I, 146 1919: Tún 2,4 ha, 1,5 ha sléttað, garðar 685 m² "Tún eru mjög brött svo að notkun véla verður varla við komið, en töðufall gott og hey þornaði fljótt í brattlendinu. Engjar voru í brekkunum austur frá bænum, svo brattar að engum tækjum varð þar við komið öðrum og orfi og hrífu. ... Hagar eru uppi á heiðinni, grösugir og heldur skjólgóðir. Jörðin á allmikið land á Aurunum sunnan Þverár og er þar gott ræktunarland. Þar hafa nú verið ræktuð stór tún." SB IV, 399

**RA-187:001** *Nikuláshús* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-188 Hallskot
Hjáleiga Hlíðarenda. Ekki vitað hvenær jörðin byggðist fyrst.
1710: "Á engjar ber grjót og sand í vatnavöxtum." JÁM I, 147 1919: Tún 6 ha, 4 ha sléttað, garðar 894 m²
"Tún eru grasgefin en nokkuð brött þar heima, en hagar grösugir og skjólgóðir. Jörðin á mikið land á Aurunum, sunnan Þverár og eru þar nú góð tún sem áður var beitiland." SB IV, 401

**RA-188:001** *Hallskot* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-189 Neðri-Þverá

30 hdr., 1710, aðeins ein Þverá. "Áður fyrr átti Þverárbóndi ítak (sumarbeit) í Hlíðarendalandi sunnan Þverár, en lét í þess stað torfristu til ábúanda á Hlíðarenda." SB IV, 403
1710: "Af túninu brýtur Þverá og ber á það grjót og sandi í ísleysíngum, líka tekur jakaferð þá grasrót í burtu. Högum spillir blástur og skriður." JÁM I, 147 1919: Tún 5,6 ha, 4,5 ha sléttað, garðar 1532 m²
"Engjar voru nokkuð raklendar, en hafa nú verið þurrkaðar að miklum hluta. ... Hagar eru ofan við túnin, skjólgóðir og grösugir framantil, en blásnir þegar ofar dregur, þó er þar víða hlauphafi fyrir fé." SB IV, 403
"Engjar Þverárbæjanna liggja meðfram Þverá og hefur hún brotið þar talsvert land." Ö-Þverá BK, 1-2

**RA-189:001** *Neðri-Þverá* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

**RA-189:002** heimild um bænhús
ÞVERÁ Í FLJÓTSHLÍÐ (R) (TEIGS eða EYVINDARMÚLAÞING)

## RA-190 Háa-Þverá

30 hdr., 1710, aðeins ein Þverá, Háa-Þverá nefnd Efri-Þverá. Getið ábúa þar fyrst árið 1762.
1710: "Af túninu brýtur Þverá og ber á það grjót og sandi í ísleysíngum, líka tekur jakaferð þá grasrót í burtu. Högum spillir blástur og skriður." JÁM I, 147 1919: Tún 3,5 ha, 1 ha sléttað, garðar 1073 m²
"Mikið tún hefur nú verið ræktað upp frá bænum á landi, sem áður var úthagi. Engjar eru í hlíðinni vestur frá bænum., hallandi móti suðri." SB IV, 403 "Engjar Þverárbæjanna liggja meðfram Þverá og hefur hún brotið þar talsvert land." Ö-
Þverá BK, 1-2

**RA-190:001** *Háa-Þverá* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-191 Heylækur

40 hdr., 1710, jörðin á skógarítak á Miðmörk. 1521: Jarðarinnar getið í virðingargjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar. DI VIII, 798. Hjáleigur 1710 eru Deild, Valstíta, Ámundakot hjáleiga byggð frá Valstrítu og Gambranes. JÁM I, 148-150 Í SB segir að jörðin hafi verið orðin tvíbýli fyrir 1801, nú er H II 1/4 af allri jörðinni.
1710. "Hagar jarðarinnar eru mikilega eyddir afblástri og komnir að miklu leyti í mold og grjót, so presturinn verður haga og selstöðu að fá í Teigslandi, hefur þar fyrir betalað um nokkur ár 20 álnir eða þar um." JÁM I, 148 1919: Tún 5,7 ha, 4,5 ha sléttað, garðar 1224 m² HI: "Tún eru í nokkrum halla, grasgefin og góð. Engjar voru suður og austur frá bænum, nokkuð raklendar en hafa nú verið þurrkaðar með skurðum og ræktaðar. Hagar eru í brekkunum upp frá bænum skjólgóðir og grösugir framantil en blásnir þegar ofar dregur." SB IV, 408 H II: "Tún eru góð og grasgefin og liggja vel við sól. Engjar eru suðaustur frá bænum, voru áður í skákum með Heylæk I, en hafa nú verið úrskiptar, þurrkaðar og ræktaðar að mestu." SB IV, 409

**RA-191:001** *Heylækur* bæjarhóll bústaður
Tvíbýli var á jörðinni frá 1801.
**Heimildir:**SB IV, 408; Túnakort 1919

## RA-192 Deild

Hjáleiga Heylækjar, byggð fyrir minni elstu manna. Deild ræður yfir landi hálfrar eyðijarðarinnar Gömbu.

SB IV, 405
1919: Tún 6,8 ha, 5 ha sléttað, garðar 2004 m² "Tún eru dálítið brött, en góð og samfelld. Hey þorna þar fljótt því landið liggur vel við sól. Engjar voru niður af túninu en hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar að mestu. ... Hagar eru í heiðinni, upp frá bænum og eru sambeitarland við aðrar Heylækjarjarðir ..." SB IV, 405

**RA-192:001** *Deild* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-193 Valstríta

Hjáleiga Heylækjar, byggð fyrir minni elstu manna, hjáleiga Ámundakot (Litla-Valstríta) í eyði 1710.
1919: Tún 6 ha, 5 ha sléttað, garðar 1330 m² "Tún eru góð og mestur hluti þeirrar hallalitlar, þó eru þar smá brekkur, sem ekki eru véltækar. Hagar eru norður frá bænum svo sem í Deild og mjög líkir að gæðum. Engjar voru neðan við túnið, mest mýrarseylur en hafa nú verið þurrkaðar með skurðum og ræktaðar." SB IV, 406

**RA-193:001** *Valstríta* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-194 Teigur

100 hdr 1710, kirkjustaður. c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups. DI XII, 6. 1264: Andréssynir á fundi við Gissur. Íslendingasaga, Sturl, 755. [1332]: Máldagi kirkjunnar. "Mariu kirkia j teighi a þridiung j heima landi. þridiung j butrallda stodum." DI II, 686-687. Þorsteinn prestur Hallsson er nefndur í dómi um fjörumörk Holtskirkju 16.8.1363 og í Skarðsmáldaga Gyrðis bps. [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III, 216 [1387]: Máldagi kirkjunnar. DI III, 403 1397 Máldagi kirkjunnar. DI IV, 77-78. 1439: Jón prestur Pálsson gefur Brandi Jónssyni umboð sitt yfir Breiðabólsstað og yfi Teigi DI IV, 586. 1458: Máldagi kirkjunnar. DI V, 175-176 [um 1480]: Máldagi kirkjunnar. DI VI, 331. 1553: Máldagi DI XII 650 1575: Máldagi DI XV 669
Hjáleigur 1710, voru tvær ónefndar eyðihjáleigur, Bolaenni (í eyði), Finnshús, Amundarkot, Miðkot, og Bollakot. Kirkjan á reka fyrir landi Bryggna í Eystri Landeyjum. Skógarítak á Miðmörk sem kallast Teigstún. Blástur eyðir fjallhögum jarðarinnar. JÁM I, 151-152. Á jörðinni er nú tvíbýli. "Jörðin á hálfa bryggnafjöru í Landeyjum og Teigstungur innst með Krossá. Talið var að þar mætti hafa á útigangi 25 kindur." SB IV, 410 Jörðin á afrétt, Teigstungur, við Þórsmörk. Þórður Tómasson: Þórsmörk, 75-76.
1919: Tún 6 ha, 5 ha sléttað, garðar 1408 m² T I: "Heimatún hallar mót suðri, nokkuð skorið af giljum. Mikið tún hefur nú verið ræktað á Aurunum, sunnan Þverár. ... Hagar eru enn miklir sunnan Þverá, einnig á jörðin haga upp frá bænum, gróna og skjólgóða fram til en blásna hið efra." SB IV, 410 T II: "Tún eru góð og hallalítil. Þessi jörð á mikið land á Aurunum sunnan Þverár og hafa þar verið ræktuð stór tún." SB IV, 412.

**RA-194:001** *Teigur* bæjarhóll bústaður
"Norður af gömlu bæjartóftunum í Teigi ..." Segir í örnefnalýsingu. "Neðst í Fjárhústúninu stóð gamli bærinn í Teigi, af húsum þar stendur nú aðeins eitt, það er gamallt þinghús, sem mun hafa verið byggt um 1894." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Teigur, 2; Ö-Teigur vesturbær, 1; Túnakort 1919

**RA-194:002** heimild um kirkju
"Hjer er alkirkja og embættað að tveim pörtum við Múla. Heyrt segist menn hafa að í gamaldaga hafi bæir þeir, sem nú liggja undir Eyvindarmúlasókn til kirkjusóknar, sókt híngað kirkju og mundi þá ekki alkirkja í Múla verið hafa."
TEIGUR Í FLJÓTSHLÍÐ (R) -Maríu
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6

1264: Andréssynir á fundi við Gissur. Voru þeir Andréssynir þar í kirkju og þeirra menn sem rúm höfðu, nær þrír tigir manna; Íslendingasaga, Sturl, 755

[1332]: Teigur. Gamall maldagi.

Mariu kirkia j teighi a þridiung j heima landi. þridiung j butrallda stodum.

vj kugilldi. iij messuklædi. kalek. ij. corporalia. kluckur iiij. alltaraklædi iij. kertistikur ij. munnlaugh. glodarker. slopp. kantarakapu. alltarisduka iij. kross sæmiligann steindann. mariu skriftt. andres skrift. vj merkur vax. brik sæmiliga. tiolld vmm kirkiu. skrin litit.

þangat liggia vndir vij bæier at tijundum oc lysitollum. alltaris steinn med reliquiis.

eru af þessum bæium iij bænhus oc tekst half mork af hueriu.

tekur prestur heima iiij merkur.

kirkiann a sæmiligann kalek gylltann er þorsteinn Halsson gaf til.

Jtem lagdi haralldur þar glerglugg firir. Máld DI II 686-687 Þorsteinn prestur Hallsson er nefndur í dómi um fjörumörk Holtskirkju 16.8.1363 og í Skarðsmáldaga Gyrðis bps.

[1367]: xi. Mariukirkia j Teige a þridiung i heimalande

les Wilchins maldaga þui þetta ber nær saman vtann j þessum forna Hytardalsmaldaga stendur.

ij. salld korns.

og Wilchins maldage er langtum fyllre; Hítardalsbók, sjá [1387] DI III 216

xvi. Teigur [sjá 1458] Hítardalsbók DI III 216

[1387]: LIV. Teigur

Mariukirkia j Teigi a þridiung j heimalandi. þridiung j Butralldastodum. vj. kyr oc xij. ær. salld korns. hundrad vadmala. halfa fiordu mork vax. þrenn messuklædi. kaleika. ij annar gylltur sæmilega gior. corporalia. kluckur. iiij. alltaraklædi. iij. kiertistikur. ij. glodarkier. mvnnlaug. slopp. kantarakapu. alltarisdvkar. iij. kross sæmiligann steindann. Mariuskript. Andriesskript. bryk sæmiliga. tiolld vmm kirkiu. skryn litid.

þangad liggia vnder. vij. bæer ad tiundumm oc lysitollumm. eru af þessumm. iij. Bænhvs. oc tekst half mork af hveriu.

þar skal vera prestur oc diakn. tekur prestur. iiij. merkur. Vilchinsbók Máld DI III 403 [Þessi máld er nánast eins og 1332 en er sennilega yngri því hann hefur 12 ær, sáld korns og hundrað vaðmála umfram og hefur sett gylta kaleikinn sem Þorteinn gaf inn í textann. Annars vantar í þennan Altarissteininn og glergluggann - enda gætu það verið yngri viðbætur við 1332]

1397 Þar hefur aukist vmm framm maldaga Herra Michels [6 kúgildi, 2 voðir, 2,5 mörk vax, 2 sáld korns]

portio Ecclesiæ vmm .xiij. ar .xvc.

Hefur allt nidur fallid firir Þat er Gudmundur Þorgeirsson liet giaura vpp kirkiuna og var þar lukt fyrer halft fiorda hundrad skal Gudmundur eignast Þav. enn hann leggur til kirkiunnar Þar fyrer [ýmis ornamenti]

yngra? Hefur aukist j Teigi sijdann Solmundur oc hanz hustrv vidtokv .v. kugilldi.

reiknadist portio .xiij. aurar oc .xiijc.

Jtem lagdi hvstrv Þvridur til kirkiunnar [ýmis ornamenti] oc liet giaura vpp kirkiu. fiell nidur epter .vj. presta mäti firir Þetta allt samann .viijc. oc .xiij. aurar. enn epter stendur .vc. olukt.

Jtem a ad lvkast haustsaudur arliga fra Þorunvpi; Máld DI IV 77-78

5.6.1439: Jón prestur Pálsson gefur Brandi Jónssyni umboð sitt yfir Breiðabólsstað og yfi Teigi og öllum Þeim peningum föstum og lausum sem Jón hafði til umboðs og meðferðar af Erlendi Narfasyni frænda sínum sem og öllum þeim peningum sem Jón átti milli Þjórsár og Markarfljóts. Skal Brandur taka alla ávöxtu og innrentur af öllum þessum peningum sér til eignar en fá Jóni aftur góssin jafngóð sem hann meðtekur og gjalda Erlendi Narfasyni þau fimmtán hundruð sem af Teigs peningum eiga að lúkast og Jón er honum skylldugur. Einnig skipar Jón Brandi til þjónustu alla þá arbeiðismenn konur og karla sem hann hefur ráðið á Breiðabólsstað og Teigi og hans ráðsmenn fyrir hann. Skal hann þessum umboðum halda til næstu fardaga; DI IV 586

1458: Teigur.

Anno domini M°. cd°. lviij°.

Virduligur herra og anligur fader mattheus med gudz nad Biskup ad holum og almenneligur vicarius allz Skalholltz Biskupsdæmis do j sinne riettre visitatione j Teige. var kirckian gior af hanns naverondum prestum fyrir xxc. enn bækur fyrir xvjc. enn onnur ornamenta kirkiunnar fyrir. iiijc. þotte oss su bot sem Erlendur Narfason hafd giort fyrir xc. a kirkiunne. DI V, 175-176 [JS 143 4to, bl. 181 skr. 1607 eftir Hítardalsbók.]

[um 1480]: Teigur.
Mariu kirkia oc sancte andres j teigi aa þridiung j heima landi. þridiung j butralldastodum. þrenn messuklædi ad ollu. ij kaleika. annar gylltur sæmiliga gior. graduale samsettur med sequentium. pistlar oc gudspioll cum collectis de tempore per anni circulum. sequentiu bok. jtem de sanctis bok. missale. oc er ecki eptir ordu. aspiciensbok oc þar med de sanctis syngiandi oc onnur er tekur til ad paschum. de tempore oc de sanctis til aduentu. de sanctis lesbok. oc adra de tempore. capitularium oc ymnarium psalltara. läga saungua bok. iij kluckur. ein kantara kapa oc sloppur. ij alltaris klædi. ij. mariu likneski. kross med vndirstodum. brik yfer alltari. andres skriftt. ample oc paxspialld. kirkiann aa x kyr oc lx asaudar. skrijn litid. fontz vmbuning allann. vatzketil.

þangat liggia vndir. vij bæier ad tijundum oc lysitollum. eru af þessum .iij. bænahus oc tekzt half mork af hueriu. þar skal vera prestur oc diakn. tekur prestur .iiij. merkur kaups. þangat skal lukazt haust saudur ärliga frä þorugnupi. Máld DI VI, 331 [AM 263 fol, bl. 38; Þjsks Bps A II, bl. 125a - byggt á Vilch]
1553: Máld DI XII 650
1575: Máld DI XV 669
1710: Hjer er alkirkja og embættað að tveim pörtum við Múla. Heyrt segjast menn hafa að í gamaldaga hafi bæir Þeir, sem nú liggja undir Eyvindarmúla til kirkjusóknar, sókt hingað kirkju og mundi Þá ekki alkirkja í Múla verið hafa; JÁM I: 150
23.4.1802: Hlíðarendakirkja af tekin og sóknin lögð til Teigs; (PP, 58) [konungsbréf]
27.2.1880: Teigs- og EyvindarmúlaÞing lögð undir Breiðabólsstað; (PP, 58) [lög]
18.11.1896: Teigs- og Eyvindarmúlakirkjur lagðar niður og sóknirnar sameinaðar í eina með kirkju á Hlíðarenda; (PP, 58) [landshöfðingjabréf]
**Heimildir:**JÁM I, 150; Túnakort 1919

## RA-195 Finnshús

10 hdr 1710, hjáleiga Teigs, fylgdi hluta biskups. Þarna eru nú fjárhús frá Teigi I, fór í eyði um 1882.
1710: "Slægjur eru hjer ærið þýfðar og ógreitt að vinna." JÁM I, 153 1919: Tún 2,5 ha, 2 ha. sléttað. "Túnið var í kringum bæinn, en engjar þar niður af." SB IV, 411.

**RA-195:001** *Finnshús* bæjarhóll bústaður
"En vestur af Vesturbænum [í T] er eyðibýlið Finnshús." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Teigur BK, 1; Túnakort 1919

## RA-196 Ásmundakot

Hjáleiga Teigs, byggðist fyrst fyrir minni elstu manna. Jörðin heitir nú Smáratún.
1710: "Slægjum spillir sandfjúk, líka brýtur af þeim nokkuð." JÁM I, 153 1920: Tún 5 ha, 3,5 ha sléttað, garðar 1565 m² "Engjar voru austar, neðan við heimaslægjurnar í Teigi. ... Áður var gróið land suður og austur frá bænum, Þverá braut þar mikið land, sem áður var engjar og hagar." SB IV, 414.
**RA-196:001** *Ásmundakot* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-197 Miðkot

10 hdr. 1710, hjáleiga frá Teigi, menn muna ekki hvenær hún byggðist fyrst. "Jörðinni fylgdi allmikið land á Aurunum, sem notað var til beitar ásamt sambeitarlandi í högunum upp frá Teigi." Í eyði frá 1943, lögð undir Bollakot. SB IV, 416
1919: Tún 4,2 ha, 2,5 ha sléttað, garðar 1450 m² "Túnið var kringum bæinn, slétt og grasgefið, en engjar norður og suður frá bænum. Nú eru suðurengjarnar farnar í Þverá." SB IV, 416

**RA-197:001** *Miðkot* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð á dálitlum hól, niður við Þverá suðvestur frá Smáratúni. Nú eru þar fjárhús frá Bollakoti, sem bærinn stóð."
**Heimildir:**SB IV, 416; Túnakort 1919

## RA-198 Bollakot

Hjáleiga frá Teigi, menn muna ekki hvenær hún byggðist fyrst.
1710: "Af slægjulandi brýtur Þverá." JÁM I, 154 1919: Tún 4,5 ha, 4 ha sléttað, garðar 1360 m² "Tún eru stór, flatlend og gott vélaland. Hagar eru að mestu á Aurunum, þar eru fjárhús og um 10 ha. tún ..." SB IV, 417

**RA-198:001** *Bollakot* bæjarhóll bústaður
"Áðru stóð bærinn sunnar og mun hafa verið færður vegna landbrots af völdum Þverár ..." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Áður stóð bærinn í Bollakoti syðst í túninu á efri bakka Þverár, en var færður um eða eftir 1830 vegna landbrots af völdum árinnar." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**SB IV, 417; Ö-Bollakot, 1; Túnakort 1919

## RA-199 Butra

20 hdr. Teigskirkjueign, jörðin einnig nefnd Butruhallastaðir og Butryldastaðir. [1332]: Máldagi kirkjunnar í Teigi. "Mariu kirkia j teighi a þridiung j heima landi. þridiung j butrallda stodum." DI II, 686-687 Getið í flestum máldögum Teigskirkju. 1521: Jarðarinnar getið í virðingargjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar. DI VIII, 798.
"Butra er talin góð bújörð, tún hallalítil og grasgefin. Engjar voru niður af túninu, grösugar og nærtækar, nú hefur þeim að mestu verið breytt í tún. Hagar eru í brekkunum upp frá bænum, þar er skjólsamt og grösugt. Jörðin á allmikið land á Aurunum, þar eru nú stór tún." SB IV, 413

**RA-199:001** *Butra* bæjarhóll bústaður

## RA-200 Grjótá

20 hdr. 1710. Jarðarinnar getið í Njálu. ÍF XII, 87. 1521: Jarðarinnar getið í virðingargjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar. DI VIII, 798.
1710: "Slægjulandinu spillir Grjótá með grjóti og leir." JÁM I, 155 1919: Tún 6,5 ha, 4 ha sléttað, garðar 1700 m² "Tún er gott og grasgefið í halla mót suðri og engjar þar niður af. Þær hafa verið þurrkaðar og ræktaðar. Hagar eru uppi í hlíðinni, upp frá bænum, skjólgóðir og grösugir en ekki víðlendir, þeir eru girtir af að meiri hluta." SB IV, 419

**RA-200:001** *Grjótá* bæjarhóll bústaður

**RA-200:016** *Þráinsgerði* örnefni
"Austan við þessar traðir [015], efst í túninu er Þráinsgerði og austur af því Króksgerði." Segir í örnefnalýsingu.
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR "Þránisgerði, umgirtur ferhyrndur reitur, uppi við túngarðinn." KK: Ofan við bæinn, fyrir norðan hann, er í túnjaðri merki um gamla girðingu, ferhyrnd, ekki stór. Nefnist hún Þráinsgerði, er nú nokkuð upphækkuð." Þráinsfoss heitir neðsti fossinn í Grjótá.
**Heimildir:**Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 1; ÁG: Friðlýsingarskrá, 66; KK I, 178

## RA-201 Arngeirstaðir

20 hdr. 1710, eyðihjáleiga Arngeirsstaðahjáleiga. 1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689. Tvíbýli til 1911.
1919: Tún 10,2 ha, 8,8 ha sléttað, garðar 1829 m² "Tún er grasgefin, en nokkuð óslétt. Engjar eru niður af túninu í mýrarhalla, hafa nú verið þurrkaðar með ræsiplógi og bíða þess að verða ræktaðar. Hagar eru í hlíðinni upp frá bænum, algrónir og grösugir, þar er skjól í flestum áttum." SB IV, 420

**RA-201:001** *Arngeirstaðir* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-202 Kirkjulækur

50 hdr. 1710 með hjáleigunum Ísólfskoti [sama og síðar var nefnt Kirkjulækjarkot SB IV, 423] 5 hdr., Hellirshólum 5 hdr., og Glámu 5 hdr. síðan var Tungukot eyðhjáleiga. 1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689. 1399: Jörðin seld Árna Einarssyni 1406: Jörðin nefnd í afskriptagjörð Vigfúsar Þorbjarnarsonar, Þorleifs Árnasonar og Jóhanness Arnviðssonar eftir Gunnar Eyjólfsson. DI III, 647, 613. Fremsta hluta haganna var skipt milli eiganda árið 1958. Nú er þríbýli á Kirkjulæk. Hlíðarból nýbýli úr landi K, byggt árið 1953.
1919: Tún 4,9 ha, 4 ha sléttað, garðar 1668 m² "Tún eru góð en sumt af þeim er í nokkurri fjarlægð. Engjum hefur verið breytt í tún." SB IV, 422

**RA-202:001** *Kirkjulækur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

**RA-202:002** heimild um útkirkja
KIRKJULÆKUR Í FLJÓTSHLÍÐ (R) - Þorláki (TEIGSÞING) - HÁLFKIRKJA
[1371]: xij. Þorlaks kirkia ad kirkiulæk a xc j heimalande
Þad ber riett saman vid vilchinsbok. vtann þesse ord eru vt ä spassiunne
Anno domini M. ccc. lxxj. var sett kirkia ad kirkiulæk; Hítardalsbók, sjá 1371; DI III 216
1371 og síðar: LXII. Kirkiulækur.
Anno domini M. ccc. lxxj var sett kirkia ad kirkiulæk.
Þorlakskirkia ad kirkiulæk a xc j heimalande. rodukross steindann. þorlaks lykneski. Mariulykneski sliett pentad med hurdum. kirkiu kietill oc glodarker. ij alltarisklædi. einn glitadur dvkur oc hvijtur. jarnkiertistikyr. ij. kluckur. tiolld kringumm korinn.
Þar skal syngia annann hvernn dag helgann
portio Ecclesiæ vmm. xj. ar. cc. oc vj. aurar. Vilchinsbók DI III 263, DI IV
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 58}

**RA-202:017** *Undir Þríhyrningi* bæjarstæði býli/sel
"Selstaða var frá Kirkjulæk sunnan undir Þríhyrningi fram á miðja síðustu öld, þar hefur verið bær til forna og örlar þar enn á túngarði og tröðum." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Innst er Hamragil, þá Bjalli, upp af honum Selhorn, þá Selgilsbotn, þá Kirkjulækjarsel (tættur)." Segir í örnefnalýsingu.
BJ: "En suðaustanundir austurhorni fjallsins eru seltóftir, því þar hefir frá ómunatíð og framm á 19. öld verið selstaða frá Kollabæ eða Kirkjulæk. í fyrravetur sagði Jónas bóndi Árnason á Reynifelli mér þá ætlun sína, að einmitt þar hefði fornbærinn undir Þríhyrningi staðið, og á það hefði dr. Finnur Jónsson fallist ... Rennur þar lækur ofan og er seltóftarbungan á bakka hans. Hún var nál. 12 fðm. löng og 6-7 fðm breið, en há að tiltölu, því hvert selið hefir verið bygt á annars rústum, og eru efstu tóftirnar allnýlegar. Undir öllu þessu getur hæglega falist allstór bæjarrúst. En ganga má þá að því vísu , að grjótið úr henni hafi verið tekið til selgerðarinnar og árangur af uppgreftri því hæpinn. Fyrir afgömlum tóftum vottar þar í kring. Ein er vestur frá bungunni, að stærð 4x3 fðm; önnur niður frá henni, nál 6x3 fðm, mjög óglögg. Ein er austan við lækinn, nál 4x5 fðm, og er þvergarður fyrir dyrunum. Fleiri smátóftir eru þar frá ýmsum tímum. Ég skoðaði rústir þessar í sumar (1901) og fylgdi Jónas mér þangað."
SG: "Girðing. - Túngarðurinn er (um 400 faðma) suðaustur frá rústunum; hann liggur á jafnsljettu á 100 faðma svæði samhliða fjallinu, en þá hverfur syðri endi hans í gróið árennsli úr fjallinu, mikið um sig, en að norðurenda þverbeygir hann upp að læknum nálega í rjett horn. Sá spotti er 30 faðma að lengd, og virðist auk þess ná nuiður í gilið, að læknum, um 2 faðma. Beygist þar í brekkunni hæfilega inn á við, svo að aðsókn verður erfiðari utan-að. Garðurinn bendir tiilll, eða öllu heldur sannar, að hjer sé um meira að ræða en selstöðu einungis. Hann er að vísu lágur, en svo þarf hann ekki að hafa verið. Hinn mjúki jarðvegur er næg orsök til þess, og hann samsvarar tóftarleifum þar frá fornöld, sem allar eru mjög jafnaðar við jörðu."
BG: "Selkofar hafa verið að minsta kosti 3: Svefnkró, eldhúskofi og mjólkurhús; auk þess hafa verið hlaðnar kvíar, sem daglega hafa verið mokaðar út. Kofar þessir sennilega mjög ljelegir og oft þurft

endurbyggingar."
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR "Rústir undir Þríhyrningi suðaustanmegin; eru þar seljatóftir ofan á fornum bæjartóftum." Sjá RA-642:001
**Heimildir:**SB IV, 424; Ö-Kirkjulækjartorfa, 1; ÁG: Friðlýsingarskrá, 66; B J: "Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1901" Árbók 1902, 3; SG: "Undir Þríhyrningi." Árbók 1937-1939, 109; BG: "Hvar bjó Starkarður?" Lesbók Morgunblaðsins, 166

## RA-203 Kirkjulækjarkot

5 hdr 1710. Ísólfskot, sama og síðar var nefnt Kirkjulækjarkot SB IV, 423. Segir að býlið hafi verið bygt fyrir minni elstu manna, en nú er þríbýli á Kirkjulækjarkoti.
1919: Tún 3,9 ha, 3 ha sléttað, garðar 1687 m²

**RA-203:001** *Kirkjulækjarkot* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-204 Hellishólar

1710: "Er fyrst bygð fyrir stórthundrað árum eða meir, fylgdi í fyrstu austurpartinum, er síðan að eignaskiftum úrskipt." JÁM I, 158. Byggð úr landi Kirkjulækjar.
1710: "Túnum grandar mold og sandur, er á fýkur í stórviðrum og er næsta fjórða partur þeirra eyddur." JÁM I, 158 1919: Tún 6,7 ha, 6 ha sléttað, garðar 1479 m² "Jörðin er talin fremur góð, túnin liggja að mestu út frá bænum, töðufall er þar gott. Engjar voru góðar í Hellishólum, nú hefur þeim verið breytt í tún. Hagar eru að mestu sunnan Þverár, einnig á jörðin haga í óskiptu landi á heiðunum upp frá Kirkjulæk og er það sambeitarland með öðrum Kirkjulækjarjörðum." SB IV, 418

**RA-204:001** *Hellishólar* bæjarhóll bústaður 63°43.472N 20°02.268V
Gamli bærinn á Hellishólum stóð 50-100 m vestar og eilítið framar en núverandi bæjarhús.
Þar eru nú útihús, m.a. fjós en nú stendur til að breyta þessum húsum í gistiheimili. Norðan húsanna og vestan við núverandi íbúðarhús er malarplan.
Ekkert sést af gömlu bæjarhúsunum. Bæjarhóllinn er fremur aflíðandi að norðanverðu, þar tekur við sléttað tún þar sem hólnum sleppir en að sunnan er hóllinn brattari. Hóllinn er nokkuð ávalur og allt að 2 m hár sé miðað við túnið norðan hans en ekki er hægt að útiloka að hólmyndun þessi sé að einhverju leyti náttúruleg. Suður af hólnum rennur Grjótá. Þess má geta að nú standa yfir breytingar á fjósi sem stendur á gamla bæjarhólnum. Þegar gólfið var brotið upp komu í ljós hleðslur sem reyndar voru steyptar að einhverju leyti og því líklega ekki mjög gamlar. Áætluð stærð bæjarhóls er um 30 x 50 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Túnakort 1919

**RA-204:002** heimild um útihús 63°43.572N 20°02.265V
Skv. túnakorti frá 1919 stóð útihús um 60 m norður af bæjarhól.
Sléttað tún.
Ekki sést til byggingarleifa.
**Hættumat:** hætta, vegna
**Heimildir:**Túnakort 1919

**RA-204:003** tóft fjárhús 63°43.572N 20°02.265V
Tóft er um 240 m norðaustur af bæjarhól. Hún er utan gömlu túnmarkanna frá 1919 og sést því ekki á túnakorti. "Vestur og suðvestur af þessum húsum [rjómabúi og þinghúsi] er landið hærra og var kallað Höfðingjabali, á honum hafa lengi staðið fjárhús frá Hellishólum," segir í örnefnalýsingu. Hér hlýtur að vera átt við eitt og sama húsið
Sléttað tún umhverfis, vegurinn heim að bænum liggur um 100 m vestar. Um 10 m norðar er girðing sem liggur A-V.
Tóftin er af fjárhúsi og snýr A-V. Hún er illa farin og veggir mjög signir, stærð alls um 5 x 13 m. Dyr hafa

líklega verið að vestanverðu en meira dýpi er í austurenda, þar var hlaða. Veggir eru að mestu útflattir og lítið sést af hleðslugrjóti, þó einna helst vestan til. Veggjahæð mest um 1 m að vestan en mikið rof er í veggjum. Húsið stóð enn að mestu þegar Svanur og Sigurborg fluttu á Hellishóla í kringum 1988 en fór illa í miklu óveðri nokkrum árum síðar, m.a. fauk þakið, sem var úr bárujárni, af húsinu.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-204:004** heimild um útihús 63°43.475N 20°02.358V
Skv. túnakorti frá 1919 stóð útihús um 60 m vestur af bæjarhól.
Sléttað tún norðan við Lambhúshól (014).
Engar byggingarleifar sjáanlegar.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-204:005** heimild um útihús 63°43.433N 20°02.262V
Skv. túnakorti frá 1919 stóð útihús um 30 m norðaustur af 006. Þetta er nánast sami staður og Lambhúshóll (014) og er líklegt að hann hafi tekið nafn sitt af þessu húsi eða 006.
Hóllinn er ávalur og gróinn, aflíðandi að norðan er brattur að sunnan, þar fyrir neðan rennur Grjótá.
Ekki sjást mannvirkjaleifar.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-204:006** heimild um útihús 63°43.423N 20°02.293V
Skv. túnakorti frá 1919 stóð útihús um 100 m suðvestur af bæjarhól, frammi á árbakka. Þetta er nánast sami staður og Lambhúshóll (014) og er líklegt að hann hafi tekið nafn sitt af þessu húsi eða 005.
Hóllinn er ávalur og gróinn, aflíðandi að norðan er brattur að sunnan, þar fyrir neðan rennur Grjótá.
Ekki sjást mannvirkjaleifar.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-204:007** heimild um útihús 63°43.565N 20°02.376V
Skv. túnakorti frá 1919 stóð útihús um 80 m vestur af 002.
Slétt tún.
Á þessum stað mótar fyrir óljósri þúst en ekki hægt að fullyrða hvort það eru leifar af útihúsinu. Hún er hringlaga, um 2 x 2 m í þvermál með dálítilli geil í miðju.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-204:008** heimild um útihús 63°43.587N 20°02.417V
Skv. túnakorti frá 1919 stóð útihús um 40 m norðvestur af 007.
Þar er nú sléttað tún.
Á þessum stað er greinilegur hóll í túninu, allt að 20 x 20 m að stærð, en ekki ljóst hvort um mannvirkjaleifar er að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-204:009** heimild um útihús 63°43.605N 20°02.535V
Skv. túnakorti frá 1919 stóð útihús um 60 m norður af 010.
Slétt tún.
Ekkert sést til mannvirkja í rennisléttu túninu.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-204:010** heimild um útihús 63°43.583N 20°02.478V

Skv. túnakorti frá 1919 stóð útihús rúma 40 m suðvestur af 008.
Þar er nú sléttað tún.
Dálítill hóll sést í túninu, um 30 x 30 m stór. Engin tóft sést og hugsanlegt að hóllinn sé náttúrumyndun.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:**Túnakort 1919

**RA-204:011** heimild um túngarð 63°43.401N 20°02.482V
Skv. túnakorti frá 1919 var túngarður með túninu að vestan og norðan.
Sléttað tún, Grjótá rennur með því að austan og sunnan. Sýnilegt er að túnið hefur verið fært mikið út, bæði til norðurs og vesturs.
Hvergi sér nú móta fyrir túngarði.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:**Túnakort 1919

**RA-204:012** heimild um brunn 63°43.486N 20°02.336V
Skv. túnakorti frá 1919 var brunnur um 60 m norðvestur af bæjarhól.
Nú er þar afgirt og sléttað stæði fyrir vélar og heyrúllur í jaðri túns.
Brunnurinn er horfinn. Land er hér allmiklu lægra en uppi á bæjarhólnum.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**RA-204:013** garðlag traðir 63°43.493N 20°02.313V
Skv. túnakorti frá 1919 lá vegurinn heim að bænum nokkru vestar en nú er, líklega allt að 200m. Á túnakortinu virðist sem traðir hafi legið yfir túnið síðustu 60 metrana heim að bænum.
Sléttað tún.
Enn sjást slitrur af hleðslu fast upp við norðvestanverðan bæjarhólinn og er það líklega síðustu leifar traðanna. Hleðslan er um 10 m löng, 1,5 m breið og 0,4 m há. Ekki sést grjót í henni. Ábúandi, Svanur Lárusson, hefur orðið var við töluvert grjót í túninu þar sem traðirnar voru þótt ekki sjái lengur móta fyrir þeim.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**RA-204:014** *Lambhúshóll* örnefni fjárhús 63°43.424N 20°02.386V
Skv. heimildamanni hét hóll sem er rúma 100 m suðvestur af bæjarhól 001 "Lambhúshóll".
Nú er sléttað tún uppi á hólnum.
Engin tóft er sjáanleg en hugsanlegt er að hóllinn dragi nafn sitt af húsum 005 og 006.
**Hættumat:** hætta vegna framkvæmda

**RA-204:015** *Hulduhóll* álagablettur huldufólksbústaður 63°43.486N 20°02.082V
"Vestur af bænum í Bollakoti, vestan við Grjótá er smá hóll, sem heitir Hulduhóll, var talið að hann væri bústaður huldufólks, ekki mátti slá hólinn og var því trúað að óhöpp hlytust af," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er um 100 m austur af núverandi íbúðarhúsi, niður við Grjótá.
Láglendi við ána, hóllinn er nyrst á því, þar sem land tekur að hækka.
Hóllinn er lítill en áberandi, um 1,5 - 2 m hár. Sökum þess hve nærri hann stendur ánni er hann mikið rofinn að austanverðu og mold í honum þar en annars er hann grasi gróinn. Ekki er fyrirsjáanlegt að staðnum verði raskað við framkvæmdir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:**Ö-Hellishólar, 1

**RA-204:016** *Hvilft* hellir 63°43.399N 20°02.401V
Í Lambhúshól (014) er svonefnd Hvilft, en það er djúp og áberandi laut. Talið er að hér hafi áður verið hellir sem hrundi saman og sumir telja að hann hafi verið manngerður.
Lautin er algróin. Hún er fremst á hólnum og opnast til suðurs, en þar tekur við brattur bakki fram að Grjótánni.
Lautin er alls um 30 x 30 m og allt að 3 m djúp þar sem hún er dýpst. Þess má geta að neðar í árbakkanum sést vel að í honum eru mikil móbergslög sem auðvelt væri að höggva í.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**RA-204:017** tóft rétt 63°43.583N 20°02.979V

"Réttamói kallast landspilda austur af gömlu Fljótshlíðarréttunum, þar var fjársafnið haft í vörslu áður og meðan réttað var á haustin," segir í örnefnalýsingu. Gömlu Fljótshlíðarréttir eru vestur af Hellishólum, fast upp við vestasta hluta túnsins og því raunar utan deiliskipulags.

Gróin hæð inni á sumarbústaðalóð. Lítill lækur rennur norðan rústanna. Nokkuð er um trjárækt við sumarbústaðinn en engu hefur þó verið plantað í sjálfa rústina.

Geysimiklar tóftir og heillegar. Réttirnar eru alls um 40 x 30 m og hleðsluhæð veggja allt að 1,4 m. Glögglega sjást hólf þótt veggir séu nokkuð farnir að hlaupa í þúfur. Hleðslur eru algrónar og hvergi sér í grjót. Sennilegt er að rekið hafi verið inn að austanverðu. Þar er stórt hólf á hægri hönd, um 10 x 10 m. Vestur af því er stærsta hólf rústanna, líklega almenningur, alls um 12 x 12 m að stærð. Út frá honum eru 6 eða 7 smærri dilkar, einkum að vestan og norðan. Stærð þeirra er misjöfn en allir eru þeir minni en almenningurinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hellishólar, 1

**RA-204:018** *Sandgötur* gata leið 63°43.543N 20°02.108V

"Norðan við Réttamóann [sjá 017] kallast Sandgötur, þar var mikil mótekja fyrrum, þegar mór var aðal eldsneytið á heimilum," segir í örnefnalýsingu. Götur þessar lágu þvert yfir mitt túnið norðan Hellishóla, frá austri til vesturs. Austast lágu þær í litlu gili austan túnsins. Mótekjusvæðið er utan skipulagssvæðis.

Nú er túnið sléttað og ekki sést þar til gatnanna. Hins vegar sjást þær í gilinu sem er nánast beint vestur af brú yfir Grjótá, rétt hjá Bollakoti.

Smátroðningar sjást í botni gilsins. Þetta var talin gömul þjóðleið.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**Ö-Hellishólar, 1

**RA-204:019** *Gláma* tóft býli 63°43.760N 20°03.364V

Gláma hét býli rúman kílómetra vestur af Hellishólum, 3-400 m suðvestur af núverandi Fljótshlíðarréttum. Það eru en tóftir, reyndar utan núverandi deiliskipulags. Um býlið segir í Jarðabók Árna og Páls: "Glaama, fjórða Kirkjulækjar afbýli. Enginn veit að segja þess fyrstu bygð. [...] Af túninu (slægjum) brýtur á tvær síður Þverá og Kókslækjará og liggur það undir enn meiri spjöllum, jafnvel eyðileggingu."

Sléttur, gróinn og allt að 2 m hár árbakki. Kvoslækjará rennur nú um 100 m vestar. 50-100 m norður af tóftinni er ónýtt fjárhús, að mestu úr steinsteypu.

Tóftin stendur fremst á árbakkanum og er mjög líklegt að eitthvað hafi brotnað af henni. Hún er algróin og nokkuð sigin, stærð um 30 x 20 m. Nokkur hólf eru greinileg. Hið stærsta er norðvestast, um 4 x 4 m að innan máli, hugsanlega heygarður. Norðaustur af því er lítil, aflöng dæld í hólinn, snýr N-S, um 4 x 1 m og mögulegt að dyr hafi verið á henni til norðurs. Þar, á norðausturhorni tóftarinnar, liggur stóreflis steinn, líklega steyptur að einhverju leyti. Suður af þessu hólfi er ógreinileg dæld sem snýr N-S, um 2 x 4 m. Beint norður af stærsta hólfinu sem fyrst var nefnt eru tvö lítil hólf samtengd alveg við árbakkann, hvort um sig um 1 x 1 m. Ekki er útilokað að enn eitt hólf allra syðst en þar er rústahóllinn orðinn ógreinilegur. Að lokum er lítið hólf suðaustast, rúmlega 1 x 1 m að stærð. Hæð rústahólsins er allt að 1,5 m, hann er algróinn og hvergi sést grjót.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**JÁM I, 159

**RA-204:020** náma mógrafir 63°43.671N 20°03.122V

"Grafir hétu gamlar mógrafir norðan og norðaustan við gömlu réttirnar. Smá gil er norðvestur af þessum gömlu réttum, það nefnist Grafnir," segir í örnefnalýsingu. Gilið er fast upp við vesturmörk deiliskipulagsins, aðeins um 20 m vestur af mikilli trjárækt norðan gömlu réttanna (017).

Gilið er fast upp við vesturmörk deiliskipulagsins, aðeins um 20 m vestur af mikilli trjárækt norðan gömlu réttanna (017).

Gilið er blautt í botni og liggur N-S. Það vottar fyrir hugsanlegum mógröfum í austurbakkanum en girðing liggur á honum. Mógrafir ekki mjög greinilegar, enda hefur hrunið úr gilbakkanum.

**Heimildir:**Ö-Hellishólar, 1

## RA-205 Lambalækur

15 hdr. 1710. "Lambalækur er allgóð bújörð en ekki landmikil." SB IV, 430
1710. "Á slægjur ber grjót, líka brýtur nokkuð af túni og engjum." JÁM I, ??? 1919: Tún 6,5 ha, 5 ha sléttað, garðar 2111 m² "Tún eru að nokkru á mýrlendi, sem þurrkað hefur verið, grasgefið og gott land." SB IV, 430

**RA-205:001** *Lambalækur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-206 Kvoslækur

Jarðadýrleiki óviss 1710, því jörðin tíundaðist aðeins fátækum fyrir 20 hdr. 20 hndr 1839. Breiðabólstaðakirkjueign. Jörðin á upprekstrarland á Grænafjall en ekki að Miðmörk. Jörðin hét áður Kókslækur.
1839: "... þýfð tún, ei ógrasgefin, útslægjur litlar, um hagrými ágreiningur, árangurslítil." SSR, 94. 1919: Tún 7,5 ha, 4,5 ha sléttað, garðar 1068 m² "Tún er í halla móti suðri og töðufall gott. ... Engjar voru í brekkuhalla vestur frá bænum, þær hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar." SB IV, 433.

**RA-206:001** *Kvoslækur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-207 Kollabær (stóri)

60 hdr. 1710 með hjáleigunum Litla Kollabæ (10 hdr), Stöðlakoti (5 hdr) og Tumastöðum (5 hdr). 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1470: Selur Sumarliði Eiríksson Þorleifi Björnssyni Kollabæ. DI V, 572. 1475: Ganga stefnumál um eignarhald á jörðinni. DI V, 802-806. 1496: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI VII, 316. 1496: Selja Gunnar Gunnarsson og Guðrún Teitsdóttir séra Jóni Gíslasyni 42 hndr. í Kollabæ. DI VII, 316. 1803 hafði Ormskot byggst á hálfum Litla Kollabæ. Jörðin á upprekstrarland á Miðmörk og í Frænafjalli og á fjórðung af reka fyrir landi Bakka og Stakkaholti í Eystri Landeyjum á móti Múla, Breiðabólstað og Stórahofi. JÁM I, 160-161 Nú er tvíbýli á K fram til 1900 og síðan aftur frá 1936. Allt beitiland Kollabæjarjarða og Kvoslækjar var óskipt.
1710: Á túnparti Þorbjargar fýkur sandur og mold, líka rennur á það leir og möl í leysíngum. Af landinu strax við engjarnar brýtur árlega Þverá og liggur það við meiri spjöllum." JÁM I, 160-161 1839: "... með sléttum góðum túnum, engjum litlum, snögglendum og kostaslæmum, högum, eftir sem talið er í þessari landþrengslasveit, fremur miklum." SSR, 95 1919: Tún 8,6 ha, garðar 1840 m² "Gömlu túnin eru nokkuð brött, en engjar flatlendar, þær hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar, einnig hefur stórt tún verið ræktað í högum, upp

**RA-207:001** *Kollabær (stóri)* bæjarhóll bústaður
"Fyrir aldamótin 1900 stóð austurbærinn í Kollabæ fyrir austan traðirnar, þar sem fjós og hlaða frá Sveini standa nú, en hann byggði sitt íbúðarhús áfast og austan við vesturbæinn árið 1936." Segir í Sunnlenskum byggðum.
**Heimildir:**SB IV, 437; Túnakort 1919

## RA-208 Litli Kollabær

10 hdr 1710, hjáleiga Kollabæjar. Hann var við heimatúnið og búin að vera í byggð lengi árið 1710. JÁM I, 161 Sameinað Ormskoti árið 1961.
1919: Tún 3,6 ha, garðar 1110 m² "Tún voru að meirihluta brött og varla véltæk af þeim sökum, en hey þornaði þar fljótt." SB IV, 435

**RA-208:001** *Litli Kollabær* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-209 Ormskot

1803 hafði Ormskot byggst á hálfum Litla Kollabæ, hjáleiga Kollabæjar. Nú er Litli-Kollabær sameinaður Ormskoti.
1839: "Heyskapur lítill af túni og engjum. Haga á jörðin í Kollabæjarlandi." SSR, 94 1919: Tún 2,8 ha, garðar 924 m² "Túnið er út frá bænum, grasgefið og að mestu lárétt. Engjar voru norðaustur frá bænum, þær hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar, einnig hefur núverandi ábúandi ræktað allstórt tún þar sem áður voru hagar." SB IV, 434

**RA-209:001** *Ormskot* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-210 Stöðlakot

5 hdr. 1710, hjáleiga Kollabæjar, byggðist löngu fyrir 1710.
1839: "Eins heyskaparlítið að túni og engjum. Hagar í Kollabæjarlandi." SSR, 95 1919: Tún 3,2 ha, garðar 1046 m² "Túnið er út frá bænum í halla móti suðri, slétt og gott, einnig er nokkur túnræktun í engjum. Hagar eru norðaustur frá bænum, allir grónir og grasgefnir nema suðurhliðar Þríhyrnings." SB IV, 436

**RA-210:001** *Stöðlakot* bæjarhóll bústaður
"Áður stóð bærinn neðar og vestar og standa tóftir hans enn óhreyfðar." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**SB IV, 436; Túnakort 1919

## RA-211 Tumastaðir

5 hdr. 1710, hjáleiga Kollabæjar, byggðist löngu fyrir 1710. Skógrækt ríkisins á jörðina.
1710: "Á engjarnar ber leir og grjót í leysíngum á vetur." JÁM I, 162 1839: "Heyskapur af túni og engjum í samanburði við áður talin kot í betra lagi. Hagar sameiginlegir með Kollabæ." SSR, 95 1919: Tún 3,4 ha, garðar 1468 m² "Tún voru lítil og svo brött að vélum varð ekki við komið á mestum hluta þeirra. Engjar vour góðar og gras bást þar varla. Þær hafa nú verið þurrkaðar og meirihluti þeirra tekinn til skógræktar, svo og túnið." SB IV, 439

**RA-211:001** *Tumastaðir* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-212 Túnga

15 hdr. 1710. 1519. Tunga nefnd í umboðsbréfi. DI VIII, 681.
1839: "... tún slétt og góð. Engjar litlar og ryttulegar. Hagar þröngvir." SSR, 95 1919: Tún 7,8 ha, garðar 2480 m²

**RA-212:001** *Túnga* bæjarhóll bústaður
"Áður stóð bærinn fremst í túninu, niður við gilið en árið 1912 hrundu öll bæjarhúsin í jarðskjálfta, sem varð 6. maí það ár, og flutti þáverandi ábúandi, Guðjón Jónsson, þá öll hús upp fyrir brekkuna." Segir í Sunnlenskum byggðum.
**Heimildir:**SB IV, 440; Túnakort 1919

## RA-213 Vatnsdalur

20 hdr., með afbýlinu Vatnsdalshjáleigu 1710. 1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689. 1710: Voru þar fjórar eyðihjáleigur Engidalur, Krummatóftir, Ólafshjáleiga og Vatnarveita sem byggðist úr landi Vatnsdalshjálegu. Bænhús var á jörðinni. Jörðin á skógarítak í Næfurholtslandi sem notað var til kolagjörðar en eyddist bæði af notkun og sandblæstri. JÁM I, 163-164

1710: "Túnið liggur undir nokkrum spjöllum af læk, sem rennur yfir það í vatnavöxtum og leysíngum og ber á það leir og mold, líka brýtur af því. Á engjar hrynur grjót úr fjalli og forárgast mjög." JÁM I, 164

1839: "... túnin slétt og falleg, engjar víða greiðfærar og grasgefnar og heyfallið í betra lagi. hagaganga sæmileg, helzt framan af vetri. engjunum granda sums sstaðar skriður." SSR, 95 1919: Tún 17,7 ha, garðar 1886 m² "Tún eru stór og liggja vel við sól. Vestrarbeit er allgóð og sumarhagar í betra lagi." SB IV, 441

**RA-213:001** *Vatnsdalur* bæjarhóll búslaður

**Heimildir:** Túnakort 1919

**RA-213:002** heimild um bænhús

"Þar er bænhús (hálfkirkja) á heimajörðunni standandi, og hefur fyrir 14 árum eða þar um embættað verið af prestinum að Breiðabólstað, þegar heimafólk hefur verið til sakramentis. Síðan hefur embættisgjörð þar verið aflögð og tíundum og ljóstollum svarað til sóknarkirkjunnar að Breiðabólstað."

**Heimildir:** JÁM I, 163

**RA-213:014** *Vatnsdalshellir* hellir fjárhús

"Manngerðir hellar eru í Vatnsdal bæði við Fiská og heima við bæinn, hann er notaður sem kartöflugeymsla o.fl., hinn sem fjárhús fram um 1930." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Austast í brekkunum eru margar grasi grónar torfur. Norðust þeirra og næst Fiská er Hellirstorfa, vestan við Selgil; neðst í henni er hellir stór, sem notaður hefur verið sem fjárhellir. Er hann vel manngengur, langur og víður milli veggja. Hann er nefndur Vatnsdalshellir. Nokkuð var hann farinn að fyllast af sauðfjártalið, því sú trú var á honum, að ekki mætti stinga hann út, en svo var það gert, og án allra tíðinda." Segir í örnefnalýsingu. "Vatnsdalshellir. Hinn hellirinn er 500-1000 m innan við bæ, fast ofan við veg sem ligggur inn að Fiská."

"Stór lækur rennur rétt neðan við hellinn en handan við hann eru víðlendar mýrar sem liggja upp að rótum Þríhyrnings."

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR: "Hellir manngjörður, inn-undir Fiská." "Andrés bóndi Magnússon í Vatnsdal hóf búskap sinn 1945. Hann telur að hellirinn hafi síðast verið notaður fyrir fé um 1940. Hellirinn er höggvinn í allhart móberg sem hvergi er verulega grýtt. Tiltölulega þægilegt hefur verið að meitla hann út. Hellirinn er tvískiptur. Í upphafi virðist hafa verið um tvo aðgreinda hella að ræða. Síðar hefur milliveggurinn verið brotinn niður lengra og lengra inn eftir. Gat er á veggnum framan til niðri við gólf, 70 cm hátt. Hægri hellirhvelfingin hefur verið víkkuð út, innst allt að einum metra. Á gafli sér enn móta fyrir gamla laginu. Innri hluti hægra hellishvels hefur verið hlaða. Þar er strompurinn, kringlóttur, um 1 m í þvermál efst og neðst en víðari þar á milli. Hann hefur augljóslega aukið hlöðuplássið líkt og strompurinn mikli í Þorleifsstaðahelli og fleiri góðir strompar. Móbergsþykktin í honum er 1,4-1,7 m. Hleðsla úr hraungrýti er þar ofan á 1,7 m há, og stendur ágætlega. Grópir eftir tréverk eru víða á veggjum. Hlaðnar jötur meðfram veggjunum og hlaðinn garði á gólfi ná ekki nema inn í miðjan helli en jötuómynd er þó fyrir gafli vinstra hellishvels. Í framhluta hellisins er hellulagt gólf en slíkt er nánast einstakt að sjá í hellum. Hellisgólfið er nokkuð lárétt þar sem hellulögnin er en fer síðan hækkandi inn, 50-80 cm. Skóflustunguþykkt moldarflag er í hægra helli en þynnra í honum. Tað hefur ekki verið skilið eftir í hellinum er notkun hans var hætt. Móbergsþykkt í hellismunna er 30-50 cm. Miklar hleðslur hafa verið í forskála. Einhvern tíma hefur hann verið reisulegur, en á síðasta notkunarskeiði hellisins hefur hann verið minni en fyrrum. ... Á árunum milli 1920 og 1940 var farið að hafa fé í hellinum. Þá hafa gömlu álögin verið virt að vettugi og stungið út úr honum eins og vera ber í fjárhúsi."

**Heimildir:** SB IV, 441; Ö-Vatnsdalur, 2; ÁG: Friðlýsingarskrá, 66; Manngerðir hellar, 237-238

## RA-214 Vatnsdalskot

Hjáleiga Vatnsdals, þriðjungur heimajarðarinnar 1710, 6 hdr 80 álnir, Vetrarveita var byggð úr landi hjáleigunnar. Fór í eyði árið 1845 og var lagt til heimajarðarinnar. SB IV, 442
"Vatnsdalskot átti tún austur frá bænum og engjar þar niður af, austur með læknum og kallast þær Kotsmýri." SB IV, 442

**RA-214:001** *Vatnsdalskot* bæjarhóll bústaður

## RA-215 Torfastaðir eystri

20 hdr., 1710, konungseign, hagalandi jarðanna tveggja óskipt. Stofnað býli 1939 sem heitir Höfði í eyði frá 1964. Á Austur-Torfastöðum er nú tvíbýli. Í SB segir að Torfastaðir hafi áður verið ein jörð og hét þá Þorvarðsstaðir. HÞ telur nafn jarðarinnar hafa afbakast í Torfastaði. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 18 Skúli Guðmundsson getur þess til að hinn forni bær Hlíð sem getið er í Njálu sé sami og hinir fornu Þorvarðsstaðir vegna staðsetningar jarðarinnar. S G: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" Árbók 1928, 1 Hagar voru óskiptir á öllum Torfastöðum.
1710: "Af engjaplátsinu brýtur Þverá og liggur það undir spjöllum." JÁM I, 166 1839: "... tún góð, grasgefin og greiðfær; engjar víðast mjög þýfðar, en loðnar, hagar lítilfjörlegir. Þverá brýtur framan af Torfastaðavelli." SSR, 95 1919: Vestri bær Tún 6 ha, garðar 1630 m2 Eystri bær Tún 6,8 ha, garðar 1415 m² . ATI: "Tún og engjar voru áður í skákum með Austur-Torfastöðum II, en árin 1954 og 1961 var öllu slægjulandi skipt í heilar spildur. Heimatúnið er nokkuð bratt að hluta. engjar hafa verið þurrkaðar og ræktaðar að mestu. Hagar eru upp og austur frá bænum, sambeitarland allra Torfastaða, Kotmúla og Fögruhlíðar ..." ATII "Tún voru talin góð og engjar, sem áður voru nokkuð blautar, hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar." SB IV, 444-445.

**RA-215:001** *Torfastaðir eystri* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

**RA-215:002** heimild um bænhús
"Kirkja var til forna á Austur-Torfastöðum ..."
TORFASTAÐIR Í FLJÓTSHLÍÐ (R) (TEIGSÞING) - BÆNHÚS
17.5.1765: Bænhús á Torfastöðum tekið af; (PP, 58) [konungsbréf]
**Heimildir:**SB IV, 445

## RA-216 Torfastaðir vestari

20 hdr 1710. Í SB segir að Torfastaðir hafi áður verið ein jörð og hét þá Þorvarðsstaðir. Þeirra er fyrst getið í máldaga frá árinu 1367 DI III 216
"Vestare Torfastader eru strax við túnið á Eystri Torfastöðum og eignarskifti á túnum og engjum milli þessarra jarða löngu fyrir elstu manna minni, en haglendi alt til fjelags. Meining manna er, þessar báðar jarðir hafi til forna verið ein jörð, sem líklegt er, þar hagar eru óskiftir, líka flutníngur og fyrirsvar fátækra fyrrum eftir sögn ei nema so sem af einni jörðu." Ein eyðihjáleiga var á jörðinni árið 1710. JÁM I, 166-167. Þríbýli er nú á Vestur-
Torfastöðum.
1710. "Af engjum brýtur árlega Þverá, og liggja þær undir meiri spjöllum." JÁM I, 168 1919: Vesturbær, tún 4,2 ha, sléttað 3,2, garðar 1500 m² . Miðbæjar, tún 3,3 ha, 3 ha. sléttað, garðar 1240 m² . Austurbær, tún 3,2 ha, 2,5 sléttað, garðar 718 m² . VTI "Heimatúnið er nokkuð bratt að hluta, en annað tún, sem áður var engjar og er sunnan Torfastaðagrófar er lárétt gott land." VTIII: "Tún eru vestur og upp frá bænum, dálítið hólótt, en ekki brött." SB IV, 446-448

**RA-216:001** *Torfastaðir vestari* bæjarhóll bústaður
"Á Vestur-Torfastöðum var þríbýli. Nefndust bæirnir í byrjun þessarar aldar: Vesturbær, Miðbær og Jónsbær." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Torfastaðir ÞT, 3; Túnakort 1919

**RA-216:002** heimild um útkirkja

"Talið er að Torfastaðir hafi verið ein jörð til fonra og hét þá Þorvarðsstaðir." Sjá bænhús á Eystri Torfastöðum.

ÞORVARÐSSTAÐIR (R) - Maríu (BREIÐABÓLSSTAÐARÞING) - HÁLFKIRKJA

[1367]: xiij. Mariukirkia a þorvardsstoum a xc j lande.

Þad ber og saman vid Wilchinsbok; Hítardalsbók DI III 216

1397: a .xc. j landi

Þar skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad. lvka presti .ij. merkur; Máld DI IV

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 58}

**Heimildir:**SI IV, 444

## RA-217 Kotmúli

Jarðadýrleiki óviss 1710, talin 12 hdr eða 15 hdr. Breiðabólstaðakirkjueign. Fagrahlíð nýbýli frá árinu 1936.

1839: "Allgóð tún, engjar sæmilegar, hagar litlir, ekki ágangsfrí af landbroti." SSR, 96 1919: Tún 6,4 ha, garðar 1188 m² "Gömlu túnin eru nokkuð mishæðótt en góð. Engjar voru grasgefnar, mest valllendi og hafa nú verið ræktaðar." SB IV, 449

**RA-217:001** *Kotmúli* bæjarhóll bústaður

Bæjarstæði var fært suður af gamla bænum árið 1949.

**Heimildir:**SB IV, 449; Túnakort 1919

## RA-218 Sámstaðir enir austustu

20 hdr. 1710. Sámstaðir nefndir í Njálu. ÍF XII, 248. 1481 er nefndur eystri hlutinn í meiri Sámsstöðum. DI VI, 414. 1495: Sámsstaða er getið í dómi, ekki ljóst hvaða jörð það er. DI, VII, 269 1519. Austustu Sámsstaðir nefndir í umboðsbréfi. DI VIII, 681. " ... en hagar allarra þessarra jarða (Sámstaða) liggja saman óaðskildar og er meining manna, sem líklegt er, að í fyrstu ein jörð verið hafi." JÁM I, 169 Í eyði frá 1936 tilheyrir Mið-
Sámsstöðum.

1839: "Tún sæmileg, engjar lítil fjörlegar, hagar þröngvir, ágangslausir." SSR, 96 1919: Tún 6,6 ha, garðar 1610 m² "Tún eru góð með aflíðandi halla til suðurs. Engjar voru niður af túnunum og allt niður á Þverárbakka. Hagar eru í heiðinni, upp nema Vestur-Sámsstöðum neðri og landið girt." SB IV, 451 Hagar voru óskiptir á Sámstaðaæjum til 1928.

**RA-218:001** *Sámstaðir enir austustu* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-219 Mið-Sámstaðir

Talin 20 hdr. 1710, en jarðadýrleiki óviss vegna þess að jörðin tíundast fátækum. Breiðabólstaðakirkjueign. " ... en hagar allarra þessarra jarða (Sámstaða) liggja saman óaðskildar og er meining manna, sem líklegt er, að í fyrstu ein jörð verið hafi." JÁM I, 169 Þar var byggð tilraunastöð 1927.

1919: Tún 5,1 ha, garðar 1542 m² "Tún eru hér góð og liggja vel við sól. Engjar voru víðáttumiklar en dálítið raklendar. Hagar eru þeir sömu á Austur-Sámsstöðum." SB IV, 452

**RA-219:001** *Mið-Sámstaðir* bæjarhóll bústaður

Stóðu áður skamt vestur af Austurbæ að sögn Oddgeirs í Tungu.

**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-220 Sámstaðir vestustu

Talin 20 hdr. 1710, en jarðadýrleiki óviss vegna þess að jörðin tíundast fátækum. [1332]: Máldagi kirkjunnar í Breiðabólstað á jörðin allt heimalandið Vestur-Sámsstaði, hálfan Konungsmúla, Þórugnúp, Borgarholt og Skálmholt. DI II 687-689 Breiðabólstaðakirkjueign. " ... en hagar allarra þessarra jarða (Sámstaða) liggja saman óaðskildar og er meining manna, sem líklegt er, að í fyrstu ein jörð verið hafi." JÁM I, 169 Nú er þar tvíbýli frá 1932.

1839:"... tún góð; sæmilegar útslægjur, hagar sömu." SSR, 96 1919: Tún 16,19 ha, garðar 2373 m² "Gömlu túnin eru nokkuð brött á köflum en góð. Engjar voru niður af túnunum, þær hafa nú verið ræktaðar í tún. Hagar eru upp frá bænum algrónir og girtir, skjól eru þar góð." SB IV, 454

**RA-220:001** *Sámstaðir vestustu* bæjarhóll bústaður

Vestur-Sámsstaðar efri er eldra bæjarstæðið og var bæjarstæðið flutt árið 1944. Segir í Sunnlenskum byggðum. "Rétt austan við Vesturbæjarlækinn, ofan til í túninu, er gamli Vesturbærinn. Þar er gamla íbúðarhúsið, og hlöður og fjós frá báðum núverandi ábúendum jarðarinnar." Segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:**SB IV, 454; Ö-Sámsstaðir, 4; Túnakort 1919

## RA-221 Breiðabólstaður

Jarðadýrleiki óviss 1710, kirkjustaður. 1075 segir af Breðabólstað Bsk I, 157, 229-230. 1179: Kirkjan á B nefnd í máldaga. DI I, 257 f. 1194: Þorlákr bp réð undir Orm Jónsson Breiðabólsstað, Þá staðfestu er honum Þótti best Þeirra er hann ætti forráð; Prestssaga Guðmundar, Sturl, 172. c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII, 6 1218: Ormr Jónsson keypti við að Austmönnum til Þaks á kirkju sína og var eigi á land fluttur; Íslendingasaga, Sturl, 255. 1221: Björn Þorvaldsson og hans menn höfðu búist um fyrir sunnan kirkju. Íslendingasaga, Sturl, 266 1326: " Veðr bravt kirkiu a Breiða bolstað i Fliotzhlið". Skálholtsannáll, IA 205 Gottskálksannáll, IA 346, Flateyjarannáll, IA 96 [1332]: Máldagi kirkjunnar þá á jörðin allt heimalandið Ytri-

Sámsstaði, yhálfan Konungsmúla, Þórugnúp, Borgarholt og Skálmholt. Máld DI II 687-689 1363: Dómur um fjörumörk milli Breiðabólsstaðar og Holts. DI III, 188-189, DI III,189-190 [1367]: Máldagi kirkjunnar.DI III, 217 [1371]: [til Lambeyjar] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad.DI III, 263-264 [1371]: Máldagi kirkjunnar. DI III, 268-270 1393: "veitti herra Þorsteinn abboti ... Oddi prest raadsmanni Breidabolstad ok hellt þo Vallanes sua at hann tok aavoxtu af enn Sigurdr prestr Sigurdarson hafdi" Flateyjarannáll, IA 423 1394: veittr Breidabolstadr af byskupi; Flateyjarannáll, IA 424 1397: [sbr [1371] orðrétt] Jtem a hun yfer þat framm sem forner maldagar votta jordina ad Gnvpi med ollumm gognumm oc giædumm portio Ecclesiæ medann sira Oddur hiellt stadinn .vjc. [Teitsson, 1376-1393 eða lengur] yngra Jtem hafdi fallid j Mortuaria sijdann sira Oddur oc sira Hoskulldur hielldu stadinn .viij. hundrud. DI IV, 81-83 [Höskuldur Jónsson 1394-1402] 1397: [til Þorvarðsstaða] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad. lvka presti .ij. merkur; DI, IV 1397: [til Lambeyjar] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad. luka presti .ij. merkur; DI, IV ????: Anno 9¤. Kirkian a Breidabolstad a .lx. malnytukugilldi. oc .xviij. kugilldi oc .xx. j ollum gielldumm fienadi. portio obitalad wmm .xvj. är .vc. oc xx; DI III 69 [áfast við Vilchinsmáldaga Næfurholts] 1405/8: Jörðin nefnd í Lögmannsannál. Lögmannsannáll, IA 287 Lögmannsannáll, IA 289 .6.1439: Jón prestur Pálsson gefur Brandi Jónssyni umboð sitt yfir Breiðabólsstað DI IV, 586 [1446]: Þorvarður Loptsson gefur kirkjunni í sitt testamenti, DI IV 675 [um 1480]: Máldagi kirkjunnar. DI VI, 332 1495: Jörðin Kotvöllur er í Breiðabólstaðar kirkjusókn. DI VII, 269-70. 1496: Jörðin Kollabær er í Breiðabólstaðarkirkjusókn. DI VII, 316 1500: Jörðin Strönd í Vestur Landeyjum er í Breiðabólstaðarkirkjusókn. DI VII; 508 1523: Gefur séra Guðmundur Árnason kirkjunni á B jörðina Hólma í Eystri-Landeyjum eftir sinn dag. DI IX, 183. 1553: DI XII 650-651 [1554]: DI XII, 785 1575: DI XV, 667-669 [1591]: Fjörumörk kirkjunnar. "Þessi ero fiorumork hin eystri a mariufioru er kirkian a aa breidabolstad. At bryddi sudurey vestanverd vestur vndan klettnum j vestmannaeyum. En þessi ero hin vestare morck a somu fioru. at bryddi fyrr nefnd sudurey austanverd austur vndan lauphellum. standa þessi fiorumork þar til at stofustafninn a onundarstodum hinn vestara ber med sionhending af fiorunni vpp j miclu dimon midia et cetera." DI III, 192

Hjáleigur 1710 voru Litla Árnagerði (í eyði), Bjargarkot, Tobbatóftir ( í eyði), Stóra Árnagerði, Háakot (sama og Háfakot), og í Jám er greint frá því að sumir telja Flókastaði vera eina af hjáleigum frá B. 1839: "Kirkjan á Breiðabólstað á heimaland allt með gögnum og gæðum og þessar jarðir: a) í Fljótshlíð: kokkslæk, Kotmúla, Mið-Sámsstaði, Vestur-Sámsstaði, Aurasel, Háakot, Árnagerði, Bjargarkot, Flókastað, Núp; b) Í Hvolhreppi: Uppsali, Giljur, Þórunúp; c) í Eystri-Landeyjum: Ljótarstaði; í Kirkjulandi 20 hndr., Kirkjulandshjáleigu, Önundarstaði, Hólma, Hólmahjáleigu, Butru; d) í Út-Landeyjum: Ey, Brók, Strandarhöfuð, Akurey, Miðkot, item Forsæti og Sigluvík með tilheyrandi hja´leigu ... c) á Rangárvöllum: Dagverðarnes. Kirkjan á Maríufjöru að 2/3 móts við Holt, fjórðungafjöru að 1/4 móts við Múla, Kollabæ og Hof; alla Önundarstaðarfjöru og Kirkjulandsfjöru að 2/3. Líka eigna máldagar og skoðunargjörðir kirkjunni fjöru móts við Klofa. beitarland að Dagverðarnesi og Kanastöðum liggjandi fyrir vestan Markarfljót, 12 hrossa höfn í eystra-Fífuholti um vestur. Stóðhrossabeit í Kirkjulækjarlandi og réttarhald að Lundsmel. - Skóga og ítök: Völlu, er liggja norður frá Næfurholti, Langafell, sem langt sem skógi er vaxið að austan til. Melfell, er liggur í landnorður frá Næfurholti. Skóg hjá Stapa, svo langt sem skógi er vaxið fram fyrir Útsandagjá, og skóginn frá, sem kallast Marjutunga og liggur milli giljanna. Tvær skógartóftir hvörja hjá annarri fyrir framan Falljökul, svo langt ofan sem sléttan tekur við. Skógartóft í Langadal framanverðum fyrir vestan í dalnum, inn að brekkunni í Hlíðarendaskógi og fram á hálsinn; skóg í Réttafelli og litla skógartóft fyrir innan Kili upp undir jökulinn." SSR, 100. Árið 1847 eru nefndar tvær eyðihjáleigur, Sverriskot og Hryggvöllur. 1847: "Lambeyjar land, er áður var stórbýli fyrir neðan stórbýli fyrir neðan Þverá og lá undir Breiðabólstað, en fór af fyrir sandi, er síðan lagt undir staðinn, og hefur þar laungum verið haft fé þaðan vetur og sumar, en kýr í seli um sumartímann;; en bæði hefur land þetta mjög gengið af sér fyrir sandfoki, og líka er Þverá opt ófær yfirferðar, sumar og vetur, og verður þá að fara á ferju í landið, eða mikinn krók, og er því ekki annað sýnna, enn að staðarhaldarinn hafi það eina gagn af landinu, að hann láni það Landeyjarmönnum til lambagöngu og hrossabeitar. ... Af skógarítökum þeim, sem máldagar eigna brauðinu, hefir það engin not .. Eptir Goðalands afrétt, sem brauðið á, fær staðarhaldarinn árlega frá Austureyjafjalla mönnum 2 fiska vættir, en önnur hagaítök, sem kirkjunni hafa tilheyrt verða eigi notið ..." JJ, 49 Býlið Lambey var stofnað 1954 og fékk til ráðstöfunar eyðijörðina Lambey. Nýbýlið Ásvöllur stofnað árið 1929 að mestum hluta í landi Háakots sem býlið hefur til umráða, Staðarbakki var stofnaður árið 1963. Býlið Gilsbakki var bygt árið 1929 en fór í eyði árið 1934. "Land staðarins er nær í heiðinni upp frá bænum og sunnan Þverár. Fyrir mörgum árum tók Sandgræðslan þar stórt landsvæði, girti það og friðaði." SB IV, 458

1710. "Engja takmark grandar gjróts áburður af Flókastaða-á." JÁM I, 170. 1839: "Tún víðáttumikil en víða hvar þýfð og í langvarandi órækt. Engjar grasgefnar, en eltingarbornar og einstaklega þýfðar. hagar, sem jörðinni tilheyra og liggja fyrir sunnan Þverá eru fyrir nokkrum árum gjörsamlega eyðilagðar af sandfoki. Engajr og tún árangurslaust." SSR, 96 1919: Tún 20,9 ha, garðar 1890 m² 1847: "... eru tún staðarins orðin mikil að víðáttu, en þau eru víðast hvar ógreiðfær. Eingjar eru yfirfljótanlegar fyrir staðarhaldarann og optast nær loðnar, en eltíngarbornar mjög og ógreiðar afsláttar. Mótak, sem fundið er í landareigninni, er bæði íllt og oflítið, og verður því líka að brúka kúatað eða töðugræft hey. Hagaþreyngsli eru hér mikil og hvervetna sambeit." JJ 49. "Tún eru stór og grasgefin, en neðri hluti þeirra nokkuð raklendur. Engjar hafa verið þurrkaðar og ræktaðar." SB IV, 458

**RA-221:001** *Breiðabólstaður* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

**RA-221:002** heimild um kirkju
BREIÐABÓLSTAÐUR Í FLJÓTSHLÍÐ (R) -Maríu

| | |
|---|---|
| c. 1075: Eptir Þetta fóru Þeir út higat til Íslands Jón Sæmundr, ok settust í bú, hvárr á sína föðurleifð, Jón á Breiðabólsstað, en Sæmundr í Odda, ok bjöggu Þar báðir mjök lengi ... Þeir prýddu báðir mjök heilagar er Þeir höfðu að varðveita, í mörgum lutum, ok Þjónuðu Þeim lítilátliga í sínum prestsskap ok æxtu mikit rétt Þeirra í kennimanna vistum, Þeirra er Þjóna skyldu at hvárri kirkjunni fleiri en áðr höfðu verit; Jóns sagaA, Bsk I, 157 | Eptir Þetta fóru Þeir Jón ok Sæmundr út til ok Íslands ok settust í bú, hvárr á sína föðurleifð, Jón á Breiðabólsstað í Fljótshlíð, en Sæmundr í Odda; bjuggu Þeir Þar mjök lengi ... kirkjur, Þær Þjónaðu Þeir kirkjum fyrrnefndum með sönnu lítilæti, aukandi Þeirra heiður ok sæmd í kennimanna vistum, er Þeir lögðu í óðul sín fleir en áðr höfðu verit; Jón saga B, 229-230. |

[1179]: kirkia i Ey ... þar skal syngia af breiðabolstað annan hvarn dag loghelgan messo . ok enn fiorþa

hvern ottu song

hvert haust skal giallda tvævetran gellung á breiðabolstað;  Máld DI I 257 [Eyjar]

f. 1194:  Þorlákr bp réð undir Orm Jónsson Breiðabólsstað, Þá staðfestu  er honum Þótti best Þeirra er hann ætti forráð;  Prestssaga Guðmundar, Sturl, 172.

c. 1200:  Kirknaskrá Páls, DI XII 6

1218:  Ormr Jónsson keypti við að Austmönnum til Þaks á kirkju sína og var eigi á land fluttur; Íslendingasaga, Sturl, 255.

1221:  Björn Þorvaldsson og hans menn höfðu búist um fyrir sunnan kirkju, höfðu lagt stórviðu  frá stoðum Þeim er voru við húsamótin forkirkjunnar og aðalkirkjunnar og aðra Þar er mættust sönghúsið og kirkja og suður á kirkjugarðinn og skipuðu sér Þar á milli og horfðu sumir austur en sumir vestur; Íslendingasaga, Sturl, 266

1326:  Veðr bravt kirkiu a Breiða bolstað i Fliotzhlið; Skálholtsannáll, IA 205

braut kirkiu aa Breida bolstad j Fliots hlid fyrir ofvidri laugardag fyrir paska; Gottskálksannáll, IA 346

Þa tok kirkiu or stad a Breidabolstad i Fliotzhlid ok sakadi ecki; Flateyjarannáll, IA 96

[1332]: Breidabolstadur. Gamall maldagi.

Mariukirkia a breidabolstad. aa heimaland allt. samstade hina ytre. konungsmula halfvann. þorugnup. borgarhollt. skaalmhollt.

xvj kýr. niutiher asaudar. xx hundrut j metfe. vij ross roskinn. ij. þreuetur. j. tuæuett. ij veturgomul. yxn ij fiogra vetra. oc einn v vetra. iiij kalfa. xvj saudi tuæuetra oc xl. veturgamla. iij naut tuæuetur. vij. veturgomul. jn summa halft v kugilldi oc xl.

iij vætter smiors oc ccc skrædar. xxx fiordunga skyrs. xx fiordung kiotz.

hun a niu manna messuklædi. oc ij hokla lausa. vij kantara kapur. iiij. alltara klædi med dukum. ij dalmatikur oc einn subtil. iiij. sloppa. iiij kaleka. fonz vmmbuning. vatzker. glodarker. iij smellta krossa ij. sæmiliga. skrin ij med helgum domum oc textum euangeliorum buinn. alltaris stein buin. kluckur vj oc biollur ij. mariuskriftt oc iacobs skrift oc kross storann med trie steindur vel. messufata kista oc sacrarium munnlaug oc tiolld slik sem eru.

þangad skal giallda fra kirkiulæk gellding gamlann oc halfa vætt matar.

vr langagerdi. a lodna oc lembda. adra snoggva oc gellda.

vr lambey. a gellda.

fra vpsolum. gellding tuæuetran oc halfua mork.

vr ey. gellding tuæuetran.

fra tialldastodum. gellding gamlann oc vsthlæf.

vr skarde hinu eystra. ij tuæuetra gelldinga oc osthlæf.

af breckulandi. tuæuetrann gellding.

fra gelldinga læk. gellding tuæuetrann.

af þorle[i]fsstodum. gellding tuæuetrann.

fra geilum. vetrgamlann oc gamlann saud.

fra vamulastodum. gamlann oc veturgamlann.

vr vatzdal. tvævetrann.

fra bergþors huoli. ij. gelldinga.

frä reynifelli gellding gamlann.

vætt miols vr hafvi.

vætt vr þyckuabæ

fra arngeirstodum gellding tuevetran.

xij rossa hofn j fiflaholtt hit eystra vmm vetrin.

stodhrossa beit j kirkiulækiar land. oc rettar halld ad hunnzmel.

vj aurar voru j vlfsstodum oc halfvann fiorda eyri j fit vestri.

hond hins heilaga iohannis holensis med armleggium.

cccc j bokum. ij jarnstikur storar. toflu yfir alltare.

þangad liggia vj oc xx bæier ad allri skylldu.

Þar skulu vera iij prestar oc ij diaknar.

At auk þessa lagdi sijra haflidi til kirkiunnar fiorar kyr. xxx asaudar. fimm hross gaumul firi þat sem gefist hefur til. halft land ad konungsmula. iijc fioru er liggur vid mariu fioru. skogur er liggur hia stapa. Máld DI II 687-689 Hafliða prests er getið í dómi um Holtsreka frá 1363.

1363: Dómur um fjörumörk milli Breiðabólsstaðar og Holts, skyldu ver þar sem Hesteyra bryddi undan

Elliðaey; DI III 188-189
[um 1363]: So hliodar gamallt skrif a Stad a korbokinne.
mariufiara firer [a]ustan fliot.
Þessu eru fiorumork hin eystre. a mariufioru fyrir austan fliot. er liggur vid merkurfioru.
Elldijng j millum vrdalandz oc ellidaeyar.
Enn þessi hin vestri. at taka upp hesteyru aa ellidaey austan vndan Biarnarey.
fiordunga fiara.
Þesse eru fiorumork hin eystri a fiordunga fiorunne. ad Bvnkinn aa Biarnarey a ad taka vestur undan ellidaey. enn þessi hin vestre. ad elldijng er millum eya. [enn nyu morkin eystri ä fiordunga fiorunne er. þar Brydder ä Bvnkan vestur vndan Ellidaey. Enn nyu fiorumorkin ä mariufioru: epter lexmans Briefi. Sa klettur hinn eystri er liggur fyrer austan og undann Ellidaey. kalladur Hesteyra. skal räda rekamorkum millum mariufioru oc Hvammstvfs. 1608 17. Augusti. Onundarstada fiara.
Þesse eru fiorumork hin eystre a mariufioru er kyrkian aa ad Breidabolstad [fyrer vestan fliot]. ad Brydde Sudurey vestanverd vestur vndan klettnum j vestmannaeyum.
Enn þessi eru hin vestare mork aa somu fioru. ad bryddi fyrrnefnd Sudurey austanverd austur undann lauphellum. standa þessi fiorumork þar til. at stofustafninn aa onundarstodum hinn vestra ber med sionhendijng af fiorunne. uppi miklu dimon midia er kirkian eigur halfa.
[Anno dominj 1603. j klofa jatudu þeir s. Sugurdur Einarsson og hackon Arnason: huor odrum. ad huor þeirra skylldi eiga halftt þad sem ræki a þeim aagreinijngar fioru parti ä vestanverdri onundarstada fioru þangad til þar kiemur annarlagavegur aa. Þesse eru fiorumork a kykiulandzfioru. ad elldijng er aa millum Grasleysu oc aalseyiar. eru þaug hin eystri.
Enn þessi hin vestri. mykla dimon aa milli fioss oc Bæiar a kyrkiulandi.
Eg n. n. s[on]. logfesti hier j dag þessar allar fyrrnefndar fiorur Breidabolstadar kyrkiu. med aullum þeim rekum oc gagnsemdum sem þeim fylgia. og mier ber stadarins vegna med riettu ad hafa. til ystu vmmerkia. sem adrer menn eiga a mote. oc nu var upplesid. logesti ec greindar fiorur oc reka ad ordfullu oc logfullu logmali riettu. firerbyd ec huorium manni sier hiedan j fra. þær ad nyta. edur af ad hafa vtan mitt sie lof edur leife til. at vitni þijnu. DI III 189-190
[1367]: xxi. Mariukirkia a Breidabolstad j fliotzhlid a heimaland allt
les Vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 217 - xli. Mariukirkia a Breidabolstad j fliotzhlijd aa heimaland alltt. samstade ena ytre
les Vilchinsbok þui þetta ber saman vtan fra Reinefelle stendur skrifadur gelldingur tuævetur. hann er vtskafinn j Vilchinsbok. Og Vilchins maldage helldur meire; Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 219
[1371]: [til Lambeyjar] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad.
luka presti. ij merkur; DI III 263-264 [Lambeyjar]
[1371]: [í Ey] skal syngia annann hvern dag helgan af Breidabolstad.
lvka presti. ij. merkur; DI III 263-264 [Eyjar]
[1371]: Mariukirkia aa breiðabolstað j fliotzhlíð aa hæima land allt. saa[m]stadi hina ytri. konungsmula. allann Þorugnup. borgarkot. skalmhollt.
sextan kýr. niutigi aasauðar.
tuttugu hundrat j metie.
Siau hross Roskin. tuo tuæuetur. tuo þreuetur. tuo veturgomul.
yxn tuo fiogurra vetra oc æinn fimm vetra. fiora kaalfua.
sextan sauði tuæuetra. oc fiora tigi veturgamallt.
þriu naut tuæuetur. siau weturgomul.
Jn summa haalft fimta kugilldi og fiorer tiger.
þriar vetter smiors. oc þriu hundrut skræiðar. þriatigi fiorðunga skyrs.
tuttugu fiorðungar kiotz.
hun aa niu manna messuklædi oc tuo hokla lausa.
siau kanntara kaapur. fiogur alltara klædi med dukum. tuær dalmatikur oc æinn subtyl.
fiora sloppa.
fiora kaleka. fontz vmbuning. Vatzker. glodarker. þria smellta krossa. tuo sæmiliga. skrin med helgum domum. oc textum ewangeliorum
klockur sex oc biollur tuær.
Mariuskript oc jacobsskript oc kross storann med tre. stæindr vel. messukæda kista oc sacrarium munnlaug oc tiolld slik sem eru.
Þangat skal giallða fra kirkiulæk gellding gamlann oc haalfua vett matar.

wr langagerði aa loðna oc lembða æn aðra snoggua oc gellda.
wr lambey aa gellda.
fra vppsolum gellding tuæuetran oc haalfua mork
wr æy gellding tuæuetran.
fra tialldastodum gellding gamlann oc hæithleifr wr skarði.
wr æystra skarði tuæir gelldingar tuæuetrer oc hæithleifr aa breckulandi.
gellding tuæuetran fra gelldingalæk.
gellding tuæuetran fra þorleifs stoðum.
gellding tuæuetran fra gæilum.
gamlan gellding oc annan vetrgamlann fra vomulastoðum.
gamlan sauð oc annan veturgamlan wr vatzdal.
tuæuetur gelldingr fra bergþorshuoli.
gelldingr tuæuetr fra ræynifelli. [sbr Hít]
vett miols wr haafui.
wett miols wr þyckuabæ.
fra arngæirstoðum gelldingr tuæuetr.
tolf hrossa hofn j fiflhollt æystra vm vetrinn.
stodhrossa bæit j kirkiulækiar lanð oc Riettarhalld ath hundzmol.
sex aurar voru j wlfstoðum oc haalfuan fiorða æyri j vestri fit.
hond hins hæilaga johannis holensis med armleggium.
fiogur hundrut j bokum.
jarnstikur tuær storar.
tabulum yfuer alltari.
Þangat liggia sex og tuttughu bæir ath allri skylldu.
þar skulu wera þrir prestar oc tuæir diaknar.

ath auk þessa lagdi sira haflidi til fiorar kyr. þriatigi aasaudar. fimm hross gomul. halft land ath konungs mula. þriu hundrut fioru ær liggr wit mariu fioru. skogr er liggr hia stapa.

Jtem æin messuklædi. kertistikur tuær med kopar. eina kaapu. alltara klædi tuo. æina kloclu. kalek ær stænðr tolf aura. skirnarketil. likakrak. ælldbera. glitaðan duk. Máld DI III 268-270 [AM dipl afskr 2110 ‘ex originali Breidabolstad. Fliotzhlid.’ sem var transscript frá 12.2.1412]

1393: veitti herra Þorsteinn abboti ... Oddi prest raadsmanni Breidabolstad ok hellt þo Vallanes sua at hann tok aavoxtu af enn Sigurdr prestr Sigurdarson hafdi; Flateyjarannáll, IA 423

1394: veittr Breidabolstadr af byskupi; Flateyjarannáll, IA 424

1397: [sbr [1371] orðrétt]

Jtem a hun yfer þat framm sem forner maldagar votta jordina ad Gnvpi med ollumm gognumm oc giædumm

portio Ecclesiæ medann sira Oddur hiellt stadinn .vjc. [Teitsson, 1376-1393 eða lengur]

yngra Jtem hafdi fallid j Mortuaria sijdann sira Oddur oc sira Hoskulldur hielldu stadinn .viij. hundrud; Máld DI IV 81-83 [Höskuldur Jónsson 1394-1402]

1397: [til Þorvarðsstaða] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad. lvka presti .ij. merkur; Máld DI IV [Þorvarðsstaða]

1397: [til Lambeyjar] skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad. luka presti .ij. merkur; Máld DI IV [Lambeyjar]

1397: [til Eyjar] skal syngia annann hvern dag helgann af Breiðabolstad. lvka presti ij. merkur; DI III 79 [Eyjar]

????: Anno 9¤. Kirkian a Breidabolstad a .lx. malnytukugilldi. oc .xviij. kugilldi oc .xx. j ollum gielldumm fienadi.

portio obitalad wmm .xvj. är .vc. oc xx; DI III 69 [áfast við Vilchinsmáldaga Næfurholts]

1405: Tok vid radvm j Skalhollte sera Oddur Jonsson. er þa hiellt Breida bolstad j Fliotz hlid.; Lögmannsannáll, IA 287

1408: Siera Oddur resigneradi sitt beneficium kirkiuna a Breida bolstad. enn byskupinn veitte Sorarne [!] Andres syne. hiellt sera Oddur þo stadinn til næstv fardaga. tecum [!] fructibus svis; Lögmannsannáll, IA 289

5.6.1439: Jón prestur Pálsson gefur Brandi Jónssyni umboð sitt yfir Breiðabólsstað og yfi Teigi og öllum Þeim peningum föstum og lausum sem Jón átti milli Þjórsár og Markarfljóts. Skal Brandur taka alla ávöxtu og innrentur af öllum Þessum peningum sér til eignar en fá Jóni aftur góssin jafngóð sem hann meðtekur.

Skal Brandur heimta allar skuldir Jóns og að sér taka þar sem hann kann að fá og kvittan gefa meiga Þeim sem honum lúka vel og reiðulega að öllu jafnfullu sem Jón sjálfur. Einnig skipar Jón Brandi til Þjónustu alla Þá arbeiðismenn konur og karla sem hann hefur ráðið á Breiðabólsstað og Teigi og hans ráðsmenn fyrir hann. Skal hann Þessum umboðum halda til næstu fardaga; DI IV 586
[1446]: [Þorvarður Loptsson gefur kirkjunni í sitt testamenti] c; DI IV 675
[um 1480]: Breidabolstadur.
Mariu kirkia a breidabolstad j fliotzhlijd a heimaland allt. samstadi hina ytri. konungsmula allan. þorugnup. nup. borgarkot. skalmhollt.

xiij kyr. xl. asaudar oc xxx kugillda med vtlodum. ccc j koplum. halft fiorda c. ofrijtt oc lagt til fridz. ix naut veturgomul. ij tuæuetur. xxx saudi veturgamla. ij hruta tuæuetra.

þangat skal giallda fra kirkiulæ [et c. samhljóða [1371 niður að 'ij diaknar']. Máld DI VI, 332 [AM 263 fol. bl. 37-38; Þjsks Bps A II, 1, bl. 125a-b - JS hafði talið þennan máld elsri en Vilch og má það vel vera - þessi er skyldastur [1371] og skeikar ekki öðru en kvikfjártölum og jörðinni Núpi sem hafði nýlega bæst við er Vilch var ritaður. Hér eru færi kýr og ær en í öllum öðrum máld og gæti verið um mislestur að ræða: xvj lesið xiij og lxl lesið xl. Þessa skýingu þarf þó ekki því hér er heildarfjöldinn meiri (tæplega 60 kúgildi alls) og gæti þessi máld því verið frá svipuðum tíma og Vilch]
28.6.1495: Jörðin Kotvöllur er í Breoðabólstaðar kirkjusókn. DI VII, 269-70. 12.101.1496: Jörðin Kollabær er í Breiðabólstaðarkirkjusókn. DI VII, 316
6.7.1500: Jörðin Strönd í Vestur Landeyjum er í Breiðabólstaðarkirkjusókn. DI VII; 508
[1550x60]: fiorvmork vr brefum s jons h biarnasonar feck eyrecur gudnason mier 1608 4. d. febr. Þesse erv fiorumorck aa marivfirov fyrer avstan fliot.
env eystri elding aa ad siazt j millum vrdarlanz oc ellidaeyar.
env vestre aa somv fiorv. ad hesteyrv aa ellidaey eiga ad siazt avstvr yfer biarnarey.
Jtem fiorvmorck aa fiordvnga fiorvm.
env eystre. bvnckinn aa biarnarey aa ad siazt vestur undan ellidaey.
env vestre morck aa somv fiorv ad ellding aa ad siazt j millvm eya.
Jtem fiorumorck aa marivfiorv fyrer vestan fliot.
env eystra morck. ad vestanverd svdurey aa ad siazt vestur vndan klett j vestmanna eyvm
env vestre aa somu fiorv. ad avstanverd svdurey aa at siazt avstur vndan lavphellum.
Jtem a skiptefiorv vid klofa. ad hvsit id vestasta aa avnundarstodvm aa ad siazt ad sionhendingv af fiorunni j avstanverdan dimon. DI III 191
1553: Máld DI XII 650-651 [1554]: Máld DI XII 785
1575: Máld DI XV 667-669
[1591]: A kirkiu maldaganum
Þessi ero fiorumork hin eystri a mariufioru er kirkian a aa breidabolstad. At bryddi sudurey vestanverd vestur vndan klettnum j vestmannaeyum.

En þessi ero hin vestare morck a somu fioru. at bryddi fyrr nefnd sudurey austanverd austur vndan lauphellum. standa þessi fiorumork þar til at stofustafninn a onundarstodum hinn vestara ber med sionhending af fiorunni vpp j miclu dimon midia et cetera. DI III 192
1710: Beneficium og kirkjustaður; JÁM I: 170
27.2.1880: Teigs- og Eyvindarmúlaþing lögð undir Breiðabólsstað; (PP, 58) [lög]
**Heimildir:**Túnakort 1919

**RA-221:012** *Lambey* bæjarstæði býli
1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689. 1710: "Lambey. Jarðadýrleiki verður ekki fyrir víst greindur, en heyrt segjast menn hafa hann nefndan lx hdr, alrir lxxx hdr, jafnvel ll hdr. Eigandi er Breiðabólstaðar kirkja. Ábúandi enginn, því jörðin hefur auðn verið 8 ár. ... Bygðin gat ekki lengur haldist vegna stórkostlegs yfirgángs af blásturssandi, so tún alt og mikið af högum er fordjerfað, kann þess vegna aldrei aftur byggjast. hagar sem eftir eru brúkast til beitar frá Breiðabólstað." 1847: "Lambeyjar land, er áður var stórbýli fyrir neðan stórbýli fyrir neðan Þverá og lá undir Breiðabólstað, en fór af fyrir sandi, er síðan lagt undir staðinn, og hefur þar laungum verið haft fé þaðan vetur og sumar, en kýr í seli um sumartímann;; en bæði hefur land þetta mjög gengið af sér fyrir sandfoki, og líka er Þverá opt ófær yfirferðar, sumar og vetur, og verður þá að fara á ferju í landið, eða mikin krók, og er því ekki annað sýnna, enn að staðarhaldarinn hafi það eina gagn af landinu, að hann láni það Landeyjarmönnum til lambagaungu og hrossabeitar." Árið 1954 var stofnað nýbýlið Lambey og fékk

það til yfirráða eyðijörðina Lambey. Þar var kirkja áður og þingstaður, og síðasta aftakan fór þar fram á árunum 1640-50. Lambey var hólmi í Þverá og stóðu bærinn og kirkjan á Lambeyjarhól Nú eru þar tún. Segir í Sunnlenskum byggðum.
LAMBEY Í FLJÓTSHLÍÐ (R) (BREIÐABÓLSSTAÐARÞING) - HÁLFKIRKJA
[1367]: xiv. Kirkia j lambey a xc j heimalande
Þesse ber og saman. vtan Vilchins maldage er fyllre; Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III 216
[1371]: LVI. Lambey.
Kirkia j lambey a xc j heimalande. vj. ær. Mariuskript. rodukross. paxspialld. alltaraklædi eitt. dvk einn. glodarkier. sacrarium munnlaugh. kluckur iij.
Þangad skal syngia annann hvern dag helgann af Breidabolstad.
luka presti. ij merkur. portio vmm .ij. är oc xx. tuo hundrud oc half mork. fiell þad allt nidr firir vppgiord kirkiu. er kirkian nv honum skylldug .ccc. Vilchinsbók DI III 263-264; DI IV
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 58}
KK: "Suðvestan við Breiðabólstað, beint á móti bænum Núpi er aflöng landræma vaxin grasi og blöðku. Þetta er Lambey. Áður rann Þverá ýmist fyrir norðan eða sunnan hana, en nú ætíð fyrri sunnan. Lambey var einu sinni staður fyrir eitt af þriggja hreppa þingum, sem oft er minnzt á. Virðist hún hafa verið allsnemma höfð að þingstað, þannig er nefnt Lambeyjarþing í annálum þegar um miðja 14. öld. Þá var kveðinn þar upp dauðadómur , og síðan fór fram aftaka. Hafði hún það í för með sér að hirðstjórinn, Smiður Andrésson lét hálshögva upphafsmanninn í Lambey. Bær með sama nafni stóð þar til loka 17. aldar."
**Heimildir:**JÁM I, 174; JJ, 49; SB IV, 460; KK I, 175

# RA-221b Breiðabólsstaður (Goðland)

"Landið sunnan Þórsmerkur skiptist í fjóra afrétti, Steinholt, Stakkholt, Merkurtungur og Goðaland. Landið fyrir botni Sunda (Krossársunda) skiptist í tvennt, Múlatungur og Teigstungur. Allir til samans heita þessir afréttir Suðurafréttir." "Takmörk afréttarins að suðvestan eru um Hvannárgil sem Hvaná fellur eftir upp til Krossár. Krossá skilur að Goðaland og Þórsmörk. Að austan liggja mörkin um Hrunakvísl eða Hrunagilskvísl, sem áður nefndist hrunaá, svo um gjögrið milli Hruna á Goðalandi og Múlatungna og síðan um Tungnakvíslarjökul sem eyðst hefur til mikilla muna á þessari öld. Móti suðri liggja takmörk á Fimmvörðuhálsi um rætur Mýrdalsjörkuls og Eyjafjallajökuls, en jökullaust haft er nú milli jökla þegar kemur fram á sumar." Þórður Tómasson: Þórsmörk, 50, 66-67. Eign Breiðabólsstaðarkirkju. 1847: "Eptir Goðalands afrétt, sem brauðið á, fær staðarhaldarinn árlega frá Austureyjafjalla mönnum 2 fiska vættir, ..." JJ, 49. "Seinna lét þó presturinn sér nægja, að landið væri aðeins smalað." GR I, 199 - skógar á Goðalandi eru nú í umsjá Skógræktar ríkisins - GR I, 199
"Það er hálent og klettótt ... en nokkru grösugra [en hinir smáafréttirnir] ... Nálægt miðju Goðalandi, en innan við Réttarfell, eru Básar, grösugt skóglendi ... Innarlega á Goðalandi eru Hestagötur, snarbrattar brekkur, grösugar og lyngi grónar. Í Hestagötum töldu menn öruggan útigang, hverju sem viðraði." GR I, 199. Einn hnúkanna á Goðalandi heitir Útigönguhöfði og tíðkaðist lengi að láta fé ganga úti um vetur á Goðalandi. "Talið var hæfilegt, að hafa þar 30 kindur yfir veturinn, en oft mun hafa verið haft þar mun fleira fé." GR I, 200

**RA-221b:001** gata leið
"Yfir tunguna allra neðst á Goðalandi, þar á sléttun, eru gamlar götur, greinilegar, alls 10 í röð."
"Þær eru flestar uppgróar, nema sú ein, sem farin er."
**Heimildir:**SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 73

# RA-222 Bjargarkot

Hjáleiga Breiðabólsstaðar, 1710, ekki vitað hvenær hún byggðist fyrst. Í eyði árið 1801 og á árunum 1893-1900.
1839: "Allgóð tún, litlar útslægjur, hagar þröngvir." SSR, 96 1919: Tún 3,5 ha, garðar 839 $m^2$

**RA-222:001** *Bjargarkot* bæjarhóll bústaður
Bærinn stóð áður sunnar og austan við gilið, fluttu árið 1950. Segir í Sunnlenskum byggðum.

**Heimildir:**SB IV, 459; Túnakort 1919

## RA-223    Árnagerði

Hjáleiga Breiðabólsstaðar, 1710, ekki vitað hvenær hún byggðist fyrst, nefnd Stóra Árnagerði 1710. SB IV, 456
1839: "Þýfð tún, engjar nokkrar, hagar lítilfjörlegir." SSR, 96 1919: Tún 5,4 ha, garðar 1479 m² "Tún eru flatlend og grasgefin en nokkuð raklend. Engjar voru áður austur og upp frá bænum og einnig sunnan við túnið og neðar. Þær hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar." SB IV, 456

**RA-223:001** *Árnagerði* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-224    Háfakot [Háakot]

Hjáleiga Breiðabólsstaðar, 1710, ekki vitað hvenær hún byggðist fyrst, nefnd Háakot eða Brekkukot í JÁM. Í eyði frá árinu 1918.
1839: "... fallegt tún eður túnstæði, engjar litlar; hægt, en afkomulítið til haga á fjalllendinu fyrir ofan kotið." SSR, 96 1919: Tún 3,4 ha, garðar 747 m² "Tún voru brött en engjar flatlendar niður frá Árnagerði, þýfðar en grasgefnar. Hagar voru óskiftir frá Breiðabólstað." SB IV, 462

**RA-224:001** *Háfakot [Háakot]* bæjarhóll bústaður
"... stóð bærinn efst í brekkunni, upp frá bænum á Breiðabólstað ... Nú eru þar engin hús, en gamlar tóttir vitna um byggð á staðnum." Segir í Sunnlenskum byggðum.
**Heimildir:**SB IV, 462; Túnakort 1919

## RA-225    Aurasel

Hjáleiga Breiðabólsstaðar. Fyrst nefnd árið 1803. 1847: "Líka er þar nú fyrri 70 árum bygt býli, Aurasel, og hefur því staðarhaldarinn ráðir af, að halda fénu heldur í landi eyðijarða staðarins, sem áður var." JJ 49. Jörðin var byggð upp á selstöðu frá Breiðabólstað um 1785. Jörðin var í eyði frá árunum 1877-1899 og fór síðan úr ábúð árið 1954.
1839: "Túna- og engjalítið, en landrými gott til haga." SSR, 96 1920: Tún 2,3 ha, 1,5 ha, sléttað, garðar 812 m² "Aurasel var talin dágóð bújörð, tún lárétt og slétt út frá bænum, en engjar fremur reytingslegar og í nokkurri fjarlægð. Hagar eru víðlendir og góðir." SB IV, 464.

**RA-225:001** *Aurasel* bæjarstæði býli/sel
Þarna var áður selstaða frá Breiðabólstað, var nytjuð frá B til beitar og ef til vill selstöðu þegar hún var í eyði undir lok 20. aldar.
**Heimildir:**SB IV, 464; Ö-Aurasel, 1; Túnakort 1920

## RA-226    Flókastaðir

1710: "Er engum tíundað og so hefur það verið frá gamallri tíð, er því haldið af sumum að sje ein af Breiðabólstaðar hjáleigum., aðrir vilja láta lögbýli heita, sem ekki er ólíklegt, þó er þar ekkert víst um annað en hýsing fátækra og fyrirsvar sem á lögbýlum." JÁM I, 172
1710: "Á túnið tekur til að falla grjót. Líka ber Flókastaða-á á engjarnar grjót og möl. Engjunum spillir og annarstaðar grjótságángur úr fjallinu." JÁM I, 173 1839: "Stór, slétt og góð tún, engjar þýfðar, en ekki ógrasgefnar; hagar, eftir sem hér er, þolanlegir en kostalausir." SSR, 96 1918: Tún 6,1 ha, garðar 1620 m² . "Tún voru vestur með brekkunum með hæfilegum halla móti suðri. Mikill hluti þeirra hefur verið tekinn til kartöfluræktar. Engjar voru niður af túninu, þar hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar. Hagar eru í fjallinu, upp frá bænum." SB IV, 465

**RA-226:001** *Flókastaðir* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1918

## RA-227 Núpur

Jarðadýrleiki óviss 1710, Breiðabólstaðakirkjueign. 1480: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI VI, 332. Tvíbýli er á N
1710: "Túninu grandar grjót og aur, sem rennur úr fjallinu í vatnaleysíngum." JÁM I, 173 1839: "Beztu tún, stór og víða slétt; útslægjur mýrlendar og slæmar til heyfalls. hagar, eftir landslagi hér í meðaltali." SSR, 97 1919: Vesturbær, tún 10 ha, 9 ha sléttað, garðar 1700 m² , austurbær tún 9 ha, 8 ha. sléttað, garðar 1028 m² . NI: "Núpur I er talin allgóð bújörð hæð og skjólgóð. Túnið liggur austur með fjallinu, hallalítið og gott. Engjar voru fram af túninu, nokkuð blautar en hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar að meirihluta. Góð tún eru nú á bökkum Þverár þar sem áður voru móar og úthagar." NII: "Gamla túnið liggur vestur frá bænum, slétt og grasgefið og nær upp í brekkurætur. Engjar voru suður af túninu, flatlendar og nokkuð blautar, þær hafa nú verið þurrkaðar með skurðum og ræktaðar, einnig eru komin mikil tún suður á Þverárbakka þar sem áður voru valllendismóar og bithagi." SB IV, 466-467.

**RA-227:001** *Núpur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1919

## RA-228 Bergvað

20 hdr., 1709. Getið í máldaga Oddakirkju frá 1270. DI II, 86-88
Túnin nú nytjuð frá Móeiðarhvoli.

**RA-228:001** *Bergvað* bæjarhóll bústaður
"Rétt austan við Barnakletta stóð bærinn á Bergvaði sunnan í halla niður að öldubökkum."
**Heimildir:**Ö-Móeiðarhvoll, 9

## RA-229 Móeiðarhvoll

30 hdr., 1709. Jarðarinnar er getið í Njálu ÍF XII,, 167. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88
1622: Jón vigfússon selur 5. hdr í Móeiðarhvol. Jarðabréf, 1
1709: hjáleigur Norðurhjáleiga 5 hdr., og Suðurhjáleiga 3 hdr 90 álnir. Krókatangi lá undir Odda á Rangárvöllum. Ö-Móeiðarhvoll, 5. Tvíbýli á M, en MI er nú í eyði.
1709: "Á engjar ber Þverá grjót í stórflóðum, nær ísaleysíngar er, og róta jaka grasrót víða í burt, þar með spillir Rangá slægjum, hafa þessi vötn orkað so mikils skaða, að fyrir 50 eða 60 árum halda menn fóðrast hafi hálfu fleiri peningur á jörðunni." JÁM I, 214. 1917: Tún 15 ha, þar af 9 ha slétt, garðar 262 m² . "Landið er að nokkrum hluta vallendis- og lyngmói og gott ræktunarland, en talsvert mikil mýri og var hún mjög blaut, en hefur nú verið ræst fram. Þverá hefur spillt landi jarðarinar mjög að sunnanverðu. Á hólma í Þverá voru engjar um 20 ha., rennisléttar og grasgefnar, en erfitt var að nytja þær. Var hey þaðan oft flutt heim á ís að vetrinum." SB IV, 523. Aðalengjar jarðarinnar voru í stóra hólamanum sem skiptir farvegum árinnar. "Næst Þverá eru sléttir bakkar, fjarska grösugir, en misþurrir, sundirskornir af illfærum keldum og kílum. Þar eru uppgripaslægjur frá náttúrunnar hendi, og voru þær nytjaðar frá Móeiðarhvoli fram undir 1930, en heybandsvegur var framúrskarandi ógreiður og leiðinlegur." Ö-Móeiðarhvoll, 6, 7

**RA-229:001** *Móeiðarhvoll* bæjarhóll bústaður
"Bærinn á Móeiðarhvoli stendur landsunnanvert í hólbungu einni, og er um 5-600 metra vegur þaðan að Eystri Rangá ..." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Móeiðarhvoll, 1; SB IV, 516; Túnakort 1917

**RA-229:002** heimild um bænhús
MÓEIÐARHVOLL Í HVOLHREPPI (R) (NEÐRAHVOLSÞING)

## RA-230 Norðurhjáleiga

1709: 5 hdr, 1709, hjáleiga Móeiðarhvols, fór í eyðir á 10 tug 19. aldar.

**RA-230:001** *Norðurhjáleiga* bæjarhóll bústaður
"Að norðanverðu við hólinn [sem M stendur á] er Hjáleigutún, og stendur þar lágur, en flatur hóll, Hjáleiguhóll, raunar grasi grónar rústir bæjarhúsanna í Móeiðarhvols-Norðurhjáleigu, en sú jörð fór í eyði á tíunda tug 19. aldar. Sést enn greinilega móta fyrir húsaskipan uppi á hólnum, svo og kálgarðsveggnum í kring." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Móeiðarhvoll, 3

## RA-231 Suðurhjáleiga

1709: 3 hdr 90 álnir, 1709, hjáleiga Móeiðarhvols. Fór í eyði árið 1946, nefnd Móeiðarhvolshjáleiga í SB.
1917: Tún 2,4 ha, þar af 1 ha slétt, garðar 1164 m²

**RA-231:001** *Suðurhjáleiga* bæjarhóll bústaður
"Í túngunni milli Þverár og Hjáleigukeldu er fyrst flatlendiskafli, er nefnist Nýgræður, sumstaðar þurrlent og sendið land, en sumstaðar mýrlent, en þar fyrir austan, austur að mýrinni, er túnið í Móeiðarhvols-Suðurhjáleigu, en það býli er nú í eyði, frá því 1946, og er því í rauninni ekki annað og meira en örnefni, sem nú stendur. Bæjarhúsin standa þar, sem túnið ber hæst, rétt við Þverá. Ekki er mér kunnugt um örnefni innan garðs í Hjáleigunni, en hætt er við, að þau hafi aldrei mörg verið." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Móeiðarhvoll, 4-5; Túnakort 1917

## RA-232 Vestri Garðsauki

20 hdr., 1709, Oddakirkjueign, hjáleiga jarðarinnar er Garðsvíkurhjáleiga en hún var í eyði 1709. HÞ telur jörðina hafa heitið Vestri-Garðsvika. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 19. "Jörðin er landmikil miðað við aðrar jarðir í Hvolhreppi. Hún er öll grasi gróin og flatlend." SB IV, 521
1917: Tún 5,4 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 1180 m² . "Um það bil helmingur landsins er þurrlendir móar, en hitt mýrlendi, mjög grasgefið. Valllendið auðræktað og gott ræktunarland, sauða- og hrossabeit er ágæt á mýrlendinu." SB IV, 521.

**RA-232:001** *Vestri Garðsauki* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-233 Garðsaukahjáleiga

Hjáleiga Vestri Garsauka, reiknuð þriðjungur heimajarðarinnar 1709, þá í eyði. Menn muna ekki fyrstu byggð hennar. HÞ telur jörðina hafa heitið -Garðsvikahjáleigu. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 19. "Garðsaukahjáleiga er eyðibýli, sem hefur verið lagt undir Vestri-Garðsaukann." Sennilega í eiði frá um 1920. SB IV, 521
1917: Tún 2,8 ha, þar af 1 ha slétt, garðar 985 m²

**RA-233:001** *Garðsaukahjáleiga* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-234 Miðkriki

Talin 10 hdr., 1709, Stórólfskirkjueign.
1917: Tún 4 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 1446 m² . "Landið er allt grasi gróið, þurrir lyngmóar ofan til, en mýrlent sunnar og mjög grasgefið." SB IV, 520

**RA-234:001** *Miðkriki* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stendur á flatlendinu, um 2 km sunnan við Hvolsvöll, rétt við þjóðveginn."
**Heimildir:**SB IV, 520; Túnakort 1917

## RA-235 Skeið(Skeiði)

10 hdr 1709. "Skeið er eyðibýli í landi Hvolhrepps, sunnan Þverár, en fylgir nú Hemlu í Vestur-Landeyjahreppi." Jörðin fór í eyði árið 1905. SB IV, 524.
"Land jarðarinnar er flatt og mýrlent, algróið og allt ræktanlegt með framræslu." SB IV, 524

**RA-235:001** *Skeið(Skeiði)* bæjarhóll bústaður

## RA-236 Dufþekja

Sennilega 20 hdr 1709, sumir telja hana 18 hdr. Landnámsjörð. Dufþakur leysingi nam Dufþaksholt. ÍF I, 355.1332: Jörðin nefnd í máldaga Stórólfshvolskirkju. DI II, 689-690. Stórólfskirkjueign. HÞ telur Dufþaksholt vera aðalnafnið og eigi því að nota það. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 19. Tvíbýli 1917. "Jörðin liggur á norðurbakka Þverár milli lands Stóra-Moshvols að austan og Móeiðarhvols að vestan. Að norðan liggja að henni lönd Götu, Miðkrika og Vestri-Garðsauka." SB IV, 518
1839: "... góð túnajörð með nægum og afbragðs góðum starmýrarslægjum vestur með Þverá, ..." SSR, 1291917: Vesturbær, tún 5,3 ha, þar af 4 ha slétt, garðar 1555 m² . Austurbær, tún 4,7 ha, þar af 2,5 ha slétt, garðar 1160 m² . "Land jarðarinnar er mjög flatlent og mýrlent nema árbakkarnir, sem eru sléttir og þurrir. ... Engjarnar voru mikið slegnar áður fyrr og var komið víða að til að nytja þær." SB IV, 518

**RA-236:001** *Dufþekja Vesturbær* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stendur á hæð skammt sunnan Hvolsvallar um það bil 1 km norðan Þverár, og er útsýni þaðan frábært til allra átta."
**Heimildir:**SB IV, 518; Túnakort 1917

**RA-236:013** kuml legstaður
Árið 1940 urðu vegargerðarmenn varir mannsbeinagrindar í Dufþaksholti, rétt fyrir sunnan gamlan túngarð, auður undan hliði, sem þar er á honum. Hafði þarna verið dálítil þúst eða upphækkun. Matthías Þórðarson rannsakaði fundinn. Ekki sást, hvort, eða hve djúpt gröf hafði verið grafin. líkið hafði verið lagt á bakið og snéri SA-NV, höfuð í suðausturenda. Nálægt fótum varð vart lítilla, ryðþrunginna tréleifa. Beinin voru um 30-
40 sm í jörðu og allmjög fúin. Haugfé var ekkert, og vantar því fullnaðarsönnun þess, að kumlið sé fornt, en af öllum svip legstaðarins virtist rannsóknarmanninum, að svo myndi vera. Beinin eru úr ungum karlmanni.
**Heimildir:**KEKH, 35

## RA-237 Eystri Garðsauki

20 hdr 1709. 1519: Garðsauki hin stærsti nefndur í afhendingarbréfi. DI VIII, 681. HÞ telur jörðina hafa heitið Eystri-Garðsvika. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 19. "Land á jörðin mjög lítið, og er sögn manna að heyrt hafi af eldri sjer í gamaldaga skyldi slægjuland hafa lagt verið frá Eystri Garðsvika til Hvols, sem kallað er Túnga, fyrir peninga beit í Hvols landi, og er það enn so brúkað." Fásakot er eyðihjáleiga 1709. JÁM I, 210 Jörðin hefur verið lögð undir Götu ekki er getið um ábúendur eftir 1955. SB IV, 489
1709: "Túninu spillir leir og mold, er lækur uppá ber um vetur, nær leysíng kemur eftir ísalög." JÁM I, 210
1839: "... hefur slétt en mögum tún. Má kalla haga- og útslægjulaus, en nýtur beitar frá Stórólfshvoli."

SSR, 129.  1917:  Tún 14,3 ha, þar af 11 ha slétt, garðar 2372 m²

**RA-237:001** *Eystri Garðsauki* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-238 Stóri Moshvoll

20 hdr 1709.  Áður var tvíbýli.  SB IV, 516.  Tjaldhólar stofnaðir árið 1939, Sunnuhvoll stofnaður úr landi Litla-
Moshvols árið 1924.  SB IV, 516-520.
1709:  "Túni á þessum partinum spillir möl og mold, sem rennur á í leysíngum.  Á engjar, sem fylgja pörtum Erlendar og Sigurðar, ber lækur grjót og spillir slægjum.  Á beitilandið fýkur sandur, sem um getur hjá Litla Moshvoli, hafa báðar jarðinnar hagana til fjelags, og er þeim ekki í sundur skift." JÁM I, 209 1917:  Austurbær, tún 2,5 ha, þar af 0,4 ha slétt, garðar 1026 m² .  1917:  Vesturbær, tún 2,6 ha, þar af 0,4 ha slétt, garðar 981 m² .1982: SM  "Mikill hluti landsins er mýri, sem var svo blaut áður en hún var framræst, að hún var nánast ónýt til allra nota en hefur þornað ágætlega og er mjög gott ræktunarland allt saman"  SB IV, 515-516

**RA-238:001** *Stóri Moshvoll* bæjarhóll bústaður
"Áður fyrr stóðu bæirnir suðaustan við háhólinn í brekku móti suðri og eru þar tvær bæjarrústir."
**Heimildir:**SB IV, 516; Túnakort 1917

**RA-238:010** kuml legstaður
"Árið 1913 var verið að grafa fyrir hlöðu í smáhól vestan við svonefndan Moshvolshól, og var þá komið niður á mannabein mjög fúin, svo að ekki tolldi saman annað en kjálkarnir. Árið áður höfðu fundizt hrossabein á þessum sama stað."
Niður að mannabeinunum var "rúmlega ½ alin" (um 35 sm). Haugfé: 6775.  Öxi, vanheil og illa leikin, E-gerð, Sverd 35. Nokkuð mótaði fyrir skafti, sem hafði verið 2 álnir (um 1,20 m) að l. Öxin hafði verið við vinstri hlið manninum. 6776.  Blaðbrot af hníf.
**Heimildir:**KEKH, 34-35

## RA-239 Ormsvöllur

Jörðin sameinuð Götu.  Ekki getið um ábúendur eftir 1922.  SB IV, 491.  Bærinn reistur um 1820. KK I, 170.
1917:  Tún 2,2 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 559 m²

**RA-239:001** *Ormsvöllur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-240 Litli Mosvöllur

Talin 10 hdr., 1709, Skálholtskirkjueign.
1709:  "Slægjuland er næsta lítið, þó spillir því lækur, sem brýtur af landinu og ber uppá engið grjót og leir í vatnavöxtum og leysíngum.  Á hagana fýkur sandur go spilir þeim í stórveðrum."  JÁM I, 208  1917: Austurbær, tún 1,2 ha, þar af 0,4 ha slétt, garðar 394 m² . Vesturbær, tún 2 ha, þar af 0,6 ha slétt, garðar 410 m² .   LM  "Þegar túninu sleppir tekur við mýri, sem áður var mjög votlend, en hefur verið ræst fram og þurrkuð." SB IV, 515-516

**RA-240:001** *Litli Mosvöllur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-241 Vindás

15 hdr., 1500/1709. 1399: Jörðin seld Árna Einarssyni DI III, 647. 1500: Jörðin Vindás í Stórólfshvolssókn. DI VII, 484. 1521: Jarðarinnar sennilega getið í virðingargjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar, þá í eyði. DI VIII, 798. 1553: Ólafur Brandsson færði Marteini biskup jarðirnar Vindás og Hreiður í Holtum í sakferli og tíundarhöld sem dæmd höfðu verið af föður hans. DI XII, 605-606. Stærð landsins er um 100 ha. SB IV, 514
1917: Tún 3,1 ha, þar af 0,8 ha slétt, garðar 780 m² . "Þurrlent er kringum bæinn og er þurrlendið mikið til allt ræktað í tún. Norðar tekur við framræst mýri og næst gilinu eru þurrir bakkar. Nefnist þetta Móshagi. Landið er allt gróið og fremur grasgefið." SB IV, 514

**RA-241:001** *Vindás* bæjarhóll búwhat

**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-242 Giljar

10 hdr., 1709, Breiðabólstaðakirkjueign. HÞ telur jörðin aupphaflega hafa heitið Geilar. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 19. "Giljur er ríkisjörð, fremur lítil og nær frá þjóðvegi að sunna og inn að Hvolsgili að norðan móts við Efra-Hvolshella. Liggur landið að hluta í brekkunum í vestanverðu Kotmannafjalli og á grundunum undir fjallinu." SB IV, 513
1709: "Engjar á jörðin engar og kaupir ábúandinn slægjur að Breiðabólsstaðar haldaranum ..." JÁM I, 206
1917: Tún 4,6 ha, þar af 1,5 ha slétt, garðar 938 m² . "Allt land er gróið valllendi og ræktunarskilyrði í besta lagi." SB IV, 513

**RA-242:001** *Giljar* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-243 Lángagerði

Talin 20 hdr., 1709, Oddakirkjueign. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað og Stórólfshvolskirkju. DI II, 687-690. "Jörðin er fremur landlítil. Nær sunnan frá miðjum hinum forna farvegi Þverár norðan Lambeyjar og skammt norður fyrir bæinn, sem er um 400 m frá þjóðveginum." SB IV, 512
1709: "Á engjapláts ber lækur, sem rennur hjá bænum, aur og grjót og spilir þar með slægjum." JÁM I, 206. 1917: Tún 4,5 ha, þar af 2,2 ha slétt, garðar 1126 m² . "Dálítill lækur rennur þar í gegnum landið frá austri til vesturs. Svo taka við þurrir bakkar og þá framræst mýri, prýðilega grasgefin. Norðar í mýrinni eru hólar nokkrir og þurrlendara í kring. Upp úr framræsluskurðunum hafa komið sums staðar allsverir lurkar, sem benda til þess að þar hafi vaxið vænir skógar endur fyrir löngu. Norðan þjóðvegarins er að mestu leyti valllendi, ræktað tún." SB IV, 512.

**RA-243:001** *Lángagerði* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-243:002** heimild um útkirkja
LANGAGERÐI Í HVOLHREPPI (R) - (NEÐRAHVOLSÞING) HÁLFKIRKJA
[1332]: [á Neðrahvoli er] heima manna tijund. oc groptur oc lysitollar. oc af xij bæium odrum j allre skylldu. enn or langagerdi onnur huer missere.
**Heimildir:**DI II 689

## RA-244 Brekkur

20 hdr., 1709 að því að talið er, Skálholtskirkjueign. 1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689. "Suðurmörk jarðarinnar eru við eldri farveg Þverár, norðan Lambeyjar, en

norðurmörkin við Þórunúpsgil." SB IV, 511.
1839: "sæmilega góð að túni og engjum, hagar litlir. Ágangslaus jörð." SSR, 97 1917: Tún 7,5 ha, þar af 5 ha slétt, garðar 1592 m²

**RA-244:001** *Brekkur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

# RA-245 Uppsalir

10 hdr. 1709. Breiðabólstaðakirkjueign. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689."Land jarðarinnar nær niður að farvegi Þverár og inn yfir Kotmannafjall að landi Þórunúps. Að austan eru hreppamörk Fljótshlíðar og Hvolhrepps." SB IV, 510
1839: "Tún allgóð, útslægjur ríkulegar og liggja fyrir troðningum. Notalegar til haga." SSR, 97 1917: Tún 4,2 ha, þar af 1,8 ha slétt, garðar 1044 m² . "Landið er allt gróið. Fjallið er fremur gott beitiland, ef hæfilega margt er í högum og skjólgott. Skiptast þar á mýrardrög og valllendisbrekkur. Túnin eru aflíðandi í brekkum móti suðri og stendur bærinn efst í túninu um 500 metra frá þjóðveginum og er vegurinn allbrattur upp á túnið." SB IV, 510

**RA-245:001** *Uppsalir* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

# RA-246 Þórunúpur

Talin 20 hdr., 1709., Breiðabólstaðakirkjueign. [1332]: Máldagi kirkjunnar í Breiðabólstað á jörðin Þórugnúp Máld DI II 687-689 Skúli Guðmundsson telur Holt sem getið er í Njálu vera sömu jörð og Þóreyjarnúp suðvestan í Vatnsfelli, í landi Þórunúps? S G: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" Árbók 1928, 2
1709: "Högum jarðarinnar grandar blástur, jarðföll og skriður." JÁM I, 224 1839: "Slétt og góð tún, sæmilegar engjar og hagaganga, en mikil vörn." SSR, 97 1917: Tún 4,2 ha, þar af 2,5 ha slétt, garðar 1374 m² . "Skiptast þar á valllendi og mýrar, sem fyrr meir voru nokkuð blautar en eru nú að mestu framræstar." SB IV, 509.

**RA-246:001** *Þórunúpur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-246:012** *Þórunúpshellar* hellir
"Í botni Þórunúpsgils er mógröftur, og heitir melholtið þar vestur af Móholt. Vestar í gilinu eru tveir hellar, allmerkilegir, og auðsjáanlega gerðir af mannahöndum, Þórunúpshellar. Vestari hellirinn er stærri með strompi og afhelli, sá eystri er minni, en báðir eru vel manngengir." Segir í örnefnalýsingu. "Í landi jarðarinnar eru hellar, friðlýstir af þjóðminjaverði og taldir til orðnir af mannahöndum. Í tíð fyrrverandi ábúenda voru þeir nýttir sem fjárhús." Segir í Sunnlenskum byggðum. "Þórunúpshellir er sunnan í rana sem gengur suðvestur úr Vatnsdalsfjalli fyrir neðan Rjúpubotna. Úr þeim kemur Þórunúpslækur. Neðar heitir hann Hvolslækur og enn neðan Garðsaukalækur. Hellirinn er í grasbrekku 50 m norðan við Þórunúpslæk, langt austur frá bænum."
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR "Hellar tveir saman, manngjörvir, í brekku norðan við Þórunúpslæk, all-langt austur frá bænum." "Hellismuninn snýr mót suðri. Við hann er forskálatóft mjög vallgróin. Sunnan við hann er ferhyrndur garður við lækinn, 20 x 22 m2, einnig mjög sokkinn í jörð. Hellirinn er stór, 23 m frá munna og inn úr. Hann er höggvinn í lagskipt móberg. bergið er sendið en steinvölur eru í því. Framan til eru þær dreifðar og stakar en innar eru þær þéttari og þar hafa veggirnir staðið verr. Hellirinn víkkar eftir því sem innar dregur, er um 3 m yst en inn undir botni nær hann 4,5 m. Þar hefur étist neðst úr vesturveggnum svo lág skvomla gengur inn undir bergið. Hæðin er 1,4 m yst og innst en nær 1,9 m rétt innan við miðju þar sem hann er hæstur. Tað og mold gera helinn lægri til lofts en ella. Gólfinu hallar inn

og er lægst um 7 m inann við minann en síðan fer það hækkandi inn í botn. Hellisgólfið er hins vegar lægst yst en hallar og hækkar inn úr. Rúma 3 m innan við munann eru stutt göng til austur sem tengja lítinn hellir við aðalhellinn. Þau eru ekki nema rétt rúmlega 1 m há og 1 m breið þar sem þau eru þrengst. Í afhellinum eru hins vegar um 2 m til lofts í miðjunni. Strompur er í loftinu austanverðu og munni út til suðurs. Hlaðið var í munann á síðasta notkunarskeiði hans en nú eru þær hleðslur fallnar svo þarna er greiðasta inngangan í Þórunúpshelli. Berghöld eru þar í vegg vestan við opið. Í aðalhellinum eru berghöld á tveimur stöðum vestan til í loftinu, 3 og 10 m frá gafli. Í afhellinum er ljósahilla í norðurvegg 60 cm frá gólfi, 45 x 30 cm2 að stærð. Á vesturvegg eru rúnir. Brynjúlfur frá Minna-Núpi kom í hellinn 1904 og Matthías Þórðarson 1917. Hvorugur þeirra nefnir rúnirnar. Matthías sá hins vegar berghaldið við munann, einnig meðfram hluta af austurvegg aðalhellisins. Nú sést þar aðeins helludreif. Hellirinn virðist lítið eða ekki hafa verið notaður á þessari öld. Nýlegur kálgarður var þó framan við hann er Matthías var á ferð. Þegar hann var stunginn upp fannst þar í jörðu mikið af ösku og ryðbrunnu járnarusli. Þá vottaði fyrir tóftarbroti fram undan hellinum. Brynjúlfr segir munnmæli herma að áður en bær var reistur að Þórunúpi hafi hellirinn verið í landi Sámsstaða og að þar hafi verið sel."
**Heimildir:**Ö-Þórunúpur, 2; ÁG: Friðlýsingarskrá, 66; SB IV, 509; Manngerðir hellar, 228-231

## RA-247 Árgilstaðir

30 hdr., 1709, nefnd Arngeirstaðir. HÞ telur Arngeirsstaðanafnið rétt en segir Arngilsstaði og Ágilsstaðir rangnefni. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók1923, 18. Nú tvíbýli, en aðeins skipt túnum og engjum.
"Jörðin er efsta jörð í Hvolhreppi og er fremur stór. Að norðan og vestan á hún lönd á móti Reynifelli og Keldum. Eystri-Rangá skiptir að vestan. Norðaustan og austan liggja lönd að Vatnsdal og Torfastöðum í Fljótshlíð." SB IV, 506 Árgilsstaðir eiga spildu, Krappa, sem er milli Fiskár og Rangár, en Rangá eystri skilur land jarðarinnar frá Rangárvöllum. Ö-Árgilsstaðir, 7
1709: "Túninu spilla skriður og jarðföll, á engjar ber aur og grjót, högum granda skriður úr fjallinu og forargast fjlllandið af bæstri." JÁM I, 229 1839: "Falleg jörð með sléttum túnum og greiðfærum valllendisengjum." SSR, 97 1917: Vesturbær, tún 6,6 ha, þar af 3,5 ha slétt, garðar 852 m² . Austurbær, tún 4,8? ha, þar af 3 ha slétt, garðar 7?? m² ."Engi var fremur blautlent, en er búið að þurrka upp að mestu og næstum fullræktað innan girðingar, nema þar sem brekkur hamla umferð." SB IV, 506. Neðan við Lágheiði eru engjar frá Árgilsstöðum." Ö-Árgilsstaðir, 5

**RA-247:001** *Árgilstaðir Vesturbær* bæjarhóll bústaður
"Um langt skeið hefur þar verið tvíbýli, og bæirnir aðgreindir og nefndir Suðurbær og Norðurbær." Segir í Sunnlenskum byggðum. Vesturbær og Austurbær á túnakortum.
**Heimildir:**Ö-Árgilsstaðir, 2; Túnakort 1917

## RA-248 Völlur

60 hdr., 1709 með hjáleigunum, Bakkavelli 10 hdr., Austurhjáleiga [gæti verið sama og Vallarhjáleiga] 10 hdr., Markaskarð 10 hdr. en heimajörðin er 30 hdr. Jarðarinar getið í Njálu. ÍF XII, 5. [1491-1518]:Máldagi kirkjunnar "Hálfkirkian á Velle á 4 kúgillde. item eina litla klucku. DI VII, 40 [Lbs 108 4to, bl. 559] 1521: Jarðarinnar getið í virðingargjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar. DI VIII, 798. Nú tvíbýli, árið 1963 var landi skipt milli allra jarða sem byggð voru í Vallatorfunni. SB IV, 505.
"Jörðin á öll mánaðarbeit á ári öllum penéng í því plátsi Arngeirstaða lands, sem hetiri Hólmur. Skógarplágts í Næfurholts landi nærri Glerhaus, þykir mönnum nú sem stendur varla nýtandi til kolagjörðar, hefur spilst af Hekluhlaupi. Reka fyrir Sigluvíkur landi í Vestari Landeyjum." JÁM I, 226
1839: "... slétt og falleg tún, engjar og hagar sér í langi sæmilega góður." SSR, 97 1917: Vesturbær, tún 7,5 ha, þar af 4,5 ha slétt, garðar 1344 m² . Austurbær, tún 5,4 ha, þar af 2,2 ha slétt, garðar 806 m² ."Jörðin er að mestu valllendismóar, mjög góðir til ræktunar. Þó var útengi að hluta á fremur þurrlendri mýri, og mýrlendi er sums staðar meðfram Rangá." SB IV, 503.

**RA-248:001** *Völlur, vesturbær* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-248:002** heimild um útkirkja
VÖLLUR Í HVOLHREPPI (R) (BREIÐABÓLSSTAÐARÞING)
[1491-1518]: Veller.
Hálfkirkian á Velle á 4 kúgillde.
item eina litla klucku. Máld DI VII, 40 [Lbs 108 4to, bl. 559]
1709: Bænhús (hálfkirkja) hefur hjer verið og embættað af prestinum að Breiðabólstað, þá heimafólk gekk til sacramentis, minnir menn þar væri síðast embættisgjörð framin snemma í tíð Sr. Magnúsar Jónssonar [1641-
1707]. Húsið er fyrir löngu í burt og tóftarstæðið orðin sljettagrund;
**Heimildir:**JÁM I, 224; DI VII, 40

**RA-248:024** *Goðhof?* tóft
"Vestur í túninu, suðvestur af bænum er þriðja forna tóttin. Það er hringur, 12/16m, og segja sumir, að heiti Goðhof, en aðrir mæla á móti því." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Völlur, 2

## RA-249 Bakkavöllur
10 hdr., 1709, hjáleiga Vallar gefin fáttækum í Fljótshlíð.
1709: "Túninu gandar sandur og vindur, sem blæs undan bakka túnsins og brotnar niður." JÁM I, 227
1839: "Tún mjög lítil fjörleg, liggur undir sandfoki norðan úr flögunum sunnan Fiskár. Engjar bærilegar, hagar sömuleiðis." SSR, 97 "Engi var nokkuð gott, að hálfu greiðfær mýri og að hálfu valllendismóar, en hluti þeirra var mjög þýfður. Tún voru fremur lítil og eyddust af sandfoki svo byggð lagðist þar alveg niður fyrir aldamót og jörðin var lögð vundir vesturbæinn á velli." SB IV, 505

**RA-249:001** *Bakkavöllur* bæjarhóll bú.staður

## RA-250 Vallarhjáleiga
Hjáleiga Vallar. "Land jarðarinnar er um 100 ha. ... Jörðin á land að Árgilsstöðum að norðan og austan og svo að öðrum jörðum á Vallartorfu." Jörðin fór í eyði árið 1906 og tilheyrir nú Árgilsstöðum II. SB IV, 507

**RA-250:001** *Vallarhjáleiga* bæjarhóll bústaður

## RA-251 Markaskarð
10 hdr., 1696(1709, hjáleiga Vallar. "Bærinn stendur á hlíðum fjalls, sem nær frá Fiská að norðan og að Þórunúpi að sunnan." SB IV, 508 "Upp af Markagili nyðra er dálítill mýrarfláki, sem heitir Kjóamýri. Í henni eru mörk að Árgilsstöðum, en ekki er talið, að jörðin eigi land nema upp á fjallsbrúnina, en beitiland mun jörðin eiga með Velli og Kotvelli." Ö-Markaskarð, 1
1709: "Túninu spilir aur og grjót, sem úr fjallinu kemur í leysíngum; engjum í sama máta, högum vatnsrásir, sem orðsaka jarðföll, so grandar högum blástur og moldarflög, er árlega aukast." JÁM I, 228
1839: "... tún og engjar litlar, notalegar til haga." SSR, 97 1917: Tún 3,3 ha, þar af 1 ha slétt, garðar 1080 m² . "Túnin voru lítil og engjar litlar og fremur greiðfærar, en nokkuð blautar. Allar slægjur íhalla og erfiðar í umferð. Eftir að land jarða þeirra, sem byggðar voru úr Vallarlandi hinu forna var skipt, hefur tún verið ræktað á vellinum út undir Rangá og aðalheyskapur fenginn þar." SB IV, 508

**RA-251:001** *Markaskarð* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-252 Kotvöllur

12 hdr. 1709, Oddakirkjueign. 1495: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI VII, 269-70 1495: Jarðarinnar getið í dómi. DI, VII, 269
1839: "Sæmilega góð að túni, engjum og högum, árangurslaus." SSR, 97 1917: Tún 5,4 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 1098 m² . "Tún voru fremur lítil og ógreiðfær, en engi nokkuð stórt, að hálfu greiðfært mýrlendi og valllendismóar, mjög þýfðir, góðir til ræktunar ... Land jarðarinnar er fremur þurrlent og hallalítið, en nær þó upp á Íraheiði ..." SB IV, 502.

**RA-252:001** *Kotvöllur* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-253 Efri Hvoll

60 hdr.1709. [1332]: "[frá Neðrahvoli] skal syngia annann huern dag helgann til efra huaals oc taka ij merkur" DI II 689-690 1397: "[frá Neðrahvoli] skal syngia annann hvern dag helgann til Efra Hvols." DI IV 83 1399: Jörðin seld Árna Einarssyni DI III, 647 [um 1480]: ["frá Neðrahvoli] skal syngia annann huern dag helgann til efra huols." DI VI, 328 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV 669 "Bæirnir eru fjórir í einu þorpi, fimti er í eyði og hefur verið 7 eða 8 ár." JÁM I, 221 Jörðin er um 800 ha. "Landið liggur frá Hvolsgili að sunnan og að Eystri-Rangá að norðan. ... Skógarítak átti Efri-Hvoll í Næfurholtsskógi, en skógurinn mun hafa farið undir hraun í Heklugosi." SB IV, 500
1709: "Hætt er túninu að vestan fyrri áfalli af mold og möl úr fjallinu, líka spillir túni fram undan bænum aur og mold." JÁM I, 223 1917: Tún 22,4 ha, þar af 15 ha slétt, garðar 2257 m² . "Meirihluti landsins er þurrlendur og góður til ræktunar." SB IV, 500

**RA-253:001** *Efri Hvoll* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-253:002** heimild um útkirkja
EFRI HVOLL Í HVOLHREPPI (NEÐRAHVOLSÞING) (R) - HÁLFKIRKJA
[1332]: [frá Neðrahvoli] skal syngia annann huern dag helgann til efra huaals oc taka ij merkur; Máld DI II 689-690 [Neðrahvols]
1397: [frá Neðrahvoli] skal syngia annann hvern dag helgann til Efra Hvols.Máld DI IV 83 [Neðrahvols]
[um 1480]: [frá Neðrahvoli] skal syngia annann huern dag helgann til efra huols. Máld DI VI, 328 [Neðrahvols]
1575: Máld DI XV 669

**RA-253:013** garðlag
ÁG: "Sáðreitir, fornir í hárri brekku, suðaustan í Írarheiði, niður með Þórnúpslæk að vestan."
FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR
**Heimildir:**ÁG: Friðlýsingarskrá, 66

## RA-254 Miðhús

40 hdr., 1709. 1399: Jörðin seld Árna Einarssyni DI III, 647. 1622 Jón Vigfússon kaupir 5 hdr í Móeiðarhvol fyrir 5 hdr. í Miðhúsum. Jarðabréf, 1 "Heyst þykja menn hafa jörðin ætti skógar ítak í Næfurholts landi, kallað Miðhúsa torfa, en hefur aldrei í manna minni brúkað verið, veit og enginn fyrir víst hvar er, ei heldur hvert þar er nokkur eða enginn skógur." JÁM I, 221 "Land jarðarinnar nær norðvestur yfir fjallið og niður í völlinn hinum megin." Nýbýlið Lynghagi stofnað 1953. SB IV, 494, 498.
1709: "Engjar eru litlar og fá ábúendur nær árlega slægjur að öðrum, stundum meira, stundum minna ... Hætt er túni fyrir skriðum úr fjallinu." JÁM I, 221 1917: Tún 6,9 ha, þar af 3,5 ha slétt, garðar 1516 m² .

"Túnið breiðir sig til beggja hansa meðfram fjallinu, þó meira til austurs, niður að Vallarvegi og einnig neðan vegar niður að Hvolsgili, sem er á landamörkum." SB IV, 498

**RA-254:001** *Miðhús* bæjarhóll bú后staður
**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-255 Stórólfshvoll

80 hdr., 1709, kirkjustaður. Í Landnámu er getið Stórólfs sem bjó á Hvoli. ÍF I, 355. c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII 6. 1271: Jörðin nefnd í samningi Árna biskups Þorlákssonar við Steinvararsyni. DI II, 92. [1332]: Máldagi kirkjunnar. "Mariu kirkia oc hins heilaga olafs at huale nedra a prestz skylld j heima landi. dufþaks hollt. v. kugilldi uis nema framar profuizt." DI II, 689-690 [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III 217 1397: Máldagi kirkjunnar. DI IV 83. [um 1480]: Máldagi kirkjunnar. DI VI 327-328. 1500: Jöðin Vindás í Hvolhrepp er í Hvolskirkjusókn DI VII, 484 1553: Máldagi kirkjunnar DI XII 651-652. 1575: Máldagi kirkjunnar. DI XV 666-667
"Kirkjan á hálfan reka við Skálholts dómkirkju fyrir Fitjarlandi í Eystri Landeyjum. Hún á og tvö skógarítök í Næfurholts landi, eru kölluð Hvols skógar. Er annað ítakið af blásturssandi foreytt og að engu gagni, hitt að litlu til kolagjörðar, hefur því grandað yfirfall af vikri úr Heklu, hvar af skógurinn visnar upp, þar með hefur hann og eyðst fyrir yrkínga manna smám saman." 1709 er talað um eyðibýlatóftir í Djúpadal. Aðrar hjáleigur eru Gata, Kornhús, Stóragerði, Litlagerði, Króktún, Þinghóll, JÁM I, 216-219 Síðar voru í byggð Ormsvöllur og Magrivöllur. "Land jarðarinnar er víðlent, liggur til vesturs allt að Eystri-Rangá, að mestu leyti þurrir valllendis- og lyngmóar, prýðisgóðir til ræktunar. Nú hefur mikill hluti landsins verið tekinn undan jörðinni, undir graskögglaverksmiðju og undir þéttbýlið á Hvolsvelli." SB IV, 490. Hvolsvallarkauptún er byggt í landi Stórólfshvols og Króktúns. SB IV, 532.
1917: Tún 10,7 ha, þar af 4 ha slétt, garðar 2085 m² . "Engjar frá Stórólfshvoli voru á Þverárbökkum sunnan Dufþekju." SB IV, 490.

**RA-255:001** *Stórólfshvoll* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-255:002** heimild um kirkju
NEÐRI HVOLL Í HVOLHREPPI (R) -Maríu, Ólafi
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 6
[1332]: nedra huol. Gamall maldagi.
Mariu kirkia oc hins heilaga olafs at huale nedra a prestz skylld j heima landi. dufþaks hollt.
v. kugilldi uis nema framar profuizt.
heima manna tijund. oc groptur oc lysitollar. oc af xij bæium odrum j allre skylldu. enn or langagerdi onnur huer missere.
Jtem gaf ion fra efra huali. kirkiunni hundrat voru. j salugiof.
fru þuridur aa at giallda kirkiunni kugillde firir ku þa er hun selldi fra kirkiunni.
hun a v. manna messu klædi oc vij hokla. v. alltara klædi med dukum. kantara kapur iij. oc ein med sylfur flingiu. fontklædi. sacrarium munnlaugh. glodarker oc vatzketil. sloppa ij. kaleika ij. textum euangeliorum buinn med silfur. cc. j bokum. kluckur vj. oc biollu eina. krossa iij. likneski vij. oc mariu skriftt. tiolld vmm alla kirkiu. glergluggar v. vatzkarl rifinn. jarnstiku stora oc krokstikur. v. kertistikur ij med kopar. brik yfver alltare. baksturjarn.
þadan skal syngia annann huern dag helgann til efra huaals oc taka ij merkur.
tekur prestur heima iiij. merkur.
Jtem ij c j flytianda eyri. Máld DI II 689-690
[1367]: xx. Mariukirkia a Nedrahuole a prestskylld j heima lande. dufþakshollt. viij kugillde.
les vilchinsbok þui þad ber allt saman; Hítardalsbók DI III 217
1397: a prestskylld j heimalandi. Dufþackshollt
Heimamanna tiund oc groptur oc lysitollur oc af .xij. bæium odrum. oc allri skylldu. Enn vr Langagierdi onnur hver misseri.
Jtem gaf Jon fra Efra Hvoli .c. voru j salugiof.

þadan skal syngia annann hvern dag helgann til Efra Hvols.Máld DI IV 83
[um 1480]: Huol.
Mariu kirkia oc hins heilaga olafs kongs. at nedra huoli a prestskylld j heima landi. dufþaks hollt. viij. kugilldi. heima manna tiund. groptur oc lysitollur. oc af xij bæium odrum j allri skylldu. enn or langagerdi onnu huer missere.

jtem [gaf] jon fra efra huoli c. voru j saalugiof.

hun aa ij kapur godar. oc einn slopp. ein messuklædi god. oc onnur lettare oc messuserkur laus. v hoklar lauser oc eru ij vonder. iij alltaris klædi med glitudum dukum. pax spiolld sæmilig oc ij. lettari. v. koparstikur. ampli med tin. glodar ker. kalekur forgylltur. ocannar ogylltur oc brakadur. ij alltaris steinar. ij burdar stikur. einar stolur lausar. skirnar saar. vatzketill. lectari oc dukur þar a til. ij kaleks hus. iij psalltarar. lesbok de sanctis per anni circulum. alltarisbok. sequentiu bok. graduale vondur a sumarid. lesbok aa veturinn de tempore til palmasunnudags. missale de tempore oc de sanctis per anni circulum. brestur til graduale de sanctis a veturinn. ottusonguabok a sumaret de tempore oc de sanctis fra trinitatis deigi til aduentu. lesbok fra de trinitatis til aduentu. kirial. processionale. ottusonguabok fra niu vikna fostu til paska de tempore. de tempore bok fra paskum til aduentu. matutinale handbok. brijk yfer alltari oc kross . jons likneski baptiste. andres skriptt. mariu skriptt. olafs skriptt. þorlaks likneski oc peturs. katrinar likneski oc kross med vndirstodum. ij merki. glitadur dukur yfer kosse oc annar yfer alltari. tiolld vmm kor. sæmiligur hialmur. skruda kista vond. kistill ed helgum domum. teikn buid med silfur. vj jarnstkur. vj. kluckur.

Jtem gefid eitt alltaris klædi.

Porcio ecclesie vmm ix aar a medan Einar heitinn hielltt halftt fiorda hundrad.

Jtem a einu are er cecilia hiellt. iij. voder oc xv alnar vadmals betur.

Var giortt ofnn a kirkiuna .xxx. hundrada.

Jtem brestur stora jarnstiku oc iij kolfa j kluckurnar er Einar heitinn fargadi.

Jtem brast eina silfur flingiu.

Þadan skal syngia annann huern dag helgann til efra huols. Máld DI VI 327-328 [AM 263 fol, bl. 39-40; Þjsks Bps A II, 1, bl. 124a - Einar Ormsson á Hvoli dó 1470]
25.5.1500: Jöðin Vindás í Hvolhrepp er í Hvolskirkjusókn DI VII, 484
1553: Máld DI XII 651-652
1575: Máld DI XV 666-667
1709: Kirkjustaður. Er hjer embættisgjörð framin annan hvern helgan dag mót við Skúmstaða kirkju; JÁM I: 216.
8.11.1859: Stórólfshvolsprestakall lagt niður og sóknin lögð undir Keldur; (PP, 62) [bréf stiftsyfirvalda]
**Heimildir:**Túnakort 1917

**RA-255:031** garðlag
"Enn má nefna eitt, sem er mjög einkennilegt við þetta landsvæði, en það eru gömul garðbrot, sem verið hafa mikil mannvirki. Eitt þeirra liggur upp allar Brúnir, en svo eru kallaðar brúnirnar fyrir ofan undirlendið með Rangá. Eitt garðbrotið liggur yfir þvera Íraheiði, og enn eitt í mörgum krókum á svæðinu milli Vallar og Efra-
Hvols." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 4

## RA-256 Kornhús
Hjáleiga Stórólfshvols, í byggð lengur en nokkrir muna 1709. Í eyði fyrir síðustu aldamót.

**RA-256:001** *Kornhús* bæjarhóll bústaður
"Þar vestur í túninu [nálægt Þinghól] eru gamlar bæjartættur, Kornhús." Segir í örnefnalýsingu.
**Heimildir:**Ö-Hvolsvöllur og umhverfi, 3

## RA-257 Gata
Hjáleiga Stórólfshvols, í byggð lengur en nokkrir muna 1709. Ormsvallarland og Eystri-Garðsaukaland hafa verið lögð undir Götu og einnig á hún land í Vellinum vestur undir Djúpadal. SB IV, 187.

1917: Tún 3,4 ha, þar af 2,4 ha slétt, garðar 1209 m² . "Út frá bænum teygir túnið sig norður að þjóðveginum og vestur að Stórólfshvolslandi. ... Allt er landið þurrlent. Hluti af því er óræktaður að sunnanverðu." SB IV, 487.

**RA-257:001** *Gata* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-258 Stóragerði
Hjáleiga Stórólfshvols, í byggð lengur en nokkrir muna 1709. Í eyði fyrir síðustu aldamót.

**RA-258:001** *Stóragerði* bæjarhóll bústaður

## RA-259 Litlagerði
Hjáleiga Stórólfshvols, í byggð lengur en nokkrir muna 1709. Í eyði fyrir síðustu aldamót.

**RA-259:001** *Litlagerði* bæjarhóll bústaður

## RA-260 Króktún
Hjáleiga Stórólfshvols, í byggð lengur en nokkrir muna 1709. Í eyði frá árinu 1966. "Land jarðarinnar nær upp á fjallsbrúnina og svo niður á Völlinn, niður fyrir Ölduna. Jörðin átti líka land vestur við Rangá." SB IV, 491 Hvolsvallarkauptún er byggt í landi Stórólfshvols og Króktúns. SB IV, 532.
1917: Tún 8,4 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 1017 m²

**RA-260:001** *Króktún* bæjarhóll bústaður
**Heimildir:**Túnakort 1917

## RA-261 Magrivöllur
Hjáleiga Stórólfshvols, ekki nefnd 1709. Í eyði fyrir síðustu aldamót.

**RA-261:001** *Magrivöllur* bæjarhóll bústaður

## RA-271 Markhóll
Ekki nefnd í jarðbók 1711. Fyrst nefnd árið 1828, varð grasbýli 1831. VS: Rangvellingabók, 60, 277

**RA-271:001** *Markhóll* bæjarhóll bústaður

## RA-279 Stóra Hof
50 hdr. 1711 Landnámsjörð Ketils Hængs. ÍF I, 347-348. Jarðarinnar getið í Njálu XII, 68. 1198: Páll bp vígir kirkju, - Jarteinabók 1199, Bsk I, 334, sbr. Þorlákssaga yngri, Bsk I, 316. [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III 217 1397: Máldagi kirkjunnar. "Jtem jordina a Draflalausu Þa er Olafur Þollaksson oc Pall Jngialldsson logdu til fyrer refla oc tyunda Reikning." DI IV 84. "Heimildir um fyrstu byggð á Hofi er að finna í Landnámabók, enda jörðin landnámsjörð fyrst byggð um 879. Í Egils sögu Skallagrímssonar er einnig sagt frá landnámi á Hofi og er hún elst þeira fornrita sem geta bæjarins skráð um 1220-1230. ...

Ketill Þorkelsson hængur eignaðist land að Hofi við landnám og niðjar hans sem bjuggu þar, hafa vafalaust einnig verið eigendur jarðarinnar. Frá því snemma á 11. öld og fram á síðari hluta 16. aldar eru eigendur Stórahvols ókunnir, nema hvað líklegt er að Ólafur Þorláksson og Páll Ingjaldsson sem gáfu Hofskirkju jörðina Draflaleysu fyrir 1397 hafi verið eigendur jarðarinnar. Sigmundur Þórólfsson lögsagnari á Stórahofi hefur átt alla jörðina og synir hans Ögmundur og Páll fengið hana að helmingi hvor. Ögmundur Sigmundsson seldi Guðmundi Eyjólfssyni mági sínum helming jarðarinnar 30. apról 1605, en hinn hlutann keypti Guðmundur 12. maí 1616 af Erlendi Jónssyni presti í Miðdal með samþykki konu hans Katrínar Einarsdóttur ... Eftir Guðmund hafa synir hans Þórólfur, Sigmundur og Magnús erft Stórahof að þriðjungi hver. Þórólfur seldi þeim Sigmundi og Magnúsi sinn hluta 2. des 1635 ... Magnús Guðmundsson seldi 28 jan. 1652 Katrínu Erlendsdóttur rúku á Stórólfshvoli sinn helming Stórahofs, 25 hundruð að dýrleika, og 5 ágúst 164 seldi Sigmundur Guðmundsson Katrínu sinn helminginn. Að Katrínu látinni 1694 hefur dóttir hennar Salvör Vigfúsdóttir ... erft jörðina." VS: Rangvellingabók, 411. Jörðin átti skógarítak til eigin þarfa í Næfurholtslandi 1709, einnig fjörðustúf í Eystri Landeyjum með Breiðabólstað, Kollabæ og Múla. 15 hdr. 1847. Hálfkirkja var hér. Í túninu var eyðihjáleigan Hofshjáleiga 1709 og þá er einnig nefnt örnefnið Draflaleysa og var talið að þar hefði verið býli. JÁM I, 249 "Gróið land jarðarinnar skiptist í vallendi og mýri og er gott beitiland." Nýbýlið Hofteigur var stofnað árið 1958. SB V, 81-82
1711: "Túninu hefur sandfjúk stórlega grandað og helmíng, að menn meina af því tekið um næstu 20 ár. Spillir það líika mikið húsum og heyjum, jafnvel mjólk í húsum í stórviðrum. ... Engjaslægja er ærið slæm." JÁM I, 248-
249 1850: "Túnið er stórt og víða ógreitt til sláttar, bæði sökum þýfis og svo eru í því harðlendir og snöggir balar, sem eru harðslægir í rekju auk þess heldur í þerrir. - Úr flóðum í nesi því sem nefnist Hofsnes fást í betra meðalári 60 hestar af því heyi sem gefa má kúm, eru þau blaut og vatnsmikil og verður að draga heyið upp úr þeim á hestum. Aðrar utantúnsslægjur eru lítilfjörlegar. Heyið er þrotalétt og seintekinn heyskapur bæði sökum þýfis og sneggju, þar víða verður að henda topp og topp innan um hagana hvar fénaður á að ganga á sumrum. - Hagarnir eru kostalitlir fyrir málnytu, svo gagn hennar er í kalara meðallagi einkum hvað ærnar áhrærir. - Útigangur fyrir fé á vetrum engan veginn góður ... Landareign jarðarinnar hefur fyrrum verið stór, en nú er mikið af henni komið í sand sem árlega eykst og færir sig meir og meir upp á graslendið, - blöðrumelar sem hér voru eru að mestu afblásnir." 1882: "Þessi jörð hefur lítilfjörlegar slægjur en allgóða haga einkum fyrir hross og er nú talsvert spillt bæði að slægjum og högum af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 413 1917: Tún 8,8 ha, þar af 5 ha slétt, garðar 1979 m² 1940. Tún: Að mestu vélfært. Jarðvegur: Allgóður. Engjar: Samfelldar. Vélfært og greiðfært. Þurrlendar. Beitiland: Mýri og valllendi, allvíðlent, snjólétt og gott fyrri sauðfé og hross, lakara fyrir kýr." VS: Rangvellingabók, 413

**RA-279:001** *Stóra Hof* bæjarhóll bústaður
1709: "Bæirnir eru tveir og skamt í milli." PS: "Bær sá er Ketill bygði, er nú fyrir löngu í eyði, vegna sandblástrs, var hann þá fluttr neðar, nær Rángá, þángað sem goðahofið áðr stóð; en sumar sagnir eru, að hofið hafi staðið þar, sem nú er bæirnn, - aðrir segja að það hafi staðið örskammt frá bænum í túninu; þar sést votta fyrir fornri byggingu." "Stóra-Hof hefur gengið mjög af sér á liðnum öldum. Allur Stórholfsvöllur er örblásinn fram á brún og þar með Hof hið gamla, bær Ketils hæng. Hann stóð upp á brúninni í hánorðurs af bænum nú. Þar er nokkurt seinni tíma gróðurhrúgald. Árið 1711 lá jörð og tún undir störum spjöllum af sandi og túnið hafði þá minnkað um helming síðustu 20 ár. Sennilega hefur Hof Ketils farið af skömmu seinna. Skúli á Keldum gizkar á árið 1728, þá var harðindaár mikið, en sandárin fylgja í kjölfar harðindaáranna." Segir í örnefnalýsingu. "Fyrir norðan bæinn eru sléttar grundir grasi vaxnar; en fyrir ofan þetta sléttlendi er löng brekka, enn lág, og er atlíðandi suðr að bænum. Þar hefir hinn forni bær á Hofi staðið, svo sem 400 faðma norðr frá bænum nú, eða rétt mælt 370 faðma. Þar er nú alt uppblásið og þess vegna hefir bærinn verið fluttr."
"Þar eru tveir hólar, sem bærinn hefur staðið, og er sín varða á hvorum stað. Einkanlega hafa bæjarhúsin staðið á hinum eystra hól; þar sést fyrir steinaröðum af hleðslu utan í hólnum og grjót á stangli, enn ekki sést fyrir verulegum tóftum þar, því það er alt blásið." FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR "Bæjarrústir gamlar í graslendisbrúninni uppi við sandinn fyrir ofan bæinn." ATH gæti verið eitthvað annað en 001. Ath hvenær bærinn var fluttur, ef það var fyrir 1900 þarf að ská hinn síðari bæjarhól sér.
**Heimildir:**JÁM I, 246; Ö-Stóra-Hof, 2; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; SV. "Rannsóknir sögustaða"Árbók 1888-1892, 50; Túnakort 1917; PS: "Um forn örnefni" StSÍ II, 499

**RA-279:026** kuml legstaður

Árið 1885 gaf drengur frá Kirkjubæ safninu met úr bronsi, og hafði það fundizt í sandinum nálægt Stóra-Hofi, innan um mannabein, og mun því vafalítið úr kumli. Metið er kúla með flötum skautum, þrjár holur á öðrum fleti, en ein á hinum. Mjög líkt Rygh 478. Það er óskaddað og vegur 1,635 g. Þess má geta, að Páll Sigurðsson í Árkvörn segir frá haug, sem verið hefur á milli Minna-Hofs og Stóra-Hofs: "...var fyrrum nokkrum tíma grafinn upp haugur einn, sem eignaður var Valgarði (gráa), og fannst í honum einhverjar leifar af beinum, og héldu menn sum þeirra væri hrossbein." Óheimilt er þó að setja þetta í samband við kumlið með metinu, þótt frá líkum slóðum sé.

Heimildir: safnaukaskrá ópr.; PÁLL SIGURÐSSON, Um forn örnefni, goðorðaskipun og fornmenjar í Rangárþingi, Safn til sögu Íslands II, bls. 535. Þessi ritgerð virðist skrifuð um 1870, sbr. bls. 557.

**Heimildir:**KEKH, 43

## RA-614 Staksholt

"Landið sunnan Þórsmerkur skiptist í fjóra afrétti, Steinholt, Stakkholt, Merkurtungur og Goðaland. Landið fyrir botni Sunda (Krossársunda) skiptist í tvennt, Múlatungur og Teigstungur. Allir til samans heita þessir afréttir Suðurafréttir." (Þórður Tómasson: Þórsmörk, 50). Staksholt er einn smáafréttanna undir norðurhlíðum Eyjafjallajökuls. Vesturmörk eru Steinsholtsá en austurmörk um Fremra-Hvannárgil. Afrétturinn tilheyrði Brúnum (RA-071), Borgareyrum (RA-073), Dalsseli (RA-075), Steinmóðarbæ (RA-074), Hamragörðum (RA-072), Neðri-Dal (RA-076), Dalskoti (RA-077), Króktúni (RA-078), Stóra-Dal og Murnarvelli (RA-079), Eyvindarholti (RA-080) og Stóru Mörk (RA-083). Fyrir utan Stóru Mörk voru allar þessar jarðir hjáleigur frá Stóra Dal. Fram um miðja 18. öld munu býlin hafa verið 18 sem áttu að leggja mann til smölunar í Staksholti - (GR I, 190) Þórður Tómasson segir afréttinn hafa tilheyrt Stóra-Dal einum. (ÞT: "Stóri-Dalur...", 56)

"Staksholt er klettótt og gróðurlítið og þykir rýr afréttur. Hættur eru þar miklar í hömrum." (GR I, 188)

**RA-614:001** *Fagraskógsból* heimild um sæluhús

"Vestast á framafrétti er Fagriskógur. Er þar þó enginn skógur nú. ... þar er Fagraskógsbólið, sæluhús leitarmanna." "Neðarlega í því [Bólhöfðinu] er Fagraskógsbólið, mikið reimleikaból, að sumir töldu. Þar liggja fjallmenn við, seinni nóttina er þeir sama afréttinn, en til þess fer aðeins einn dagur." Segir í örnefnalýsingu. "Innan við Fagraskóg, ofan við Krossáraurinn er hamar sem nefnist Bólhöfuð. Í honum er Fagraskógsbólið, náttstaður Stakkholtsmanna seinni nótt í fjalaferð. Þangað leituðu einnig smalar af Steinsholti. Þarna var mönnum oft kaldsöm vist í opnu bóli."

Gangnamenn af Steinsholti og Merkurtungum gistu líka í Fagraskógsbóli

**Heimildir:**GR I, 187, 188, 191; Ö-Stakkholt, 1; Þórður Tómasson: Þórsmörk, 58

## RA-615 Þórsmörk

Milli Krossár og Þröngár. Þórsmörk var áður afréttur Fljótshlíðinga. Þar áttu beitarítak 36 jarðir í Fljótshlíð að hálfu en Oddakirkja að hálfu - (GR I, 212). (ATH máld Oddakirkju aq 1385). Nú í umsjá Skógræktar ríkisins - (GR I, 212) Þórsmörk milli Krossár og Markarfljóts tilheyrir Eyjafjallahreppi. (Þórður Tómasson: Þórsmörk, 80)

**RA-615:001** *Valahnúksból* heimild um sæluhús

"Austan megin í gili því, sem síðast var nefnt [ónafngreint innan við Innra-Hestagil], er hið svonefnda Valahnjúksból, sem til skamms tíma hefur verið viðlegustaður smalamanna." Segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:**GR I, 195-96; Ö-Þórsmörk, 6

**RA-615:002** hleðsla rétt

Við fremsta klettinn sunnan í Valahnúk. "Suður af Valahnúksbóli er Réttarnef niður við Krossá. Þar var lengi rétt, en nú eydd af völdum árinnar." Segir í örnefnalýsingu.

Þar var rétt um aldamótin, en í sambandi við breytingar á gangnatilhögun á Almenningum var ný rétt byggð þá við hliðina á þeirri gömlu - GR I, 194

